



Síldarvinnslan hf

Lýsing
3. maí 2021



Þessi síða er vísitandi höfð auð.



Lýsing hlutabréfa

Birt í tengslum við almennt útboð Síldarvinnslunnar hf. á áður útgefnum hlutum og fyrirhugaðrar beiðni stjórnar félagsins um töku allra hluta í því til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland hf.

Lýsing þessi er gefin út af Síldarvinnslunni hf., kt. 570269-7479, Hafnarbraut 6, 740 Neskaupstað, (einnig nefnt „Síldarvinnslan“, „útgefandinn“ eða „félagið“). Áskriftartímabil útboðsins mun standa yfir 10. - 12. maí 2021 (hér eftir nefnt „útboðið“) og er tekið við áskriftum á vefslóðinni <https://www.landsbankinn.is/sildarvinnslan>. Útboðið er almennt útboð og felur í sér tvær tilboðsbækur sem eru ólíkar hvað varðar stærð áskrifta og verðs. Í tilboðsbók A verða boðnir 90.909.091 hlutir og eru tilboð gerð innan verðbilsins 55 - 58 kr./hlut. Lágmarksáskrift er ISK 100.000 að kaupverði, en hámarksáskrift er ISK 20.000.000. Í tilboðsbók B verða boðnir 356.717.789 hlutir og er lágmarksáskrift yfir ISK 20.000.000. Tilboð skulu gerð yfir lágmarksverði 55 kr./hlut. Verði umframeftirspurn í útboðinu er heimilt að stækka útboðið um allt að 51.000.000 hluta.

Stefnt er að því að niðurstöður útboðs verði birtar 14. maí 2021. Gert er ráð fyrir að ákvörðun um úthlutun til fjárfesta í útboðinu geti átt sér stað 14. maí 2021 og eindagi viðskiptanna verði 20. maí 2021. Stefnt er að því að greiddir hlutir verða afhentir í gegnum Nasdaq verðbréfamiðstöð þann 26. maí 2021. Áætlað er að hlutirnir verði teknir til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland hf. þann 27. maí 2021.

Fjárfesting í verðbréfum felur í sér áhættu. Fjárfestum er sérstaklega bent á að kynna sér kaflann um áhættuþætti í lýsingu þessari.

Framangreint útboð og áform um að hlutir í Síldarvinnslunni verði teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði fer fram í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglugerða um verðbréfavíðskipti, lýsingar og skráningu verðbréfa, sbr. lög nr. 108/2007, lög nr. 7/2020 og lög nr. 14/2020. Lýsingin hefur verið staðfest af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands og fylgir ákvæðum um upplýsingagjöf skv. viðaukum 1 og 11, sbr. reglugerð (ESB) 2017/1129. Lýsingin er einnig útbúin með hliðsjón af reglum Nasdaq Iceland fyrir útgefendur fjármálagerninga sem gefnar voru út 4. janúar 2021.

Lýsingin er gefin út á íslensku og samanstendur af þremur skjölum: samantekt; útgefandalýsingu; og verðbréfalýsingu hlutabréfa. Útboðið er eingöngu markaðssett á Íslandi. Hlutir í Síldarvinnslunni eru ekki boðnir til sölu í lögsagnarumdæmum þar sem almennt útboð eins og hér um ræðir væri háð því að lögbær yfirvöld í viðkomandi lögsagnarumdæmi hefðu móttengið lýsingu þá sem útgefandinn gefur út í tengslum við útboðið, eða þar sem slíkt útboð myndi lúta öðrum frekari kröfum en staðfestingu íslenskra eftirlitsaðila á lýsingu útgefanda í tengslum við útboðið. Lýsingu þessari skal ekki dreifa á einn eða annan hátt til landa þar sem dreifing myndi krefjast viðbótarskráningarferlis eða aðgerða annarra en þeirra sem heyra undir íslensk lög og reglur, eða ef slík dreifing greinir á við lög eða reglur viðeigandi landa.

Lýsingin er birt á vef útgefanda, www.svn.is/fjarfestar og má nálgast hana þar rafrænt í tíu ár frá birtingu.

Lýsing þessi er dagsett 3. maí 2021.

Umsjónaraðili með útboði og töku hluta til viðskipta er Landsbankinn hf.



Síldarvinnslan hf.

Samantekt

3. maí 2021



Þessi blaðsíða er vísitandi höfð auð

SAMANTEKT

Samantekt þessi er útbúin í samræmi við 7. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/1129 og grein 3 í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnar (ESB) nr. 2019/979.

A. Inngangur með varnaðarorðum

Samantektin skal lesin sem inngangur að lýsingu Síldarvinnslunnar hf. (hér eftir „**Síldarvinnslan**“, „**útgefandinn**“, „**samstæðan**“ eða „**félagið**“) sem samanstendur af þessari samantekt, útgefandalýsingu og verðbréfalýsingu dagsettum 3. maí 2021 (hér eftir „**lýsing**“). Samantektin er í fjórum hlutum : a) Inngangur með varnaðarorðum; b) lykilupplýsingar um útgefandann; c) lykilupplýsingar um verðbréfin; og d) lykilupplýsingar um viðkomandi almennt útboð og töku til viðskipta á skipulegum markaði.

Fjárfestar skulu taka ákvörðun um að fjárfesta í verðbréfum útgefnum af Síldarvinnslunni á grundvelli lýsingarinnar í heild sinni. Fjárfestum er bent á að gera eigin sjálfstæðar kannanir á þeim þáttum sem sérstaklega geta átt við fjárfestingu þeirra í verðbréfum. Hver fjárfestir verður að byggja ákvörðun um fjárfestingu í verðbréfum á eigin athugunum og greiningu á þeim upplýsingum sem fram koma í lýsingunni. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum, verðbréfafyrirtækjum og sparisjóðum, til aðstoðar við mat á verðbréfum útgefanda sem fjárfestingakosti. Fjárfestum er bent á að þeir gætu tapað allri eða hluta af fjárfestingu sinni í verðbréfum útgefanda. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem fjárfesting í verðbréfum útgefnum af útgefanda kunna að hafa og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.

Ef farið er fyrir dómstóla með kröfu sem varðar upplýsingar í lýsingunni gæti fjárfestir sem stefnir þurft að greiða kostnað af þýðingu á lýsingunni áður en málarekstur hefst. Einkaréttarábyrgð fellur eingöngu á þá aðila sem útbúið hafa samantektina þ.m.t. þýðingu á henni, en eingöngu ef hún er villandi, ónákvæm eða í ósamræmi við aðra hluta lýsingarinnar, eða ef hún veitir ekki, þegar hún er lesin með öðrum hlutum lýsingarinnar, lykilupplýsingar til að aðstoða fjárfesta við mat á því hvort fjárfesta skuli í viðkomandi verðbréfum. Útgefandi lýsir því yfir að lýsing sú sem samantekt þessi er hluti af var tekin saman í tengslum við töku hlutabréfa Síldarvinnslunnar til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði Nasdaq Iceland hf. Ekki er veitt leyfi til notkunar lýsingarinnar í neinum öðrum tilgangi.

Lögformlegt heiti	Lögformlegt heiti og viðskiptaheiti félagsins er Síldarvinnslan hf.
Lögheimili	Hafnarbraut 6, 740 Neskaupstað, Ísland.
ISIN kóði	ISIN númer IS 0000000479
LEI númer	549300AMNBYFRNGJ9J24
Vefsíða	http://www.svn.is/
Símanúmer	+354 470 7000
Lögbært yfirvald sem staðfesti lýsinguna	Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, tölvupóstfang: lysingar@sedlabanki.is
Lýsingin dagsett	3. maí 2021

B. Lykilupplýsingar um útgefandann

Hver er útgefandi verðbréfanna?

Síldarvinnslan hf. er hlutafélag og starfar samkvæmt lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Síldarvinnslan er sjávarútvegsfyrirtæki og snýr starfsemi að veiðum og vinnslu. Starfsemi Síldarvinnslunnar er að gera út fiskiskip og að annast rekstur fiskiðnaðar, útflutningur og innflutningur, rannsóknarstarfsemi, þátttaka í rekstri annarra félaga, svo og lánastarfsemi og rekstur fasteigna. Starfsemi félagsins fellur meðal annars undir lög um stjórnun fiskveiða nr. 116/2006, lög um veiðigjald nr. 145/2018, og ýmis sértæk lög tengd sjávarútvegsfélögum.

Félagið er umsvifamikið á Íslandi á sviði veiða og vinnslu á uppsjávartegundum og stærsti framleiðandi á fiskimjöli og lýsi á landinu. Félagið framleiðir einnig bolfiskafurðir og laxeldisfóður. Í dag eru uppsjávartegundir um 40% af þorskígildistonnnum samstæðunnar en bolfisktegundir um 60% af þorskígildum samstæðunnar. Stöðugildi hjá samstæðunni voru 338 talsins 2020. Starfsemi Síldarvinnslunnar er á 4 stöðum á landinu en höfuðstöðvar þess og mesta starfsemi er í Neskaupstað.

Afurðir félagsins eru seldar víðsvegar um heiminn, en helstu markaðir með frýstar uppsjávarafurðir eru í Austur - Evrópu og Asíu. Helstu markaðir fyrir bolfiskafurðir eru í Evrópu og Bretlandi. Mjöl og lýsisframleiðslan fer til fóðurgerðar og er uppistaða framleiðslunnar seld til fóðurframleiðenda í Noregi.

Móðurfélagið á 5 dótturfélög og 6 hlutdeildarfélög. Dótturfélögin eru: Bergur-Huginn ehf., Runólfur Hallfreðsson ehf., Seley ehf., Fóðurverksmiðjan Laxá hf. og Fjárfestingafélagið Vör hf.

Við dagsetningu þessara lýsingar eru 280 hluthafar. Þrír hluthafar eiga meira en 10% hlutafjár en þeir eru Samherji hf. með 44,64%, Kjálkanes hf. með 34,23% og Samvinnufélag útgerðarmanna með 10,97%. Síldarvinnslan á 0,93% af eigin hlutum. Hluthafar félagsins eru eftirfarandi aðilar.

Hluthafi	Tegund fjárfestis	Fjöldi hluta	Hlutfallsleg eign	Hlutfallsleg eign án eigin bréfa
Samherji hf.	Hlutafélag	758.851.710	44,64%	45,06%
Kjálkanes hf.	Hlutafélag	581.880.524	34,23%	34,55%
Samvinnufélag útgerðarmanna Neskaupstað svf.	Samvinnufélag	186.454.376	10,97%	11,07%
Eignarhaldsfélagið snæfugl ehf.	Einkahlutafélag	90.000.000	5,29%	5,34%
Hraunlón ehf.	Einkahlutafélag	27.491.530	1,62%	1,63%
Olíusamlag útvegsmanna í Neskaupstað svf.	Samvinnufélag	14.293.030	0,84%	0,85%
Hampiðjan hf.	Hlutafélag	3.029.280	0,18%	0,18%
Runólfur Runólfsson	Einstaklingur	1.597.317	0,09%	0,09%
Guðrún M Jóhannsdóttir	Einstaklingur	1.509.129	0,09%	0,09%
Skinney-Þinganes hf.	Hlutafélag	1.190.000	0,07%	0,07%
Samtals 10 stærstu		1.666.296.896	98,02%	98,93%
Samtals aðrir 270 hluthafar		17.976.224	1,05%	1,07%
Virkir hlutir samtals		1.684.273.120	99,07%	
Síldarvinnslan hf.	Eigin hlutir	15.726.880	0,93%	
Útgefnir hlutir samtals		1.700.000.000	100%	

Útgefanda er ekki kunnugt um að hann sé beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum einhvers aðila. Útgefanda er ekki kunnugt um annað eignarhald í Síldarvinnslunni en að framan greinir eða að félaginu sé stjórnað af öðrum aðilum en að framan greinir. Jafnframt er útgefanda ekki kunnugt um að til staðar séu önnur réttindi en að framan greinir sem geta leitt til breytinga á yfirráðum í félaginu.

Eftirfarandi einstaklingar skipa framkvæmdastjórn félagsins við útgáfu lýsingarinnar:

- Gunnþór Ingvason, forstjóri
- Axel Jónsson, fjármálastjóri

- Jón Már Jónsson, yfirmaður landvinnslu

Endurskoðandi útgefanda fyrir fjárhagsárin 2020, 2019 og 2018 var PricewaterhouseCoopers ehf., kt. 690681-0139, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík (hér eftir „PWC“) og fyrir þeirra hönd Vignir Rafn Gíslason og Rúnar Bjarnason, löggiltir endurskoðendur og eru þeir aðilar að Félagi löggiltra endurskoðenda.

Helstu fjárhagsupplýsingar um útgefanda

Í töflunum hér fyrir neðan má sjá rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðstreymisfirlit útgefanda.

Rekstrarreikningur			
<i>Fjárhæðir í þús. USD</i>	2020	2019	2018
Heildartekjur	184.208	190.359	200.851
Rekstrarhagnaður (EBITDA)	59.107	63.276	55.922
Hagnaður ársins	39.263	44.293	33.020
Hagnaður á hlut	0.0229	0.0260	0.0193

Efnahagsreikningur			
<i>Fjárhæðir í þús. USD</i>	2020	2019	2018
Heildareignir	570.127	534.924	511.343
Eigið fé	386.272	362.084	333.978
Skuldir samtals	183.855	172.840	177.365

Sjóðstreymisfirlit			
<i>Fjárhæðir í þús. USD</i>	2020	2019	2018
Hækkun á handbæru fé	39.496	5.183	17.844

Engar mikilvægar breytingar á fjárhags- eða viðskiptastöðu útgefanda hafa átt sér stað frá lokum síðasta fjárhagsstímabils þann 31. desember 2020, aðrar en þær að: a) félagið hefur ákveðið að stækka fiskimjölsverksmiðju félagsins í Neskaupstað; b) keypti nýtt skip, Börk NK sem er í smíðum og verður afhent í lok maí 2021; c) keypti Berg ehf. í gegnum dótturfélag sitt Berg-Hugin ehf.; d) keypti 12,4% hlut í dótturfélaginu Runólfi Hallfreðssyni ehf.; e) endurfjármagnað eldri lán félagsins hjá Nordea Bank og tók nýtt lán til að fjármagna kaup á Berki NK; f) færði eignarhlut félagsins í dótturfélaginu SVN eignafélags ehf. til hluthafa í formi arðsúthlutunar, g) félagið fékk úthlutað 12.320 tonnum af loðnu á grundvelli aflahlutdeilda sem hefur verið veidd og áætlað er að skili félaginu um 41.000 þús. USD að söluandvirði.

Helstu áhættuþættir sem eru sértækir fyrir útgefendann

Almennir efnahagslegir þættir, svo sem hagvöxtur, verðbólga, atvinnustig, vaxtastig og gengisskráning íslensku krónunnar, hafa áhrif á rekstur félagsins, hvor sem áhrifanna gæta hérlendis eða erlendis.

Lagaleg, leyfis og regluáhætta

- Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki eru háð þeirri áhættu að stjórnvöld breyti lögum og reglum með þeim hætti að starfsemi félagsins verði óhagkvæmari en ella. Síldarvinnslan starfar í samræmi við lög 2/1995, um hlutafélög. Starfsemi félagsins fellur m.a. undir lög nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, lög nr. 145/2018, um veiðigjald, lög nr. 93/1995, um matvæli, lög nr. 144/2019, um breytingu á ýmsum lögum um matvæli og lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Auk þess taka sjómannaölög nr. 35/1985 til starfsemi félagsins. Ýmis lög um umhverfismál snerta einnig félagið, svo sem lög nr. 20/1972, um bann við losun hættulegra efna í sjó, lög nr. 44/2002, um geislavarnir og lög nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Í rekstri félagsins ber félaginu jafnframt að fylgja samkeppnislögum nr. 44/2005. Ekki er hægt að útiloka að gerðar verði lagabreytingar eða sett verði ný lög sem gætu haft neikvæð áhrif á rekstur félagsins. Úrskurðir dómstóla, laga- og reglugerðarbreytingar ásamt breytingum á stjórnsýslufrákvæmd geta jafnframt haft neikvæð áhrif á

afkomu félagsins. Brjótí félagið gegn fyrrgreindum lögum getur það takmarkað starfsemi félagsins, haft áhrif á orðspor þess og afkomu.

- Starfsemi félagsins lýtur einnig fjölda mismunandi laga og reglugerða og geta breytingar á mikilvægum sviðum ráðist af stjórn málaumhverfinu á hverjum tíma. Þar bera hæst ákvarðanir stjórnvalda varðandi skipulag og uppbyggingu fiskveiðistjórnunarkerfisins, veiðigjöld, tolla og skatta. Pólitískur óstöðugleiki getur m.a. haft í för með sér breytingar á lögum og reglum sem gilda um félagið. Jafnframt gætu breytingar á 72. gr. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 sem fjallar um eignarrétt verið félaginu óhagfelldar og skapað óvissu í kringum íslenskan sjávarútveg. Ákvarðanir stjórnvalda geta jafnframt ráðist af alþjóðlegum skuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist. Við veiðar í lögsögum annarra ríkja ber að fara eftir þeim reglum sem hvert ríki setur um veiðarnar. Ef einhverjar breytingar verða á samstarfi við þessar þjóðir kann það að hafa neikvæð áhrif á rekstur, afkomu og efnahag félagsins.
- Veiðigjöld eru afkomutengd og getur ákvörðun stjórnvalda um stærð hlutfalls afkomu hvers árs fyrir sig haft áhrif á rekstur og efnahag félagsins. Breytingar á álagningu veiðigjalda hafa bein áhrif á rekstrarhagnað fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (e. EBITDA).
- Félagið býr einnig yfir þeirri áhættu ef kjarasamningar við starfsmenn renna út, eins og tilviki kjarasamningur milli Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og Sjómannasambands Íslands. Nái aðilar ekki saman að gildistíma loknum skapast auk þess hættu á verkfallsaðgerðum sem hamlað geta starfsemi fyrirtækja og jafnvel stöðvað hana að hluta eða öllu leyti um lengri eða skemmri tíma. Til að félagið komi fjárhagslega skaðlaust frá launahækkunum þarf annaðhvort að velja launahækkunum út í verðlagið eða hagræða í rekstri. Ef fyrrgreint næst ekki getur það haft neikvæð áhrif á afkomu félagsins.

Rekstraráhætta

- Félagið býr við almenna rekstraráhættu líkt og önnur félög. Slík áhætta getur tengist mismunandi þáttum í rekstri þess og getur valdið félaginu beinu og óbeinu tapi. Dæmi um slíka þætti eru umhverfisþættir, breytingar á hráefna og afurðaverði, hækkandi olíuverð, náttúruhamfarir, váttryggingar, samningsáhætta, stjórnun og starfsmannahald, orðspor félagsins eða ef stefna félagsins, eða áætlanir ganga ekki eftir.
- Fiskur á þeim fiskimiðum þar sem Síldarvinnslan hefur veiðiheimildir er náttúruauðlind og eru sveiflur í fiskigengd á mismunandi tímum og hafssvæðum. Ýmsir þættir geta haft áhrif þar á og má nefna áhrif veiða og umhverfisbreytinga af mannavöldum auk þess sem fæða fyrir fiskinn, straumar, sjávarhitastig og hrygningar kunna að hafa þar áhrif. Veiðiheimildir eru háðar ákvörðunum stjórnvalda og breytingar á þeim ásamt sveiflum í fiskigengd á þeim miðum þar sem Síldarvinnslan hefur veiðiheimildir kunna að hafa neikvæð áhrif á afkomu félagsins og ekki er hægt að spá fyrir um þær.
- Rekstur og afkoma félagsins er háð hráefna- og afurðaverði. Hráefna- og afurðaverð Síldarvinnslnnar tekur breytingum milli ára. Verð á fyrrgreindum þáttum byggir á markaðsverði sem Síldarvinnslan hefur ekki færi á að sjá fyrir hvernig þróast og hefur ekki stjórn á. Stærstur hluti hráefnis kemur frá skipum félagsins og gilda kjarasamningar um verðlag þess, þar sem verð hráefnis tekur mið af afurðaverði hverju sinni. Félagið leitast við að lágmarka þessa áhættu með fjölbreytni í rekstri félagsins, s.s. hvað varðar veiðar, hráefnakaup, samsetningu veiðiheimilda og langtímasambönd við viðskiptavinum, til að draga úr neikvæðum áhrifum verðbreytinga að einhverju leyti. Ekki er þó hægt að tryggja að stefna félagsins dragi úr þeim áhrifum á rekstur og afkomu félagsins.
- Síldarvinnslan selur vörur sínar á alþjóðlegum mörkuðum og er háð því að hafa greiðan aðgang að þeim með vörur sínar. Félagið er því í samkeppni við önnur fyrirtæki í heiminum sem bjóða sambærilega vöru og félagið. Breyttar aðstæður í þeim viðskiptalöndum sem sjávarútvegsfyrirtæki selja afurðir sínar til geta haft veruleg áhrif á tekjuflæði fyrirtækjanna. Þetta á t.d. við um samkeppnisstöðu afurða á mörkuðum erlendis gagnvart öðrum matvælum og aðgerðir opinberra aðila sem geta haft áhrif á sölu afurða félagsins.

Fjárhagsleg áhætta

- Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsgengi erlendra gjaldmiðla og vöxtum hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjárfestinga hennar í fjármálagerningum. Stærsti fjárhagslegi áhættuþáttur samstæðunnar er gjaldmiðlaáhætta, en öll viðskipti félagsins í öðrum gjaldmiðlum en

starfrækslugjaldmiðli mynda gjaldmiðlaáhættu. Samstæðan býr við gengisáhættu vegna sölu afurða, rekstrarkostnaðar og lántöku í öðrum gjaldmiðlum en starfrækslugjaldmiðli einstakra félaga innan samstæðunnar. Helstu gjaldmiðlar sem skapa gengisáhættu gagnvart starfrækslugjaldmiðli eru íslensk króna, evra og norsk króna. Starfrækslumynt félagsins er bandaríkjadollar (USD) og er uppgjör sett fram í þeirri mynt. Heimsmarkaðsverð á mjöli og lýsi ræðst í USD, einnig er olíukostnaður í USD. Félagið býr við vaxtaáhættu vegna vaxtagreiðslna af skuldum og vaxtaberandi eignum. Vaxtaform skulda og eigna félagsins eru breytilegir vextir og fastir vextir í mismunandi myntum. Greiðsluáhætta vegna vaxta er þríþætt, gengisáhætta, verðbólguáhætta og áhætta af hækkun breytilegra vaxta. Uppgjörsáhætta félagsins felst í þeim eignum og skuldum félagsins sem bókfærðar eru í öðrum gjaldmiðlum en starfrækslugjaldmiðli og endurspeglast í gengisliðum í rekstrarreikningi.

- Lánsáhætta félagsins er hættan á að félagið verði fyrir fjárhagslegu tapi ef viðskiptamaður eða mótaðili í viðskiptum getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta félagsins er einkum vegna viðskiptakrafna og ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Til staðar eru greiðslufallstrygging í tilvikum stærstu einstöku kaupenda í mjöl og lýsi, en ekki er til staðar greiðslufallstrygging gagnvart stærstu viðskiptavinum félagsins í frosnum uppsjávarfiski, sem eru að stórum hluta staðsettir í Austur-Evrópu. Aftur á móti byggja viðskipti milli aðila á áralöngu viðskiptasambandi. Á árinu 2020 voru 62% af tekjum af uppsjávarafurðum félagsins vegna sölu til fimm stærstu viðskiptamanna þess á meðan fimm stærstu kaupendur á ferskum bolfiski standa undir 80% af sölnni. Standi mótaðili eða mótaðilar félagsins ekki við skuldbindingar sínar og ef stór hluti viðskiptakrafna tapast hjá félaginu getur það haft veruleg áhrif á rekstur og afkomu félagsins hætti stærstu viðskiptavinar þess viðskiptum við félagið.
- Lausafjáraáhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Félagið hefur það að markmiði að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla. Samstæðan leitast við að eiga nægt fé til þess að standa straum af afborgunum lána. Minnki aðgangur félagsins að lausafé getur það haft neikvæð áhrif á sjóðstreymi og afkomu og þar með getu félagsins til að standa við skuldbindingar sínar.

C. Lykilupplýsingar um verðbréfin

Helstu eiginleikar verðbréfa

<i>Tegund og flokkur verðbréfa</i>	Verðbréfin sem taka skal til viðskipta eru áður útgefnir hlutir í Síldarvinnslunni. Hlutabréfin eru öll í einum flokki og eru jöfn að öllu leyti samkvæmt samþykktum félagsins Hlutabréfin í Síldarvinnslunni eru gefin út í samræmi við lög nr. 2/1995 um hlutafélög og eru rafrænt skráð nafnbréf hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf., í samræmi við lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga
<i>Auðkenni</i>	SVN
<i>ISIN númer</i>	ISIN IS0000000479
<i>Gjaldmiðill verðbréfanna</i>	Íslenskar krónur
<i>Nafnvirði hluta</i>	Útgefnir hlutir í Síldarvinnslunni eru 1.700.000.000. Hver hlutur er ein króna að nafnvirði
<i>Réttindi</i>	Allir hlutir í félaginu eru jafn rétt háir og engin sérréttindi fylgja þeim. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu hlutafjár á hluthafafundum. Réttindi hluthafa eru háð samþykktum félagsins á hverjum tíma sem og gildandi löggjöf.
<i>Rétt hæð verðbréfanna í fjármagnasskipan útgefanda ef til gjaldprotaskipta kæmi</i>	Við slit eða gjaldprot hlutafélags fá hluthafar greitt í hlutfalli við hlutafjareign sína það sem eftir stendur af eignum hlutafélags eftir að allir aðrir kröfuhafar hafa fengið gildar kröfur sínar greiddar
<i>Hömlur á meðferð hluta</i>	Engar hömlur eru á meðferð hluta í félaginu. Um framkvæmd eigendaskipta fer skv. lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna

	eignarskráningu fjármálagerninga og þeim reglum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra
Arðgreiðslustefna	Stefnt er að því að félagið greiði hluthöfum sínum árlegan arð, sem nemi að lágmarki 30% hagnaðar næstliðins rekstrarárs. Arðgreiðsla skal taka mið af því að eiginfjárlutfall félagsins fari ekki niður fyrir 50% við greiðslu arðsins. Stjórn skal yfirfara arðgreiðslustefnu félagsins eigi sjaldnar en þriðja hvert ár

Hvar munu viðskipti með verðbréfin fara fram?

Hlutabréf Síldarvinnslunnar verða tekin til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland hf. Í kjölfar þess að lýsing þessi hefur verið staðfest af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands og í kjölfar almenns útboðs mun stjórn Síldarvinnslunnar óska eftir því að allir útgefni hlutir verða teknir til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland hf. sem er skipulegur verðbréfamarkaður.

Eru verðbréfin með ábyrgð?

Á ekki við. Verðbréfin eru ekki með ábyrgð

Helstu áhættuþættir sem eru sértækir fyrir verðbréfin

- Fjárfestingar í hlutabréfum fela að öllu jöfnu í sér meiri áhættu en fjárfestingar í skuldarbréfum. Hlutabréf eru aftast í kröfuröð við slit eða gjaldþrot hlutafélaga. Af þessu leiðir að eigendur hlutabréfa fá greitt í hlutfalli við hlutafjäreign sína af því sem eftir stendur þegar allir aðrir kröfuhafar hafa fengið greitt í samræmi við löglega lýstar og gildar kröfur. Vert er að hafa í huga að þrátt fyrir að fjárfesting í hlutabréfum kunni að skila góðri ávöxtun er sú hættu almennt fyrir hendi að gengi hlutabréfa geti lækkað almennt á hlutabréfamarkaði sem og í einstökum félögum. Ekkert er heldur hægt að fullyrða um arðgreiðslur einstakra félaga til framtíða.
- Sá möguleiki er ávallt fyrir hendi að útgefandi auki hlutafé sitt í framtíðinni. Ef útgefandi hækkar hlutafé sitt með öðrum hætti en útgáfu jöfnunarhlutabréfa mun hlutfallsleg hlutafjäreign þeirra sem eiga hlutabréf í útgefanda fyrir minnka í samræmi við aukninguna nema þeir fjárfesti í nýjum hlutum í útgefanda í hlutfalli við hlutafjäreign sína. Til þess getur komið að félagið ráðist í hlutafjárukningar í framtíðinni sem veldur því að eignarhlutur þeirra hluthafa sem ekki taka þátt í þeirri aukningu minnkar hlutfallslega. Þannig þynnist hlutafjäreign einstakra hluthafa út sem aukningunni nemur.
- Gera verður ráð fyrir að seljanleiki hlutabréfa í útgefanda og markaðsverð geti breyst í takti við breytingar á markaðsaðstæðum, hagsveiflu, fjárhagslegri afkomu og öðrum þáttum sem almennt hafa áhrif á markaðsverð hlutabréfa sem og seljanleika þeirra. Seljanleikaáhætta er á íslenskum hlutabréfamarkaði m.a. vegna smæðar markaðarins.
- Skipan eignarhalds á hverjum tíma getur falið í sér seljanleikaáhættu fyrir fjárfesta og hafa ber í huga að eignarhald félagsins getur breyst bæði hratt og án fyrirvara. Stærstu hluthafar útgefanda gætu, miðað við eignarhald sitt, tekið sig saman um að hafa veruleg áhrif á mál sem borin eru undir atkvæði hluthafafundar. Þeir hafa einnig vald til að koma í veg fyrir breytingu á yfirráðum og gætu gripið til aðgerða sem gætu haft veruleg neikvæð áhrif á verðmæti hlutabréfa í útgefanda. Þetta á bæði við um eignarhald útgefanda samkvæmt núverandi hlutaskrá og eignarhald eftir breytingar sem eru fyrirhugaðar vegna útboðsins.

D. Lykilupplýsingar um viðkomandi almennt útboð og töku til viðskipta á skipulegum markaði

Samkvæmt hvaða skilyrðum og tímaáætlun get ég fjárfest í þessu verðbréfi?

Að lágmarki verða boðnir til kaups 447.626.880 áður útgefni hlutir í Síldarvinnslunni. Hlutirnir verða seldir í almennu útboði sem áætlað er að hefjist þann 10. maí og ljúki 12. maí 2021. Verði umframeftirpurn í útboðinu er heimilt að stækka útboðið um allt að 51.000.000 hluta. Áskriftartímabilið verður ekki styt.

Útgefandi og seljendur kunna að framlengja áskriftartímabil, sé þess krafist skv. lögum vegna birtingar viðauka við lýsingu þessa eða af öðrum orsökum. Útgefandi og seljendur áskilja sér einhliða rétt til að fresta áskriftartímabilinu.

Fyrirhugað er að niðurstöður útboðsins og ákvörðun um úthlutun til fjárfesta verði birtar 14. maí 2021. Gjaldlagi og eindagi innheimtukrafna vegna útboðsins er fyrirhugaður 20. maí 2021 og fyrirhugað er að hlutirnir verði afhentir eftir að greiðsla berst 26. maí 2021. Áætlað er að hlutirnir verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. þann 27. maí 2021. Þátttaka í útboðinu af hálfu fjárfesta er háð skilyrðum sem m.a. varða markaðssetningu útboðsins og fjárræði. Útboðið er markaðssett á Íslandi og er þátttaka í því heimil öllum þeim einstaklingum og lögaðilum sem hafa bæði íslenska kennitölu og eru fjárráða í skilningi lögræðislaga nr. 97/1997 með þeim takmörkunum sem lögum kunna að leiða.

Fjárfestar geta valið um tvær tilboðsbækur í útboðinu sem eru ólíkar hvað varðar stærð áskrifta og verð. Í tilboðsbók A verða boðnir 90.909.091 hlutir. Fjárfestar gera tilboð innan verðbils 55-58 kr./hlut. Lágmarksfjárhæð áskriftar er 100.000 kr. og hámarksáskrift er 20.000.000 kr. Allir hlutir í tilboðsbók A verða seldir á sama verði innan framangreinds verðbils sem ákvarðast jafnt og það lægsta af samþykktum tilboðum (hér eftir „útboðsgengi tilboðsbókar A“). Áskriftum þar sem lægra hámarksgengi er tilgreint verður því hafnað. Útboðsgengi tilboðsbókar A verður ekki hærra en útboðsgengi tilboðsbókar B. Komi til umframeftirspurnar verða áskriftir í tilboðsbók A skertar hlutfallslega, þó þannig að leitast verður við að skerða ekki áskriftir undir 1.000.000 kr. og flötum niðurskurði beitt á hæstu áskriftir ef það dugar ekki til. Í tilboðsbók B verða boðnir 356.717.789 hlutir. Í tilboðsbók B er tekið við áskriftum yfir 20.000.000 kr. Í tilboðsbók B er ekkert hámarksverð áskrifta tilgreint af hálfu seljenda en fjárfestar leggja fram áskriftir á verði sem er jafnt eða hærra og lágmarksverð 55 kr./hlut. Allir hlutir í tilboðsbók B verða seldir á sama verði, sem ákvarðast jafnt og það lægsta af samþykktum tilboðum (hér eftir „útboðsgengi tilboðsbókar B“). Áskriftum þar sem verð áskriftar er undir útboðsgengi tilboðsbókar B verður hafnað. Áskriftir sem eru á eða yfir útboðsgengi tilboðsbókar B verða samþykktar, þó þannig að ef umframeftirspurn verður í þessum hluta útboðsins verða áskriftir skertar

Áskriftum skal skilað í gegnum sérstakan rafrænan áskriftarvef sem aðgengilegur verður fjárfestum á vef Landsbankans, www.landsbankinn.is/utbod-sildarvinnslan, við upphaf útboðsins. Hlekkur á áskriftarvefinn verður aðgengilegur í gegnum vefsíður umsjónar og söluaðila aðila www.landsbankinn.is og á heimasíðu félagsins <http://svn.is/fjarfestar/>

Hvers vegna er þessi lýsing gerð?

Lýsing þessi er gerð í tengslum við almennt útboð á allt að 498.626.880 milljón hlutum í Síldarvinnslunni hf. og töku allra hluta í útgefanda til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað hjá Nasdaq Iceland hf. Áætlaður heildarkostnaður í tengslum við útgáfu hlutanna og töku þeirra til viðskipta er 265 m.kr. Útgefandi mun ekki leggja kostnað á fjárfesta vegna sölu hlutabréfanna eða töku þeirra til viðskipta. Andvirði útboðsins verður ráðstafað til seljenda hlutafjár.

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans var ráðin af útgefanda til þess að hafa umsjón með sölu hlutabréfanna í almennu útboði og með töku þeirra til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað og fær Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans greidda þóknun fyrir þá þjónustu frá útgefanda og seljendum. Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér hugsanlega hagsmunaárekstra umsjónaraðila við Síldarvinnsluna.

Síldarvinnslan hf.

Verðbréfalýsing

3. maí 2021



Þessi síða er vísitandi höfð auð.

Efnisyfirlit

1	Áhættuþættir	3
1.1	Almenn áhætta tengd fjárfestingu í hlutabréfum	3
1.2	Áhætta tengd hlutabréfum í Síldarvinnslunni	5
1.2.1	Markaðsverð hluta útgefanda getur sveiflast	5
1.2.2	Þynning hlutafjáreignar	5
1.2.3	Seljanleikaáhætta	6
1.2.4	Uppbygging á eignarhaldi Síldarvinnslunnar	6
1.2.5	Lagaumhverfi almenns útboðs og töku til viðskipta	7
2	Veltufé, fjármögnun og skuldastaða	8
3	Tilkynning til fjárfesta	9
3.1	Umsjónaraðili útboðs, söluaðilar og ráðgjafar	10
3.2	Gildistími, aðgengi að lýsingu og skjöl til sýnis	11
3.3	Hugsanlegir hagsmunaárekstrar	11
3.4	Yfirlýsing ábyrgðaraðila fyrir hönd útgefanda	12
3.5	Skilgreiningar og tilvísanir	13
3.6	Skammstafanir og hugtök	14
4	Almennt útboð og taka hlutabréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði	15
4.1	Útgefandi og seljendur hlutafjár	16
4.1.1	Útgefandi	16
4.1.2	Seljendur	16
4.2	Fyrirhuguð tímaáætlun útboðsins og útboðstímabil	18
4.3	Söluaðili almenns útboðs og umsjón með töku til viðskipta	19
4.3.1	Upplýsingar og tæknileg aðstoð vegna tilboðsbóka A og B	19
5	Skilmálar og skilyrði útboðsins	20
5.1	Stærð, skipting og verð í útboði	20
5.2	Skilyrði fyrir þátttöku	21
5.3	Skráning áskrifta og áskriftartímabil	21
5.3.1	Skráning áskrifta	23
5.3.2	Staðfesting á greiðslugetu og/eða tryggingu fyrir greiðslu	24
5.4	Skerðing áskrifta og úthlutun við umframeftirspurn	24

5.5	Tilkynning um niðurstöðu almenns útboðs	25
5.6	Tilkynning um úthlutun, greiðslufyrirmæli og afhending hluta	25
5.6.1	Skylda til að eiga vörslureikning	26
5.7	Áætlaður kostnaður og hreint söluandvirði	26
5.8	Taka hlutabréfa Síldarvinnslunnar til viðskipta	27
6	Viðskiptavakt.....	27
7	Hlutabréfaflokkurinn.....	28
7.1	Hlutafé	28
7.2	Ákvæði um hækkun og lækkun hlutafjár	28
7.3	Réttindi tengd hlutabréfum í Síldarvinnslunni	28
7.4	Arðgreiðslur og kaup á eigin bréfum	29
7.5	Lögbundin yfirtökutilboð og tilboðsskylda	30
7.6	Innlausnarskylda og -réttur.....	31
7.7	Slit, skipti eða samruni á félaginu.....	31
7.8	Skattaleg atriði	31
7.9	Safnskráning.....	33

1 Áhættuþættir

Hér er fjallað um þá áhættuþætti sem Síldarvinnslunni hf., kt. 570269-7479, Hafnarbraut 6, 740 Neskaupstað (hér eftir „**Síldarvinnslan**“, „**útgefandinn**“, „**félagið**“) er kunnugt um og telur að skipti máli varðandi hlutabréf útgefin af félaginu þannig að meta megj markaðsáhættuna sem tengist þeim.

Áður útgefið hlutafé í útgefanda verður boðið til sölu í almennu útboði dagana 10. maí til og með 12. maí 2021. Í kjölfar útboðsins og birtingar lýsingar útgefanda, sem verðbréfalýsing þessi er hluti af, mun útgefandi óska eftir því að allir hlutir í félaginu verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík (hér eftir „**Nasdaq Iceland**“).

Ekki er hægt að ábyrgjast að fjárfesting í hlutabréfum verði arðsöm. Fjárfesting í hlutabréfum felur í sér ýmsa áhættuþætti. Verðmæti hlutabréfanna getur lækkað jafnt sem hækkað og fjárfestar geta tapað andvirði allrar fjárfestingar sinnar í hlutabréfum eða eftir atvikum hluta hennar. Ákvörðun um kaup á hlutabréfum ætti því ávallt að grundvallast á áhættumati svo sem hverjum og einum fjárfesti þykir viðeigandi. Fjárfestar eru hvattir til að sækja sér tilheyrandi óháða ráðgjöf og kynna sér ítarlega efni fyrrgreindrar lýsingar félagsins, dagsettrar 3. maí. 2021. Fjárfestar sem eru að velta fyrir sér kaupum á hlutabréfum útgefnum af Síldarvinnslunni eru hvattir til að kynna sér vel þá áhættuþætti sem fjallað er um í verðbréfalýsingu þessari og leggja eigið mat á þá áhættu sem kaupin gætu útsett þá fyrir.

Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel allar upplýsingar sem koma fram í lýsingu útgefanda sem verðbréfalýsing þessi er hluti af. Fjárfestar eru sérstaklega hvattir til að kynna sér vel allar upplýsingar um þá áhættu- og óvissuþætti útgefandans og samstæðu hans, sem lýst er í köflum um áhættuþætti í lýsingu útgefanda dagsettri 3. maí 2021 sem verðbréfalýsing þessi er hluti af, og gætu haft veruleg áhrif á samstæðu útgefanda og fjárfestingar í hlutabréfum útgefanda. Þessi kafli, 1. „**Áhættuþættir**“ í verðbréfalýsingu þessari, inniheldur upplýsingar um áhættuþætti sem útgefandi telur samkvæmt sinni bestu vitund eiga sérstaklega við um hlutabréf útgefin af honum svo meta megj áhættuna sem tengist þeim. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem kaup á hlutabréfunum kunna að hafa og eru hvattir til að sækja sér tilheyrandi óháða ráðgjöf. Framsetning og uppröðun eftirfarandi áhættuþátta fer eftir alvarleika þeirra, þar sem fyrst eru taldir upp alvarlegustu þættirnir, að mati útgefanda, að teknu tilliti til neikvæðra áhrifa á hlutabréfin og líkum á að þeir raungerist. Kafllinn 1. „**Áhættuþættir**“ í útgefandalýsingu dagsettri 3. maí. 2021 sem er hluti af framangreindri lýsingu, inniheldur upplýsingar um áhættuþætti sem útgefandinn telur samkvæmt sinni bestu vitund eiga sérstaklega við um útgefandann, samstæðu hans og atvinnugrein hans. Áhættuþættir þessir eru háðir óvissu og því er útgefanda ekki mögulegt að segja til um líkur á því að þeir geti átt sér stað. Möguleiki er á því að aðrir þættir en þeir sem taldir eru upp á grundvelli þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir og útgefanda er kunnugt um, geti haft áhrif á markaðsvirði hlutabréfanna og/eða getu útgefanda til að standa við skuldbindingar sínar.

1.1 Almenn áhætta tengd fjárfestingu í hlutabréfum

Fjárfestingar í hlutabréfum fela að öllu jöfnu í sér meiri áhættu en fjárfestingar í skuldarbréfum. Hlutabréf eru aftast í kröfuröð við slit eða gjaldþrot hlutafélaga. Af þessu leiðir að eigendur hlutabréfa fá greitt í hlutfalli við hlutfjáreign sína af því sem eftir stendur þegar allir aðrir

kröfuhafar hafa fengið greitt í samræmi við löglega lýstar og gildar kröfur. Sú hættta er því til staðar að eigendur hlutabréfa fá ekkert upp í kröfu sína. Ávöxtun fjárfesta af hlutabréfum getur komið til með tvennum hætti. Annars vegar með breytingum á verði hlutabréfa yfir tíma og hins vegar geta hlutafélög skilað eigendum sínum ávöxtun með útgreiðslu arðs. Vert er að hafa í huga að þrátt fyrir að fjárfesting í hlutabréfum kunni að skila góðri ávöxtun er sú hættta almennt fyrir hendi að gengi hlutabréfa geti lækkað almennt á hlutabréfamarkaði sem og í einstökum félögum. Ekkert er heldur hægt að fullyrða um arðgreiðslur einstakra félaga til framtíðar.

Breytingar á virði hlutabréfa geta átt sér stað vegna breytinga á innri eða ytri skilyrðum viðkomandi félags og væntinga fjárfesta þar um og einnig vegna óvæntra atburða og breytinga á ytri skilyrðum sem hafa áhrif á rekstur fyrirtækja og hagkerfisins í heild. Fjárfestum er bent á að draga má úr áhættu tengdri hlutabréfakaupum með fjárfestingu í vel dreifðu safni hlutabréfa í ólíkum félögum, auk annarra verðbréfa, fremur en í einstökum félögum. Góð þekking og skilningur á rekstri og atvinnugreinum félaga sem fjárfest er í getur enn fremur reynst gagnleg til að efla skilning á þeirri áhættu sem fyrir hendi er. Eins er bent á að lántökur vegna hlutabréfakaupa auka verulega áhættu þeirra og fjárfestum bent á að takmarka slíkt eftir fremsta megni. Framangreind atriði eru þó einungis til þess fallin að draga úr áhættu vegna fjárfestinga í hlutabréfum en geta aldrei eytt henni að fullu.

Fjárfesting í hlutabréfum felur í sér margskonar áhættu. Dæmi um áhættuþætti sem geta haft verðmyndandi áhrif á hlutabréf eru markaðs-, seljanleika- og mótaðilaáhætta. Markaðsáhætta er sú áhætta sem felst í breytingum á gengi hlutabréfa og þar með virði þeirra á hlutabréfamarkaði. Ýmsir atburðir geta orðið til þess að virði hlutabréfa lækkar eða hækkar, sumir hverjir utan áhrifasviðs eigenda og stjórnenda viðkomandi hlutafélaga. Viðskipti á hlutabréfamarkaði eru breytileg og eru misjöfn milli missera, mánaða, vikna og daga þar sem margir þættir markaðsaðstæðna og annarra ytri aðstæðna fyrirtækja ráða framboði og eftirspurn. Seljanleikaáhætta skapast þegar ekki tekst að selja hlutabréfin í því magni og á verði sem fjárfestir telur ásættanlegt eða sem næst ætluðu raunvirði. Þannig getur sú staða komið upp að fjárfestar geti ekki selt hlutabréf í félaginu þegar þeir vilja selja eða geti ekki selt á því verði sem væntingar standa til. Líta má á bilið á milli kaup- og sölutilboða sem mælikvarða á þessa tegund áhættu. Áhættan er bæði fólgin í magni, þ.e. að markaðurinn taki við því magni sem vilji er til að selja á raunvirði hverju sinni, og gengi, þar sem umfangsmikil viðskipti með hlutabréf félags geta haft veruleg áhrif á verðmyndun bréfanna. Mótaðilaáhætta skapast þegar mótaðili, við kaup eða sölu hlutabréfa, eða við framkvæmd annarra fjármálagerna, efnir ekki sinn hluta samningsins þegar að uppgjöri kemur. Enn fremur þarf að hafa í huga að hlutabréf eru réttlægstu kröfur í eignir hlutafélags, sem þýðir að við slit eða gjaldþrot útgefanda fá hluthafar greitt í hlutfalli við hlutafjáreign sína, kveði samþykktir ekki á um aðra skipan, það sem eftir stendur af eignum félagsins eftir að allir aðrir kröfuhafar hafa fengið gildar kröfur sínar greiddar.

Þeir sem hafa í hyggju að fjárfesta í hlutum útgefanda þurfa að hafa í huga að ekki er hægt að veita tryggingu fyrir því að fjárfestingin muni reynast arðsöm. Þá skulu væntanlegir fjárfestar einnig hafa það hugfast að þrátt fyrir að fjárfesting í hlutabréfum kunni að skila góðri ávöxtun almennt er sú hættta ávallt fyrir hendi að hlutabréf í einstökum félögum lækki í verði. Af þeim sökum er væntanlegum fjárfestum bent á að dreifa áhættu sinni og leita sér fjárfestingarráðgjafar.

Fjármálamarkaðir eru háðir því rekstrarumhverfi sem opinber yfirvöld skapa fyrirtækjum. Umfangsmiklar breytingar á þeim lagaramma sem gildir um fjármálamarkaði geta haft neikvæð áhrif og skapað óróa á mörkuðum.

1.2 Áhætta tengd hlutabréfum í Síldarvinnslunni

1.2.1 Markaðsverð hluta útgefanda getur sveiflast

Hlutabréfamarkaðir eru sérstaklega næmir fyrir ýmsum áhrifaþáttum sem geta án fyrirvara leitt til lækkunar eða hækkunar hlutabréfa. Markaðsverð hlutabréfa getur sveiflast eftir að viðkomandi hlutabréfaflokkur hefur verið tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, þar með töldum Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

Endanlegt útboðsgengi sem fæst í fyrirhuguðu útboði í aðdraganda þess að hlutabréf í útgefanda verði tekin til viðskipta geta verið hærrí eða lægri en verð sem myndast á skipulegum verðbréfamarkaði. Ekki er hægt að fullyrða með neinni vissu um þróun gengis hlutabréfa í Síldarvinnslunni í framtíðinni. Flókt á gengi hlutabréfanna gæti meðal annars verið háð almennu framboði og eftirspurn eftir hlutabréfum. Einnig geta breytingar á högum félagsins, svo sem innri mál, rekstur, afkoma eða stjórnun haft verðmótandi áhrif á hlutabréf í félaginu. Ytri skilyrði svo sem lagabreytingar eða aðrir utanaðkomandi þættir geta haft áhrif á rekstur útgefanda sem og hagkerfið í heild. Framangreind ytri skilyrði teljast utan áhrifasviðs stjórnar og stjórnenda félagsins. Hætta getur orðið á því að fjárfestar sem kaupa hluti í almenna útboðinu geti ekki selt hlutina á eða yfir því verði sem þeir greiða fyrir hlutina í almenna útboðinu eða jafnvel ekki selt hlutina þó þeir verði reiðubúnir að selja þá undir kaupverði.

1.2.2 Þynning hlutafjäreignar

Sá möguleiki er ávallt fyrir hendi að útgefandi auki hlutafé sitt í framtíðinni. Ef útgefandi hækkar hlutafé sitt með öðrum hætti en útgáfu jöfnunarhlutabréfa mun hlutfallsleg hlutafjäreign þeirra sem eiga hlutabréf í útgefanda fyrir minnka í samræmi við aukninguna nema þeir fjárfesti í nýjum hlutum í útgefanda í hlutfalli við hlutafjäreign sína. Verði hlutafé félagsins hækkað skulu hluthafar hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skrásetta hlutafjäreign sína eins og kveðið er á um í lögum og á hverjum tíma.

Til þess getur komið að félagið ráðist í hlutafjárukningar í framtíðinni sem veldur því að eignarhlutur þeirra hluthafa sem ekki taka þátt í þeirri aukningu minnkar hlutfallsleg. Þannig þynnst hlutafjäreign einstakra hluthafa út sem aukningunni nemur. Í gr. 2.2 samþykktum félagsins, dagsettum 26. mars 2021, þarf samþykki hluthafafundar til hækkunar. Ekki er í gildi heimild til stjórnar félagsins um hækkun eða lækkun hlutafjár. Verði hlutafé félagsins hækkað skulu hluthafar hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skrásetta hlutafjäreign sína eins og kveðið er á um í lögum og á hverjum tíma. Margvíslegar ástæður geta legið að baki ákvörðun um aukningu hlutafjár á hverjum tíma. Algengt er þó að hlutafé sé aukið til að fjármagna fjárfestingar sem taldar eru að muni auka verðmæti félagsins til lengri tíma litið og auki þannig virði hlutafjár útgefandans. Bent er á að í kjölfar slíkra ákvarðana geta fjárfestar staðið frammi fyrir aukinni áhættu vegna hinnar nýju fjárfestingar.

Hluthafafundur einn getur ákveðið hækkun hlutafjár. Samkvæmt samþykktun félagsins er hluthafafundur lögmaður ef hann sækja hluthafar sem hafa yfir að ráða að minnsta kosti

helming af atkvæðabæru hlutafé. Í grein 2.2 samþykktum félagsins, dagsettum 26. mars 2021 þarf samþykki hluthafafundar til hækkunar hlutafjár og þarf samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár, sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum, til að breyta því. Hluthafafundur einn getur með sama atkvæðamagni ákveðið lækkun hlutafjár.

Samkvæmt 55. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, er heimild fyrir því að hlutafélög eignist allt að 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Hluti getur félag aðeins eignast samkvæmt heimild hluthafafundar til handa félagsstjórn. Heimildin verður aðeins veitt tímabundið og ekki til lengri tíma en fimm ára. Félagið á 15.726.880 eigin hluti sem er 0,93% af útgefnu hlutafé. Óheimilt er að nota atkvæði sem fylgja eigin hlutum og eru þau talin frá við ákvörðun atkvæðamagns í félaginu.

1.2.3 Seljanleikaáhætta

Gera verður ráð fyrir að seljanleiki hlutabréfa í útgefanda og markaðsverð geti breyst í takti við breytingar á markaðsaðstæðum, hagsveiflu, fjárhagslegri afkomu og öðrum þáttum sem almennt hafa áhrif á markaðsverð hlutabréfa sem og seljanleika þeirra.

Seljanleikaáhætta er á íslenskum hlutabréfamarkaði m.a. vegna smæðar markaðarins. Viðskiptavakt getur að einhverju leyti dregið úr seljanleikaáættu. Síldarvinnslan hefur gert samninga við tvo viðskiptavaka um viðskiptavakt með hlutabréf í félaginu sem taka gildi við töku þeirra til viðskipta á Nasdaq Iceland svo sem nánar má lesa í kafla 6 „Viðskiptavakt“. Þrátt fyrir það er ekki hægt að tryggja að hluthafar í Síldarvinnslunni geti selt bréf sín í því magni og á því verði sem þeir telja sanngjarnt á eftirmarkaði. Til þess að fjárfestar geti selt hlutabréfaeign sína þarf að vera til staðar virk verðmyndun með hlutabréfin á markaði.

1.2.4 Uppbygging á eignarhaldi Síldarvinnslunnar

Skipan eignarhalds á hverjum tíma getur falið í sér seljanleikaáættu fyrir fjárfesta. Fjárfestar eru minntir á að eignarhald útgefanda getur breyst hratt og án fyrirvara.

Hluthafar Síldarvinnslunnar þann 3. maí 2021 eru 280 talsins. Stærstu hluthafar útgefanda gætu, miðað við eignarhald sitt, tekið sig saman um að hafa veruleg áhrif á mál sem borin eru undir atkvæði hluthafafundar. Þeir hafa einnig vald til að koma í veg fyrir breytingu á yfirráðum og gætu gripið til aðgerða sem gætu haft veruleg neikvæð áhrif á verðmæti hlutabréfa í útgefanda. Þetta á bæði við um eignarhald útgefanda samkvæmt núverandi hlutaskrá og eignarhald eftir breytingar sem eru fyrirhugaðar vegna útboðsins.

Fyrirhugað er almennt útboð á áður útgefnu hlutafé í félaginu í tengslum við töku hlutabréfanna til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland.

Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér upplýsingar um hluthafa og fyrirsjáanlegar eignarhaldsbreytingar, sem koma fram í kafla 7.5 *Lögbundin yfirtökutilboð og tilboðsskylda* í verðbréfalýsingu þessari, svo og upplýsingar í útgefandalýsingu, dagsettri 3. maí 2021, undir kafla 6.1 „Hluthafar“.

Engar söluhömlur eða söluskyldur hvíla á hlutum í Síldarvinnslunni eftir að útboði líkur. Engar ákvarðanir hafa verið teknar um hvort og þá hvenær eða með hvaða hætti seljendur í útboðinu áformi að selja þá eignarhluti sem þeir munu eiga eftir að útboðinu lýkur.

Fjárfestum er bent á að þegar hlutir í Síldarvinnslunni hafa verið teknir til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland gilda yfirtökureglur, flöggunarreglur og innherjareglur laga nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti sem ætlað er að tryggja upplýsingagjöf og fjárfestavernd í tengslum við eignabreytingar á hlutum í félögum sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

Takmarkanir eru í íslenskri löggjöf á eignarhaldi erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegi, samanber lög nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, sem geta mögulega dregið úr seljanleika hlutabréfa í útgefanda þar sem mengi mögulegra kaupenda er þar með takmarkaðra en hlutabréfa sem ekki falla undir slíkar kvaðir. Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér upplýsingar um hluthafa félagsins sem fram koma í kafla 6.1. *Hluthafar* í útgefandalýsingu félagsins, dagsettri þann 3.maí. 2021.

1.2.5 Lagaumhverfi almenns útboðs og töku til viðskipta

Um útgefanda og þau hlutabréf sem hann mun gefa út og óska eftir að verði einnig tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland, gilda reglur Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, (hér eftir „**Fjármálaeftirlitið**“) nr. 1050/2012, um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja, reglugerð nr. 630/2005, um innherjaupplýsingar og markaðssvik auk reglugerðar nr. 707/2008, um upplýsingagjöf og tilkynningarskyldu skv. lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti. Hlutabréf félagsins eru gefin út í samræmi við ákvæði laga nr. 2/1995 um hlutafélög og með rafrænum hætti samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerna, með áorðnum breytingum sem og þeim reglum sem settar hafa verið á grundvelli framangreindra laga og reglna. Lýsing þessi er gefin út á grundvelli laga nr. 14/2020, um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og framseldra reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1129. Einnig lýtur útgefandi og hlutabréfin sem hann gefur út *Reglum fyrir útgefendur fjármálagerna* sem gefnar voru út af Nasdaq Iceland þann 1. febrúar 2021 í samræmi við lög nr. 110/2007, um kauphallir.

Útgefanda ber að fara eftir framangreindum lögum og reglum auk laga og reglugerða sem síðar kunna að vera settar og hafa áhrif á starfsemi eða hlutabréf útgefanda, sem m.a. fela í sér upplýsingaskyldu. Brot á þeim kann að hafa fjárhagsleg áhrif á útgefanda. Alvarleg brot á þessum reglum kunna að hafa það í för með sér að Fjármálaeftirlitið eða Nasdaq Iceland taki hlutabréf í útgefanda úr viðskiptum um tiltekinn tíma eða endanlega. Brjótí útgefandi framangreind lög eða reglur og/eða lög eða reglur sem síðar kunna að vera settar og hafa áhrif á starfsemi eða hlutabréf útgefanda, kann það enn fremur að hafa áhrif á orðspor útgefanda og getur það haft þær afleiðingar að hlutabréf útgefanda falli í verði. Vakin er sérstök athygli á því að eftir að viðskipti með hlutabréfin hefjast munu eigendur hlutabréfa í félaginu falla undir ákvæði IX. kafla laga um verðbréfaviðskipti um breytingu á verulegum hlut atkvæðisréttar (flöggun), X. kafla sömu laga um yfirtöku, XI. kafla um tilboðsyfirlit auk XIII. kafla um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja. Brot gegn tilteknum ákvæðum laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, framin af ásetningi eða gáleysi, varða sektum eða fangelsi allt að sex árum.

2 Veltufé, fjármögnun og skuldastaða

Stjórnarformaður Síldarvinnslunnar og forstjóri lýsa því yfir fyrir hönd útgefanda að þeir telji veltufé Síldarvinnslunnar vera fullnægjandi til að uppfylla núverandi þarfir félagsins. Eftirfarandi fjárhagsupplýsingar eru í samræmi við óendurskoðað og ókannað stjórnendauppgjör fyrir tímabilið 1. janúar – 16. apríl 2021. Aðrar fjárhagsupplýsingar Síldarvinnslunnar sem birtar eru í og eru hluti af lýsingu félagsins, dagsettri 3. maí 2021 eru endurskoðaðir samstæðuársreikningar fyrir fjárhagsárin 2018 – 2020 sem finna má í kafla 2.3 „Skjöl felld inn með tilvísun“ í útgefandalýsingu dagsettri 3. maí 2021.

Tafla 2.1: Fjármögnun og skuldsetning þann 16. apríl 2021¹

(þús.USD)

<i>Skammtímaskuldir</i>	
- með ábyrgðum	0
- með veði	27.628
- án ábyrgða/veðs	0
<i>Skammtímaskuldir samtals</i>	<i>27.628</i>
<i>Langtímaskuldir</i>	
- með ábyrgðum	0
- með veði	96.290
- án ábyrgða/veðs	0
<i>Langtímaskuldir samtals</i>	<i>96.290</i>
<i>Eigið fé</i>	
-Hlutafé	13.968
- Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár	10.070
- Bundinn hlutdeildarreikningur	37.424
- Óráðstafað eigið fé	311.861
<i>Eigið fé samtals</i>	<i>373.323</i>
Samtals fjármögnun	497.241

Félagið hyggst efna til almenns útboðs þar sem boðið verður til sölu þegar útgefið hlutafé í Síldarvinnslunni. Af því leiðir að ekkert fjárstreymi verður til í Síldarvinnslunni í tengslum við fyrirhugað almennt útboð á hlutum í félaginu sem fyrirhugað er 10.- 12. maí 2021. Sjá nánar kafla 4.1.2. „Seljendur.“ Í kjölfarið verður óskað eftir töku alls hlutafjár í félaginu til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland hf. Bent er á upplýsingar um kostnað sem fellur á félagið vegna þess ferlis að óska eftir að fá hlutabréf í Síldarvinnslunni tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland sem nánar er kveðið á um í kafla 5.7. „Áætlaður kostnaður og hreint söluandvirði“ í verðbréfalýsingu þessari.

¹ Upplýsingar í töflu eru óendurskoðaðar fjárhagsupplýsingar

3 Tilkynning til fjárfesta

Verðbréfalýsing þessi er hluti af lýsingu útgefandans dagsettri 3. maí 2021 sem gefin er út undir heitinu *Lýsing hlutabréfa*, sem varðar og birt er í tengslum við almennt útboð á áður útgefnum hlutum í Síldarvinnslunni hf. og umsókn um að hlutabréf í Síldarvinnslunni hf. verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Hvort tveggja fer fram í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglugerða um verðbréfaviðskipti, sbr. lög nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti og lög nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, og falla útgefandi og fjármálagerningar sem hann gefur út þar undir. Um útgáfu hlutabréfanna gilda íslensk lög og eru þau verðbréf í skilningi 1. mgr. 2. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti. Um hlutabréfin gilda enn fremur lög nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga.

Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 frá 14. júní 2017 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB, hafa verið leidd í lög hér á landi með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2019 frá 29. mars 2019, sbr. lög nr. 14/2020, um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Lýsingin er einnig útbúin með hliðsjón af Reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga sem eru í gildi hverju sinni.

Fjármálaeftirlitið sem er lögbært yfirvald samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1129 hefur staðfest lýsinguna sem dagsett er 3. maí 2021. Fjármálaeftirlitið staðfestir einungis lýsinguna í þeim skilningi að hún uppfylli þær kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm því sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1129, og ekki ber að líta á slíka staðfestingu sem staðfestingu á gæðum verðbréfanna sem lýsingin varðar. Fjárfestar skulu meta sjálfir hvort þeim henti að fjárfesta í verðbréfunum. Lýsingin er á íslensku og er eingöngu birt á Íslandi. Lýsingin samanstendur af þremur sjálfstæðum skjölum; samantekt, verðbréfalýsingu og útgefandalýsingu, sem öll eru dagsett 3. maí 2021. Lýsinguna í heild sinni má nálgast á vef útgefanda, <http://svn.is/fjarfestar/> og verður aðgengileg þar í 10 ár.

Verðbréfalýsing þessi, dagsett 3. maí 2021, ásamt útgefandalýsingu dagsettri 3. maí 2021 og samantekt (hér eftir „**lýsing**“), inniheldur þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fjárfestum til að þeir geti metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda, sem og upplýsingar um þau réttindi sem fylgja verðbréfunum. Leitast hefur verið við að setja upplýsingarnar fram á skýran og greinargóðan hátt. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel lýsinguna og er þeim ráðlagt að kynna sér sérstaklega kafla um áhættuþætti. Upplýsingar í lýsingunni byggja á aðstæðum og staðreyndum á þeim degi sem lýsingin er undirrituð og geta breyst frá dagsetningu undirritaðrar lýsingar og fram að þeim degi þegar hlutabréfin eru tekin til viðskipta. Hvorki útgefandi, umsjónaraðili né söluaðili bera ábyrgð á áhrifum lagabreytinga, breytinga á reglugerðum og reglum eða ákvörðunum dómstóla sem kunna að koma til eftir staðfestingu lýsingarinnar. Ef mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni er varða upplýsingar í lýsingunni, sem máli geta skipt við mat á hlutabréfunum, koma fram á tímabilinu frá birtingu lýsingar þessarar og þar til útboðstímabili lýkur eða viðskipti hefjast á skipulegum verðbréfamarkaði, hvort heldur sem síðar gerist, skal útbúa viðauka við lýsinguna í samræmi við ákvæði laga nr. 14/2020, um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Viðaukinn skal staðfestur innan fimm virkra daga og birtur á sama hátt og upprunaleg lýsing. Í samræmi við ákvæði fyrrnefndra laga og 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 skulu fjárfestar sem þegar hafa samþykkt að kaupa eða skrá

sig fyrir fjármálagerningum sem viðkomandi lýsing varðar, áður en viðaukinn er birtur, eiga rétt á að falla frá fyrrgreindu samþykki að lágmarki í tvo virka daga frá birtingu viðaukans.

Verðbréfalýsingu þessa eða önnur skjöl sem tilheyra þessari verðbréfalýsingu dagsett 3. maí 2021, má undir engum kringumstæðum skoða eða túlka sem loforð um árangur í rekstri eða um ávöxtun fjármuna af hálfu útgefanda, seljenda, umsjónaraðila útboðs, og umsjónaraðila með töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða annarra aðila. Fjárfestar eru minntir á að kaup á hlutabréfum eru í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggist á væntingum en ekki loforðum. Fjárfestar verða fyrst og fremst að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestingar í hlutabréfum í Síldarvinnslunni hf. og taka tillit til starfsumhverfis útgefanda, hagnaðarvonar, ytri aðstæðna og þeirrar áhættu sem í fjárfestingunni felst. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum og öðrum fjármálafyrirtækjum, til aðstoðar við mat á hlutabréfunum sem fjárfestingarkosti. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem kaup á hlutabréfum í útgefanda kunna að hafa og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti. Landsbankanum hf. er ekki skylt að meta hvort þátttaka í útboðinu og kaup á hlutum í útgefanda er viðeigandi fyrir fjárfesta og nýtur fjárfestir í slíkum viðskiptum því ekki verndar samkvæmt 16. gr. í lögum nr. 108/2007, um verðbréfiðskipti.

Verðbréfalýsingu þessa eða önnur skjöl sem eru hluti af lýsingunni skal ekki dreifa (hvorki senda í pósti né dreifa á einn eða annan hátt) til landa þar sem dreifing myndi krefjast viðbótarskráningarferlis eða aðgerða annarra en þeirra sem heyra undir íslensk lög og reglur, eða ef slík dreifing stangast á við lög eða reglur viðeigandi landa. Verðbréfalýsingu þessa eða önnur skjöl sem eru hluti af lýsingunni skal þannig m.a. hvorki senda í pósti né dreifa á einn eða annan hátt til landa utan Íslands. Útgefandi og ráðgjafarnir eru ekki skaðabótaskyldir vegna dreifingar á lýsingunni til þriðja aðila.

Eftir að hlutabréf útgefin af Síldarvinnslunni hafa verið tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland fylgir útgefandi settum lögum og reglugerðum um verðbréfiðskipti, sbr. lög nr. 108/2007, um verðbréfiðskipti, birtir tilkynningar opinberlega og lýtur reglum Nasdaq Iceland. Núgildandi *Reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga*, útgefnar af Nasdaq Iceland og eru í gildi hverju sinni, kveða m.a. á um opinbera birtingu allra fjárhagsupplýsinga í samræmi við lög og reglur um reikningsskil sem gilda um útgefanda á hverjum tíma, og að upplýsingar um ákvarðanir eða aðrar forsendur og aðstæður sem ástæða er til að ætla að geti haft marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninga, sem teknir hafa verið til viðskipta, beri að birta eins fljótt og unnt er. Opinber birting telst vera þegar upplýsingar hafa verið birtar almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu. Samhliða opinberri birtingu skal útgefandi senda upplýsingarnar til Fjármálaeftirlitsins í samræmi við lög nr. 108/2007, um verðbréfiðskipti, auk þess sem þær skulu vera sendar til Nasdaq Iceland í eftirlitsskyni í samræmi við reglur Nasdaq Iceland fyrir útgefendur hlutabréfa. Síldarvinnslan mun birta framangreindar upplýsingar opinberlega og á vef útgefanda, á slóðinni <http://svn.is/fjarfestar/>.

3.1 Umsjónaraðili útboðs, söluaðilar og ráðgjafar

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík, hefur umsjón með töku hlutabréfanna til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland. Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf. hefur unnið að gerð verðbréfalýsingar þessarar í samráði við stjórnendur og stjórn útgefandans og er hún byggð á upplýsingum frá útgefanda. Þar á meðal er hún byggð á upplýsingum úr lögræðilegri, fjárhagslegri og skattalegri áreiðanleikakönnun. Lýsingin er m.a. byggð á endurskoðuðum ársreikningum fyrir fjárhagsárin 2018, 2019 og 2020.

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf. hefur auk þess umsjón með almennu útboði á hlutum í Síldarvinnslunni sem lýst er í verðbréfalýsingu útgefanda dagsettri 3. maí 2021 og efnt er til í tengslum við töku hlutabréfanna til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland.

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf. hafði umsjón með gerð áreiðanleikakannana í aðdraganda birtingu þessarar lýsingar, umsóknar útgefanda um töku á hlutabréfunum til viðskipta og í aðdraganda almenns útboðs. Eftirfarandi áreiðanleikakannanir voru framkvæmdar í febrúar 2021 til apríl 2021 og náðu þær til starfsemi félagsins aftur til 1. janúar 2018. Lögfræðileg áreiðanleikakönnun var framkvæmd af LEX ehf., kt. 570297-2289, Borgartúni 26, 105 Reykjavík. Könnunin tók til uppbyggingar félagsins, félagaréttartengdra atriða, regluverks, heimilda og leyfa og samskipta við opinbera aðila, samninga, fasteigna, og lausafjár, leiguréttinda, starfsmannamála, hugverkaréttinda, dómsmála og annars ágreinings, fjármögnunar, auk annarra atriða. Fjárhagsleg og skattaleg áreiðanleikakönnun var framkvæmd af Ernst & Young ehf. kt. 520902-2010, Borgartúni 30, 105 Reykjavík.

3.2 Gildistími, aðgengi að lýsingu og skjöl til sýnis

Lýsing útgefanda dagsett 3. maí 2021 samanstendur af þremur skjölum, samantekt, útgefandalýsingu, og verðbréfalýsingu þessari dagsettri 3. maí 2021 og eftir atvikum viðaukum sem kunna að vera gerðir í samræmi við 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Upplýsingar í lýsingunni byggja á aðstæðum og staðreyndum á þeim degi sem lýsingin er undirrituð. Lýsingin er í gildi í 12 mánuði frá staðfestingu hennar. Eftir birtingu lýsingarinnar er fjárfestum ráðlagt að kynna sér allar opinberar upplýsingar sem gefnar eru út af útgefanda eða varða hann.

Eftirfarandi skjöl eru til sýnis á vefsíðu útgefanda:

- Samþykktir Síldarvinnslunnar hf., dagsettar 26. mars 2021
- Endurskoðaður samstæðuársreikningur Síldarvinnslunnar hf., fyrir fjárhagsárið 2020
- Endurskoðaður samstæðuársreikningur Síldarvinnslunnar hf., fyrir fjárhagsárið 2019
- Endurskoðaður samstæðuársreikningur Síldarvinnslunnar hf., fyrir fjárhagsárið 2018

Aðgengi að lýsingunni verður tryggt í 10 ár eftir birtingu hennar á vefsetri útgefanda á vefslóðinni: <http://www.www.svn.is/fjarfestar/>

3.3 Hugsanlegir hagsmunaárekstrar

Athygli fjárfesta er vakin á hagsmunaárekstrum aðila sem sitja í stjórn Síldarvinnslunnar sem koma fram í útgefandalýsingu kafla 5.2.1.2 „Hagsmunaárekstrar“.

Athygli fjárfesta er vakin á hagsmunum seljenda í fyrirhuguðu útboði, upplýsingar um seljendur koma fram í kafla 4,1.2 „Seljendur“.

Athygli er beint að þeim hagsmunum sem Landsbankinn hf. hefur í tengslum við fyrirhugað almennt útboð á hlutabréfum Síldarvinnslunnar og ósk um að hlutabréf í Síldarvinnslunni verði tekin til viðskipta á Nasdaq Iceland.

- Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf. hefur umsjón með töku á hlutabréfum í útgefanda til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf., þar með talið umsjón með gerð lýsingar, og fær þóknun frá útgefanda fyrir þá þjónustu.
- Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf. hefur auk þess umsjón með fyrirhuguðu almennu útboði, þ.m.t. markaðssetningu og sölu, í aðdraganda viðskipta með hluti útgefanda á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. og fær þóknun frá seljendum fyrir þá þjónustu.
- Landsbankinn hf. er lánveitandi Síldarvinnslunnar og fyrirtækjasvið bankans annast þau viðskipti.
- Landsbankinn hf. er viðskiptabanki útgefanda og annast fyrirtækjasvið bankans þau viðskipti. Landsbankinn hf., sem viðskiptabanki útgefanda, veitir einnig útgefanda þjónustu á sviði verðbréfaviðskipta, gjaldeyrisviðskipta og afleiðuviðskipta og annast Markaðsviðskipti bankans þau viðskipti. Fyrir slík viðskipti fær Landsbankinn greiddar þóknanir frá útgefanda.

Útgefanda og Landsbankanum hf. sem umsjónaraðila er ekki skylt að meta hvort kaup á hlutabréfum sem þessi lýsing tekur til er viðeigandi fyrir fjárfesta og nýtur fjárfestir í slíkum viðskiptum því ekki verndar samkvæmt 16. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti. Útgefandi og Landsbankinn hf. fara fram á það við fjárfesta að þeir kynni sér alla hugsanlega hagsmunaárekstra sem tilgreindir eru í þessari lýsingu. Útdráttur úr stefnu Landsbankans hf. um hagsmunaárekstra, sem settar eru í samræmi við 8. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti, er að finna á vefslóðinni <https://www.landsbankinn.is/bankinn/um-bankann/reglur-og-skilmalar/> undir liðnum „Ýmsar reglur og stefnur“

3.4 Yfirlýsing ábyrgðaraðila fyrir hönd útgefanda

Stjórnarformaður og forstjóri Síldarvinnslunnar hf., kt. 570269-7479, Hafnarbraut 6, 740 Neskaupstað, lýsa því yfir fyrir hönd Síldarvinnslunnar hf., sem útgefanda, að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar sem verðbréfalýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Neskaupstað, 3. maí 2021

Fyrir hönd Síldarvinnslunnar hf.

Þorsteinn Már Baldvinsson,
stjórnarformaður Síldarvinnslunnar hf.

Gunnþór Ingvason,
forstjóri Síldarvinnslunnar hf.

3.5 Skilgreiningar og tilvísanir

„Aðalmarkaður“ til aðalmarkaðar Nasdaq Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík,

„Fjármálaeftirlitið“ til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík“,

„Landsbankinn“ til Landsbankans hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík,

„lýsingin“ til lýsingar Síldarvinnslunnar hf. dagsettrar 3. maí. 2021, sem samanstendur af útgefandalýsingu og verðbréfalýsingu þessari og samantekt,

„lýsingarreglugerð“ til reglugerðar Evrópusambandsins og ráðsins (ESB) nr. 2017/1129 frá 14. júní 2017 um lýsingu sem birta skal við almenn útboð verðbréfa eða vegna töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB,

„lög um verðbréfamiðstöðvar“ til laga nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafrænna eignaskráningu fjármálagerninga,

„lög um verðbréfaviðskipti“ til laga nr. nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti,

„Nasdaq Iceland“ til Nasdaq Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík,

„Nasdaq verðbréfamiðstöð“ til „Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi“, kt. 510119-0370, Laugavegi 182, 105 Reykjavík,

„skipulegur verðbréfamarkaður“ til skipulegs verðbréfamarkaðar samkvæmt skilgreiningu laga nr. 110/2007, um kauphallir,

„söluaðili“ til Fyrirtækjaráðgjafar og Markaðsviðskipta Landsbankans hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík,

„umsjónaraðili“ til Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík,

„útgefandalýsingin“ til útgefandalýsingar dagsettrar 3. maí 2021,

„verðbréfalýsingin“ til verðbréfalýsingar þessarar dagsettrar 3. maí 2021,

Hugtakið „króna“ eða skammstöfunina „kr.“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til gjaldmiðilsins íslenskrar krónu. Skammstöfunina „m.kr.“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til milljóna króna. Skammstöfunina „ma.kr.“ í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til milljarða króna.

Vísun til „útgefanda“ eða „félagsins“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun í Síldarvinnslunnar hf., kt. 570269-7479, Hafnarbraut 6, 740 Neskaupstað og dótturfélaga þess, nema annað megi skilja af samhengi textans. Síldarvinnslan hf. er lögformlegt heiti útgefandans og viðskiptaheiti.

Vísun til „hlutanna“ eða „hlutabréfanna“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til allra útgefinna hlutabréfa Síldarvinnslunnar hf. hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð í flokki hlutabréfa

með auðkennið SVN og ISIN númerið IS0000000479, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „seljenda“, í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til Samherja hf., kt. 610297-3079, Glerárgötu 30, 600 Akureyri, Kjálkaness ehf., kt. 461115-0710, Hafnargötu 6, 610 Grenivík, Eignarhaldsfélagið Snæfugl ehf, kt. 670209-0320, Heiðarvegi 33, 730 Reyðarfjörður, Hraunlóns ehf., kt. 450404-2250 Víðimýri 1, 740 Neskaupstað og Síldarvinnslan hf., kt. 570269-7479, Hafnarbraut 6, 740 Neskaupstað saman; nema annað megi skilja af samhengi textans.

Þegar vísað er til laga og reglugerða í verðbréfalýsingu þessari er vísað til íslenskra laga og reglugerða, með síðari breytingum.

3.6 Skammstafanir og hugtök

e.	enska
ehf.	einkahlutafélag
ESB	Evrópusambandið
gr.	grein
hf.	hlutafélag
ISK	íslenskar krónur
kr.	krónur
kt.	Kennitala
mgr.	málgrein
m.kr.	milljónir króna
NOK	norskar krónur
nr.	númer
USD	bandaríkjadalur
þús. USD	þúsundir bandaríkja dala

4 Almennt útböð og taka hlutabréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði

Útböð sem lýst er í þessari verðbréfalýsingu felur í sér útböð til almennings samkvæmt þeim skilmálum sem gerð er grein fyrir í verðbréfalýsingu þessari. Með „útböðinu“ í þessum kafla er átt við útböð til almennings sem lýtur bæði ákvæðum laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem böðin eru í almennu útböði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og framseldra reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1129 og framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/980. Í útböðinu munu Samherji hf., Kjálkanes ehf., Eignarhaldsfélagið Snæfugl ehf., Hraunlón ehf. og Síldarvinnslan hf. bjóða almenningi til kaups allt að 447.626.880 hluti í Síldarvinnslunni en Kjálkanes áskilur sér sem seljandi rétt til að stækka útböðið um allt að 51.000.000 hluta. Hlutir Síldarvinnslunnar hafa verið gefnir út rafrænt sem nafnbref hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð með auðkenni SVN og ISIN númer IS0000000479. Sjá nánar kafla 4.1.2 „Seljendur.“ Í kjölfar verður óskað eftir að öll útgefin hlutabréf í Síldarvinnslunni verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. sem er skipulegur verðbréfamarkaður.

Markmiðið með því að fá hlutabréf Síldarvinnslunnar tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland er að stuðla að auknum seljanleika hlutabréfa í félaginu, virkari verðmyndun með hlutabréf útgefin af félaginu og dreifðu eignarhaldi og gera upplýsingar um félagið aðgengilegar fyrir hluthafa félagsins, viðskiptavini og allan almenning.

Gert er ráð fyrir að heildarandvirði útböðsins verði allt að 25.962.359.040 kr.² að markaðsvirði miðað við að full áskrift fáiast að hlutum í útböðinu. Nafnverð hvers hluta er 1. kr. og tilheyra allir hlutirnir sama flokki og það hlutafé Síldarvinnslunnar sem til staðar er við upphaf útböðsins. Allir hlutir í útböðinu verða seldir í tveimur tilboðsbókum, sem stjórn útgefanda tók ákvörðun um. Sjá nánar kafla 5.1 „Stærð, skipting og verð í útböði.“

Útböðið mun fara fram dagana 10. maí til og með 12. maí 2021 og er áformað að niðurstöður útböðsins liggi fyrir í lok dags þann 14. maí 2021. Í kjölfar uppgjors og afhendingar mun Síldarvinnslan sækja um að útgefnir hlutir verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

Nasdaq Iceland mun fara yfir umsóknina og niðurstöður fyrirhugaðs almenns útböðs á hlutum í útgefanda þegar þær liggja fyrir og birta opinberlega ef umsóknin verður samþykkt og þá hvenær fyrsti mögulegi viðskiptadagur verður með hlutina á hinum skipulega verðbréfamarkaði, en Nasdaq Iceland tilkynnir slíka dagsetningu með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara.

Útböðið fer eingöngu fram á Íslandi og verða hinir seldu hlutir ekki markaðssettir eða böðnir til kaups utan Íslands. Útböðið er ekki sölutryggt. Síldarvinnslunni er ekki kunnugt um hvort einstakir hluthafar, stjórnarmenn eða stjórnendur Síldarvinnslunnar hyggist skrá sig fyrir hlutum í útböðinu, eða hvort einhver aðili hyggst skrá sig fyrir meira en 5% af stærð útböðsins.

² Miðað við 58 kr./hlut sem er hæsta gengi í verðbili í tilboðsbók A og án heimildar til stækkunar

4.1 Útgefandi og seljendur hlutafjár

4.1.1 Útgefandi

Útgefandi:	Síldarvinnslan hf.
Kennitala:	570269-7479
Heimilisfang:	Hafnarbraut 6, 740 Neskaupstað
Sími:	+354 470-7000
Vefur:	http://www.svn.is
LEI númer:	549300AMNBYFRNGJ9J24
Auðkenni:	SVN
ISIN númer:	ISIN IS0000000479

Útgefandi er jafnframt einn af seljendum í fyrirhuguðu útboði.

4.1.2 Seljendur

Samherji hf., kt. 610297-3079, Glerárgötu 30, 600 Akureyri, Kjálkanes ehf., kt. 461115-0710, Hafnargötu 6, 610 Grenivík, Eignarhaldsfélagið Snæfugl ehf., kt. 670209-0320, Heiðarvegi 33, 730 Reyðarfjörður, Hraunlón ehf., kt. 450404-2250, Víðimýri 1, 740 Neskaupstaður og Síldarvinnslan hf., kt. 570269-7479, Hafnarbraut 6, 740 Neskaupstaður (hér eftir „seljendur“).

Seljandi:	Samherji hf.
Kennitala:	610297-3079
Heimilisfang:	Glerárgötu 30, 600 Akureyri
Fjöldi eignarhluta á dagsetningu lýsingar:	758.851.710 hlutir
Núverandi eignarhlutur í Síldarvinnslunni:	44,64%
Fjöldi hluta til sölu:	204.000.000
Fjöldi eignarhluta eftir sölu ³ :	554.851.710
Fjöldi eignarhluta eftir sölu ef stækkunarheimild útboðsins er nýtt:	554.851.710

Samstarf Samherja hf. og Síldarvinnslunnar hf. hefur verið með ýmsu móti í gegnum árin. Síldarvinnslan selur stóran hluta afurða sinni í gegnum Ice Fresh Seafood ehf. sölufélag í eigu Samherja hf., Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja hf. er jafnframt stjórnarformaður Síldarvinnslunnar. Síldarvinnslan landar hluta af bolfiski veiddum af skipum félagsins til vinnslu hjá dótturfélögum Samherja hf. og dótturfélagin landa uppsjávarfiski sem skip þeirra veiða til vinnslu hjá Síldarvinnslunni.

Seljandi:	Kjálkanes ehf.
Kennitala:	461115-0710
Heimilisfang:	Hafnargötu 6, 610 Grenivík
Fjöldi hluta á dagsetningu lýsingar:	581.880.524 hlutir
Núverandi eignarhlutur í Síldarvinnslunni:	34,23%

³ Að því gefnu að markmið útboðsins náist. Sjá nánar kafla 5.1 „Stærð, skipting og verð í útboði“

<i>Fjöldi hluta til sölu:</i>	204.000.000
<i>Fjöldi eignarhluta eftir sölu:</i>	377.880.524
<i>Fjöldi eignarhluta eftir sölu ef stækkunarheimild útboðsins er nýtt⁴:</i>	326.880.524

Ingi Jóhann Guðmundsson framkvæmdastjóri Kjálkaness ehf. og einn af stærstu hluthöfum í Kjálkanesi ehf. og hefur verið í stjórn Síldarvinnslunnar í yfir þrjú ár.

<i>Seljandi:</i>	Eignarhaldsfélagið Snæfugl ehf.
<i>Kennitala:</i>	670209-0320
<i>Heimilisfang:</i>	Heiðarvegi 33, 730 Reyðarfjörður
<i>Fjöldi hluta á dagsetningu lýsingar:</i>	90.000.000 hlutir
<i>Núverandi eignarhlutur í Síldarvinnslunni:</i>	5,29%
<i>Fjöldi hluta til sölu:</i>	17.000.000
<i>Fjöldi eignarhluta eftir sölu:</i>	73.000.000
<i>Fjöldi eignarhluta eftir sölu ef stækkunarheimild útboðsins er nýtt⁵:</i>	73.000.000

Halldór Jónasson stjórnarmaður í Eignarhaldsfélaginu Snæfugl ehf. og hefur verið varamaður í stjórn Síldarvinnslunnar í yfir þrjú ár.

<i>Seljandi:</i>	Hraunlón ehf.
<i>Kennitala:</i>	450404-2250
<i>Heimilisfang:</i>	Víðimýri 1, 740 Neskaupstaður
<i>Fjöldi hluta á dagsetningu lýsingar:</i>	27.491.530 hlutir
<i>Núverandi eignarhlutur í Síldarvinnslunni:</i>	1,62%
<i>Fjöldi hluta til sölu:</i>	10.200.000
<i>Fjöldi eignarhluta eftir sölu:</i>	17.291.530
<i>Fjöldi eignarhluta eftir sölu ef stækkunarheimild útboðsins er nýtt⁶:</i>	17.291.530

Gunnþór Ingvason, Axel Ísaksson og Jón Már Jónsson sem sæti eiga í framkvæmdastjórn Síldarvinnslunnar eru eigendur og sitja í stjórn L1197 ehf. Í lok árs 2020 var gengið frá kaupum L1197 ehf. á öllu hlutafé í Hraunlóni ehf. Helsta eign Hraunlóns ehf. er framangreindur eignarhlutur í Síldarvinnslunni. Kaupverð á Hraunlóni ehf. var ákvarðað í mars 2020 og var grundvallað á ársreikningi Síldarvinnslunnar fyrir árið 2019, gengi hluta Síldarvinnslunnar í viðskiptunum var 23,3 kr. á hlut.

<i>Seljandi:</i>	Síldarvinnslan hf.
<i>Kennitala:</i>	570269-7479
<i>Heimilisfang:</i>	Hafnarbraut 6, 740 Neskaupstaður
<i>Fjöldi hluta á dagsetningu lýsingar:</i>	15.726.880 hlutir
<i>Núverandi eignarhlutur í Síldarvinnslunni:</i>	0,73%

⁴ Að því gefnu að markmið útboðsins náist. Sjá nánar kafla 5.1 „Stærð, skipting og verð í útboði“

⁵ Að því gefnu að markmið útboðsins náist. Sjá nánar kafla 5.1 „Stærð, skipting og verð í útboði“

⁶ Að því gefnu að markmið útboðsins náist. Sjá nánar kafla 5.1 „Stærð, skipting og verð í útboði“

Fjöldi hluta til sölu:	12.426.880
Fjöldi eignarhluta eftir sölu:	3.300.000
Fjöldi eignarhluta eftir sölu ef stækkunarheimild útboðsins er nýtt ⁷ :	3.300.000 ⁸

Ekki er um að ræða sölu á nýju hlutafé heldur eingöngu á eigin hlutum. Síldarvinnslan keypti samtals 73.558 eigin hluti síðustu 12 mánuði á genginu 18 kr./hlut.

4.2 Fyrirhuguð tímaáætlun útboðsins og útboðstímabil

Tafla 4.2: Áætluð tímaáætlun útboðsins:

Áskriftartímabil hefst:	10. maí 2021, kl. 10:00 (GMT)
Áskriftartímabil lýkur:	12. maí 2021, kl. 16:00 (GMT)
Tilkynning um niðurstöður útboðsins:	14. maí 2021
Tilkynning um úthlutun:	14. maí 2021
Gjaldlagi og eindagi greiðsluseðla vegna útboðsins:	20. maí 2021
Afhending hluta til fjárfesta:	26. maí 2021
Hlutir teknir til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland:	Áætlað eigi síðar en 27. maí 2021

Útboðið hefst kl. 10:00 (GMT) þann 10. maí 2021 og lýkur kl. 16:00 (GMT) þann 12. maí 2021.

Framangreindar dagsetningar miðast við að útgefandi og seljendur geri ekki breytingar á áskriftartímabili, úrvinnsla áskrifta taki ekki skemmri eða lengri tíma en útgefandi og seljendur gera ráð fyrir og umsókn útgefanda til Nasdaq Iceland sé svarað innan þeirra tímamarka sem útgefandi gerir ráð fyrir.

Ekki er tekið við áskriftum utan þessa tímabils. Áskriftartímabilið verður ekki stýtt. Útgefandi og seljendur kunna að framlengja áskriftartímabil, sé þess krafist skv. lögum vegna birtingar viðauka við lýsingu þessa eða af öðrum orsökum. Útgefandi og seljendur áskilja sér einhliða rétt til að fresta áskriftartímabilinu. Allar breytingar á áskriftartímabilinu verða tilkynntar opinberlega og auglýstar. Áskriftir fjárfesta að hlutum í Síldarvinnslunni sem berast eftir lok útboðsfrests verða að engu hafðar.

Seljendur áskilja sér rétt til að falla frá útboðinu ef ekki fæst áskrift í útboðinu fyrir öllum boðnum hlutum og verður það þá tilkynnt með niðurstöðum útboðs. Seljendur munu einnig hafa rétt til þess að falla frá útboðinu ef Nasdaq Iceland hafnar umsókn útgefanda um að taka hluti í Síldarvinnslunni til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland eða samþykkir hana ekki í síðasta lagi þann 31. maí 2021. Seljendur áskilja sér jafnframt rétt til að fresta útboðinu, framlengja það eða falla frá því hvenær sem er fram að tilkynningu Nasdaq Iceland um að hlutabréf í útgefanda verði tekin til viðskipta, ef einhverjir atburðir eiga sér stað sem seljendur telja gefa tilefni til þess að ætla að markmið seljenda með útboðinu náist ekki, svo sem eitthvað

⁷ Að því gefnu að markmið útboðsins náist. Sjá nánar kafla 5.1 „Stærð, skipting og verð í útboði“

⁸ Félagið hefur áform um að afhenda allt að 3.300.000 eigin hluta til starfsmanna.

sem varðar útboðið sjálf útgefandann, eða seljendur, neikvæð þróun héraðs eða erlendis á efnahagsumhverfi eða verðbréfamörkuðum.

Ef seljendur taka ákvörðun um að falla frá útboðinu samkvæmt framansögðu munu þar með allar áskriftir fyrir hlutum í útboðinu sem og úthlutanir á grundvelli þeirra dæmast ógildar. Komi til þess að fallið verði frá útboðinu eða útboðstímabilið framlengt eða því frestað, verður það tilkynnt opinberlega. Komi til þess að útboðstímabilið verði framlengt eða því frestað, verður birtur viðauki við verðbréfalýsingu þessa þar sem gerð verður grein fyrir breytingunni, en jafnframt verða birtar allar mikilvægar nýjar upplýsingar sem komið hafa fram frá staðfestingu verðbréfalýsingar þessarar sem máli skipta fyrir mat fjárfesta á hlutabréfum í útgefanda. Viðaukinn skal staðfestur innan fimm virkra daga og birtur á sama hátt og upprunalega lýsingin. Í samræmi við ákvæði laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 skulu fjárfestar sem þegar hafa samþykkt að kaupa eða skrá sig fyrir verðbréfum áður en viðaukinn er birtur hafa rétt til að falla frá fyrrgreindu samþykki innan tveggja daga frá birtingu viðaukans.

4.3 Söluaðili almenns útboðs og umsjón með töku til viðskipta

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík, mun fara með umsjón með fyrirhuguðu útboði, þ.m.t. markaðssetningu og sölu, og töku hlutabréfa í útgefanda til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Auk þess mun Markaðsviðskipti Landsbankans hf. vera söluaðili útboðsins. Jafnframt hefur Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf. unnið að gerð samantektar, verðbréfalýsingar þessarar og útgefandalýsingar dagsett 3. maí 2021, í samráði við stjórnendur og stjórn útgefandans og er hún byggð á upplýsingum frá útgefanda.

Samskiptaupplýsingar Landsbankans hf. eru: utbod@landsbankinn.is og LEI auðkenni er 549300TLZPT6JELDWM92.

4.3.1 Upplýsingar og tæknileg aðstoð vegna tilboðsbóka A og B

Upplýsingar og tæknileg aðstoð vegna tilboðsbókar A veitir Verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf Landsbankans hf.

Sími: +354 410-4040
Tölvupóstfang: vl@landsbankinn.is
Frekari upplýsingar: <https://www.landsbankinn.is/sildarvinnslan>

Upplýsingar og tæknileg aðstoð vegna tilboðsbókar B veitir Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf.

Sími: +354 410-4000
Tölvupóstfang: utbod@landsbankinn.is
Frekari upplýsingar: <https://www.landsbankinn.is/sildarvinnslan>

5 Skilmálar og skilyrði útboðsins

5.1 Stærð, skipting og verð í útboði

Með útboðinu hyggjast fimm hluthafar Síldarvinnslunnar, Samherji hf., Kjálkanes ehf., Eignarhaldsfélagið Snæfugl ehf., Hraunlón ehf. og Síldarvinnslan selja samtals 447.626.880 hluti í Síldarvinnslunni eða sem samsvarar 26,33% af útgefnu hlutafé. Gefi eftirspurn tilefni til áskilja seljendur sér rétt til að taka einhliða ákvörðun, án sérstakrar tilkynningar, um að fjölga hlutum sem boðnir verða til sölu í útboðinu um allt að 51.000.000 hluti, ásamt því að ákveða með hvaða hætti þeim hlutum verður skipt á milli tilboðsbóka útboðsins. Seldir hlutir í útboðinu geta því numið allt að 498.626.880 hlutum nýti seljendur framangreinda heimild til stækkunar útboðsins. Verði heimild til að fjölga seldum hlutum í útboðinu ekki nýtt nemur útboðið 26,33% af útgefnu hlutafé félagsins en 29,33% verði hún nýtt að fullu.

Fjárfestar geta valið um tvær áskriftarleiðir í útboðinu: Tilboðsbók A og tilboðsbók B. Tilboðsbækurnar eru ólíkar m.a. hvað varðar stærð áskrifta, verðlagningu og úthlutunarreglur. Helstu skilmála tilboðsbókanna tveggja má lesa hér að neðan og eru fjárfestar hvattir til að lesa þennan fimmta kafla verðbréfalýsingarinnar vel og kynna sér ítarlega skilmála útboðsins.

Af því hlutafé sem boðið er til sölu eru 90.909.091 hlutir, allt eftir því hvort stækkunarheimild verður nýtt eða ekki, eða sem svarar til 20% af heildarframboði í útboðinu, ætlaðir þátttakendum í tilboðsbók A. Á samsvarandi hátt eru 356.717.789 hlutir, eða sem svarar til 80% af heildarframboði í útboðinu, ætlaðir þátttakendum í tilboðsbók B.

Seljendur áskilja sér þó einhliða rétt til að gera breytingar á framangreindri skiptingu milli tilboðsbóka A og B, hvað varðar heildarstærð hvorrar bókar fyrir sig, reynist eftirspurn gefa tilefni til þess þegar til úthlutunar kemur. Nýti seljendur sér heimild sína til að stækka útboðið áskilja seljendur sér einhliða rétt til þess að deila stækkuninni á milli tilboðsbóka eins og eftirspurn gefur tilefni til og að teknu tilliti til markmiða útboðsins án sérstakra tilkynninga eða rökstuðnings þar um.

Ákvörðun verðs í tilboðsbókunum er í samræmi við neðangreint:

- *Tilboðsbók A:* Fjárfestar gera tilboð innan verðbils 55-58 kr./hlut. Lágmarksfjárhæð áskriftar er 100.000 kr. og hámarksáskrift er 20.000.000 kr. Fjárfesti er heimilt að skrá fleiri en eina áskrift í tilboðsbók A en samtala þeirra má ekki vera hærri en 20.000.000 kr. Allir hlutir í tilboðsbók A verða seldir á sama verði⁹ innan framangreinds verðbils sem ákvarðast jafnt og það lægsta af samþykktum tilboðum (hér eftir „**útboðsgengi tilboðsbókar A**“). Áskriftum þar sem lægra hámarksgengi er tilgreint verður því hafnað. Útboðsgengi tilboðsbókar A verður ekki hærri en útboðsgengi tilboðsbókar B. Komi til umframeftirspurnar verða áskriftir í tilboðsbók A skertar hlutfallslega, þó þannig að leitast verður við að skerða ekki áskriftir undir 1.000.000 kr. og flötum niðurskurði beitt á hæstu áskriftir ef það dugar ekki til.
- *Tilboðsbók B:* Í tilboðsbók B er tekið við áskriftum yfir 20.000.000 kr. Fjárfesti er heimilt að skrá fleiri en eina áskrift í tilboðsbók B en samtala þeirra má ekki vera hærri en sem nemur heildarstærð útboðsins. Í tilboðsbók B er ekkert hámarksverð áskrifta tilgreint af hálfu seljenda en fjárfestar leggja fram áskriftir á verði sem er jafnt eða hærri og

⁹ Með verði er átt við verð á hlut (kr./hlut)

lágmarksverð 55 kr./hlut. Allir hlutir í tilboðsbók B verða seldir á sama verði, sem ákvarðast jafnt og það lægsta af samþykktum tilboðum (hér eftir „**útboðsgengi tilboðsbókar B**“). Áskriftum þar sem verð áskriftar er undir útboðsgengi tilboðsbókar B verður hafnað. Áskriftir sem eru á eða yfir útboðsgengi tilboðsbókar B verða samþykktar, þó þannig að ef umframeftirspurn verður í þessum hluta útboðsins verða áskriftir skertar eins og nánar er rakið í kafla 5.4 „*Skerðing áskrifta og úthlutun við umframeftirspurn.*“

Tafla 5.1: Skipting tilboðsbóka eftir fjölda boðinna hluta

Tilboðsbók	Áskriftarbil	Fjöldi hluta	Lágmarksverð kr./hlut	Andvirði m.v. lágmarksverð í kr.
A	100.000 kr.- 20.000.000 kr.	90.909.091	55	5.000.000.005
B	Yfir 20.000.000 kr.	356.717.789	55	19.619.478.395
Samtals:		447.626.880	55	24.619.478.400

Heildarsöluandvirði þeirra hluta sem boðnir verða í útboðinu verður því að lágmarki 24.619.478.400 krónur miðað við lágmarksverð í tilboðsbókum A og B.

5.2 Skilyrði fyrir þátttöku

Útboðið fer fram á Íslandi og er markaðssett á Íslandi. Þátttaka í útboðinu er heimil öllum þeim einstaklingum og lögaðilum sem hafa bæði íslenska kennitölu og eru fjárráða í skilningi lögræðislaga nr. 71/1997 með þeim takmörkunum sem af lögum kunna að leiða. Þar af leiðir að einstaklingum sem ekki hafa náð 18 ára aldri sem og þeim einstaklingum og lögaðilum sem ekki ráða búi sínu sjálfir er ekki heimil þátttaka í útboðinu.

Ekki eru takmarkanir á þátttöku starfsmanna og stjórnarmanna Síldarvinnslunnar né annarra seljenda í útboðinu, uppfylli þau skilyrði sem fram koma hér að ofan.

Starfsmönnum Landsbankans hf. er heimil þátttaka í útboðinu en um þátttöku þeirra kunna að gilda strangari reglur en hér er lýst, í samræmi við þær reglur sem gilda um viðskipti starfsmanna Landsbankans í hlutafjárútboðum. Eru starfsmenn Landsbankans hvattir til að leita sér ráðgjafar hjá regluvörslu bankans varðandi þátttöku sína í útboðinu.

5.3 Skráning áskrifta og áskriftartímabil

Tekið verður við áskriftum frá kl. 10.00 (GMT) þann 10. maí 2021 til kl. 16.00 (GMT) þann 12. maí 2021. Áskriftir sem kann að verða skilað utan þess tímaramma teljast ekki gildar og verða felldar niður.

Áskriftum skal skilað í gegnum sérstakan rafrænan áskriftarvef sem aðgengilegur verður fjárfestum á vef Landsbankans, <https://www.landsbankinn.is/sildarvinnslan>, við upphaf útboðsins. Ekki verður tekið við áskriftum á öðru formi og ekki er tekið við áskriftum í útboðinu sem innihalda fyrirvara.

Þátttaka í útboðinu er skuldbindandi. Fjárfestir, sem staðfest hefur þátttöku sína hvort heldur sem er í tilboðsbók A eða B getur ekki breytt áskrift eða fallið frá henni nema að til komi

einhverjar þær aðstæður sem lýst er í inngangi þessa kafla 5 „Skilmálar og skilyrði útboðsins“. Eftir að fjárfestir hefur lagt fram áskrift í útboðinu telst áskriftin vera skuldbindandi af hans hálfu. Fjárfestir sem staðfest hefur þátttöku sína getur ekki breytt áskrift sinni eða fallið frá henni. Í útboðinu er hverjum fjárfesti heimilt að skila inn fleiri en einni áskrift á sömu kennitölu, hvort sem er í tilboðsbók A eða B, innan þeirra marka sem lýst er í kafla 5.1 „Stærð, skipting og verð útboðs“.

Á áskriftarformi lýsir fjárfestir því yfir að hann:

1. Geri sér grein fyrir þeirri áhættu sem fólgin er í fjárfestingu í hlutabréfum almennt sem og hlutabréfum í Síldarvinnslunni, þar með talið áhættu sem fylgir rekstri Síldarvinnslunnar;
2. geri sér grein fyrir að áskrift hans sé bæði skuldbindandi og endanleg;
3. hafi kynnt sér þá skilmála sem um útboðið gilda og settir eru fram í verðbréfalýsingu þessari og að hann hafi kynnt sér þær upplýsingar sem settar eru fram um hlutina og útgefanda þeirra í lýsingu dagsettri þann 3. maí 2021 sem verðbréfalýsing þessi er hluti af;
4. geri sér grein fyrir því að áskrift hans felst aðeins í framkvæmd fyrirmæla, skv. 4. mgr. 16. gr. laga 108/2007, um verðbréfavíðskipti og að hann átti sig á að umsjónaraðila er ekki skylt að meta hvort þátttaka í útboðinu og fjárfesting í hlutabréfum sé viðeigandi fyrir hann og hann njóti því ekki verndar skv. 16. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti;
5. hafi kynnt sér og skilið reglur Landsbankans hf. um hagsmunaárekstra og að hann sé meðvitaður um alla hugsanlega hagsmunaárekstra sem tilgreindir eru í lýsingu Síldarvinnslunnar dagsettri þann 3. maí 2021 sem verðbréfalýsing þessi er hluti af;
6. geri sér grein fyrir að hann verður að eiga vörslureikning (VS-reikning) hjá vörsluaðila til þess að mögulegt sé að afhenda honum þá hluti sem hann kaupir í útboðinu; og
7. gefa umsjónaðila leyfi til að deila persónuupplýsingum með þeim vörsluaðila sem fjárfestir tilgreinir, í þeim tilgangi að afhenda hluti sem fjárfesti kann að verða afhentir við uppgjör viðskipta. Frekari upplýsingar um persónuverndarstefnu Landsbankans hf. er að finna á vef bankans. Þá er fjárfestir meðvitaður um að persónuupplýsingum kann að vera deilt með Five Degrees ehf., kt. 601205-0330, Hlíðasmára 12, 201 Kópavogi sem þjónustar vörslu- og uppgjörskerfi og með Kóða ehf., kt. 590109-1420, Borgartúni 25, 105 Reykjavík sem hýsir áskriftarkerfi útboðsins.

Fjárfestir skal tilgreina þann vörsluaðila sem hann óskar eftir að móttaki þá hluti sem honum kunna að verða afhentir við uppgjör viðskipta. Með vörsluaðila er átt við reikningsstofnun sem hefur gildan aðildarsamning við Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi., kt. 510119-0370, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, (hér eftir „**Nasdaq verðbréfamiðstöð**“) samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga og hlotið hefur starfsleyfi í samræmi við 6. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Sjá nánar kafla 5.6.1 „Skylda til að eiga vörslureikning“.

Landsbankinn mun annast innheimtu og uppgjör vegna útboðsins. Hvorki umsjónar- og söluaðili, seljendur né útgefandi munu leggja kostnað á fjárfesta vegna viðskiptanna.

Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér sérstaklega hvort kostnaður muni falla á þá frá öðrum aðilum vegna útboðsins, svo sem vörslugjöld frá þeim vörsluaðila sem fjárfestir tilgreinir.

5.3.1 Skráning áskrifta

Til að geta skilað áskrift verður fjárfestir að skrá sig inn í viðeigandi tilboðsbók A eða B á áskriftarvef, með einhverjum af eftirfarandi aðgangsaðkennum:

1. Með rafrænum skilríkjum í farsíma;
2. með kennitölu og lykilorði sem hann óskar eftir á áskriftarvefnum og verður sent sem rafrænt skjal í netbanka hans¹⁰, sem getur verið í hvaða íslenska viðskiptabanka sem er; eða
3. með kennitölu og lykilorði sem hann getur nálgast hjá söluaðila útboðsins gegn undirritun vottaðrar umsóknar um lykilorð eða gegn annarri staðfestingu sem söluaðili útboðsins metur fullnægjandi.

Að skráningu áskriftar lokinni fær fjárfestir senda staðfestingu á áskriftinni með tölvupósti, á það netfang sem hann tilgreindi á áskriftarformi sínu. Rafræn staðfesting er forsenda fyrir gildri áskrift. Berist hún ekki getur fjárfestir ekki verið viss um að áskrift hans hafi borist og er bent á að hafa samband við söluaðila útboðsins áður en áskriftartímabilinu lýkur, þ.e. fyrir kl. 16.00 (GMT) þann 12. maí 2021.

Á áskriftarvefnum skal fjárfestir tilgreina þá fjárhæð sem hann hyggst kaupa hluti fyrir. Sé fjárhæð kaupverðs fjárfestis ekki jafngildi fjölda hluta í heilli tölu verður kaupverðið námundað niður þannig að næsta heila tala hluta náist.

Heimilt er að skrá margar áskriftir fyrir hverja kennitölu í hverja tilboðsbók innan þeirra marka sem lýst er í kafla 5.1 „Stærð, skipting og verð í útboð“. Heimilt er að skrá áskriftir í fleiri en eina tilboðsbók.

5.3.1.1 Viðskiptavakar

Leitast verður við að tryggja viðskiptavökum hluti í útboðinu sem nema að andvirði allt að 500.000.000 kr. samanlagt, á útboðsgengi tilboðsbókar B. Áskriftir viðskiptavaka vegna þessarar úthlutunar verða gerðar í tilboðsbók B. Viðskiptavakar geta þar að auki skilað áskriftum í báðar tilboðsbækur útboðsins í gegnum áskriftarvef útboðsins og gilda engar sérreglur um þá úthlutun, verð eða aðra skilmála vegna þeirra áskrifta. Nánar má lesa um fyrirkomulag viðskiptavaktar eftir að hlutabréfin hafa verið tekin til viðskipta á Nasdaq Iceland í kafla 6 „Viðskiptavakt“

5.3.1.2 Eignastýringaraðilar

Fjármálastofnunum sem sinna eignastýringu, skv. c. lið 6. tl. 3. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, er gefinn kostur á að skila áskriftum í tilboðsbók A og/eða tilboðsbók B fyrir hönd eins eða fleiri fjárfesta beint í áskriftarkerfið með því að fylla út sérstakt eyðublað sem finna má í áskriftarkerfi útboðsins og hlaða því útfylltu upp í áskriftarkerfið. Eignastýringaraðili skal þá fylla út eyðublaðið annaðhvort sundurliðað niður á hvert og eitt nafn eða með einni samtölu. Ef áskrift er lögð fram sem ein samtala þarf starfsmaður viðkomandi eignastýring að

¹⁰ Bent er á að eðlilegt er að það geti tekið nokkrar mínútur fyrir skjalið að berast í netbanka.

skila til söluaðila upplýsingum um fjölda fjárfesta að baki áskriftinni. Söluaðili áskilur sér rétt til þess að gera að skilyrði gildir áskriftar að starfsmaður viðkomandi eignastýring afhendi lista með upplýsingum um nöfn og kennitölur fjárfesta sem standa að baki áskrift sem gerð er á fyrrgreindu áskriftarformi.

Söluaðili áskilur sér rétt til þess að kalla eftir staðfestingu á því að viðkomandi eignastýring hafi heimild og fullnægjandi umboð frá fjárfesti til þátttöku í útboðinu fyrir hans hönd og að viðkomandi fjármálastofnun ábyrgist greiðslu kaupverðs. Úthlutun verður háttáð eins og um margar sjálfstæðar áskriftir væri að ræða í samræmi við sundurliðaðar upplýsingar viðkomandi eignastýringar á áskriftarformi varðandi skiptingu áskrifta og fjölda fjárfesta sem að baki áskriftinni standa. Vakin er athygli á því að fjárfestum er heimilt að skila áskrift í eigin nafni auk áskriftar í gegnum viðkomandi eignastýringu.

5.3.1.3 *Upplýsingar og tæknileg aðstoð vegna skráningar áskrifta*

Landsbankinn hf. mun veita upplýsingar í tengslum við útboðið sem og tæknilegar upplýsingar er varða áskriftarvefinn í tengslum við það. Upplýsingar verða veittar í síma á milli kl. 10.00 (GMT) og kl.16.00 (GMT) fyrsta áskriftardaginn, á milli kl. 9.00 (GMT) og kl. 20.00 annan áskriftardaginn og á milli kl. 9.00 (GMT) og 16.00 (GMT) síðasta áskriftardaginn, þann 12. maí 2021. Upplýsingar um símanúmer Landsbankans hf. má nálgast í kafla 4.3.1 „*Upplýsingar og tæknileg aðstoð vegna tilboðsbóka A og B*“ í verðbréfalýsingu þessari.

5.3.2 **Staðfesting á greiðslugetu og/eða tryggingu fyrir greiðslu**

Söluaðili áskilur sér rétt til að krefjast staðfestingar á greiðslugetu eða tryggingar fyrir greiðslu áskrifta frá fjárfestum. Verði fjárfestir ekki við þessari kröfu söluaðila innan þess frests sem gefinn er, áskilur söluaðili, í samráði við seljendur, sér rétt til að ógilda áskrift viðkomandi fjárfestis að hluta eða í heild. Söluaðili metur einhliða hvort staðfesting á greiðslugetu eða trygging er fullnægjandi. Söluaðili er ekki skuldbundinn til að gefa upp á hverju ákvörðun byggir og fjárfesta gefst ekki kostur á að andmæla ákvörðuninni eða gildi hennar. Með staðfestingu á greiðslugetu er t.d. átt við stöðuyfirlit innlánsreiknings í banka eða verðbréfareiknings, staðfesting fjármálastofnunar á fjármögnun eða yfirlýsing frá löggiltum endurskoðanda, eða önnur sú staðfesting sem söluaðili metur nægjanlega. Með tryggingu er t.d. átt við veð í innlánsreikningi í banka eða verðbréfareikningi eða ábyrgðaryfirlýsingu frá fjármálastofnun, eða önnur trygging sem söluaðili metur nægjanlega. Við skilvísu greiðslu áskriftar fellur trygging niður.

5.4 **Skærðing áskrifta og úthlutun við umframeftirspurn**

Ákvörðun um endanlega stærð útboðsins, skiptingu boðinna hluta milli tilboðsbóka og úthlutun verður í höndum fulltrúa seljenda. Söluaðili verður fulltrúum seljenda til ráðgjafar varðandi framangreint. Ef umframeftirspurn verður í útboðinu geta fulltrúar seljenda ákveðið að nýta heimild til stækkunar útboðsins og/eða skert áskriftir í útboðinu. Seljendur áskilja sér rétt til þess að breyta innbyrðis stærð tilboðsbóka reynist eftirspurn gefa tilefni til þess og að teknu tilliti til markmiða útboðsins. Ef kemur til skærðingar á áskriftum gildir eftirfarandi varðandi úthlutun áskrifta.

- Í tilboðsbók A verða áskriftir skertar hlutfallslega, þó þannig að leitast verður við að skerða ekki áskriftir undir 1.000.000 kr. og flötum niðurskurði beitt á hæstu áskriftir ef það dugar ekki til.
- Í tilboðsbók B verða áskriftir sem eru á eða yfir útboðsgengi tilboðsbókar B samþykktar, þó þannig að ef umframeftirspurn verður í þessum hluta útboðsins verða áskriftir skertar. Við skerðingu í tilboðsbók B verða áskriftir metnar á grundvelli verðs. Þannig verður leitast við að skerða ekki áskriftir sem eru yfir útboðsgengi tilboðsbókar B en þær áskriftir sem eru á útboðsgengi tilboðsbókar B verða skertar hlutfallslega með tilliti til fjárhæðar áskrifta á því gengi. Öll samþykkt tilboð verða samþykkt á sama gengi, útboðsgengi tilboðsbókar B.

Leitast verður við að skerða ekki áskriftir starfsmanna félagsins.

Áskriftir viðskiptavaka aðrar en þær sem koma fram í kafla 5.3.1.1 „Viðskiptavakar“ verða skertar með sama hætti og aðrar áskriftir í tilboðsbók B komi til umframeftirspurnar.

Jafnvel þótt leitast verði við að skerða áskriftir ekki niður fyrir framangreind mörk áskilja fulltrúar seljenda sér rétt til þess að skerða áskriftir og úthluta hlutum með þeim hætti sem þeir telja æskilegt til að ná fram markmiðum útboðsins. Fulltrúar seljenda áskilja sér enn fremur rétt til þess að víkja frá meginreglum varðandi úthlutun og skerða áskriftir og úthluta hlutum með þeim hætti sem þeir telja æskilegt, þ.m.t. að hafna áskriftum að hluta til eða í heild án frekari skýringa. Ákvörðun fulltrúa seljenda um skerðingar og úthlutun til fjárfesta er endanleg og hafa fjárfestar ekki rétt á frekari rökstuðningi fyrir úthlutun né geta þeir andmælt ákvörðun um skerðingar og úthlutun.

5.5 Tilkyning um niðurstöðu almenns útboðs

Fyrirhugað er að birta niðurstöður útboðsins, selt magn og verð, opinberlega á evrópska efnahagssvæðinu í síðasta lagi kl. 16.00 (GMT) þann 14. maí 2021. Tilkyningin verður jafnframt birt á vef Síldarvinnslunnar, www.svn.is. Fyrirgreind dagsetning er birt með þeim fyrirvara að engar breytingar eru gerðar á dagsetningum áskriftartímabils sem tilgreint er í kafla 4,2 „Fyrirhuguð tímaáætlun útboðsins og útboðstímabil“ og að framkvæmd útboðsins sé í samræmi við áætlun. Nasdaq Iceland mun tilkynna síðar hvort það staðfesti umsókn um töku hlutabréfa Síldarvinnslunnar til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland.

5.6 Tilkyning um úthlutun, greiðslufyrirmæli og afhending hluta

Eftir að niðurstaða útboðsins hefur verið tilkynnt opinberlega munu fjárfestar geta nálgast upplýsingar um úthlutun í áskriftarkerfinu, á vefsíðu útboðsins www.landsbankinn.is/utbod-sildarvinnslan með því að nota sömu aðgangsaðkenni og notuð voru við skráningu áskrifta í útboðinu, eigi síðar en í lok dags þann 14. maí 2021. Greiðslufyrirmæli verða í formi rafræna innheimtukrafna sem aðgengilegar verða í netbönkum. Áætlaður fyrsti viðskiptadagur í kauphöll verður 27. maí 2021, athygli er vakin á að hlutabréf í Síldarvinnslunni geta skipt um hendur áður en niðurstaða um úthlutun hefur borist fjárfestum.

Gjalddagi og eindagi innheimtukrafna vegna útboðsins er fyrirhugaður 20. maí 2021.

Innheimtukröfur sem enn eru ógreiddar að eindaga liðnum verða annað hvort felldar niður og áskriftir og úthlutanir tengdar þeim þá ógiltar eða ráðstafað með öðrum hætti eða innheimtar

með fullnægjandi hætti í samræmi við meginreglur íslensks samninga- og kröfuréttar, að viðbættum dráttarvöxtum, sbr. lög nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, og innheimtukostnaði. Umsjónar- og söluaðili hefur sjálfðæmi um hvaða leið verður farin. Verði innheimtukröfurnar felldar niður, sem og áskriftir og úthlutanir tengdar þeim, er seljendum frjálst að halda þeim hlutum sem ekki hefur borist greiðsla fyrir eða selja þá til þriðja aðila án tilkynningar til áskrifanda og þá jafnframt, eftir atvikum, innheimta hugsanlegt gengistap við sölu til slíks þriðja aðila hjá upphaflegum áskrifanda.

Landsbankinn hf. sem umsjónaraðili útboðsins, hefur milligöngu um móttöku greiðslu og afhendingu hluta. Hlutir verða afhentir fjárfesti eftir að fullnægjandi greiðsla hefur borist frá viðkomandi fjárfesti og er áformað að afhending hluta fari fram eigi síðar en þann 26. maí 2021. Hlutir í Síldarvinnslunni verða afhentir rafrænt í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar. Vörsluaðilar munu móttaka hluti inn á vörslureikning viðkomandi fjárfestis í samræmi við upplýsingar frá umsjónaraðila.

Fáist ekki áskrift að öllum þeim hlutum sem boðnir eru til áskriftar, eða hafi Nasdaq Iceland ekki samþykkt umsókn Síldarvinnslunnar um töku hluta í félaginu til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland, þegar til stendur að afhenda þá hluti sem keyptir verða í útboðinu, áskilja seljendur sér heimild til að ákvarða útboðið ógilt og fella allar áskriftir niður. Ekki mun því koma til þess að fjárfestar fái afhenta hluti í félagi sem ekki hefur verið samþykkt að taka til viðskipta á Nasdaq Iceland. Komi til þess að útboðið verði ógilt verður haft samband við þá fjárfesta sem greitt hafa innheimtukröfur, á það tölvupóstfang sem þeir tilgreindu í áskrift sinni, og þeim í kjölfarið endurgreitt. Slíkar endurgreiðslur eru ekki bættar með vöxtum, verðbótum eða að neinu öðru leyti.

5.6.1 Skylda til að eiga vörslureikning

Landsbankinn hefur milligöngu um móttöku greiðslu og afhendingu hluta vegna útboðsins. Afhending hluta er áætluð 26. maí 2021 að undangenginni greiðslu samkvæmt greiðslufyrirmælum og verða hlutirnir færðir á vörslureikning viðkomandi fjárfestis hjá þeim vörsluaðila sem fjárfestir hefur tilgreint í áskrift sinni. Fjárfestum er bent á að ganga úr skugga að þeir eigi virkan vörslureikning hjá þeim vörsluaðila sem þeir tilgreina í áskrift sinni, svo afhending hluta gangi greiðlega fyrir sig.

Eigi fjárfestir ekki vörslureikning hjá þeim vörsluaðila sem hann tilgreinir í áskriftarkerfi áskilur Landsbankinn sér rétt til að stofna vörslureikning í nafni fjárfestis hjá Landsbankanum, svo hægt sé að afhenda hluti fjárfestis í samræmi við framangreint og jafnframt áskilur Landsbankinn sér rétt til að innheimta gjald af fjárfesti fyrir vörslu hlutanna í samræmi við verðskrá Landsbankans sem aðgengileg er á <https://www.landsbankinn.is/vextir-og-verdskra>. Fjárfestir mun ekki geta átt viðskipti með eða hreyft þá hluti sem afhentir eru inn á vörslureikning sem stofnaður er með framangreindum hætti í hans nafni nema hann hafi lokið við afhendingu þeirra gagna og veitingu þeirra upplýsinga sem Landsbankinn krefst til stofnunar vörslureiknings með fullnægjandi hætti, svo sem fullnægjandi áreiðanleikakönnun skv. lögum nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

5.7 Áætlaður kostnaður og hreint söluandvirði

Áætlaður heildarkostnaður vegna sölu hlutafjár í útboðinu og töku alls hlutafjár til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland er um 265 m.kr. og samanstendur m.a. af þóknun umsjónar- og

söluaðila, kostnaði vegna staðfestingar og birtingar lýsingar, kostnaði vegna markaðssetningar útboðs, skráningargjöldum Nasdaq Iceland og Nasdaq verðbréfamiðstöðvar og aðkeyptri sérfræðipjónustu í aðdraganda skráningar.

Áætlað söluandvirði útboðsins, að frádregnum kostnaði, m.v. að allir hlutir í útboðinu verði seldir á lágmarksverði hvernar tilboðsbókar útboðsins, er um 24,35 ma.kr. - 27,16 ma.kr. eftir því hvort heimild til stækkunar útboðsins verður nýtt eða ekki.

5.8 Taka hlutabréfa Síldarvinnslunnar til viðskipta

Í kjölfar uppgjors og afhendingar mun Síldarvinnslan sækja um að allir útgefni hlutir verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Nasdaq Iceland mun fara yfir umsóknina og niðurstöður fyrirhugaðs almenns útboðs á hlutum í útgefanda þegar þær liggja fyrir og birta opinberlega ef umsóknin verður samþykkt og þá hvenær fyrsti mögulegi viðskiptadagur verður með hlutina á hinum skipulega verðbréfamarkaði, en Nasdaq Iceland tilkynnir slíka dagsetningu með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara.

6 Viðskiptavakt

Síldarvinnslan hf. hefur gert samninga um viðskiptavakt á hlutum í Síldarvinnslunni hf. við Landsbankann hf. og Arion banka hf., sem báðir annast viðskiptavakt fyrir eigin reikning gegn þóknun frá útgefanda.

Setja báðir aðilar fram kaup- og sölutilboð alla viðskiptadaga í viðskiptakerfi Nasdaq Iceland. Kaup- og sölutilboð sem Landsbankinn leggur fram skal vera að lágmarki í 20.000.000 kr. að markaðsvirði á gengi sem Landsbankinn ákveður. Hámarksmunur á kaup- og sölutilboðum mun vera magnveginn auk þess að ákvarðast af 10 daga flökti á verði hlutabréfa Síldarvinnslunnar hf. eins og það birtist í upplýsingakerfi Bloomberg á hverjum tíma. Sé birt 10 daga flökt minna eða jafnt og 20% skal magnvegið verðbil vera að hámarki 1%, sé birt 10 daga flökt hærra en 20% en lægra en 35% skal magnvegið verðbil vera að hámarki 2%, að lokum ef birt 10 daga flökt er jafnt og eða hærra en 35% skal magnvegið verðbil vera að hámarki 3%. Magnvegið verðbilið skal þó vera 1,5% frá fyrsta viðskiptadegi til og með 30. júní 2021. Hámarks magn sem Landsbankinn er skuldbundinn til að kaupa eða selja á hverjum degi er nettó 40.000.000 kr. að markaðsvirði sem reiknast sem mismunur á þeim kaup- og sölutilboðum viðskiptavakans sem gengið er að

Fjárhæð kaup- og sölutilboða sem Arion banki hf. leggur fram, skal vera að lágmarki kr. 200.000 hlutir, á gengi sem Arion banki hf. ákveður í hvert skipti. Arion banka hf. er heimilt en ekki skylt að bjóða til kaups og/eða sölu fleiri hluti. Hámarksmunur kaup- og sölutilboða skal vera 1,5%. Sveiflist gengi innan dags meira en 5% áskilur Arion banki hf. sér rétt til að auka verðbilið í 3%. Sveiflist gengi innan dags meira en 10% áskilur Arion banki hf. sér rétt til að auka verðbilið í 4,5%. Hámarksfjárhæð heildarviðskipta sem Arion banki skuldbindur sig til að eiga viðskipti með dag hvern skal samsvara 80.000.000 kr.

Samningarnir taka gildi frá og með fyrsta viðskiptadegi með hlutabréf Síldarvinnslunnar hjá Nasdaq Iceland og eru ótímabundnir. Samningarnir eru uppsegjanlegir af beggja hálfu með 14 daga fyrirvara.

7 Hlutabréfaflokkurinn

7.1 Hlutfé

Hlutabréf félagsins eru gefin út í samræmi við ákvæði laga nr. 2/1995, um hlutfélög. Útgefið hlutfé Síldarvinnslunnar nemur 1.700.000.000 krónum og er hver hlutur í félaginu 1 króna að nafnverði eða margfeldi þeirrar fjárhæðar, eftir því sem hver einstakur hluthafi á í félaginu á hverjum tíma. Á dagsetningu þessarar lýsingar á Síldarvinnslan þar af 15.726.880 eigin hluti. Allir útgefnir hlutir hafa þegar verið greiddir. Auðkenni hlutabréfa Síldarvinnslunnar hjá Nasdaq verðbréfamistöð er SVN og ISIN númer IS0000000479.

7.2 Ákvæði um hækkun og lækkun hlutfjár

Hluthafafundur einn getur ákveðið hækkun hlutfjár. Samkvæmt samþykktum félagsins er hluthafafundur lögmaður ef hann sækja hluthafar sem hafa yfir að ráða að minnsta kosti helming af atkvæðabæru hlutfé. Í gr. 2.2 samþykktum félagsins, dagsettum 26. mars 2021, þarf samþykki hluthafafundar til hækkunar hlutfjár og þarf samskonar samþykki eins og breytingar á samþykktum félagsins, sbr. gr. 9 í fyrrgreindum samþykktum. Ekki er í gildi heimild til stjórnar félagsins um hækkun eða lækkun hlutfjár. Verði hlutfé félagsins hækkað skulu hluthafar hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skrásetta hlutfjáreign sína eins og kveðið er á um í lögum og á hverjum tíma. Einungis hluthafafundur getur ákveðið lækkun hlutfjár. Sama magn atkvæða og breytingum á samþykktum þarf til þess að samþykkja lækkun hlutfjár.

7.3 Réttindi tengd hlutabréfum í Síldarvinnslunni

Samkvæmt samþykktum Síldarvinnslunnar tilheyra allir útgefnir hlutir í Síldarvinnslunni sama flokki og eru jafn rétt háir, sbr. einnig 2. mgr. 20. gr. laga um hlutfélög. Réttindi hluthafa í útgefanda eru háð gildandi löggjöf og samþykktum félagsins á hverjum tíma. Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu, sbr. gr. 2.5 í samþykktum Síldarvinnslunnar.

Hlutabréf fyrir eignarhlutum í Síldarvinnslunni eru gefin út með rafrænum hætti í kerfi Nasdaq verðbréfamistöðvar, samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/2020, um verðbréfamistöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerna. Útskrift frá Nasdaq verðbréfamistöð telst fullnægjandi grundvöllur hlutaskrár í samræmi við ákvæði laga um verðbréfamistöðvar og samþykktir félagsins. Í þessu samhengi skal arður, svo og tilkynningar allar, sendast til þess aðila sem hverju sinni er skráður eigandi viðkomandi hluta hjá Nasdaq verðbréfamistöð.

Samkvæmt gr. 2.4 í samþykktum Síldarvinnslunnar eru engar hömlur lagðar á meðferð hluta í félaginu og er hluthöfum heimilt að veðsetja þá og selja án afskipta félagsstjórnar. Um eigendaskipti og framkvæmt þeirra fer eftir lögum nr. 7/2020 og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra laga. Í þessu samhengi er rétt að geta þess að í lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri er fortakslaust bann við beinni fjárfestingu erlendra aðila í Síldarvinnslunni¹¹ og fjárfesting íslenskra aðila sem að hluta til eru í eigu erlendra aðila jafnframt takmörkuð. Erlendir aðilar mega þannig eiga að hámarki 25% hlutfjár í hluthafa félagsins en að hámarki 33% ef eignarhlutur hluthafans er minni en 5%, sbr. 1. tl. 1. mgr. 4.

¹¹ Erlendur aðili er, samkvæmt 2. gr., laga nr. 34/1991 um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, einstaklingur, búsettur erlendis, án tillits til ríkisfangs, félag, stofnun, sjóður eða annar lögaðili, sem á heimili erlendis, erlent ríki og ríkisfyrirtæki, svo og atvinnufyrirtæki undir erlendum yfirráðum.

gr. l. nr. 34/1991. Stjórnendum félagsins ber skylda til að tilkynna viðeigandi ráðuneyti ef þeir telja að farið sé gegn ákvæðinu. Um eigendaskipti og framkvæmd þeirra fer eftir gildandi lögum um verðbréfamiðstöðvar og reglum sem settar eru á grundvelli þeirra, samkvæmt gr. 2.4 samþykkta félagsins.

Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær skráning reikningsstofnunar í kerfi verðbréfamiðstöðvar er framkvæmd. Aðeins reikningsstofnanir og aðrir aðilar sem gert hafa aðildarsamning við Nasdaq verðbréfamiðstöð hafa heimild til milligöngu um eignarskráningu eða aðgang að verðbréfamiðstöðinni, skv. 6 gr. laga um verðbréfamiðstöðvar. Eigendaskipti og framkvæmd þeirra skal vera samkvæmt ákvæðum framangreindra laga. Hluthafi getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá félagsins eða hann hafi tilkynnt og færð sönnur á eignarhald sitt.

Eigandi getur ekki nýtt réttindi sín samkvæmt hlut nema hluturinn hafi verið skráður á hans nafn í hlutaskrá útgefandans í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar. Eigendur hlutanna eiga rétt á að neyta atkvæðisréttar á hluthafafundum, fá greiddan arð frá útgefanda, hafa forkaupsrétt að nýjum hlutum í hlutfalli við hlutafjáreign sína (nema þeir hafi afsalað sér slíkum rétti) og eiga rétt á að fá greitt af eignum útgefanda við slit eða gjaldþrot þess í samræmi við hlutafjáreign nema lög og samþykktir kveði á um aðra skipan.

Þegar hlutur hefur verið að fullu greiddur skal hluthafi fá rafbréf útgefið í verðbréfamiðstöð og eignarréttindi skráð yfir því og veitir sú skráning hluthafa þau réttindi sem samþykktir útgefanda og lög mæla fyrir um á hverjum tíma. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um verðbréfamiðstöðvar er óheimilt að gefa út viðskiptabréf fyrir skráðum réttindum samkvæmt rafbréfi eða framselja þau og eru slík viðskipti ógild.

7.4 Arðgreiðslur og kaup á eigin bréfum

Stjórn Síldarvinnslunnar hf. hefur markað félaginu þá stefnu að við útgreiðslu arðs sé haft til hliðsjónar að félagið sé með sterkan efnahag og nægilega hátt eiginfjárlutfall til mæta þeim sveiflum sem fylgt geta rekstrarumhverfi í íslenskum sjávarútvegi. Það hefur verið keppikefli félagsins að vera í fremstu röð hvað varðar tækniframfarir í veiðum og vinnslu og er þannig mikilvægt að félagið hafi ávallt bolmagn til að grípa þau fjárfestingartækifæri sem myndast þegar þau myndast. Með vísan til þessa telur stjórnin enn fremur mikilvægt að greiða hluthöfum eðlilegan arð af því fé sem er bundið í félaginu. Er þannig stefnt að því að félagið greiði hluthöfum sínum árlegan arð, sem nemi að lágmarki 30% hagnaðar næstliðins rekstrarárs. Arðgreiðsla skal taka mið af því að eiginfjárlutfall félagsins fari ekki niður fyrir 50% við greiðslu arðsins. Stjórn skal yfirfara arðgreiðslustefnu félagsins eigi sjaldnar en þriðja hvert ár. Arðgreiðslustefnu félagsins má finna á heimasíðu félagsins <http://svn.is/fjarfestar/>.

Þann 26. mars 2021 var samþykkt á hluthafafundi að færa eignarhlut Síldarvinnslunnar í SVN eignafélagi ehf. yfir til hluthafa, en farið var með afhendingu sem arðsúthlutun.¹²

Samkvæmt tillögu fyrir aðalfund sem áformað er að halda 5. maí næstkomandi er lagt til að hagnaður ársins 2020 verði færður til hækkunar á óráðstöfuðu eigin fé og að ekki verði greiddur arður af afkomu ársins 2020.

Á aðalfundi skal tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á næstliðnu reikningsári. Útgefandi er bundinn af ákvæðum laga nr. 2/1995, um hlutafélög, varðandi fjárhæð sem félaginu er heimilt að ráðstafa til hluthafa í formi arðgreiðslna.

¹² Hluthafar höfðu kost á að fara fram á greiðslu í reiðufé að frádragnum fjármagnstekjuskatti

Samkvæmt 1. mgr. 99. gr. laganna er einungis heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað og það fé sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða til annarra þarfa. Samkvæmt 1. mgr. 101. gr. laganna tekur hluthafafundur ákvörðun um úthlutun arðs eftir að félagsstjórn hefur lagt fram tillögur um það efni. Óheimilt er að ákveða á aðalfundi meiri úthlutun arðs en stjórn félagsins leggur til eða samþykkir. Arðgreiðslur skulu inntar af hendi eigi síðar en sex mánuðum frá samþykki úthlutunar.

Hlutfafélög hafa heimild til að ákvarða að réttur til arðs miðist við annað tímamark en útborgun arðs enda sé það tímamark tiltekið í ákvörðun hluthafafundar um arðgreiðslu. Félagið mun fylgja reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga, útgefnum af Nasdaq Iceland sem eru í gildi hverju sinni. Samkvæmt lið 3.11.3 í núgildandi reglum frá 1. febrúar 2021 skal útgefandi birta á vefsvæði sínu fjárhagsdagatal þar sem meðal annars skal tilgreina útborgunardag arðs. Einnig skal taka fram í ársuppgjöri félagsins tillögu stjórnar að arðsúthlutun.

Hafi hluthafi ekki fengið greiddan arð sem hann á rétt á getur hann vitjað hans á skrifstofu útgefanda innan fjögurra ára frá gjalddaga en samkvæmt 3. gr. laga nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda, fynnist réttur til arðs á fjórum árum frá gjalddaga. Vitji hluthafi ekki arðs innan þess tíma fellur arðurinn til útgefanda.

Síldarvinnslan á 15.726.880 eigin hluti í félaginu sem er 0,93% af heildarhlutafé. Á árinu 2020 keypti félagið 77.463 hluti. Heimild til kaupa á eigin hlutum er fyrir hendi og gildir til 14. maí 2024 en takmarkast við að samanlögð kaup fari ekki yfir 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma í samræmi við 55 gr. laga nr. 2/1995 um hlutfafélög. Skv. grein 8.1 í samþykktum félagsins er óheimilt að taka hluti í félaginu að veði til tryggingar á lánnum til hluthafa. Ekki má nota atkvæði sem fylgja hlutum sem félagið kanna að eiga sjálft og skulu þau atkvæði talin frá við ákvörðun atkvæðamagns í félaginu.

Samkvæmt tillögu fyrir aðalfund sem áformað er að halda 5. maí næstkomandi er lagt til að aðalfundur veitir stjórn félagsins heimild til að kaupa eigin hluti í félaginu. Heimildin stendur í 24 mánuði og takmarkast við að samanlögð kaup fari ekki yfir 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Kaupgengið má ekki vera hærra en í síðustu óháðu viðskiptum eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem hærra er.

7.5 Lögbundin yfirtökutilboð og tilboðsskylda

Samkvæmt 100. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfiðskipti, er kveðið á um skyldu aðila sem hefur beint eða óbeint náð yfirráðum í félagi, þar sem flokkur verðbréfa hefur verið tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, til að gera öðrum hluthöfum félagsins yfirtökutilboð.

Með yfirráðum er átt við að aðili og þeir sem hann er í samstarfi við:

1. Hafi samanlagt eignast a.m.k. 30% atkvæðisréttar í félaginu;
2. hafi á grundvelli samnings við aðra hluthafa rétt til að ráða yfir sem nemur a.m.k. 30% atkvæða í félaginu; eða
3. hafi öðlast rétt til þess að tilnefna eða setja af meirihluta stjórnar í félaginu.

Yfirtökutilboðið skal vera sett fram eigi síðar en fjórum vikum eftir að yfirráðum var náð. Samkvæmt 103. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfiðskipti, skal tilboðsgjafi bjóða öllum

hluthöfum sem eiga hluti í sama hlutflokki sömu skilmála. Verð það sem sett er fram í yfirtökutilboði skal a.m.k. svara til hæsta verðs sem tilboðsgjafi eða aðilar sem hann er í samstarfi við hafa greitt fyrir hluti sem þeir hafa eignast í viðkomandi félagi síðustu sex mánuði áður en tilboð var sett fram. Tilboðsverð skal þó að lágmarki vera jafnhátt og síðasta viðskiptaverð hluta í viðkomandi félagi daginn áður en tilboðsskylda myndaðist eða tilkynnt var um fyrirhugað tilboð.

Samherji hf. og Kjálkanes ehf. fara hvort um sig með yfir 30% atkvæðisrétt í útgefanda, sem er yfir skilgreindum mörkum yferráða í félagi samkvæmt X. kafla laga nr. 108/2007, um verðbréfiðskipti. Fari aðili og þeir sem hann er í samstarfi við með yferráð í félagi þegar verðbréf þess eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði verður hann ekki tilboðsskyldur samkvæmt 7. mgr. 100. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfiðskipti, en sú undanþága gildir þó ekki ef viðkomandi aðili missir yferráðin en nær þeim að nýju. Útgefanda er ekki kunnugt um samstarf hluthafa sem eiga samanlagt yfir 30% hlutfjár. Upplýsingar varðandi stærstu hluthafa í útgefanda er að finna í kaflanum 6.1 *Hluthafar* í útgefandalýsingu Síldarvinnslunnar dagsettri 3. maí 2021.

7.6 Innlausnarskylda og -réttur

Í samþykktum Síldarvinnslunnar er ekki að finna ákvæði um að hluthafar skuli sæta innlausn hluta sinna að nokkru leyti eða öllu. Í gr. 11.1 í samþykktum Síldarvinnslunnar segir m.a. að þar sem ákvæði samþykktanna segja ekki til um vísast til laga um hlutafélög nr. 2/1995. Samkvæmt 24. gr. laga um hlutafélög er kveðið á um að ef hluthafi á meira en 9/10 hlutfjár í félagi og ræður yfir samsvarandi atkvæðamagni geta hluthafinn og stjórn félagsins í sameiningu ákveðið að aðrir hluthafar í félaginu skuli sæta innlausn hluthafans á hlutum sínum. Samkvæmt 26. gr. laga um hlutafélög getur hver einstakur annar hluthafi krafist innlausnar, að sömu skilyrðum uppfylltum. Í þessu samhengi er einnig rétt að vísa til 110. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfiðskipti, en þar kemur fram að ef hluthafi og aðilar sem hann er í samstarfi við eiga meira en 9/10 hlutfjár í félagi og ráða yfir samsvarandi atkvæðamagni geta hluthafinn og stjórn félagsins í sameiningu ákveðið að aðrir hluthafar í félaginu skulu sæta innlausn hluthafans á hlutum sínum. Einnig geta aðrir hluthafar krafist þess að sá/þeir hluthafar sem eiga yfir 90% hlutfjár í samstarfi eða einir leysi til sín hlutabréf þeirra hluthafa sem þess krefjast. Enginn einstakur hluthafi fer með 9/10 hlutfjár eða atkvæðisrétt í félaginu. Útgefanda er ekki kunnugt um samstarf neinna hluthafa sem samtals fara með að lágmarki 9/10 hlutfjár eða atkvæðisrétt í félaginu.

7.7 Slit, skipti eða samruni á félaginu

Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum félagsins. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um slit sé gild. Hið sama á við um hvers konar samruna eða sameiningu félagsins við önnur félög og um sölu á öllum eignum þess. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

7.8 Skattaleg atriði

Hér fyrir neðan er almenn samantekt á tilteknum atriðum er varða skattlagningu tekna sem stafa frá fjárfestingu í hlutabréfum, nánar tiltekið vegna arðstekna og söluhagnaðar, sbr. lög nr. 90/2003 um tekjuskatt (hér eftir „**tekjuskattslög**“). Skattlagning framangreindra tekna fer

eftir gildandi tekjuskattslögum hverju sinni, en þau geta tekið breytingum frá því sem nú er. Fjárfestar í útboðinu skulu athuga sérstaklega að skattalög aðildarríkis fjárfestis og skráningarlands útgefenda geta haft áhrif á tekjur af verðbréfunum. Samantektin hér að neðan tekur til íslenskra laga sem gilda á dagsetningu þessarar lýsingar. Samantektin tekur ekki á skattalegum afleiðingum þegar hlutabréf eru hluti af eignasafni.

Fjárfestum er ráðlagt að leita sér ráðgjafar hjá óháðum sérfræðingi í skattamálum um það hvaða skattalegu afleiðingar fjárfesting í hlutabréfum í útgefanda kann að hafa í för með sér, þ.m.t. áhrif innlendra og erlendra lagareglna og áhrifa tvísköttunarsamninga Íslands við önnur ríki o.fl.

Aðilar með skattskyldu á Íslandi:

Fjármálastofnunum ber skylda til að halda eftir staðgreiðslu skatts af arðgreiðslum bæði til einstaklinga og tiltekinna lögaðila sem búsettir eru og skattskyldir á Íslandi, skv. ákvæðum laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Skatthlutfall staðgreiðslu miðast við viðeigandi skatthlutfall þess sem tekur við greiðslunni. Skatthlutfall einstaklinga utan rekstrar og flestra lögaðila með skattskyldu á Íslandi er 22%.

Söluhagnaður einstaklinga og lögaðila er skattskyldur og er skatthlutfall einstaklinga 22%.

Ekki er reiknaður tekjuskattur af annars vegar vaxtatekjum og hins vegar tekjum af hlutabréfaeign í formi arðs og söluhagnaðar í félögum skráðum á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga, samtals allt að 300.000 kr. á ári hjá einstaklingum með skattskyldu á Íslandi. Frádráttur er nýttur þannig að fyrst skal jafna út vaxtatekjur, næst arðstekjur og loks söluhagnað af hlutabréfum þar til hámarki frádráttar hefur verið náð, sbr. 3. mgr. 66. gr. tekjuskattlaga. Þetta frítekjumark á ekki við um lögaðila.

Tilteknir skattskyldir lögaðilar (hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og samlagshlutafélög sem er sjálfstæður skattaðili) hafa heimild til að færa sérstakan frádrátt á skattframtal vegna arðgreiðslna eða söluhagnaðar eins og nánar er kveðið á um í 9. tl. 31. gr. laga um tekjuskatt. Við álagningu geta slík félög fengið endurgreidda afdregna staðgreiðslu reynist álagður tekjuskattur félagsins lægri en sem nemur afdreginni staðgreiðslu.

Aðilar með takmarkaða skattskyldu á Íslandi

Fjármálastofnunum ber skylda til að draga skatt af arðgreiðslum til aðila með takmarkaða skattskyldu á Íslandi, skv. ákvæðum laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Söluhagnaður aðila með takmarkaða skattskyldu á Íslandi er skattskyldur en ekki staðgreiðsluskyldur, skv. ákvæðum laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Skatthlutfall einstaklinga með takmarkaða skattskyldu á Íslandi er 22% og lögaðila með takmarkaða skattskyldu á Íslandi er 20%.

Samkvæmt a-lið 7. tl. 70. gr. tekjuskattlaga er ekki reiknaður tekjuskattur af tekjum af arði og/eða söluhagnaði af hlutabréfaeign í félögum skráðum á skipulegum verðbréfamarkaði, eða markaðstorgi fjármálagerninga, allt að 300.000 kr., hjá einstaklingum með takmarkaða skattskyldu á Íslandi, að því marki sem frímark vaxtatekna skv. a-lið 8. tölul. 70. gr. hafi ekki verið fullnýtt. Þetta frítekjumark á ekki við um lögaðila.

Um félög með takmarkaða skattskyldu á Íslandi og eru heimilisföst innan Evrópska efnahagssvæðis gilda sams konar reglur og um félög sem eru skattskyld á Íslandi, m.a. um heimild til að færa sérstakan frádrátt á skattframtal vegna arðstekna eða söluhagnaðar.

Ákvæði tvísköttunarsamninga geta leitt til þess að staðgreiðsluhlutfall af arðstekjum aðila með takmarkaða skattskyldu á Íslandi verði lægra en fyrrnefnd 22% og 20%. Til að koma í veg fyrir tvísköttun tekna er hægt að sækja um undanþágu eða lækkun á grundvelli tvísköttunarsamnings hjá íslenskum skattyfirvöldum. Hafi skatti þegar verið haldið eftir er hægt að sækja um endurgreiðslu þess skatts hjá íslenskum skattyfirvöldum heimili viðkomandi tvísköttunarsamningur það.

Skattur leggst á hagnað aðila með takmarkaða skattskyldu á Íslandi af sölu íslenskra hlutabréfa. Skatturinn leggst á söluverð að frádrögnum upphaflegu kaupverði hlutanna. Félög með takmarkaða skattskyldu á Íslandi og eru heimilisföst innan hins Evrópska efnahagssvæðis er heimilt að færa sérstakan frádrátt á skattframtali þar sem á móti skattskyldum söluhagnaði er færður sérstakur frádráttur vegna söluhagnaðar, sbr. a-lið 9. tl. 31. gr. laga um tekjuskatt. Söluhagnaður annarra félaga með takmarkaða skattskyldu á Íslandi er skattlagður með 20% skatti, sbr. b - lið 7. tl. 70. gr. tekjuskattslaga. Tvísköttunarsamningar kunna að innihalda ákvæði um undanþágu frá skattskyldu eða eftir atvikum lækkun hennar.

7.9 Safnskráning

Reglur um varðveislu fjármálagerninga á safnreikningum er að finna í lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, lögum nr. 7/2020, um verðbréfamíðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga og lögum nr. 2/1995, um hlutafélög.

Í 12. gr. laga nr. 108/2007 kemur fram að fjármálafyrirtæki sem er heimilt að varðveita fjármálagerninga í eigu víðskiptavina sinna getur varðveitt þá á sérstökum reikningi (safnreikningi) og tekið við greiðslum fyrir hönd víðskiptavina sinna frá einstökum útgefendum fjármálagerninga, enda hafi fjármálafyrirtækið gert víðskiptavini grein fyrir réttaráhrifum þess og hann veitt samþykki sitt. Fjármálafyrirtæki ber að halda skrá yfir hlut hvers víðskiptavinar fyrir sig. Komi til þess að bú fjármálafyrirtækis sé tekið til gjaldþrotaskipta eða greiðslustöðvun samþykkt, fyrirtækinu sé slitið eða sambærilegar ráðstafanir gerðar, getur víðskiptavinur á grundvelli áðurnefndrar skrár tekið fjármálagerninga sína út af safnreikningi, enda sé ekki ágreiningur um eignarhald.

Í 31. gr. laga nr. 2/1995 er kveðið á um að eigandi hlutar geti ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutnum. Þetta á þó ekki við um rétt til arðs eða annarrar greiðslu og rétt til nýrra hluta við hækkun hlutafjár. Í samræmi við þetta hefur hluthafi ekki atkvæðisrétt á hluthafafundum nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá útgefanda. Hið sama gildir um fjármálafyrirtæki sem hafa heimild til safnskráningar þar sem hluthafinn hefur ekki þau réttindi að geta veitt einhverjum umboð til að fara með atkvæðisréttinn. Hlutum sem skráðir eru safnskráningu fylgir því ekki atkvæðisréttur á hluthafafundum.

Það að hlutabréf séu skráð safnskráningu undanskilur ekki viðkomandi hluthafa frá ákvæðum IX. kafla laga nr. 108/2007 um breytingu á verulegum hlut atkvæðisréttar (flöggun). Hlutir í eigu aðila sem varðveittir eru á safnreikningi skulu taldir með við afmörkun á því hvort tiltekin víðskipti séu flöggunarskyld.

Síldarvinnslan hf.

Útgefandalýsing
3. maí 2021



Þessi síða er vísitandi höfð auð.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
1 Áhættuþættir	5
1.1 Laga, leyfis- og regluáhætta.....	5
1.1.1 Fiskveiðistjórn	6
1.1.2 Stjórn málaumhverfi	7
1.1.3 Veiðigjöld	8
1.1.4 Skattaleg áhætta.....	8
1.1.5 Kjarasamningar.....	9
1.1.6 Samkeppni.....	9
1.1.7 Verðbréfalöggjöf	10
1.2 Áhætta tengd efnahagsumhverfi	10
1.3 Rekstraráhætta	11
1.3.1 Fiskimið og deilistofnar	11
1.3.2 Breytingar á hráefna- og afurðaverði.....	12
1.3.3 Aðgengi að mörkuðum.....	13
1.3.4 Veiðar og vinnsla	13
1.3.5 Samningsáhætta og mikilvægir samningar	14
1.3.6 Olíuverðsáhætta	14
1.3.7 COVID-19 faraldurinn	15
1.3.8 Fasteignir og staðsetning.....	15
1.3.9 Skipastóll	16
1.3.10 Tækninýjungar	16
1.3.11 Náttúruhamfarir.....	17
1.3.12 Umhverfisáhætta	17
1.3.13 Vátryggingar	18
1.3.14 Stjórnun og starfsmannaáhætta.....	18
1.3.15 Stefnumótunaráhætta	18
1.3.16 Áhætta vegna áætlana.....	19
1.3.17 Orðsporsáhætta.....	19
1.3.18 Reikningskilaaðferðir og mat á eignum.....	19

1.3.19	Stjórnsýslu-, dóms- og gerðardómsmál.....	20
1.4	Áhættustýring félagsins og innra eftirlit.....	20
1.5	Fjárhagsleg áhætta	20
1.5.1	Markaðsáhætta.....	20
1.5.2	Lánsáhætta (mótaðilaáhætta)	22
1.5.3	Lausafjárahætta.....	23
1.6	Áhætta vegna uppbyggingar á eignarhaldi.....	24
2	Tilkynning til fjárfesta.....	26
2.1	Hugsanlegir hagsmunaárekstrar	28
2.2	Ráðgjafar og umsjón með töku til viðskipta	29
2.3	Skjöl felld inn með tilvísun.....	30
2.4	Gildistími, aðgengi að lýsingu og skjöl til sýnis	30
2.5	Upplýsingar frá þriðja aðila.....	31
2.6	Yfirlýsingar ábyrgðaraðila útgefandalýsingar fyrir hönd útgefanda	31
2.7	Skilgreiningar og tilvísanir	31
2.8	Skammstafanir og hugtök	34
3	Upplýsingar um útgefandann	36
3.1	Útgefandi	36
3.2	Tilgangur.....	37
3.3	Lagaumhverfi	37
3.3.1	Sértæk lög tengd sjávarútvegsfélögum	38
3.4	Ágrip af sögu Síldarvinnslunnar	41
3.5	Skipulag samstæðunnar og skipurit	43
3.5.1	Hlutverk og markmið	43
3.5.2	Starfssvið.....	44
3.5.3	Dóttur- og hlutdeildarfélög.....	46
3.6	Lýsing á starfsemi Síldarvinnslunnar.....	49
3.6.1	Árstíðasveiflur í rekstri og aflaheimildir.....	50
3.6.2	Útgerð.....	51
3.6.3	Vinnsla og fiskimjolsverksmiðjur.....	54
3.6.4	Sala og dreifing.....	57
3.6.5	Vörupróun.....	58
3.6.6	Hugverkaréttindi.....	58
3.6.7	Fasteignir og skip Síldarvinnslunnar	58
3.6.8	Gæðakerfi og vottanir	59

3.7	Markaðir og samkeppni í sjávarútvegi	60
3.7.1	Sjávarútvegur í alþjóðlegu samhengi	60
3.7.2	Íslenskur sjávarútvegur	62
3.7.3	Afli íslenskra fiskiskipa	64
3.7.4	Samkeppnin.....	65
3.7.5	Helstu markaðir og afurðir Síldarvinnslunnar	65
3.7.6	Rannsóknar- og þróunarverkefni.....	69
4	Fjárhagsyfirlit 1. janúar 2018 – 31. desember 2020.....	70
4.1	Þróun, horfur, fjárfestingar og breytingar á fjárhagsstöðu.....	70
4.2	Rekstrarreikningur samstæðu Síldarvinnslunnar	73
4.2.1	Rekstrarreikningur 2018, 2019 og 2020	73
	Hagnaður á hlut.....	74
	Hagnaður eigenda félagsins á útistandandi hlut	74
4.3	Efnahagur samstæðu Síldarvinnslunnar	76
4.3.1	Eignir samstæðu Síldarvinnslunnar í árslok 2018, 2019 og 2020.....	78
4.3.2	Skuldir samstæðu Síldarvinnslunnar í árslok 2018, 2019 og 2020	79
4.3.3	Lánaskilmálar.....	81
4.3.4	Eigið fé samstæðu Síldarvinnslunnar í árslok 2018, 2019 og 2020	81
4.3.5	Bókfært verð eigna og skulda sem háðar eru gengisáhættu	83
4.4	Sjóðstreymi samstæðunnar árin 2018, 2019 og 2020	84
4.5	Fjármagn	86
4.6	Afkomuspá fyrir árið 2021	87
5	Stjórnarhættir, stjórn, yfirstjórn og endurskoðendur	87
5.1	Stjórnarhættir	87
5.2	Stjórn og yfirstjórn útgefanda	88
5.2.1	Aðrar upplýsingar um stjórn og yfirstjórn	93
5.3	Eftirlitstjórn.....	94
5.3.1	Endurskoðunarnefnd.....	94
5.3.2	Starfskjaranefnd.....	95
5.4	Laun og hlunnindi stjórnar, yfirstjórnar og nefndarmanna fyrir fjárhagsárið 2020... ..	95
5.4.1	Tengdir aðilar.....	97
5.5	Endurskoðendur	98
6	Hluthafar og hlutafé.....	100
6.1	Hluthafar	100
6.2	Hlutafé	102

6.3	Réttindi	102
6.3.1	Atkvæðisréttur.....	103
6.3.2	Arður.....	104
6.4	Hækkun eða lækkun hlutfjár	105
6.5	Þróun hlutfjár	105

1 Áhættupættir

Hér er fjallað um þá áhættupætti sem Síldarvinnslunni hf., kt. 570269-7479, Hafnarbraut 6, 740 Fjarðarbyggð (hér eftir nefnt „Síldarvinnslan“, „útgefandinn“, „félagið“ eða „samstæðan“) er kunnugt um og sem að mati félagsins eiga sérstaklega við um það og þá atvinnugrein sem það starfar innan.

Áður en fjárfestar taka ákvörðun um þátttöku í almennu útboði á hlutum í Síldarvinnslunni, sem fyrirhugað er dagana 10., 11. og 12 maí 2021, eru þeir hvattir til að kynna sér vel allar upplýsingar sem koma fram í lýsingu dagsettri 3.maí, sem samanstendur af *samantekt*, *verðbréfalýsingu* og *útgefandalýsingu* þessari. Fjárfestar eru sérstaklega hvattir til að kynna sér vel allar upplýsingar um þá áhættu- og óvissupætti sem lýst er í köflunum um áhættupætti sem finna má í lýsingu félagsins og gætu haft veruleg áhrif á rekstur Síldarvinnslunnar og fjárfestingar í hlutabréfum félagsins.

Ekki er hægt að setja fram með neinni vissu líkur á því hvort einstakur áhættupáttur geti haft keðjuverkandi áhrif og hrindi af stað fleiri áhættupáttum. Ekki er mögulegt að meta töluleg áhrif einstakra áhættupátta á afkomu, efnahag og virði hlutabréfa í Síldarvinnslunni og slíkt mat væri þá háð því að aðrir áhættupættir væru óbreyttir í einhvern tíma, sem sjaldnast er raunin. Hver áhættupáttur getur haft margþætt og ítrekuð áhrif á rekstur og efnahag félagsins og þar með á verðmæti hluta í Síldarvinnslunni, í meira eða minna mæli, bæði til skemmri og lengri tíma. Ekki er hægt að segja til um umfang eða tímamörk slíkra áhrifa. Framsetning og uppröðun eftirfarandi áhættupátta fer eftir alvarleika þeirra, þar sem fyrst eru taldir upp alvarlegustu þættirnir, að mati útgefanda, að teknu tilliti til neikvæðra áhrifa á hlutabréfin og líkunum á að þeir raungerist. Umfjöllun um þá áhættupætti sem félaginu er kunnugt um og telur skipta máli varðandi mat á hlutabréfum í félaginu er að finna í fyrrgreindri verðbréfalýsingu Síldarvinnslunnar í kafla 1, „Áhættupættir“. Sá kafli í verðbréfalýsingunni, inniheldur upplýsingar um áhættupætti sem útgefandi telur skv. bestu vitund eiga sérstaklega við um verðbréfin svo meta megi markaðsáhættuna sem tengist þeim.

Áhættupættir þessir eru háðir óvissu og því er útgefanda ekki mögulegt að segja til um líkur á því að þeir geti átt sér stað. Möguleiki er á því að útgefandi geti ekki staðið við skuldbindingar sínar vegna annarra þátta sem ekki eru taldir áhættupættir á grundvelli þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir og útgefanda er kunnugt um. Ekki er víst að hér sé fjallað um alla þá áhættupætti sem gætu haft áhrif á afkomu og efnahag félagsins í framtíðinni, því áhættupættir sem eru álitnir óverulegir í dag gætu þróast á þann veg að þeir hefðu veruleg áhrif síðar og eins gætu komið fram nýir áhættupættir í framtíðinni sem ekki eru þekktir í dag.

1.1 Laga, leyfis- og regluáhætta

Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki eru háð þeirri áhættu að stjórnvöld breyti lögum og reglum með þeim hætti að starfsemi félagsins verði óhagkvæmari en ella. Síldarvinnslan starfar í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995. Starfsemi félagsins fellur m.a. undir lög um stjórn fiskveiða nr. 116/2006, lög um veiðigjald nr. 145/2018, lög um matvæli nr. 93/1995, lög um breytingu á ýmsum lögum um matvæli nr. 144/2019 og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Auk þess taka sjómannalög nr. 35/1985 til starfsemi félagsins. Ýmis lög um umhverfismál snerta einnig félagið, svo sem lög um bann við losun hættulegra efna í sjó nr. 20/1972, lög um geislavarnir nr. 44/2002 og lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004. Í rekstri félagsins ber félaginu jafnframt að fylgja samkeppnislögum nr. 44/2005. Nánari umfjöllun um gildandi lagaumhverfi félagsins er í kafla 3.3, „Lagaumhverfi“.

Starfsemi Síldarvinnslunnar lýtur ýmsum opinberum reglum og eru helstu starfsstöðvar og rekstur skipakosts félagsins háð leyfisveitingu opinberra aðila. Starfsemi félagsins er þess eðlis að nauðsynlegt er að afla ýmissa leyfa og heimilda frá þar til bærum yfirvöldum.¹ Ef tilskilin leyfi eru ekki veitt, eða ekki endurnýjuð með tilskildum hætti, eru afturkölluð eða þeim breytt á einhvern hátt, þá kann það að hafa fjárhagslegar afleiðingar fyrir félagið.

Þar sem Ísland er aðili að samningum um hið Evrópska efnahagssvæði (EES) þarf Síldarvinnslan jafnframt að stunda sína starfsemi í samræmi við lagasetningu frá Evrópusambandinu sem er innleidd hér á landi.

Bretland hefur í gegnum tíðina verið eitt helsta viðskiptaland Íslands og vega viðskipti með sjávarafurðir þungt. Síldarvinnslan selur sjófrystan og ferskan fisk til Bretlands. Brotthvarf Bretlands úr Evrópusambandinu áramótin 2020/21 hefur valdið því að útflutningur til Bretlands krefst aukinnar skriffinnsku og fleiri vottorða en áður, auk þess sem Bretland verður nýr samningsaðili um deilistofna. Það getur valdið erfiðleikum og tögum í samningsviðræðum milli þeirra ríkja sem hlut eiga að máli.

Breytingar á lögum, reglum, og stjórnásluframkvæmd sem gilda um félagið, eða ný lög eða reglur sem settar eru um starfsemi þess, gætu haft jákvæð eða neikvæð áhrif á félagið og hvernig það hagar starfsemi sinni. Ekki er hægt að útiloka að gerðar verði lagabreytingar eða sett verði ný lög sem gætu haft neikvæð áhrif á rekstur félagsins. Í þessu samhengi er vert að minnast á að í apríl 2021 var þingskjal 1183-704, mál sem er stjórnarfrumvarp, lagt fyrir Alþingi um breytingar á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnunar (viðurlög, tengdir aðilar o.fl.).² Ef í ljós kemur að starfsemi félagsins uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru í lögum og reglum kann það að hafa neikvæð áhrif á rekstur félagsins, til að mynda þar sem orðspor félagsins bíður hnekki, félagið fær á sig sektir eða önnur viðurlög, eftirlitsaðilar grípa til annarra íþyngjandi úrræða gagnvart félaginu eða viðskiptavinir eða aðrir hagaðilar höfða dómssál á hendur félaginu.

Úrskurðir dómstóla, laga- og reglugerðarbreytingar ásamt breytingum á stjórnásluframkvæmd geta haft neikvæð áhrif á afkomu félagsins.

1.1.1 Fiskveiðistjórn

Breytingar á stjórnkerfi fiskveiða gætu falið í sér óvissu og áhættu fyrir rekstur sjávarútvegsfyrirtækja. Stjórnvöld setja lög og reglugerðir um stjórnun fiskveiða sem ætlað er að stuðla að skynsamlegri nýtingu fiskistofna. Slíkar stjórnvaldsaðgerðir kunna að takmarka úthlutun aflaheimilda en þær eru ein af grunnforsendum fyrir rekstri sjávarútvegsfyrirtækja. Þannig getur breyting á úthlutun aflaheimilda og heimildum á framsali þeirra haft áhrif á rekstur og afkomu fyrirtækja í sjávarútvegi og þar með Síldarvinnslunnar.

Markmið íslenskra stjórnvalda með stjórn fiskveiða er samkvæmt lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofna og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Við stjórnun veiða íslenskra skipa er ýmsum aðferðum beitt. Þar má nefna úthlutun veiðileyfa og aflaheimilda, reglur um gerð og útbúnað veiðarfæra og lokanir veiðisvæða. Allar fiskveiðar í atvinnuskyni eru háðar leyfi frá Fiskistofu.

Síldarvinnslan er þriðja stærsta útgerðarfyrirtæki landsins eftir aflaheimildum³ með um 7,7% hlutdeild eða um 32.800 þorskígildistonn innan lögsögu Íslands, en um 33.100 samtals með

¹ Sbr. leyfi skv. II kafla í lögum nr. 116/2006, um fiskveiðistjórnun.

² Meginefni frumvarpsins leggur til að heildstæðu viðurlagakerfi verið komið á fót vegna brota á lögum á sviði fiskveiðistjórnunar, heimild Fiskistofu til að sinna rafrænu eftirliti verði styrkt og hugtakið raunveruleg yfirráð við framkvæmd reglna um hámarksafhlutdeild verði endurskilgreint (sjá nánar: <https://www.althingi.is/alttext/pdf/151/s/1183.pdf>).

³ Heimild: Fiskistofa: <http://www.fiskistofa.is/umfiskistofu/frettir/hlutdeildir-staerstu-utgerdanna> (sótt 10.apríl 2021).

heimildum utan lögsögu landsins. Þar af eru um 13.300 þorskígildistonn í uppsjávartegundum og er fyrirtækið með hæstu hlutdeildina í uppsjávarheimildum meðal útgerðarfyrirtækja. Síldarvinnslan er með 19.800 þorskígildistonn í bolfiski. Skipastóll Síldarvinnslunnar er við það miðaður að hann nái að veiða allan úthlutaðan kvóta. Sjá nánari umfjöllun um aflahlutdeild Síldarvinnslunnar niður á helstu tegundir í kafla 3.6.2.3, „Afli og verðmætt“.

Veiði á einstökum fisktegundum getur sveiflast nokkuð milli ára, t.d. vegna ástands í hafinu⁴, veðurfars og ástands fiskistofna. Mæta má slíkri áhættu með því að dreifa aflaheimildum milli tegunda. Á hverju ári felst áhætta í því að ekki takist að veiða úthlutaðan kvóta, eða úthlutun aflaheimilda verði mögulega skert síðar meir. Slíkt getur haft áhrif á afkomu og rekstur félagsins.

Brot gegn fiskveiðiregluverkinu varða sektum, hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Stórfelld ásetningsbrot geta varðað fangelsi allt að 6 árum.⁵ Þá hefur Fiskistofa lagaheimildir til að beita stjórnsýsluviðurlögum, s.s. sviptingu veiðileyfis og afturköllun vigtunarleyfis, vegna tiltekinna brota.

Óvissa í rekstrarspám er mikil þar sem úthlutun veiðiheimilda fyrir hvert ár er háð leyfi frá Fiskistofu og ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunnar, kt. 470616-0830, Fornbúðum 5, 220 Hafnarfirði (hér eftir „**Hafrannsóknarstofnun**“). Ef úthlutun reynist minni en áætlað var getur það haft áhrif á afkomu og rekstur félagsins.

1.1.2 Stjórn málaumhverfi

Sú hætta er til staðar að stjórnvöld breyti leikreglum í sjávarútvegi með þeim hætti að það hafi neikvæð áhrif á rekstur og afkomu Síldarvinnslunnar. Ákvarðanir stjórnvalda, sem m.a. geta ráðist af þróun stjórn mála á Íslandi eða einstökum pólitískum atburðum, geta haft bein eða óbein áhrif á starfsemi Síldarvinnslunnar. Hætta er á að stjórnvöld setji m.a. takmarkanir á viðskipti við einstök lönd sem útgefandi á í viðskiptum við. Stjórn málaumhverfi getur jafnframt haft áhrif á það hvort fyrirtæki hugi að uppbyggingu á viðkomandi svæði eða landi.

Starfsemi Síldarvinnslunnar lýtur einnig fjölda mismunandi laga og reglugerða og geta breytingar á mikilvægum sviðum ráðist af stjórn málaumhverfinu á hverjum tíma. Þar bera hæst ákvarðanir stjórnvalda varðandi skipulag og uppbyggingu fiskveiðistjórnunarkerfisins, veiðigjalda, tolla og skatta. Pólitískur óstöðugleiki getur m.a. haft í för með sér breytingar á lögum og reglum sem gilda um félagið. Jafnframt geta mögulegar breytingar á 72. gr. auðlindarákvæði stjórnarskrárinnar⁶ verið félaginu óhagfelldar og skapað óvissu í kringum íslenskan sjávarútveg.

Ákvarðanir stjórnvalda geta jafnframt ráðist af alþjóðlegum skuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist, s.s. aðildarsamningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Íslenskum fiskiskipum er heimilt að veiða úr deilistofnum í lögsögu annarra ríkja sem aðili að Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnuninni (NAFO) og Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndinni (NEAFC).⁷ Íslendingar eru jafnframt með sérstakan samning við Rússland og Noreg um veiðar íslenskra skipa á þorski í Barentshafi innan lögsögu þeirra, auk tvíhliða samnings við Færeyjar. Við veiðar í lögsögu annarra ríkja ber að fara eftir þeim reglum sem hvert ríki setur um veiðarnar.

⁴ S.s. vegna hitastigs, sjávarstrauma og fæðu.

⁵ Heimild: Lög um stjórnun fiskveiða, nr. 116/2006, <https://www.althingi.is/lagas/150c/2006116.html> (sótt 9. febrúar 2021).

⁶ Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands, <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1944033.html>.

⁷ Deilistofnar eru flökkustofnar, stofnar sem eru ekki staðbundnir heldur flakka milli lögsögu og þar með veiðisvæða, eins og til dæmis úthafskarfi, makrill, kolmunnir og norsk-íslensk síld.

Ef einhverjar breytingar verða á samstarfi við þessar þjóðir kann það að hafa neikvæð áhrif á rekstur, afkomu og efnahag Síldarvinnslunnar.

Það er ekki á færi Síldarvinnslunnar að draga úr eða stýra þessum áhættuþáttum og því er nauðsynlegt að fjárfestar gefi þeim gaum áður en þeir taka ákvörðun um að fjárfesta í verðbréfum útgefnum af félaginu.

1.1.3 Veidigjöld

Veidigjald er lagt á í þeim tilgangi að mæta kostnaði ríkisins við rannsóknir, stjórnun, eftirlit og umsjón með fiskveiðum og fiskvinnslu og til að tryggja þjóðinni í heild beina og sýnilega hlutdeild í afkomu við veiðar á nytjastofnum sjávar.⁸ Veidigjöld eru afkomutengd og getur ákvörðun stjórnvalda um stærð hlutfalls afkomu hvers árs fyrir sig haft áhrif á rekstur og efnahag Síldarvinnslunnar.

Þorskur og meðafli hans í rússneskri og norskri lögsögu sem og úthafskarfi sem veiddur er á ICES-svæði I og II (Síldarsmugunni)⁹ mynda ekki stofn veiðigjalds. Breytingar á álagningu veiðigjalda og fjölda fiskitegunda sem mynda stofn til veiðigjalds kunna að hafa veruleg áhrif á afkomu og efnahag félagsins og getur félagið ekki spáð fyrir um hugsanlegar breytingar og áhrif þeirra. Heildarálagt veiðigjald árið 2020 var tæpir 4,8 milljarðar króna.¹⁰ Til samanburðar var heildarálagt veiðigjald árið 2019 um 6,6 milljarðar króna og um 11,3 milljarða króna árið 2018. Taflan hér fyrir neðan sýnir greidd veiðigjöld Síldarvinnslunnar síðustu þrjú ár.¹¹

Tafla 1.1.3: Veidigjöld Síldarvinnslunnar síðustu þrjú ár¹²

Í milljónum ISK	2018	2019	2020
Síldarvinnslan hf.	466	281	182
Bergur-Huginn hf.	236	141	110
Runólfur Hallfreðsson ehf.	72	35	14
Samtals	774	457	306

Breytingar á álagningu veiðigjalda hafa bein áhrif á rekstrarhagnað fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (e. EBITDA). Álagning veiðigjalda tekur mið af afkomu greinarinnar og því ætti það að fara saman við afkomu félagsins. Það er ekki á færi félagsins að draga úr eða stýra þeirri áhættu sem breytingar á veiðigjöldum hafa í för með sér og því er nauðsynlegt að fjárfestar gefi þeim gaum áður en þeir taka ákvörðun um að fjárfesta í verðbréfum útgefnum af félaginu.

1.1.4 Skattaleg áhætta

Breytingar á lögum og reglum varðandi beina og óbeina skattheimtu lögaðila geta haft áhrif á félagið og dregið úr arðsemi þess. Síldarvinnslan er íslenskt hlutafélag og ber sem slíkt ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi, sbr. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Skattlagning á tekjur lögaðila, sbr. 2. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, ásamt lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, eru dæmi um skattheimtu sem skiptir máli fyrir félagið.

⁸ Heimild: Lög um veiðigjald, nr. 145/2018, <https://www.althingi.is/lagas/150b/2018145.html> (sótt 9. febrúar 2021).

⁹ Síldarsmugan er hafsvæði í Barentshafi sem liggur á milli efnahagslögsögu Noregs og Rússlands og fiskverndarsvæðisins við Svalbarða. Þetta litla hafsvæði austan við Svalbarða er þannig alþjóðlegt hafsvæði opið öllum.

¹⁰ Veidigjöld eru reiknuð út frá afkomu og eru því m.a. breytileg milli ára.

¹¹ Bergur ehf. greiddi samtals 63,7 milljónir ISK á sama tímabili, en var ekki hluti samstæðunnar fyrr en 2021.

¹² Heimild: Fiskistofa-veiðigjald: <http://www.fiskistofa.is/fiskveidistjorn/veidigjold/>.

Tekjuskattshlutfall fyrirtækja er nú 20% og hefur verið stöðugt undanfarin ár, og hefur sértækum skattstofnum á fyrirtæki ekki fjölgað. Vakin er athygli á því að skattskil Síldarvinnslunnar eru í íslenskum krónum en fjárhagsuppgjör félagsins eru sett fram í Bandaríkjadollurum. Þetta kann að leiða til mismunar á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt fjárhagsuppgjörum félagsins, einkum vegna gengisbreytinga. Áhætta félagsins er þó fólgin í því að ákvarðanir stjórnvalda geta haft áhrif á framangreinda þætti og geta haft áhrif á fjárhagslega afkomu félagsins.

Bent er á að Skatturinn hefur óskað eftir gögnum úr bókhaldi félagsins í samræmi við heimildir skv. 94. og 96. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003.¹³ Í framhaldi af þessum fyrirspurnum hefur skatturinn tilkynnt félaginu að það kunni að koma til endurútreiknings á tekjuskattsstofni vegna áranna 2016 – 2018. Jafnframt hefur Skatturinn upplýst að árið 2019 kunni að koma til skoðunar. Málið er í vinnslu og ljóst er að félagið og skattyfirvöld gætu verið ósammála um hvernig skuli farið með hinar ýmsu fjárhagslegu ráðstafanir sem gerðar eru innan félagsins í skattalegu tilliti. Forráðamenn Síldarvinnslunnar telja upphæðir sem þarna er um að ræða vera óverulegar, og að fyrrgreindur endurútreikningur muni ekki hafa veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi félagsins. Forráðamenn munu jafnframt vinna með skattayfirvöldum að leiðréttingu á tekjuskattsútreikningi áranna ef það verður niðurstaðan. Félaginu er ekki kunnugt um að nokkur skattrannsókn sé í gangi á félaginu sjálfu eða hlutdeildarfélögum þess. Hætta er á að breytingar á íslenskri skattalöggjöf kunni að hafa neikvæð áhrif á félagið og draga úr arðsemi þess.

1.1.5 Kjarasamningar

Þann 3. apríl 2019 undirrituðu Samtök atvinnulífsins og Starfsgreinasambandið svokallaðan lífskjarasamning og gildir hann til 1. janúar 2022.¹⁴ Hann kveður á um launahækkun að hluta til tengt hagvexti. Þar sem stutt er eftir af gildandi kjarasamningi er ljóst að nokkur óvissa ríkir um launapróun á komandi árum. Nái aðilar ekki saman að gildistíma loknum skapast auk þess hætta á verkfallsaðgerðum sem hamlað geta starfsemi fyrirtækja og jafnvel stöðvað hana að hluta eða öllu leyti um lengri eða skemmri tíma. Til að félagið komi fjárhagslega skaðlaust frá launahækkunum þarf annaðhvort að velta launahækkunum út í verðlagið eða hagræða í rekstri. Ef fyrrgreint næst ekki getur það haft neikvæð áhrif á afkomu félagsins.

Þann 18. febrúar 2017 var undirritaður kjarasamningur milli Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (hér eftir „SFS“) og Sjómannasambands Íslands (hér eftir „SSÍ“).¹⁵ Sá samningur rann úr gildi þann 1. desember 2019 og hafa kjarasamningar við sjómenn verið lausir síðan. Viðræðuáætlun milli SFS og SSÍ er fyrir hendi og hefur deilunni verið vísað til ríkissáttasemjara. Hætta er á að nýr kjarasamningur leiði til hækkun launakostnaðar hjá félaginu. Ef SFS og SSÍ ná ekki að semja er jafnframt hætta á verkfallsaðgerðum sem geta hamlað starfsemi með þeim afleiðingum að afkoma félagsins hlýtur skaða af.

1.1.6 Samkeppni

Starfsemi félagsins heyrir undir samkeppnislög nr. 44/2005 og eftirlit Samkeppniseftirlitsins sem framfylgir þeim lögum og getur íhlutun þess haft fjárhagsleg áhrif á útgefanda. Brjótí félagið gegn samkeppnislögum getur það takmarkað starfsemi félagsins, haft áhrif á orðspor þess og afkomu. Fyrrgreind lög eins og önnur geta breyst með neikvæðum afleiðingum fyrir

¹⁴ Kjarasamningur milli Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambands Íslands: https://www.sgs.is/media/1717/kjarasamningur-sgs-og-sa-2019_vef.pdf (sótt 17. febrúar 2021).

¹⁵ Kjarasamningur SFS og SSÍ: https://www.ssi.is/media/1041/kjarasamningur_2017.pdf.

félagið. Sá möguleiki er jafnframt fyrir hendi að sett verði ný lög sem Síldarvinnslan verður að lúta og geta haft neikvæð áhrif á starfsemi félagsins, arðsemi og/eða fjárhagsstöðu.

Afurðir félagsins eru seldar á alþjóðlegum mörkuðum og er félagið háð því að hafa greiðan aðgang að mörkuðum með vörur sínar. Síldarvinnslan keppir því á alþjóðlegum markaði og er samkeppnin því við önnur fyrirtæki í heiminum sem bjóða sambærilega vöru og Síldarvinnslan. Jafnframt er félagið í samkeppni við aðrar fæðutegundir. Breyttar aðstæður í þeim viðskiptalöndum sem sjávarútvegsfyrirtæki selja afurðir sínar til geta haft veruleg áhrif á tekjuflæði fyrirtækjanna. Þetta á t.d. við um samkeppnisstöðu afurða á mörkuðum erlendis gagnvart öðrum matvælum og aðgerðum opinberra aðila sem geta haft áhrif á sölu afurða félagsins. Félagið selur stærstan hluta vara sinna til Evrópu og Asíu. Nánar er fjallað um þá markaði sem félagið starfar á í kafla 4.5, „*Helstu markaðir og afurðir Síldarvinnslunnar*“. Það er ekki á færi félagsins að hafa áhrif á eða stjórna hversu mikið er veitt af fiski í heiminum og kann því aukning á veiðiheimildum eða aukið fiskeldi um heim allan eða einstakra þjóða að hafa áhrif á markaðsverð afurðanna. Takist félaginu ekki að bjóða viðskiptavinum sínum vörur sem uppfylla þeirra gæðakröfur á samkeppnishæfu verði mun það hafa neikvæð áhrif á rekstur og afkomu félagsins.

1.1.7 Verðbréfalöggjöf

Verðbréf útgefanda hafa verið rafrænt skráð í kerfum Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi, kt. 510119-0370, Laugavegi 182, 105 Reykjavík og gilda því um þau lög nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga (hér eftir „**lög um verðbréfamiðstöðvar**“). Útgefandi mun óska eftir því að verðbréf útgefin af félaginu verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík (hér eftir „**Nasdaq Iceland**“) og mun því þurfa að fylgja þeim lögum, reglugerðum og reglum sem gilda um útgefendur fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulögðum verðbréfamarkaði, eins og þau eru á hverjum tíma¹⁶, m.a. lögum nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti og reglugerðum settum á grundvelli laganna, reglum Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík (hér eftir „**Fjármálaeftirlitið**“) nr. 1050/2012, um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja og reglum Nasdaq Iceland fyrir útgefendur fjármálagerninga.

Gerist félagið brotlegt við framangreind lög eða reglur gæti það haft neikvæðar fjárhagslegar afleiðingar í för með sér fyrir félagið. Brot gætu leitt til þess að eftirlitsaðilar og/eða Nasdaq Iceland veittu félaginu áminningu og beittu það jafnvel fjársektum. Enn fremur gætu slík brot haft neikvæð áhrif á orðspor félagsins og þar með leitt til verðlækkunar á verðbréfum útgefnum af félaginu. Alvarleg brot á umræddum lögum og reglum gætu leitt til þess að Fjármálaeftirlitið eða Nasdaq Iceland hf. tæki verðbréf útgefin af félaginu úr viðskiptum.

1.2 Áhætta tengd efnahagsumhverfi

Almennir efnahagslegir þættir, svo sem hagvöxtur, verðbólga, atvinnustig, vaxtastig og gengisskráning íslensku krónunnar, hafa áhrif á rekstur félagsins, hvort sem áhrifanna gætir héraðs eða erlendis. Umsvif í hagkerfinu hafa áhrif á hvort tveggja, framboð og eftirspurn. Atvinnustig getur haft áhrif á launakostnað félagsins. Uppgjörsmýnt Síldarvinnslunnar er Bandaríkjadollar (hér eftir „**USD**“) og er samstæðuuppgjör einnig þýtt yfir í **USD** en dótturfélag

¹⁶ Heimild: Reglur kauphallar, https://www.nasdaq.com/docs/2021/01/20/Nordic-Main-Market-Rulebook-for-Issuers-of-Shares_4-January-2021.pdf.

eru gerð upp í íslenskum krónum (hér eftir „ISK“). Gengisskráning íslensku krónunnar hefur því áhrif á innlendan rekstrarkostnað, s.s. laun, opinber gjöld og innlend aðföng sem og skuldir félagsins í ISK. Breytingar á gengi krónunnar hafa því áhrif á rekstur og afkomu félagsins. Verðbólga hefur áhrif á verð vöru og þjónustu og þar með á rekstrarkostnað og gjöld sem félagið þarf að standa skil á. Verðbólga, og væntingar þar um, hafa áhrif á vaxtastig og þar af leiðandi á fjármagnskostnað fyrirtækja.

Stærstur hluti tekna félagsins er af erlendri sölu og hefur lægra gengi krónunnar auk annarra þátta, s.s. hagfelld þróun afurðaverðs, því jákvæð áhrif á rekstur sjávarútvegsfélaga sem selja á erlenda markaði. Hætta er á að hærri gengi krónunnar og/eða neikvæð þróun afurðaverðs kunnir að hafa neikvæð áhrif á rekstur og afkomu félagsins. Þættir tengdir almennu efnahagsumhverfi, svo sem þeir sem hér að ofan eru taldir, eru utan áhrifasviðs stjórnar og stjórnenda Síldarvinnslunnar.

Efnahagshorfur á Íslandi og í heiminum öllum breyttust mjög snögglega til hins verra eftir því sem leið á árið 2020, í kjölfar útbreiðslu heimsfaraldurs COVID-19 (hér eftir „**COVID-19-faraldurinn**“). Útbreiðsla COVID-19-faraldursins og viðbrögð stjórnvalda hér á landi og víða um heim hafa haft í för með sér verulega röskun á starfsemi fyrirtækja, niðursveiflu í hagkerfinu og aukið atvinnuleysi. COVID-19-faraldurinn hefur veruleg áhrif á hagkerfi þeirra landa sem Síldarvinnslan selur sínar afurðir til, sem og hagkerfi Íslands. Ein afleiðingin var gengislækkun krónunnar. Stærstur hluti tekna félagsins er í erlendri mynt og því vegur lægra gengi krónunnar að einhverju leyti upp önnur neikvæð áhrif faraldursins. Nánar er fjallað um áhrif COVID-19-faraldurinn í kafla 1.3.7, „COVID-19 faraldur“.

1.3 Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er hættan á beinu eða óbeinu tapi sem getur orðið vegna fjölda þátta í starfsemi samstæðunnar. Meðal áhættuþátta er vinna starfsmanna samstæðunnar, tækni og skipulag sem beitt er, og ytri þættir aðrir en láns-, markaðs- og lausafjóránhætta. Rekstraráhætta myndast í allri starfsemi samstæðunnar.

Hluti af rekstraráhættu íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja er sú áhætta að stjórnvöld breyti gildandi reglum í sjávarútvegi með þeim hætti að starfsemi samstæðunnar verði óhagkvæmari en ella, sbr. umfjöllun í kafla 1.1, „Laga- leyfis- og regluáhætta“, og í kafla 1.1.3, „Veiðigjöld“. Samstæðan býr við áhættu vegna náttúrubreytinga enda eru veiðar og vinnsla á fiski meðal annars háðar vexti og viðgangi fiskstofna við landið, ásamt deilistofnum sem nýttir eru með öðrum þjóðum. Breytingar á náttúrufari og aðstæðum í hafinu geta valdið minnkun veiðistofna, breyttri samsetningu þeirra og samdrætti í afla samstæðunnar og þannig haft bein áhrif á fjárhagslega afkomu hennar.

Samstæðan leitast við að stýra rekstraráhættu með hagkvæmum hætti til að forðast fjárhagslegt tap og til að vernda orðstír sinn. Til að draga úr rekstraráhættu er meðal annars komið á stýringu á veiðum og vinnslu afla, viðeigandi aðskilnaði starfa, eftirliti með viðskiptum og fylgni við lög, þjálfun starfsfólks, skipulagi og skráningu verkferla og kaupum trygginga þegar við á. Þrátt fyrir aðgerðir félagsins til þess að draga úr rekstraráhættu er ekki hægt að útiloka að félagið geti ítrekað orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna áhættuþátta tengdum rekstri og starfsemi félagsins.

1.3.1 Fiskimið og deilistofnar

Fiskur á þeim fiskimiðum þar sem Síldarvinnslan hefur veiðiheimildir er náttúruauðlind og eru sveiflur í fiskigengd á mismunandi tímum og hafssvæðum. Ýmsir þættir geta haft áhrif þar á

og má nefna áhrif veiða og umhverfisbreytinga af mannavöldum auk þess sem fæða fyrir fiskinn, straumar, sjávarhitastig og hrygningar kunna að hafa áhrif.

Veiðiheimildir eru háðar ákvörðunum stjórnvalda og breytingar á þeim, ásamt sveiflum í fiskigengd á þeim miðum þar sem Síldarvinnslan hefur veiðiheimildir, kunna að hafa neikvæð áhrif á afkomu félagsins og ekki er hægt að spá fyrir um þær. Stærstur hluti af hráefni félagsins sem fer til vinnslu er eigin afli. Félagið kaupir einnig uppsjávarafla frá öðrum útgerðum, einkum hjá tengdum aðilum, landar bolfiski í aðrar vinnslur, og flytur út ferskan fisk á markaði erlendis. Ekki er hægt að tryggja að félagið veiði eða afli sér nægjanlegs hráefnis, t.d. með kaupum á mörkuðum, til frekari vinnslu og sölu.

Tafla 1.3.1: Veiðiheimildir félagsins í deilistofnum¹⁷.

Fiskveiðiárið 2021	Tonn	% af heildar aflahlutdeild
Kolmunni	54.955	29,92%
Norsk-íslensk síld ¹⁸	23.820	21,37%
Makrill, áætluð úthlutun	17.762	12,63%
Úthafskarfi ¹⁹	-	6,14%
Þorskur í Barentshafi	322	4,41%

Síldarvinnslan hefur aflaheimildir í deilistofnum við Ísland.²⁰ Íslendingar eru jafnframt með sérstakan samning við Rússland og Noreg um veiðar íslenskra skipa á þorski í Barentshafi innan lögsagna þeirra. Ekki hafa náðst samningar um heildarveiði á kolmunna, makrill og norsk- íslenski síld milli Íslands og annarra þjóða sem gera tilkall til þessara stofna. Sjá nánar kafla 3.7.1.1, „Uppsjávartegundir í Norðaustur-Atlantshafi“. Veiði hefur verið umfram ráðgjöf Fiskistofu eða ráðgjöf frá sambærilegum aðilum í öllum löndunum þ.m.t. Íslandi, undanfarin ár og hætta á ofveiði því fyrir hendi. Ef þessir deilistofnar eru ofveiddir í langan tíma myndi það hafa áhrif á afkomu og rekstur Síldarvinnslunnar. Nánar er fjallað um áhrif breytinga í úthlutun veiðiheimilda og afla á rekstur Síldarvinnslunnar í kafla 4, „Fjárhagsyfirlit“, 1. janúar 2018 - 31. desember 2020.

1.3.2 Breytingar á hráefna- og afurðaverði

Rekstur og afkoma félagsins er háð hráefna- og afurðaverði. Hráefna- og afurðaverð Síldarvinnslunnar tekur breytingum milli ára. Verð á fyrrgreindum þáttum byggir á markaðsverði sem Síldarvinnslan hefur ekki færi á að sjá fyrir hvernig þróast og hefur ekki stjórn á. Stærstur hluti hráefnis kemur frá skipum félagsins og gilda kjarasamningar um verðlag þess, þar sem verð hráefnis tekur mið af afurðaverði hverju sinni. Félagið leitast við að lágmarka þessa áhættu með fjölbreytni í rekstri félagsins, s.s. hvað varðar veiðar, hráefnakaup, samsetningu veiðiheimilda og langtímasambönd við viðskiptavinum, til að draga úr neikvæðum áhrifum verðbreytinga að einhverju leyti. Ekki er þó hægt að tryggja að stefna félagsins dragi úr þeim áhrifum á rekstur og afkomu félagsins. Nánar er fjallað um áhrif breytinga á hráefna- og afurðaverði á rekstur félagsins í kafla 4 „Fjárhagsyfirlit“ 1. janúar 2018-31. desember 2020“.

¹⁷ Meðtaldar eru aflaheimildir Bergs ehf. sem kom inn í samstæðuna á árinu 2021. Aflaheimildir sem sjást í skýringum með samstæðureikningi félagsins 2020 eru án þess liðar.

¹⁸ Reglugerð nr. 25/2021 um stjórn veiða íslenskra skipa úr norsk- íslenska síldarstofninum árið 2021

¹⁹ Engum úthafskarfa var úthlutað fiskveiðiárið 2019/20, ekki er búist við úthlutun 2020/21

²⁰ Deilistofnar eru flökkustofnar, stofnar sem eru ekki staðbundnir heldur flakka á milli lögsagna og þar með veiðisvæða, eins og til dæmis úthafskarfi, makrill, kolmunni og norsk-íslensk síld.

1.3.3 Aðgengi að mörkuðum

Síldarvinnslan selur vörur sínar á alþjóðlegum mörkuðum og er háð því að hafa greiðan aðgang að þeim með vörur sínar. Félagið er því í samkeppni við önnur fyrirtæki í heiminum sem bjóða sambærilega vöru og Síldarvinnslan. Breyttar aðstæður í þeim viðskiptalöndum sem sjávarútvegsfyrirtæki selja afurðir sínar til geta haft veruleg áhrif á tekjuflæði fyrirtækjanna. Þetta á t.d. við um samkeppnisstöðu afurða á mörkuðum erlendis gagnvart öðrum matvælum og aðgerðir opinberra aðila sem geta haft áhrif á sölu afurða félagsins.

Félagið selur stærstan hluta af mjóli og lýsi í fiskeldisfóður til Noregs. Uppsjávarafurðir fara til Austur-Evrópu og Asíu. Bolfiskafurðir fara til Evrópu og Bretlands. Nánar er fjallað um þá markaði sem félagið selur á í kafla 3.7.5, *Helstu markaðir og afurðir Síldarvinnslunnar*. Aukin veiði og/eða aukið fiskeldi um heim allan eða hjá einstökum þjóðum kann að hafa áhrif á markaðsverð afurða sem Síldarvinnslan selur. Takist félaginu ekki að bjóða viðskiptavinum sínum vörur sem uppfylla þeirra gæðakröfur á samkeppnishæfu verði myndi það hafa neikvæð áhrif á rekstur og afkomu félagsins.

Afurðir Síldarvinnslunnar eru seldar undir vörumerkjum SVN í gegnum Ice Fresh Seafood ehf., kt. 700107-1590, Glerárgötu 30, 600 Akureyri, Ísland, (hér eftir „**Ice Fresh Seafood**“). Ef einhverjar aðstæður kæmu upp sem yrðu til þess að Síldarvinnslan tæki ákvörðun um að selja afurðir sínar í auknum mæli í gegnum aðra söluaðila, til dæmis vegna breytinga á mörkuðum, breytinga hjá Ice Fresh Seafood eða stjórnvaldsákvarðana, gæti það haft áhrif á rekstur og afkomu Síldarvinnslunnar til skemmri eða lengri tíma.

Síldarvinnslan treystir á aðgengi að hagkvæmri og viðeigandi flutningsþjónustu og nýtir bæði sjóflutninga og farmflutninga með flugvélum. Ekki er hægt að veita tryggingu fyrir því að slík þjónusta verði ávallt til staðar þegar þörf er á eða að afurðir félagsins skili sér til viðskiptavina á réttum tíma.

1.3.4 Veiðar og vinnsla

Rekstraráhætta Síldarvinnslunnar er falin í því að gera út skip til veiða á fiski sem og að reka fiskvinnslur. Skip Síldarvinnslunnar eru gerð út allt árið um kring við mismunandi veðurskilyrði og treysta á hæfa áhafnarmedlimi auk búnaðar sem er tæknilega þróaður. Fiskvinnsla Síldarvinnslunnar er einnig háð búnaði sem er tæknilega þróaður og aðgengi að hæfu starfsfólki. Síldarvinnslan býr við áhættu vegna náttúrusveiflna. Veiðar og vinnsla á fiski eru m.a. háðar vexti og viðgangi fiskistofna við landið. Breytingar á náttúrufari og aðstæðum í hafinu geta valdið minnkun veiðistofna, breyttri samsetningu þeirra og samdrætti í afla Síldarvinnslunnar og geta þannig haft neikvæð áhrif á fjárhagslega afkomu hennar. Sveiflur í aflabrogðum eftir árstíðum geta leitt til þess að félagið verði að grípa til tímabundinna ráðninga á starfsfólki til að ná fram hæfilegum sveigjanleika en slíkt er háð gildandi kjarasamningum á hverjum tíma og ekki hægt að tryggja að slíkt fyrirkomulag verði til framtíðar.

Starfsemin er vertíðarbundin og þar sem oft er framleitt mikið magn á stuttum tíma fyrir mikil verðmæti, getur því liðið nokkur tími á milli þess að framleitt er og tekjur skili sér vegna sölu afurða. Framkvæmdastjórn hefur heimild til að gera framvirka samninga með gjaldmiðla og vaxtaskiptasamninga, til að draga úr áhættu af gengissveiflum og vaxtabreytingum á rekstur félagsins. Slíkir samningar eru m.a. notaðir til að verja vænt tekjustreymi gegn breytingum á gengi gjaldmiðla. Til þess getur komið að viðunandi verð fái ekki fyrir framleiðsluna sem leitt getur til rekstrartaps. Einnig getur komið til þess að framleiðslan seljist ekki strax og getur félagið þá setið uppi með töluvert af birgðum sem óvíst er hvenær og á hvaða verði seljast. Slíkt getur komið niður á afkomu félagsins.

Í uppsjávarveiðum²¹ geta verið miklar sveiflur í stærðum nytjastofna á milli ára og þar með í veiðum og vinnslu þeirra. Þá skiptast veiðar uppsjávartegunda niður á árstíðir. Sjá nánar umfjöllun í kafla 3.6.1, „Árstíðasveiflur í rekstri og aflaheimildir“. Samt sem áður er hættu á að sveiflur í aflaheimildum verði það miklar að það hafi neikvæð áhrif á afkomu félagsins. Nánar er fjallað um áhrif sveiflna í stærðum nytjastofna og úthlutana aflaheimilda á rekstur Síldarvinnslunnar í kafla 4, „Fjárhagsyfirlit 1. janúar 2018 – 31. desember 2020“.

1.3.5 Samningsáhætta og mikilvægir samningar

Lánssamningar sem útgefandi er aðili að geta falið í sér hættu á ágreiningi um túlkun á efni samninganna og slíkt getur leitt af sér fjárhagslegt tjón fyrir útgefandann. Það sama á við um aðrar fjárfestingar útgefanda. Á félaginu hvílir samningsbundin skylda til að uppfylla ýmis ákvæði fjármögnunarsamninga. Ef félagið yrði ófært um að standa við skuldbindingar sínar, eða hætti af einhverjum ástæðum að gera það, ættu lánveitendur rétt á að rifta umræddum samningum, sem gæti haft í för með sér gjaldfellingu lána og neikvæðar fjárhagslegar afleiðingar fyrir félagið ef endurfjármögnun reyndist óhagstæð eða ómöguleg. Gjaldfellingarheimildir lána félagsins snúa að hefðbundnum vanefndaákvæðum, t.d. vanefndum á samningsbundnum greiðslum, brotum á fjárhagsskilmálum, en einnig eru skilmálar er varðar breytingar á eignarhaldi, afleiddar vanefndir (e. *cross-default*), breytingar á félagi, útgreiðslur, kröfur um lágmarks eiginfjárlutfall, úthlutun aflamarks og veðsetningarbann. Slíkar vanefndir geta leitt til gjaldfellingar lána félagsins. Sjá nánar umfjöllun í kafla 4.3.3, „Lánaskilmálar“.

Ekki eru fyrir hendi bindandi samningar við viðskiptavinum. Síldarvinnslan er með sölusamning við Ice Fresh Seafood, sölufélag í eigu Samherja hf. sem jafnframt er stærsti einstaki hluthafi Síldarvinnslunnar. Ice Fresh Seafood sér um sölu á ýmsum afurðum félagsins gegn umboðslaunum. Tíu stærstu kaupendur uppsjávaraafurða félagsins stóðu undir 74% af söluverðmæti ársins 2020. Fimm stærstu kaupendur á ferskum fiski stóðu undir 80% af söluverðmæti ársins 2020. Í sjófrystum afurðum eru tveir söluaðilar sem áframselja nær alla framleiðsluna. Hætti einn af stærstu viðskiptavinum félagsins í viðskiptum við félagið getur það haft veruleg áhrif á rekstur og afkomu félagsins. Sjá nánar umfjöllun í kafla 1.5.2, „Lánásáhætta (mótaðilaáhætta)“.

1.3.6 Olíuverðsáhætta


Olíuverðsáhætta er skilgreind sem hættan á að heimsmarkaðsverð á olíu þróist á óhagstæðan hátt fyrir félagið, sem leiði til fjárhagslegs taps. Áhættan er fólgin í því að ekki sé hægt að ýta hækkun á olíuverði út í söluverð framleiðsluvara, sem hefði bein áhrif á framlegð félagsins. Heimsmarkaðsverð á olíu hefur veruleg áhrif á rekstur félagsins. Helstu áhrifavaldar á þróun heimsmarkaðsverðs olíu eru í venjulegu árferði árstíðabundnar eftirspurnarsveiflur, efnahagslegar aðstæður á stærstu olíumörkuðum heimsins, aðgengi að olíulindum og milliríkjadeilur. Stór hluti kostnaðar félagsins er vegna olíukaupa útgerðar og nam kostnaður vegna olíukaupa sem hlutfall af tekjum félagsins 5,6% á árinu 2019 og 5,4% á árinu 2020. Sem dæmi um verðsveiflur þá lækkaði heimsmarkaðsverð á Brent hráolíu (e. *Brent Crude Oil*) um tæp 21% á árinu 2019 en hækkaði um 22% á árinu 2020.

Mynd 1.3.10: Verðþróun á Brent hráolíu 2019-2020²²

²¹ Dæmi um uppsjávartegundir: loðna, kolmunnur, makrill, norsk-íslensk sild og íslensk sild.

²² Heimild: Macrobond, <https://www.macrobond.com/>

Brent hráolía á tímabilinu 2019-2020



Síldarvinnslan beitir framvirkum samningum til olíuvarna þegar það á við og reynir þannig að draga úr afkomusveiflum, ná áætlaðri framlegð og rekstrarhagnaði og verja sjóðstreymi félagsins. Viðmið stjórnenda er að verja allt að 40% af áætlaðri olíunotkun. Ekki er þó hægt að útiloka að félagið kunni að verða fyrir tjóni vegna ofangreinds sem getur haft neikvæð áhrif á rekstur félagsins.

1.3.7 COVID-19 faraldurinn

COVID-19-faraldurinn hefur haft viðtæk áhrif á efnahagslíf á Íslandi og erlendis og ekki er fyrir séð hvenær þau áhrif fjara út. Áhrifin á mörkuðum Síldarvinnslunnar fara að stóru leyti eftir þeim samkomutakmörkunum og sóttvarnarreglum sem í gildi eru á hverjum stað og hverjum tíma og hvenær þeim verður endanlega aflétt. Breytingar hafa orðið á mörkuðum víða um heim, með breyttu neyslumynstri neytenda á matvöru og margvíslegum efnahagslegum áhrifum. Til að mynda hafa veitingahús og mótuneyti á lykilmörkuðum samstæðunnar ýmist verið lokað eða með skerta starfsemi og söluleiðir því aðrar en áður. Þannig hefur neysla á fiski á hótélum og veitingastöðum dregist verulega saman en að einhverju leyti aukist í smásölu. Flutningaleiðir, ekki síst í lofti, en einnig á sjó, hafa raskast og kostnaður aukist og einnig hefur framleiðslusamsetning breyst vegna framangreindra þátta.

Félagið fylgir sóttvarnarreglum og tilmælum sóttvarnarlæknis hverju sinni og hefur félagið sett sér reglur varðandi umgengni og aðskilnað starfsfólks til að draga sem mest úr líkum á því að upp komi smit meðal starfsmanna. Sú áhætta er þó fyrir hendi að starfsfólk, bæði á sjó og landi, veikist af COVID-19-veirunni. Slíkt gæti dregið verulega úr veiðum og vinnslu og í verstu tilvikum stöðvað starfsemi félagsins til skamms tíma. Einnig gætu settar sóttvarnarreglur á hverjum tíma haft áhrif á starfsemina. Slík tilvik geta skaðað rekstur og afkomu félagsins.

1.3.8 Fasteignir og staðsetning

Félagið á sjálft með beinum hætti eða í gegnum dótturfélög flestar þær fasteignir sem hýsa kjarnastarfsemi félagsins. Félagið ber þannig takmarkaða áhættu af því að geta ekki tryggt sér hentugt húsnæði undir starfsemi sína á hentugum svæðum og á sanngjörnum kjörum.

Félagið ber ábyrgð á að viðhald og/eða endurnýjun eigin húsnæðis sé fullnægjandi fyrir rekstur þess. Ef slíkum framkvæmdum er ekki sinnt sem skyldi eða ef gjaldfærsla og eignfærsla slíkra

framkvæmda rúmast ekki innan áætlana félagsins eða félagið nær ekki að afla nauðsynlegs fjármagns vegna fjárfestinganna, getur það haft neikvæðar fjárhagslegar afleiðingar fyrir félagið, hvort heldur sem lítið er til mistaka í áætlanagerð, kvaða opinberra aðila, þarfa eða væntinga viðskiptavina og starfsmanna. Sjá nánar kafla 3.6.7, „Fasteignir og skip Síldarvinnslunnar.“

Fasteignagjöld og lóðarleiga renna til sveitarfélaga eða annarra lóðarhafa sem ákveða álagningu þeirra og annast innheimtu. Fasteignamat, lóðarleiga, fasteignagjöld og önnur opinber gjöld geta tekið breytingum á hverju ári. Verði breytingar í aðferðum við álagningu fasteignagjalda eigna getur það haft í för með sér breytingar á fasteignamati sem eiga sér ekki beina hliðsjón af markaðsaðstæðum til skemmri tíma. Breyting opinberra gjalda og skatta getur haft áhrif á afkomu félagsins.

Ýmis umhverfisáhrif, s.s. snjóflóð, skriður, flóð, eldgos og jarðskjálftar, geta haft áhrif á möguleika útgefanda til að nota fasteignir sínar með þeim afleiðingum að fasteignirnar eru ótekjuberandi um óákveðinn tíma. Slík staða getur haft neikvæð áhrif á tekjur og afkomu félagsins. Sjá nánar í kafla 1.3.12, „Náttúruhamfarir“.

1.3.9 Skipastóll

Síldarvinnslan gerir út þrjú uppsjávarveiðiskip og fimm bolfiskveiðiskip.²³ Markvisst hefur verið ráðist í fjárfestingar í skipum til þess að auka gæði, nýtingu og verðmæti sjávarafurða auk þess að draga úr kolefnisspori við veiðar. Skip félagsins eru á mismunandi aldri og ástandi. Félagið ber ábyrgð á að viðhald og/eða endurnýjun skipastólsins sé fullnægjandi fyrir rekstur þess. Ef slíkum framkvæmdum er ekki sinnt sem skyldi eða ef gjaldfærsla og eignfærsla slíkra framkvæmda rúmast ekki innan áætlana félagsins eða félagið nær ekki að afla nauðsynlegs fjármagns vegna fjárfestinganna, getur það haft neikvæðar fjárhagslegar afleiðingar fyrir félagið hvort heldur sem lítið er til mistaka í áætlanagerð, kvaða opinberra aðila, þarfa eða væntinga viðskiptavina og starfsmanna. Nánar er fjallað um skipastól félagsins í kafla 3.6.7, „Fasteignir og skip Síldarvinnslunnar“, og kafla 3.6.2, „Útgerð“. Þrátt fyrir að skipastóll félagsins sé vátryggður er ekki hægt að ábyrgjast að vátryggingar veiti fullkomna vörn gegn tjóni í öllum tilfellum. Ef ekki er hægt að nýta skipastól félagsins í samræmi við áætlanir getur það haft neikvæð áhrif á tekjur og afkomu félagsins.

1.3.10 Tækninýjungar

Mikil þróun hefur verið í tækni við veiðar og vinnslu sjávarafurða í gegnum tíðina. Fiskiðjuver og skipastóll félagsins hafa verið útbúin nauðsynlegum búnaði og tækni til veiða og vinnslu og honum viðhaldið í gegnum árin. Sjá nánar umfjöllun í kafla 4, „Fjárhagsyfirlit 1. janúar 2018-31. desember 2020.“ Ekki er þó hægt að útiloka að ný tækni eða kröfur komi síðar fram sem geri núverandi búnað úreltan og krefjist þar með fjárfestingar í nýjum búnaði eða tækni.

²³ Síldarvinnslan hf. gerir út þrjú uppsjávarfiskveiðiskip (Beiti NK 123, Bórk NK 122 og Bjarna Ólafsson AK 70) og fimm bolfiskveiðiskip (Blæng NK 125, Gullver NS 12, Bergey VE 144, Vestmannaey VE 54, og Berg VE 44). Bergur-Huginn ehf. (100% í eigu Síldarvinnslunnar) gerir út bolfiskveiðiskipin Bergey, Vestmannaey og Berg og Runólfur Hallfreðsson ehf. (100% í eigu Síldarvinnslunnar) gerir út uppsjávarfiskveiðiskipið Bjarna Ólafsson. Nýtt uppsjávarskip er í smíðum og áætlað er að það verði tekið í notkun á árinu 2021. Skipið mun fá nafnið Bórkur og leysa af hólmi eldra skip sem hefur verið í eigu félagsins frá árinu 2014.

1.3.11 Náttúruhamfarir

Ýmsir ytri þættir í umhverfinu geta haft áhrif á rekstur og afkomu Síldarvinnslunnar, s.s. skriður, flóð, eldgos og jarðskjálftar. Hætta er á að rýming á starfstöðvum félagsins gerir þær ótekjuberandi sem getur haft neikvæð áhrif á rekstur og afkomu félagsins. Snjóflóð féll á athafnasvæði félagsins í Neskaupstað árið 1974 og olli verulegu tjóni. Í kjölfarið byggði félagið upp starfsemi á nýju athafnasvæði á öruggari stað. Aurflóð féll nærri athafnasvæði félagsins á Seyðisfirði í lok árs 2020 og er hluti svæðisins innan skilgreinds hættusvæðis. Hætta er á að allt atvinnusvæði félagsins á Seyðisfirði verði metið innan hættusvæðis. Líklegt er að félagið þurfi að bregðast við með einhverjum hætti þegar hættumat liggur fyrir, t.d. með flutningi starfstöðva. Félagið telur þó að það muni ekki hafa neikvæð áhrif á rekstur þess til lengri tíma.

1.3.12 Umhverfisáhætta

Umhverfisáhætta felur m.a. í sér þá hættu að skerða þurfi aflaheimildir tiltekinna fiskistofna sem myndi hafa neikvæð áhrif á afkomu félagsins og að félagið sæti viðurlögum uppfylli það ekki viðmið sem bundin eru í lög tengd umhverfismálum. Fiskveiðistjórnun á Íslandsmiðum byggist á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006. Þau grundvallast á aflamarkskerfi í þeim tegundum sem veiðar eru takmarkaðar á.

Stjórnvöld, í samráði við hagsmunaaðila, vinna að því að tryggja sjálfbæra nýtingu á auðlindinni og er það stefna stjórnvalda að vernda viðkvæm vistkerfi. Fiskistofa ber ábyrgð á framkvæmd laga um stjórn fiskveiða, lögum tengdum fiskveiðistjórnun og reglugerðum. Ákvarðanir eru ávallt teknar á vísindalegum forsendum og er þar byggt á starfi Hafrannsóknastofnunar, sem gefur m.a. ráðgjöf um lokanir á einstökum veiðisvæðum vegna tilvistar viðkvæmra vistkerfa. Oft eru lokanir til skemmri tíma í kringum hrygningu, eða vegna smáfisks á slóðinni. Komi til þess að skerða þurfi aflaheimildir, t.d. vegna ofveiða á tilteknum fiskistofnum, myndi það hafa neikvæð áhrif á afkomu Síldarvinnslunnar. Í því sambandi má benda á að Síldarvinnslan hefur yfir að ráða 18,49% af úthlutuðum fiskveiðiheimildum af loðnu²⁴ en engar heimildir voru gefnar út til loðnuveiða vertíðarnar á árunum 2018/19 og 2019/20. Sjá einnig umfjöllun um deilistofna í kafla 1.3.3, „Fiskimið og deilistofnar“. Skertar veiðiheimildir hafa því neikvæð áhrif á tekjur og afkomu félagsins.

Starfsemi Síldarvinnslunnar er bundin ýmsum lögum er lúta að umhverfismálum og má þar nefna lög nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, lög nr. 20/1972, um bann við losun hættulegra efna í sjó, og lög nr. 44/2002, um geislavarnir. Fyrirtækið hefur að leiðarljósi að hámarka nýtingu á hráefni og orku með sem minnstum umhverfisáhrifum. Þannig hefur svartolíubrennslu skipa félagsins verið skipt út fyrir gasolíu og fiskimjölsværsmiðjur eru í auknum mæli keyrðar með rafmagni í stað olíu. Komi til þess að starfsemi Síldarvinnslunnar uppfylli ekki viðmið sem bundin eru í lög og reglur er varða umhverfismál kann það að hafa neikvæð áhrif á rekstur, orðspor og afkomu félagsins. Enn fremur geta slys á borð við skipsskaða haft í för með sér umhverfismengun, s.s. vegna olíuleka, sem félagið þyrfti að bera kostnað af að hreinsa, auk annarra þátta og þannig haft neikvæð áhrif á rekstur og afkomu félagsins.

²⁴ Á dagsetningu þessarar lýsingar.

1.3.13 Vátryggingar

Síldarvinnslan kaupir allar almennar vátryggingar vegna starfsemi sinnar, s.s. bruna- og húseignatryggingar, húftryggingar fiskiskipa²⁵, afla- og veiðafæratryggingar, nótatryggingar, áhafnartryggingar, farmtryggingar, ábyrgðartryggingar ökutækja, tryggingar vegna lausafjár og birgða, rekstrarstöðvunartryggingar, vátryggingavernd fyrir starfsmenn, almennar ábyrgðartryggingar vegna reksturs með innifalinni ábyrgð vegna bráðamengunar skv. 16. gr. laga nr. 33/2004, um varnir og mengun hafs og stranda, og starfsábyrgðartryggingar vegna stjórnenda Síldarvinnslunnar.

Þrátt fyrir ofangreint er ekki hægt að ábyrgjast að vátryggingar veiti fullkomna vörn gegn tjóni í öllum tilfellum sem ætlun félagsins er að tryggja sig fyrir. Þættir sem hafa áhrif á þetta eru sjálfsábyrgð vátryggingartaka, mögulegar undanþágur frá greiðslu tjónabóta eða takmarkanir á bótaskyldu. Af þessu leiðir að félagið gæti í einhverjum tilfellum sjálft þurft að bera kostnað vegna tjóna þar sem vátryggingarfjárhæð er takmörkuð eða bótaskylda ekki til staðar. Slík atvik geta haft neikvæð áhrif á afkomu félagsins, auk þess sem hækkun iðgjalda getur dregið úr arðsemi félagsins og afkomu félagsins.

Vegna nýlegra aurflóða á Seyðisfirði skal tekið fram að reglur um ofanflóðavarnir gilda ekki um atvinnusvæði, eins gilda rekstrarstöðvunartryggingar ekki þegar um náttúruhamfarir er að ræða.

1.3.14 Stjórnun og starfsmannaáhætta

Framtíðarþróun félagsins veltur á þekkingu, reynslu og einurð stjórnenda þess og annarra lykilstarfsmanna. Innan félagsins er yfirgripsmikil reynsla og þekking á íslenskum sjávarútvegi og erlendum mörkuðum. Það gæti haft neikvæð áhrif á félagið ef einn eða fleiri þessara lykilstarfsmanna hættu störfum, en sérstaklega ef margir þeirra myndu hverfa frá félaginu með stuttu millibili án þess að félagið stýrði þar för. Það er mikilvægt fyrir félagið að geta laðað til sín og haldið í hæft starfsfólk. Félagið leggur áherslu á að bjóða góð starfsskilyrði og samkeppnishæf laun, en ekki er víst að því takist ávallt að laða til sín og/eða halda í þá starfsmenn sem það þarfnast. Ef félagið getur ekki ráðið til sín hæft starfsfólk getur það haft neikvæð áhrif á getu þess til að þróa reksturinn. Ef félagið getur ekki ráðið til sín nýja hæfa starfsmenn getur það haft neikvæð áhrif á getu þess til að þróa reksturinn áfram. Slík staða getur haft neikvæð áhrif á afkomu félagsins.

1.3.15 Stefnumótunaráhætta

Stefnumótunaráhætta er hættan á að viðskiptalegar ákvarðanir, framkvæmd þeirra eða skortur á viðbrögðum við breytingum í rekstrarumhverfi leiði til rekstrartaps eða lakari fjárhagsstöðu. Viðskiptastefna félagsins mótast af skilgreindu hlutverki og markmiðum. Hætta er á að félaginu takist ekki að framkvæma yfirlýsta stefnu sína til hlítar, annað hvort vegna eigin mistaka eða vegna þess að reksturinn er næmur fyrir sveiflum gjaldmiðla, breytingum á heimsmarkaðsverði olíu og sveiflum í efnahagslífi viðskiptalanda sem hafa áhrif á eftirspurn og verð afurða. Ef viðskiptastefna félagsins reynist röng eða er ekki komið á framfæri með skilvirkum hætti er hætta á að reksturinn bíði skaða af.

²⁵ Húftrygging bætir hvers konar altjón eða skemmdir sem kunna að verða á skipi. Sjá nánar: <https://www.sjova.is/fyirtaeki/sjotryggingar/huftryggingar-skipa/>

1.3.16 Áhætta vegna áætlana

Félagið gerir áætlanir með reglubundnum hætti, s.s. rekstrarspá. Félagið tekur viðskiptalegar ákvarðanir sem oft á tíðum eru byggðar á áætlunum og spám sem gerðar hafa verið. Áætlanagerð félagsins byggir á fjölda forsendna, t.a.m. úthlutuðum veiðiheimum. Félagið getur enga tryggingu veitt fyrir því að þær forsendur sem áætlanir byggja á verði að veruleika, og óvæntir atburðir kunna að hafa áhrif á afkomu félagsins á hverjum tíma, óháð því hvort þær forsendur sem liggja til grundvallar slíkum áætlunum standist að öðru leyti. Miklar sveiflur hafa t.d. verið á úthlutun loðnuheimilda síðastliðin ár og engin úthlutun síðustu tvö ár. Sala loðnuafurða skiptir Síldarvinnsluna verulegu máli og því eru áætlanir endurskoðaðar eftir hverja loðnuvertíð. Raunverulegar niðurstöður kunna því að vera frábrugðnar áætlunum félagsins.

1.3.17 Orðsporsáhætta

Orðsporsáhætta er áhætta vegna þess skaða sem laskað orðspor útgefanda hjá neytendum, mótaðilum, starfsmönnum, hluthöfum og stjórnvöldum getur valdið félaginu. Hættan er sú að félagið verði fyrir tekjumissi vegna neikvæðrar umfjöllunar um viðskiptahætti þess eða aðila sem tengdir eru félaginu. Síldarvinnslan hefur t.d. keypt útgerðir og vinnslu staðsettar í öðrum sveitarfélögum. Flutningur á starfsemi eftir slík viðskipti getur skaðað orðspor félagsins. Jafnframt geta flutningar á starfsemi innan samstæðunnar haft neikvæð áhrif á orðspor félagsins.

Einnig getur neikvæð umfjöllun komið upp ef félaginu verða á mistök í rekstri eða ef félagið eða aðili tengdur félaginu er sakaður um eða dæmdur fyrir athæfi sem samrýmist ekki lögum. Ef orðspor eða trúverðugleiki félagsins bíður tjón vegna opinberrar eða almennrar umræðu getur það skert möguleika þess til tekjuöflunar og haft neikvæð áhrif á fjárhagslega afkomu þess.

Mikilvægt er að gæði vara félagsins undir vörumerkjum þess séu fullnægjandi og er það nauðsynlegt til að viðhalda trausti viðskiptavina. Til að tryggja sem mest gæði framleiðsluvara félagsins styðst félagið við viðurkennda framleiðslustaðla og vottuð gæðastjórnunnarkerfi. Nánar er fjallað um það í kafla 3.6.8, „Gæðakerfi og Vottanir“. Ef félagið bregst trausti viðskiptavina gæti það haft áhrif á stærð viðskiptavinahópsins og þar með fjárhagslega afkomu.

1.3.18 Reikningsskilaaðferðir og mat á eignum

Ársreikningar og árshlutauppgjör félagsins eru frá og með árinu 2020 útbúin í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (International Financial Reporting Standards, (IFRS)) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Reikningsskilastaðlarnir eru í stöðugri endurskoðun. Gerð reikninganna krefst þess að notað sé tiltekið reikningshaldslegt mat. Einnig er gerð sú krafa til stjórnenda að þeir leggi mat á ákveðin atriði og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Breytingar á IFRS eða túlkunum á þeim geta haft áhrif á niðurstöðu ársreikninga og árshlutareikninga félagsins.

Samstæðuársreikningur Síldarvinnslunnar fyrir reikningsskilaárið sem lauk 31. desember 2020 er sá fyrsti sem félagið hefur samið í samræmi við alþjóðlegu reikningsskilastaðlana IFRS. Fyrri ársreikningar voru gerðir samkvæmt lögum nr. 3/2006, um ársreikninga. Til samræmis við það hefur félagið útbúið ársreikninga sem eru í samræmi við IFRS sem gilda fyrir reikningsárið 2020 ásamt samanburðartölum fyrir reikningsárið 2019. Ársreikningur fyrir

reikningsárið 2018 er gerður samkvæmt lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Nánar er fjallað um áhrif breytinga á reikningsskilaaðferð á rekstur Síldarvinnslunnar í kafla 4, „Fjárhagsyfirlit 1. janúar 2018 - 31. desember 2020“, og í samstæðuársreikningi Síldarvinnslunnar 2020 sem finna má í kafla 2.3, „Skjöl felld inn með tilvísun.“

1.3.19 Stjórnsýslu-, dóms- og gerðardómsmál

Félagið hefur ekki verið aðili að stjórnsýslu-, dóms- eða gerðardómsmálum sem kunna að hafa eða hafa nýlega haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu félagsins eða arðsemi þess undanfarna tólf mánuði. Félaginu er enn fremur ekki kunnugt um að slík mál séu í farvatninu. Yfirlýsing þessi miðast við birtingu útgefandalyisingu þessarar.

1.4 Áhættustýring félagsins og innra eftirlit

Endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með áhættustýringu samstæðunnar. Markmið samstæðunnar með áhættustýringu er að uppgötva, skilgreina og greina áhættu sem hún býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Aðferðir við áhættustýringu eru yfirfarnar reglulega til að endurspeglar breytingar á markaðsaðstæðum og starfsemi samstæðunnar. Það getur haft neikvæð áhrif á félagið ef eftirlit og öryggisráðstafanir reynast ófullnægjandi.

1.5 Fjárhagsleg áhætta

Starfsemi Síldarvinnslunnar hefur í för með sér margvíslega fjárhagslega áhættu, s.s. breytingar á gengi erlendra gjaldmiðla, vaxtabreytingar, áhættu vegna lánsviðskipta og lausafjárahættu. Fyrirgreindir þættir geta haft áhrif á afkomu félagsins og virði þess. Áhættustýring Síldarvinnslunnar miðar m.a. að því að greina, meta og stýra þessum áhættupáttum. Fjármálastjóri fer með hlutverk áhættustýringar í samstarfi við forstjóra.

1.5.1 Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsgengi erlendra gjaldmiðla og vöxtum hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjárfestinga hennar í fjármálagerningum. Önnur markaðsáhætta er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í skuldabréfum og eignarhlutum eru óverulegur hluti af starfsemi félagsins. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu.

1.5.1.1 Gjaldeyris- og uppgjörsáhætta

Stærsti fjárhagslegi áhættupáttur samstæðunnar er gjaldmiðlaáhætta, en öll viðskipti félagsins í öðrum gjaldmiðlum en starfrækslugjaldmiðli mynda gjaldmiðlaáhættu. Gengisbreytingar kunna að hafa áhrif á arðsemi félagsins þar sem tekjur og skuldir félagsins eru í mismunandi myntum. Hætta er á því að breytingar á gengi gjaldmiðla hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjárfestinga hennar í fjármálagerningum.

Samstæðan býr við gengisáhættu vegna sölu afurða, rekstrarkostnaðar og lántöku í öðrum gjaldmiðlum en starfrækslugjaldmiðli einstakra félaga innan samstæðunnar. Helstu gjaldmiðlar sem skapa gengisáhættu gagnvart starfrækslugjaldmiðli eru íslensk króna (ISK), evra (EUR) og norsk króna (NOK). Starfrækslumynt félagsins er Bandaríkjadollar (USD) og er uppgjör sett fram í þeirri mynt. Heimsmarkaðsverð á mjöli og lýsi ræðst í USD, einnig er olíukostnaður í USD.

Lántaka samstæðunnar í öðrum gjaldmiðlum en USD myndar gengisáhættu sem er að hluta til í varin með sjóðstreymi samstæðunnar. Framvirkir samningar með gjaldmiðla eru notaðir til að verjast gengisáhættu. Nánari upplýsingar um bókfærð verð eigna og skulda sem háðar eru gengisáhættu má finna í kafla 4.3.5 „Bókfært verðeigna og skulda sem háðar eru gengisáhættu.“

Uppgjörsáhætta felst í þeim eignum og skuldum félagsins sem bókfærðar eru í öðrum gjaldmiðlum en starfrækslugjaldmiðli og erlendum gjaldmiðlum og endurspeglast í gengisliðum í rekstrarreikningi. Uppgjörsáhætta félagsins er til komin vegna þess að uppgjörsmýnt félagsins er USD, en hluti af rekstrarkostnaði er í íslenskum krónum og hluti viðskiptakrafna, stærsti hluti viðskiptaskulda, auk hluta handbærs fjár er í öðrum erlendum mýntum og því myndast gengishagnaður eða gengistap og færast meðal fjármagnsliða í fjárhagsuppgjöri félagsins. Birgðir félagsins eru bókaðar í þeim gjaldmiðlum sem þær eru seldar í og hafa því áhrif á uppgjörshættu.

Stærsti hluti gjalda er hráefniskostnaður²⁶, næst hæsti kostnaðarliðurinn er launakostnaður í ISK, þriðji hæsti gjaldaliðurinn er kaup á olíu í USD. Sú mýnt sem mest áhrif hefur á gengismun félagsins er USD. Yfir 60 % af tekjum félagsins myndaðist í USD og NOK á síðasta ári, en sala í NOK er einkum sala á mjöli. Heimsmarkaðsverð á mjöli myndast í Suður-Ameríku og tekur mið af gengi USD á hverjum tíma.

Gjaldmiðlaskiptasamningar eru notaðir til að verjast gengisáhættu félagsins að hluta. Þó er hættu á að slíkir samningar dugi ekki til að verjast allri gengisáhættu félagsins. Markmið með stýringu gjaldmiðlaáhættu er að draga úr áhættu og tryggja ábata af væntu tekjustreymi. Miklar sveiflur í fyrrgreindum gjaldmiðlum geta haft veruleg áhrif á afkomu félagsins.

1.5.1.2 Vaxta- og fjármögnunaráhætta

Vaxtaáhætta felst í því þegar vextir á eignum og skuldum breytast ekki á sama tíma. Gengishreyfingar, verðbólga og verðbólguvæntingar kunna að hafa áhrif á vaxtastig og þar með fjármagnsliði félagsins. Félagið býr við vaxtaáhættu vegna vaxtagreiðslna af skuldum og vaxtaberandi eignum. Vaxtaform skulda og eigna félagsins eru breytilegir vextir og fastir vextir í mismunandi mýntum. Greiðsluáhætta vegna vaxta er þríþætt, gengisáhætta, verðbólguáhætta og áhætta af hækkun breytilegra vaxta. Langtímaskuldir Sildarvinnslunnar bera blöndu af föstum og breytilegum vöxtum. Fastir vextir eru yfirleitt hærri en breytilegir vextir og því þarf að greiða meira fyrir stöðugleika á afborgun lána. Langtímaskuldir í lok árs 2020 námu samtals 88.023 þús. USD og koma þannig fram í efnahagsreikningi.

Tafla 1.5.1.2: Langtímaskuldir²⁷

Upphæðir í þús. USD	2020	2019
Afborganir ársins færðar meðal skammtímaskulda	54.648	56.011
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar	33.375	52.769
Samtals	88.023	108.780

Samstæðan hefur gert vaxtaskiptasamninga til að verja sig gegn breytilegum vöxtum langtímalána. Vörnin nær ekki til allra breytilegra vaxta en stefna félagsins er að verja allt að

²⁶ Fiskafli skipa félagsins og annar fiskafli sem keyptur er til vinnslu.

²⁷ Upplýsingar fyrir árið 2020 eru fengnar úr endurskoðuðum ársreikningi 2020 skv. IFRS og óendurskoðuðum samanburðar tölum 2019 skv. IFRS.

helmingi breytileikans. Sjá nánar í endurskoðuðum samstæðureikning félagsins í kafla 2.3, „Skjöl felld inn með tilvísun.“

Þegar endurskoðunartími fastvaxtalána félagsins nálgast getur félagið séð hvort greiðslubyrði hækki og þar með gripið til ráðstafana. Áhætta varðandi endurfjármögnun er alltaf til staðar hjá félögum sem eru fjármögnuð með lántöku. Bæði er til staðar hættan á því að félagið nái ekki að fjármagna sig á sambærilegum eða betri kjörum og áður og einnig er hættan á því að félaginu takist ekki að endurfjármagna lán sín fyrir gjalddaga eða semja um áframhaldandi fjármögnun og geti því mögulega ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar.

1.5.1.3 Verðbólguáhætta

Verðbólga á Íslandi getur valdið hækkunum á ýmsum innlendum rekstrarkostnaði félagsins, auk þess sem verðbólga eykur þrýsting á launahækkunir. Meirihluti tekna félagsins og stórir kostnaðarliðir, svo sem olía, eru aftur á móti háð verði á erlendum mörkuðum.

1.5.2 Lánsáhætta (mótaðilaáhætta)

Lánsáhætta er hættan á að félagið verði fyrir fjárhagslegu tapi ef viðskiptamaður eða mótaðili í viðskiptum getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar. Lánsáhætta félagsins er einkum vegna viðskiptakrafna og ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Félagið fylgist með innheimtu viðskiptakrafna með reglubundnum hætti og eru kröfurnar færðar niður ef talið er að þær muni ekki innheimtast að fullu eftir hefðbundnar innheimtuaðgerðir. Mesta mögulega tap samstæðunnar vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi í árslok:

Tafla 1.5.2a: Yfirlit viðskipta- og annarra skammtímakrafna²⁸

Kröfur í þús. USD	2020	2019	2018
Viðskipta-, skammtímakröfur og skuldabréfaeign	9.637	19.676	19.125
Kröfur á tengda aðila	26.128	22.892	14.529
Handbært fé	90.119	48.633	43.561
Samtals	125.884	91.201	77.215

Greining viðskiptakrafna er birt í skýringu nr. 14 í samstæðureikningi félagsins fyrir árið 2020. Ekki er um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast, og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Tafla 1.5.2b: Skipting viðskiptakrafna eftir landsvæðum

Kröfur í þús. USD	2020	2019	2018
Innlendar viðskiptakröfur	2.886	3.586	3.193
Erlendar viðskiptakröfur	5.088	11.640	13.956
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	-559	-688	-521
Samtals	7.416	14.538	16.628

²⁸ Upplýsingar fyrir árið 2020 eru fengnar úr endurskoðuðum ársreikningi 2020 skv. IFRS og óendurskoðuðum samanburðar tölum 2019 skv. IFRS. Upplýsingar fyrir árið 2018 eru fengnar úr endurskoðuðu uppgjöri félagsins í sem er í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006.

Ef ekki er unnt að fá greiðslufallstryggingu hjá viðskiptavinum er leitast við að stýra upphæðum og magni í afhendingu til að draga úr áhættu. Stærsti einstaki viðskiptavinur félagsins er með 5-10% af heildarsölu félagsins. Til staðar eru greiðslufallstrygging í tilvikum stærstu einstöku kaupenda í mjöl og lýsi, en ekki er til staðar greiðslufallstrygging gagnvart stærstu viðskiptavinum félagsins í frosnum uppsjávarfiski, sem eru að stórum hluta staðsettir í Austur-Evrópu. Aftur á móti byggja viðskipti milli aðila á áralöngu viðskiptasambandi. Á árinu 2020 voru 62% af tekjum af uppsjávarafurðum félagsins vegna sölu til fimm stærstu viðskiptamanna þess á meðan fimm stærstu kaupendur á ferskum bolfiski standa undir 80% af sölunni. Standi mótaðili eða mótaðilar félagsins ekki við skuldbindingar sínar og ef stór hluti viðskiptakrafna tapast hjá félaginu getur það haft veruleg áhrif á rekstur og afkomu félagsins hætti stærstu viðskiptavinir þess viðskiptum við félagið.

1.5.3 Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Félagið hefur það að markmiði að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla.

Eftirfarandi er yfirlit sýnir fjárskuldir samstæðunnar annarra en afleiðuskulda og ónúvirt framtíðar sjóðflæði vegna þeirra skulda. Fjárflæði miðast við kjör lánasamninga í árslok

Tafla 1.5.3: Fjárskuldir samstæðunnar annarra en afleiðuskulda og ónúvirt framtíðar sjóðflæði vegna þeirra skulda ²⁹

Upphæðir í þús. USD	Bókfært verð	Umsamið sjóðstreymi	Innan 1 árs	1-2 árs	2-5 ár	Meira en 5 ár
Árið 2020						
Óverðtryggð lán 1,6%	88.023	90.372	55.614	19.462	5.315	9.981
Skammtímaskuldir við lánastofn. 2,74%	27.913	28.296	28.296	0	0	0
Viðskiptaskuldir	7.335	7.335	7.335	0	0	0
Aðrar skammtímaskuldir	4.502	4.502	4.502	0	0	0
Skuldir við tengd félög	651	651	651	0	0	0
	128.425	131.156	96.398	19.462	5.315	9.981
Árið 2019						
Óverðtryggð lán 1,76%	108.780	111.083	91.083	38.369	53.908	36.139
Viðskiptaskuldir	5.244	5.244	5.244	0	0	0

²⁹ Upplýsingar eru fengnar úr endurskoðuðum samstæðureikningi Síldarvinnslunnar. Fjánhæðir fyrir árið 2020 eru endurskoðaðar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla en fjánhæðir fyrir árið 2019 eru óendurskoðaðar samanburðartölur úr ársreikningi 2020.

Aðrar skammtímaskuldir	4.986	4.986	4.986	0	0	0
Skuldir við tengd félög	802	802	802	0	0	0
	119.811	122.114	102.114	38.369	53.908	36.139

Handbært fé í árslok 2020 nam 90 milljónum USD, og hefur samstæðan möguleika á skammtímalánalínunum ef þörf er á. Samstæðan leitast við að eiga nægt fé til þess að standa straum af afborgunum lána. Minnki aðgangur félagsins að lausafé getur það haft neikvæð áhrif á sjóðstreymi og afkomu og þar með getu félagsins til að standa við skuldbindingar sínar.

1.6 Áhætta vegna uppbyggingar á eignarhaldi

Nafnverð útgefins hlutafjár nemur 1.700.000.000 kr. en þar af á félagið sjálft 15.726.880 kr. Á dagsetningu lýsingar eru 280 hluthafar í félaginu. Vægi hluthafa, þegar mál eru borin undir atkvæði hluthafa, er í beinu hlutfalli við eignarhlut þeirra. Ekki eru áform um hækkun hlutafjár og eru því hlutir til sölu í fyrirhuguðu útboði áður útgefni hlutir í eigu núverandi hluthafa.

Markmið með útboðinu er að auka dreifingu hlutafjár, fá virkari verðmyndun með hlutabréf útgefin af félaginu og gera upplýsingar um félagið aðgengilegar fyrir hluthafa félagsins, viðskiptavini og allan almenning.

Stærsti hluthafi félagsins er Samherji hf., kt. 610297- 3079, Glerárgötu 30, 600 Akureyri (hér eftir „**Samherji hf.**“). Samherji hf. á 44,64% hlut í félaginu, sem samsvarar 45,06% atkvæðisréttar og fer því með 30% atkvæðisréttar eða meira, sem eru skilgreind mörk yferráða í félagi samkvæmt X. kafla laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti. Í fyrirhuguðu almennu útboði á 26,33% - 29,33% á áður útgefnum hlutum í Síldarvinnslunni, sem lýst er í verðbréfalýsingu dagsettri 3. maí 2021, áformar Samherji hf. að selja sem nemur 12% af útgefnum hlutum í Síldarvinnslunni. Að öllu óbreyttu gerir Samherji hf. ráð fyrir því að eiga um 32,64% hlut í félaginu að útboði loknu sem er yfir fyrrgreindum skilgreindum mörkum um yferráð.

Kjálkanes ehf., kt. 461115-0710, Hafnargötu 6, 610 Grenivík (hér eftir „**Kjálkanes ehf.**“) er annar stærsti hluthafi Síldarvinnslunnar með 34,23% hlut, sem samsvarar 34,55% atkvæðisréttar og fer því með 30% atkvæðisréttar eða meira sem eru skilgreind mörk yferráða í félagi, samkvæmt X. kafla laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti. Kjálkanes ehf. áformar að selja sem nemur 12% af útgefnum hlutum í Síldarvinnslunni, en áskilur sér rétt til að auka það í 15%. Að útboðinu loknu gerir Kjálkanes ehf. því að öðru óbreyttu ráð fyrir að fara með 19,23% - 22,23% hlut í Síldarvinnslunni sem er undir fyrrgreindum mörkum um yferráð.

Þriðji stærsti hluthafinn er Samvinnufélag útgerðarmanna í Neskaupstað, kt. 550269-0319, Hafnarbraut 6, 740 Neskaupstað (hér eftir „**SÚN**“), með 10,97% eignarhlut, eða 11,07% atkvæðisréttar. Engin áform eru hjá SÚN um sölu á eignarhluti sínum í Síldarvinnslunni í fyrirhuguðu útboði.

Fjórði stærsti hluthafi er Eignarhaldsfélagið Snæfugl ehf., kt. 670209-0320, Heiðarvegi 33, 730 Reyðarfirði (hér eftir „**Snæfugl ehf.**“), með 5,29% hlut, sem samsvarar 5,34% atkvæðisréttar. Snæfugl ehf. áformar að selja sem nemur 1% af útgefnum hlutum í fyrirhuguðu útboði. Að öllu óbreyttu gerir Snæfugl ehf. ráð fyrir því að eiga um 4,29% eignarhlut í

Síldarvinnslunni að útboði loknu sem er undir neðstu mörkum um flöggunarskyldu skv. lögum nr. 108/2007, um verðbréfiðskipti.

Aðrir hluthafar fara með undir 5% af beinum eignarhlut í Síldarvinnslunni sem eru neðstu mörk flöggunarskyldu skv. lögum nr. 108/2007, um verðbréfiðskipti. Sjá nánar umfjöllun í kafla 6.1, „Hluthafar.“

Samkvæmt 100. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfiðskipti, er kveðið á um skyldu aðila sem náð hafa beint eða óbeint yfirráðum í félagi, þar sem flokkur verðbréfa hefur verið tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, til að gera öðrum hluthöfum félagsins yfirtökutilboð. Með yfirráðum er átt við að aðili og þeir sem hann er í samstarfi við: 1) hafi samanlagt eignast a.m.k. 30% atkvæðisréttar í félaginu; 2) hafi á grundvelli sammings við aðra hluthafa rétt til að ráða yfir sem nemur a.m.k. 30% atkvæða í félaginu; eða 3) hafi öðlast rétt til þess að tilnefna eða setja af meirihluta stjórnar í félaginu. Samkvæmt 7. mgr. 100 gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfiðskipti, eru aðilar sem fara með yfirráð í félagi þegar verðbréf þess eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði undanþegnir þeirri skyldu að gera öðrum hluthöfum félagsins yfirtökutilboð, en sú undanþága gildir þó ekki ef viðkomandi aðilar missa yfirráðin en ná þeim að nýju. Samsetning eigendahóps félagsins getur falið í sér áhættu fyrir fjárfesta og hafa ber í huga að eignarhald félagsins getur breyst bæði hratt og án fyrirvara. Stærstu hluthafar útgefanda gætu, miðað við eignarhald sitt, tekið sig saman um að hafa veruleg áhrif á mál sem borin eru undir atkvæði hluthafafundar. Þeir hafa einnig vald til að koma í veg fyrir breytingu á yfirráðum og gætu gripið til aðgerða sem gætu haft veruleg neikvæð áhrif á verðmæti hlutabréfa í útgefanda. Þetta á bæði við um eignarhald útgefanda samkvæmt núverandi hlutaskrá og eignarhald eftir breytingar sem eru fyrirhugaðar vegna útboðsins.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um neinar söluhömlur eða söluskyldu á hlutum í Síldarvinnslunni eftir að útboði lýkur, eða hvort seljendur í útboðinu hafi frekari áform um breytingar á eignarhlutum sínum.

Hagsmunir minnihlutaeigenda eru varðir samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög nr. 2/1995, auk ákvæða X. kafla laga nr. 108/2007, um verðbréfiðskipti, frá þeim tíma að hlutabréf félagsins eru tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf.

Samkvæmt lögum nr. 34/1991 um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri er fortakslaust bann við beinni fjárfestingu erlendra aðila í Síldarvinnslunni. Þá er fjárfesting íslenskra aðila sem að hluta til eru í eigu erlendra aðila jafnframt takmörkuð. Erlendir aðilar mega þannig eiga að hámarki 25% hlutafjár í hluthafa félagsins en að hámarki 33% ef eignarhlutur hluthafans er minni en 5%, sbr. 1. tl. 1. mgr. 4. gr. laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri nr. 34/1991. Stjórnendum félagsins ber skylda til að tilkynna viðeigandi ráðuneyti ef þeir telja að farið sé gegn ákvæðinu. Ef stjórnendur félagsins tilkynna slíkt ekki til viðeigandi ráðuneytis í samræmi við fyrrgreind lög getur það varðað sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, skv. 14. gr. laga nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Fyrrgreindar takmarkanir í íslenskri löggjöf á eignarhaldi erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegi, geta mögulega dregið úr seljanleika hlutabréfa í útgefanda þar sem mengi mögulegra kaupenda er þar með takmarkaðra en hlutabréfa útgefanda sem ekki falla undir slíkar kvaðir.

2 Tilkynning til fjárfesta

Útgefandalýsing þessi, 3. maí 2021, inniheldur þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fjárfestum til að þeir geti metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda á þeim degi sem hún er dagsett. Leitast hefur verið við að setja upplýsingarnar fram á skýran og greinargóðan hátt. Útgefandalýsing þessi er hluti af lýsingu Síldarvinnslunnar sem samanstendur af þremur skjölum (i) útgefandalýsingu þessari, (ii) verðbréfalýsingu sem varðar hlutabréf útgefin af Síldarvinnslunni vegna almenns útboðs á áður útgefnum hlutum í Síldarvinnslunni og umsókn um að hlutabréf í Síldarvinnslunni verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland, svo og (iii) samantekt. Útgefandalýsingin hefur verið yfirfarin og staðfest af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands (hér eftir „**Fjármálaeftirlitið**“), sem er lögbært yfirvald samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 2017/1129³⁰. Fjármálaeftirlitið staðfestir einungis útgefandalýsinguna í þeim skilningi að hún uppfylli þær kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm því sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1129, og ekki ber að líta á slíka staðfestingu sem stuðning við útgefandann sem útgefandalýsingin varðar. Lýsingin fylgir ákvæðum um upplýsingagjöf í lýsingum skv. viðaukum 1 og 11 við framselda reglugerð (ESB) nr. 2019/980. Útgefandalýsingin uppfyllir ákvæði 1. viðauka í framseldri reglugerð (ESB) nr. 2019/980, sem varðar lágmarkskröfur um upplýsingar sem koma eiga fram í útgefandalýsingu fyrir hluti. Jafnframt er lýsingin útbúin með hliðsjón af reglum fyrir útgefendur hlutabréfa, sem gefnar voru út af Nasdaq Iceland, 1. febrúar 2021 (e. „*Nordic Main Market Rulebook for Issuers of Shares*“).

Fjárfestar skulu meta sjálfir hvort þeim henti að fjárfesta í verðbréfunum. Útgefandalýsingin er á íslensku, birt á Íslandi og hana má nálgast á vef útgefanda, <https://svn.is/fjarfestar//>. Fjárfestar geta óskað eftir útprentuðu eintaki sér að kostnaðarlausu hjá Síldarvinnslunni og nálgast hana á skrifstofu félagsins.

Eftir birtingu lýsingar er fjárfestum ráðlagt að kynna sér allar opinberar upplýsingar sem gefnar eru út af Síldarvinnslunni eða varða félagið og viðkomandi verðbréf. Upplýsingar í útgefandalýsingu þessari eru byggðar á aðstæðum og staðreyndum á þeim degi sem hún er dagsett og geta breyst frá því að skjölin eru staðfest af Fjármálaeftirlitinu og þar til fyrirhuguð viðskipti geta hafist með verðbréf á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Ef mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni er varðar upplýsingar í útgefandalýsingu þessari eða öðrum skjölum sem tilheyra lýsingu útgefanda sem máli geta skipt við mat á verðbréfum koma fram á þessu tímabili þá skal útbúa og birta viðauka við lýsingu í samræmi við ákvæði laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Viðaukinn skal staðfestur innan fimm virkra daga og birtur á sama hátt og upprunaleg lýsing. Í samræmi við ákvæði fyrrnefndra laga nr. 14/2020 og 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 skulu fjárfestar sem þegar hafa samþykkt að kaupa eða skrá sig fyrir fjármálagerningum sem viðkomandi lýsing varðar, áður en viðaukinn er birtur, eiga rétt á að falla frá fyrrgreindu samþykki að lágmarki í tvo virka daga frá birtingu viðaukans.

Stjórn útgefandans telur að félagið uppfylli öll skilyrði fyrir töku til viðskipta á aðalmarkað Nasdaq Iceland, utan skilyrða er varða hlutafjárdreifingu sem kveða á um að félög hafi a.m.k.

³⁰ Reglugerð (ESB) 2017/1129 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboðið eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB.

500 hluthafa sem hver á hlutabréf að verðmæti u.þ.b. 100.000 krónur og almennir hluthafar eigi samtals a.m.k. 25% hluta í félaginu.

Fyrirhugað er að uppfylla skilyrði Nasdaq Iceland um hlutfjárdreifingu með almennu útboði á þegar útgefnum hlutum í eigu seljenda, sem lýst er í verðbréfalýsingu útgefanda, dagsettri 3. maí 2021. Það telst almennt útboð til íslenskra fjárfesta í skilningi d liðar 2. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129. Markmið seljenda með útboðinu er annars vegar að það geri Síldarvinnslunni kleift að uppfylla skilyrði Nasdaq Iceland hf. um dreifingu hlutabréfa sem tekin eru til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. og stuðla þannig að auknum seljanleika hlutabréfanna og dreifðara eignarhaldi og hins vegar að gera upplýsingar um félagið aðgengilegar fyrir hluthafa félagsins, viðskiptavini og allan almenning.

Stærð útboðsins nemur 26,3% – 29,3% af útgefnum hlutum. Áskriftartímabil mun standa yfir frá kl. 10:00 mánudaginn 10. maí 2021 til kl. 16:00 miðvikudaginn 12. maí 2021. Gert er ráð fyrir að niðurstöður útboðsins muni liggja fyrir 14. maí 2021 og Nasdaq Iceland hf. mun í kjölfarið birta endanlegt svar við umsókn útgefandans um töku hlutabréfa til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf.

Stjórn Síldarvinnslunnar mun óska eftir að öll útgefin hlutabréf í Síldarvinnslunni verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. Í kjölfar þess að lýsingin hefur verið staðfest af Fjármálaeftirlitinu mun Nasdaq Iceland hf. fara yfir umsóknina og tilkynna opinberlega hvort hún verði samþykkt og þá hvort að verðbréfin verði tekin til viðskipta. Tilkynningin mun einnig greina frá hvenær fyrsti mögulegi viðskiptadagur verði með hlutabréfin á hinum skipulega verðbréfamarkaði en Nasdaq Iceland hf. tilkynnir slíka dagsetningu með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara.

Seljendur áskilja sér rétt til að falla frá útboðinu ef Nasdaq Iceland hf. hafnar umsókn útgefanda um að hlutabréf í Síldarvinnslunni verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. eða samþykkir hana ekki í síðasta lagi 31. maí 2021. Seljendur áskilja sér jafnframt rétt til að fresta útboðinu, framlengja það eða falla frá því hvenær sem er fram að tilkynningu Nasdaq Iceland hf. um að hlutabréf í Síldarvinnslunnar verði tekin til viðskipta, ef einhverjir atburðir eiga sér stað sem seljendur telja gefa tilefni til þess að ætla að markmið seljenda með útboðinu náist ekki, svo sem eitthvað sem varðar útboðið sjálft, útgefandann eða seljendur, neikvæð þróun á efnahagsumhverfi eða verðbréfamarkaði á Íslandi eða erlendis. Ef seljendur taka ákvörðun um að falla frá útboðinu samkvæmt framansögðu munu þar með allar áskriftir fyrir hlutum í útboðinu sem og úthlutanir á grundvelli þeirra dæmast ógildar. Komi til þess að fallið verði frá útboðinu eða útboðstímabilið framlengt verður tilkynnt þar um opinberlega. Komi til þess að útboðinu verði frestað verður birtur viðauki við útgefandalýsingu þessa, í samræmi við 2. mgr. 23 gr. lýsingarreglugerðarinnar, þar sem gerð verður grein fyrir hvenær útboðið hefst að nýju og hvað það mun standa lengi yfir. Jafnframt verða birtar allar mikilvægar nýjar upplýsingar sem komið hafa fram frá staðfestingu útgefandalýsingar þessarar sem máli skipta fyrir mat fjárfesta á hlutabréfum í félaginu.

Þátttaka í útboðinu af hálfu fjárfesta er háð skilyrðum sem m.a. varða markaðssetningu útboðsins og fjárræði. Útboðið er markaðssett á Íslandi og er þátttaka í því heimil öllum þeim einstaklingum og lögaðilum sem hafa bæði íslenska kennitölu og eru fjárráða í skilningi lögræðis laga nr. 97/1997 með þeim takmörkunum sem af lögum kunna að leiða.

Útgefandalýsingu þessari eða önnur skjöl sem tilheyra lýsingu útgefanda, sem dagsett er 3. maí 2021, má ekki undir neinum kringumstæðum skoða eða túlka sem loforð um árangur í

rekstri eða um ávöxtun fjármuna af hálfu útgefanda, seljenda, umsjónaraðila útboðs, söluaðila, umsjónaraðila með töku til viðskipta á Nasdaq Iceland hf. eða annarra aðila. Fjárfestar eru minntir á að kaup á hlutabréfum eru í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggist á væntingum en ekki loforðum og fjárfesting í verðbréfum sem gefin eru út af Síldarvinnslunni eru alfarið á ábyrgð hvers fjárfestis fyrir sig. Fjárfestar eru minntir á að þeir verða fyrst og fremst að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestingar í verðbréfum Síldarvinnslunnar og taka tillit til starfsumhverfis félagsins, hagnaðarvonar, ytri aðstæðna og þeirrar áhættu sem í fjárfestingunni felst. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum, verðbréfafyrirtækjum og sparisjóðum, til aðstoðar við mat á verðbréfum útgefanda sem fjárfestingarkosti. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem fjárfesting í verðbréfum útgefnum af útgefanda kunna að hafa og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.

Útgefandalýsingu þessari eða öðrum skjölum sem eru hluti af lýsingu útgefanda, dagsettri 3.maí 2021 skal ekki dreifa (hvorki senda í pósti né dreifa á annan hátt) til landa þar sem dreifing myndi krefjast viðbótarskráningarferlis eða aðgerða annarra en þeirra sem heyra undir íslensk lög og reglur eða ef slík dreifing greinir á við lög eða reglur viðkomandi landa. Útgefandalýsingu þessari skal þannig meðal annars ekki dreifa á einn eða annan hátt til landa utan Íslands. Útgefandi, seljendur eða umsjónaraðilar eru ekki skaðabótaskyldir vegna dreifingar til þriðja aðila á lýsingunni eða öðrum skjölum sem tilheyra lýsingunni.

Lýsing þessi inniheldur „framsýnar yfirlýsingar“ (e. *Forward Looking Statements*). Þessar framsýnu yfirlýsingar eru byggðar á núverandi áætlunum og væntingum en eru ekki ábyrgð eða trygging fyrir tilteknum árangri í framtíðinni. Þær byggja á ákveðnum væntingum sem eru sanngjarnar við útgáfu framsýnar yfirlýsingar en geta reynst rangar. Þá eru slíkar framsýnar yfirlýsingar háðar ýmsum áhættum og óvissu og fjárfestar ættu ekki að treysta á þessar framsýnu yfirlýsingar. Félaginu sem og ráðgjöfum þess ber engin skylda til endurskoða, staðfesta eða gefa út opinberlega ef breytingar eru gerðar á framsýnum yfirlýsingum til að endurspeglar atburði eða aðstæður sem eiga sér stað eftir útgáfudag þessarar lýsingar.

Frá því að útgefandi óskar eftir því að hlutabréfin verði tekin til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland gilda um útgefandann og hlutabréfin ákvæði laga, reglugerða og reglna um útgefendur verðbréfa og verðbréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, eins og þau eru á hverjum tíma, m.a. lög nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti, og reglugerðir settar á grundvelli laganna, reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja, reglugerð nr. 630/2005, um innherjaupplýsingar og markaðssvik, og reglugerð nr. 707/2008, um upplýsingaskyldu og tilkynningarskyldu. Umsókn útgefanda um töku hlutabréfa til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland telst vera fullgild þegar lýsing staðfest af Fjármálaeftirlitinu hefur verið birt.

2.1 Hugsanlegir hagsmunaárekstrar

Athygli fjárfesta er vakin á hugsanlegum hagsmunaárekstrum aðila sem sitja í stjórn og yfirstjórn Síldarvinnslunnar sem koma fram í kafla 5.2.1.2, „Hagsmunaárekstrar“.

Athygli er beint að þeim hagsmunum sem Landsbankinn hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík, (hér eftir „Landsbankinn“) hefur í tengslum við fyrirhugað almennt útboð á hlutabréfum Síldarvinnslunnar og ósk um að hlutabréf í Síldarvinnslunni verði tekin til viðskipta á Nasdaq Iceland.

- Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hefur umsjón með töku á hlutabréfum í útgefanda til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf., þar með talið umsjón með gerð lýsingar, og fær þóknun frá útgefanda fyrir þá þjónustu.
- Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hefur auk þess umsjón með fyrirhuguðu almennu útboði, þ.m.t. markaðssetningu og sölu, í aðdraganda viðskipta með hluti útgefanda á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. og fær þóknun frá seljendum fyrir þá þjónustu.
- Landsbankinn er lánveitandi Síldarvinnslunnar en fyrirtækjasvið bankans annast þau viðskipti.
- Landsbankinn er viðskiptabanki útgefanda og annast fyrirtækjasvið bankans þau viðskipti. Landsbankinn, sem viðskiptabanki útgefanda, veitir einnig þjónustu á sviði verðbréfavíðskipta, gjaldeyrisviðskipta og afleiðuviðskipta og annast Markaðsvíðskipti bankans þau viðskipti.

Útgefanda og Landsbankanum sem umsjónaraðila er ekki skylt að meta hvort kaup á hlutabréfum sem þessi lýsing tekur til er viðeigandi fyrir fjárfesta og nýtur fjárfestir í slíkum viðskiptum því ekki verndar samkvæmt 16. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti. Útgefandi og Landsbankinn fara fram á það við fjárfesta að þeir kynni sér alla hugsanlega hagsmunaárekstra sem tilgreindir eru í þessari lýsingu. Útdráttur úr stefnu Landsbankans um hagsmunaárekstra, sem settar eru í samræmi við 8. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, er að finna á vefslóðinni <https://www.landsbankinn.is/bankinn/um-bankann/reglur-og-skilmalar/> undir liðnum „Ýmsar reglur og stefnur“.

2.2 Ráðgjafar og umsjón með töku til viðskipta

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hefur umsjón með töku hlutabréfanna til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland. Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hefur unnið að gerð útgefandalýsingar þessarar í samráði við stjórnendur og stjórn útgefandans og er hún byggð á upplýsingum frá útgefanda. Þar á meðal er hún byggð á upplýsingum úr lögfræðilegri, fjárhagslegri og skattalegri áreiðanleikakönnun. Lýsingin er m.a. byggð á endurskoðuðum ársreikningum fyrir fjárhagsárin 2018, 2019 og 2020. Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hefur auk þess umsjón með almennu útboði á hlutum í Síldarvinnslunni hf. sem lýst er í verðbréfalýsingu útgefanda dagsettri 3. maí 2020 og efnt er til í tengslum við töku hlutabréfanna til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland.

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hafði umsjón með gerð áreiðanleikakannana í aðdraganda birtingu þessarar lýsingar, umsóknar útgefanda um töku á hlutabréfunum til viðskipta og í aðdraganda almenns útboðs. Eftirfarandi áreiðanleikakannanir voru framkvæmdar í febrúar 2021 til apríl 2021 og náðu þær til starfsemi félagsins aftur til 1. janúar 2018. Lögfræðileg áreiðanleikakönnun var framkvæmd af LEX ehf., kt. 570297-2289, Borgartúni 26, 105 Reykjavík. Könnunin tók til uppbyggingar félagsins, félagaréttartengdra atriða, regluverks, heimilda og leyfa og samskipta við opinbera aðila, samninga, fasteigna, og lausafjár, leiguréttinda, starfsmannamála, hugverkaréttinda, dómsmála og annars ágreinings, fjármögnunar, auk annarra atriða. Fjárhagsleg og skattaleg áreiðanleikakönnun var framkvæmd af Ernst & Young ehf., kt. 520902-2010, Borgartúni 30, 105 Reykjavík.

2.3 Skjöl felld inn með tilvísun

Eftirfarandi skjöl eru felld með tilvísun inn í lýsinguna og skoðast sem órjúfanlegur hluti af lýsingunni:

- Endurskoðaður samstæðuársreikningur Síldarvinnslunnar hf. 2020, ásamt áritun óháðs endurskoðanda, vefslóð: http://svn.is/skjol/SVN_samstaeduarsreikningur2020.pdf
- Endurskoðaður samstæðuársreikningur Síldarvinnslunnar hf. 2019, ásamt áritun óháðs endurskoðanda, vefslóð: <http://svn.is/skjol/SVN-samstaeduarsreikningur2019.pdf>
- Endurskoðaður samstæðuársreikningur Síldarvinnslunnar hf. 2018, ásamt áritun óháðs endurskoðanda, vefslóð: http://svn.is/skjol/SVN_samstaeduarsreikningur2018.pdf
- Samþykktir Síldarvinnslunnar hf., dagsettar 26. mars 2021, vefslóð <http://svn.is/skjol/SamthyktirSVN-26mars2021.pdf>
- Fjárfestakynning dagsett maí 2021, vefslóð: <https://svn.is/fjarfestar/hlutafjarutbod2021/>

Lýsingu þessa skal lesa í samhengi við öll þau skjöl sem vísað er til með tilvísun. Lýsingu þessa skal lesa og túlka á þeim grundvelli að öll þau skjöl sem vísað er til með tilvísun eru eins og áður segir órjúfanlegur hluti af lýsingu þessari.

Meðan útgefandalýsingin er í gildi er heimilt að skoða skjöl sem vísað er til hér að framan en slíkt aðgengi er veitt í 10 ár með birtingu lýsingar á vef félagsins, <http://svn.is/fjarfestar> og fyrrnefndum vefslóðum.

2.4 Gildistími, aðgengi að lýsingu og skjöl til sýnis

Lýsing útgefanda dagsett 3. maí 2021 samanstendur af þremur skjölum, samantekt, útgefandalýsingu þessari, og verðbréfalýsingu dagsettri 3. maí 2021 og eftir atvikum viðaukum sem kunna að vera gerðir í samræmi við 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Upplýsingar í lýsingunni byggja á aðstæðum og staðreyndum á þeim degi sem lýsingin er undirrituð. Lýsingin er í gildi í 12 mánuði frá staðfestingu hennar. Eftir birtingu lýsingarinnar er fjárfestum ráðlagt að kynna sér allar opinberar upplýsingar sem gefnar eru út af útgefanda eða varða hann.

Eftirfarandi skjöl eru til sýnis á vefsíðu útgefanda:

- Samþykktir Síldarvinnslunnar hf., dagsettar 26. mars 2021.
- Endurskoðaður samstæðuársreikningur Síldarvinnslunnar hf., fyrir fjárhagsárið 2020.
- Endurskoðaður samstæðuársreikningur Síldarvinnslunnar hf., fyrir fjárhagsárið 2019.
- Endurskoðaður samstæðuársreikningur Síldarvinnslunnar hf., fyrir fjárhagsárið 2018.
- Samfélagsskýrsla Síldarvinnslunnar 2020.
- Tillögur fyrir aðalfund þann 5. maí 2021.

- Fjárfestakynning dagsett maí 2021.

Aðgengi að lýsingunni verður tryggt í 10 ár eftir birtingu hennar á vefsetri útgefanda á vefslóðinni: <http://svn.is/fjarfestar>. Fjarfestar geta jafnframt óskað sérstaklega eftir lýsingunni á prentuðu formi, sér að kostnaðarlausu á skrifstofu útgefanda, Hafnarbraut 6, 740 Fjarðarbyggð.

2.5 Upplýsingar frá þriðja aðila

Upplýsingar í útgefandalýsingu þessari byggja m.a. á gögnum sem útgefandi hefur aflað sér frá þriðja aðila. Þar er m.a. um að ræða upplýsingar frá Hagstofu, Alþingi, Fiskistofu, og Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu. Útgefandi staðfestir, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt, út frá þeim upplýsingum sem þriðji aðillinn hefur birt, að upplýsingarnar eru réttar og engum staðreyndum er sleppt sem gerir upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi. Heimilda frá þriðja aðila er getið þar sem það á við.

2.6 Yfirlýsingar ábyrgðaraðila útgefandalýsingar fyrir hönd útgefanda

Stjórnarformaður og forstjóri Síldarvinnslunnar hf., kt. 570269-7479, Hafnarbraut 6, 740 Neskaupstað, lýsa því yfir fyrir hönd Síldarvinnslunnar hf., sem útgefanda, að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar sem útgefandalýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Neskaupstað, 3. maí 2021

Fyrir hönd Síldarvinnslunnar hf.

Þorsteinn Már Baldvinsson,
stjórnarformaður Síldarvinnslunnar hf.

Gunnþór Ingvason,
forstjóri Síldarvinnslunnar hf.

2.7 Skilgreiningar og tilvísanir

„alþjóðlegir reikningsskilastaðlar“ og „IFRS“ til International Financial Reporting Standards eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu, sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1606/2002,

„Bergur-Huginn“, til Bergs-Hugins ehf. kt. 560384-0179, Skildingavegi 2, 900 Vestmannaeyjum, Íslandi,

„einkahlutafélög“ til laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög,

„Fjárfestingafélagið Vör“ til Fjárfestingafélagsins Varar hf. kt. 531099-2149, Hafnarbraut 6, 740 Neskaupstað,

“Fjármálaeftirlitið” til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, Íslandi,

„Fóðurverksmiðjan Laxá“ til Fóðurverksmiðjunnar Laxár hf., kt. 440791-1749, Krossanesi, 603 Akureyri,

„Gjögur“ til Gjögurs hf., kt. 570169-0769, Kringlunni 7, 103 Reykjavík, Íslandi,

„hlutafélagalög“ til laga nr. 2/1995, um hlutafélög,

„Ice Fresh Seafood“ til Ice Fresh Seafood ehf., kt. 700107-1590, Glerárgötu 30, 600 Akureyri, Íslandi,

„Landsbankinn“ til Landsbankans hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík, Íslandi,

„Leiðbeiningar um stjórnarhætti“ eins og þeir eru gefnir út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins, 6. útgáfa 2021,

„lýsingin“ til lýsingar Síldarvinnslunnar hf. dagsettrar 3. maí 2021, sem samanstendur af útgefandalyisingu þessari og verðbréfalýsingu dagsettri 3. maí 2021 og samantekt,

„lýsingarreglugerð“ til reglugerðar Evrópusambandsins og ráðsins (ESB) nr. 2017/1129 frá 4. júní 2017 um lýsingu sem birta skal við almenn útboð verðbréfa eða vegna töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB,

„lög um lýsingar“ til laga nr. 14/2020, um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði,

„lög um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerna“ til laga nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerna,

„lög um verðbréfaviðskipti“ til laga nr. nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti,

„Nasdaq Iceland“ til – Kauphallar Íslands hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík,

„Nasdaq verðbréfamiðstöð“ til „Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi“, kt. 510119-0370, Laugavegi 182, 105 Reykjavík,

„PwC“ til PricewaterhouseCoopers ehf.- PwC á Íslandi, kt. 690681-0139, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík, Íslandi,

„samkeppnislög“ til samkeppnislaga nr. 44/2005,

„Sjóvá“ til Sjóvár-Almennra trygginga hf., kt. 650909-1270, Kringlunni 5, 103 Reykjavík, Ísland,

„skipulegur verðbréfamarkaður“ til skipulegs verðbréfamarkaðar samkvæmt skilgreiningu laga nr. 110/2007 um kauphallir,

„Snæfugl“ til Eignarhaldsfélags Snæfugls ehf., kt. 670209-0320, Heiðarvegi 33, 730 Reyðarfirði, Íslandi,

„SÚN“ til Samvinnufélags útgerðarmanna í Neskaupstað, kt. 550269-0319, Hafnarbraut 6, 740 Neskaupstað, Íslandi,

„SVN eignafélag“ til SVN eignafélags ehf., kt. 630800-2770, Hafnarbraut 6, 740 Neskaupstað, Íslandi,

„umsjónaraðili“ til Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík, Íslandi,

„útgefandalýsingin“ til útgefandalýsingar dagsettrar 3.maí 2021,

„verðbréfalýsingin dagsett 3. maí 2021“ til verðbréfalýsingar dagsettrar 3. maí 2021,

Vísun til „útgefanda“ „félagsins“ eða „samstæðunnar“ í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun í Síldarvinnslunnar hf., kt. 570269-7479, Hafnarbraut 6, 740 Neskaupstað og dótturfélaga þess, nema annað megi skilja af samhengi textans. Síldarvinnslan hf. er lögformlegt heiti útgefandans.

Vísun til „hlutanna“ eða „hlutabréfanna“ í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til allra útgefinna hlutabréfa í Síldarvinnslunni hf. hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð í flokki hlutabréfa með auðkennið SVN og ISIN númerið IS0000000479, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „seljenda“, í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til: Samherji hf., kt. 610297-3079, Glerárgötu 30, 600 Akureyri; Kjálkanes ehf., kt. 461115-0710, Hafnargötu 6, 610 Grenivík; Eignarhaldfélagið Snæfugl ehf., kt. 670209-0320, Heiðarvegi 33, 730 Reyðarfjörður; Hraunlón ehf., kt. 4504042250, Víðimýri 1, 740 Neskaupstaður og Síldarvinnslan hf., kt. 570269-7479, Hafnarbraut 6, 740 Neskaupstaður nema annað megi skilja af samhengi textans.

Þegar vísað er til laga og reglugerða í útgefandalýsingu þessari er vísað til íslenskra laga og reglugerða, með síðari breytingum.

Ýmis hugtök tengd starfsemi félagsins:

Aflaheimild: Veiðiheimild og er oft notað sem samheiti aflamarks og aflahlutdeildar. Gjarnan nefnt kvóti.

Aflamark: Fiskistofa úthlutar aflamarki (í tonnum) til veiða á kvótabundnum tegundum til eins fiskveiðiárs í senn á grundvelli aflahlutdeildar hluteigandi skips.

Aflahlutdeild: Úthlutun til skips af leyfðum heildarafla í kvótabundinni tegund sem fiskiskip má veiða af leyfilegum heildarafla í tegundinni, þ.e. fast hlutfall af heildarafla.

Botnfiskur/Bolfiskur: Fisktegund sem heldur sig við hafsbotninn. Ýsa, þorskur, karfi ufsi og grálúða eru dæmi um botnfiska.

Deilistofnar: Deilistofnar eru flökkustofnar, stofnar sem eru ekki staðbundnir heldur flakka milli lögsagna og þar með veiðisvæða, eins og til dæmis úthafskarfi, makrill, kolmunn og norsk-íslensk síld.

Fiskveiðiár: 12 mánaða tímabil frá 1. september ár hvert til 31. ágúst á næsta ári. Fiskveiðiár deilistofna er almanaksárið.

Kvóti: Aflaheimild eða veiðiheimild.

Leyfilegur heildarafli: Ákvörðun Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um leyfilegan heildarafla í einstökum tegundum á fiskveiðiarinu.

Lestir: er rými í fiskiskipi þar sem afli er geymdur. Lestir eru misstórar og breytilegar eftir tegund skips.

Síldarsmugan: Er hafsvæði í Barentshafi sem liggur á milli efnahagslögsagna Noregs og Rússlands og fiskverndarsvæðisins við Svalbarða. Þetta litla hafsvæði austan við Svalbarða er þannig alþjóðlegt hafsvæði og er opið öllum.

Uppsjávarfiskur: Helstu tegundir uppsjávarfiska sem veiddir eru af íslenskum skipum eru kolmunn, loðna, makrill og síld.

Þorskígildi: Notað til samanburðar á verðmæti nytjastofna í fiskveiðistjórnunarkerfinu. Þorskígildin eru reiknuð sem hlutfall verðmætis einstakra tegunda, sem sæta ákvörðun um stjórn veiða, af verðmæti slægðs (unnins) þorsks. Til grundvallar útreikningi liggur heildarmagn og heildarverðmæti þessara tegunda samkvæmt upplýsingum Fiskistofu.

2.8 Skammstafanir og hugtök

e.	enska
ehf.	einkahlutafélag
ESB	Evrópusambandið
EUR	evra
GBP	breskt pund
gr.	grein
hf.	hlutafélag
ISK	íslenskar krónur
kg.	kílógramm
kr.	krónur
kt.	kennitala
Kw.	kílóvatt
mgr.	málgrein
m.kr.	milljónir króna
ma.kr.	milljarðar króna
NOK	norskar krónur
XDR(SDR)	XDR er gengi á sérstökum dráttarréttindum (SDR) sem er gjaldmiðlakarfa ákvörðuð af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Gjaldmiðlakarfan samanstendur af fimm gjaldmiðlum: Bandaríkjadal, evru, kínversku júani, bresku pundi og japönsku jeni.

Útgefandalýsing Síldarvinnslunnar hf.

nr.	númer
sbr.	samanber
tl.	töluliður
USD	bandaríkjadollar, sem uppgjörsmýnt Síldarvinnslunnar
þús.	þúsund
þús. USD	þúsund bandaríkjadala

3 Upplýsingar um útgefandann

3.1 Útgefandi

Lögformlegt heiti:	Síldarvinnslan hf.
Viðskiptaheiti:	Síldarvinnslan
Kennitala:	570269-7479
Félagagform:	Hlutafélag, skráð á Íslandi og starfrækt í samræmi við lög nr. 2/1995, um hlutafélög.
Eigendur:	Hluthafar félagsins voru 280 talsins þann 3. maí 2021. Þrír hluthafar eiga 10% eða stærri eignarhlut í félaginu, en þeir eru Samherji hf. (44,64%), Kjálkanes hf. (34,23%), og Samvinnufélag útgerðarmanna í Neskaupstað.(10,97%).
Útistandandi hlutafé:	1.684.273.120 hlutir, hver 1 króna að nafnverði.
Eigin hlutir:	15.726.880 hlutir
Heildarhlutafé:	1.700.000.000 útgefnir hlutir, hver 1 króna að nafnverði.
Auðkenni hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð og Nasdaq Kauphöll:	SVN
LEI-númer:	549300AMNBYFRNGJ9J24
ISIN-númer:	ISIN IS0000000479
Höfuðstöðvar og lögheimili:	Hafnarbraut 6, 740 Neskaupstað, Ísland
Vefsíða:	http://www.svn.is ³¹
Tölvupóstfang:	svn@svn.is
Símanúmer:	+354 470 7000
Fjárhagsdagatal og næsti aðalfundur: ³²	5. maí 2021 - Aðalfundur 2021 31. maí 2021 - Birting uppgjörs fyrsta ársfjórðungs 2021 26. ágúst 2021 - Birting uppgjörs annars ársfjórðungs 2021 30. nóvember 2021 - Birting uppgjörs þriðja ársfjórðungs 2021 3. mars 2022 - Birting ársuppgjörs 2021 31. mars 2022 - Aðalfundur 2022

³¹ Upplýsingar á vefsetri eru ekki hluti lýsingarinnar nema þær upplýsingar sem felldar eru inn með tilvísun.

³² Dagsetningar eru birtar með fyrirvara um breytingar.

3.2 Tilgangur

Síldarvinnslan er íslenskt hlutafélag og starfar í samræmi við lög nr. 2/1995, um hlutafélög. Tilgangur félagsins samkvæmt 1.3 grein í samþykktum þess er að gera út fiskiskip og að annast rekstur fiskiðnaðar, útflutningur og innflutningur, rannsóknarstarfsemi, þátttaka í rekstri annarra félaga, svo og lánastarfsemi og rekstur fasteigna.

3.3 Lagaumhverfi

Síldarvinnslan starfar í samræmi við lög nr. 2/1995, um hlutafélög og er félagið skilgreint sem eining tengd almannahagsmunum í skilningi laga nr. 3/2006, um ársreikninga og laga nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun. Starfsemi félagsins fellur einnig meðal annars undir eftirfarandi löggjöf:

- lög nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða,
- lög nr. 145/2018, um veiðigjald,
- lög nr. 93/1995, um matvæli,
- lög nr. 144/2019, um breytingu á ýmsum lögum um matvæli,
- lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir,
- lög nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, sem fjalla m.a. um veiðar og vigtun sjávaraflla,
- lög nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sem fjalla um veiðisvæði, veiðitíma og heimil veiðafæri í fiskveiðilandhelgi Íslands, og
- lög nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, sem fjalla um fiskveiðar íslenskra skipa utan lögsögu Íslands og úthlutun aflahlutdeildar á grundvelli veiðireynslu m.a. úr deilistofnum.

Jafnframt taka sjómannaölög nr. 35/1985 til starfsemi félagsins. Ýmis lög um umhverfismál snerta einnig félagið svo sem lög nr. 20/1972, um bann við losun hættulegra efna í sjó, lög nr. 44/2002, um geislavarnir, og lög nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Auk þess gilda um félagið lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 og persónuverndarlög.

Enn fremur gilda um reikningskil og bókhald félagsins lög nr. 3/2006, um ársreikninga, lög nr. 145/1994, um bókhald og lög nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun. Jafnframt gilda skattalög um félagið, svo sem lög nr. 90/2003, um tekjuskatt og lög nr. 50/1998, um virðisaukaskatt.

Starfsemi félagsins lýtur ýmsum opinberum reglum og eru helstu starfsstöðvar og rekstur skipakosts félagsins háðar leyfisveitingu opinberra aðila.

Í rekstri félagsins ber félaginu að fylgja samkeppnislögum nr. 44/2005, en varðandi umfjöllun í tengslum við Samkeppnislög og eftirlit Samkeppniseftirlitsins, sem framfylgir boðum og bönum þeirra laga er vísað til kafla 1.1.6., „Samkeppni“. Þar sem Ísland er aðili að samningum um hið Evrópska efnahagssvæði (EES) starfar Síldarvinnslan jafnframt í samræmi við lagasetningu frá Evrópusambandinu sem innleidd hér á landi.

3.3.1 Sértek lög tengd sjávarútvegsfélögum

Á Íslandi gildir ítarleg löggjöf um stjórn fiskveiða. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fer með þessi lög. Fiskistofa sér um eftirfylgni með framkvæmd þeirra laga og reglna sem settar eru í samvinnu við aðrar helstu stofnanir í stjórnkerfi sjávarútvegs á Íslandi³³.

Í apríl 2021 var stjórnarfrumvarp lagt fyrir Alþingi um breytingar á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnunar. Meginefni frumvarpsins leggur til að heildstætt viðurlagakerfi verið komið á fót vegna brota á lögum á sviði fiskveiðistjórnunar, heimild Fiskistofu til að sinna rafrænu eftirliti verði styrkt og hugtakið raunveruleg yferráð við framkvæmd reglna um hámarksaflahlutdeild verði endurskilgreint³⁴.

3.3.1.1 Stjórn fiskveiða

Lög nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða nr. 116/2006

Lög nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, taka til ýmissa atriða við stjórnun veiða íslenskra skipa og má þar nefna veiðileyfi, aflaheimildir, reglur um gerð og útbúnað veiðarfæra og lokanir á veiðisvæðum. Markmið laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofna á Íslandsmiðum. Úthlutun veiðiheimilda myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.

Enginn má stunda veiðar í atvinnuskyni á Íslandi nema hafa fengið til þess almennt veiðileyfi. Fiskistofa sér um úthlutun veiðileyfa³⁵. Flestir nytjastofnar á Íslandsmiðum eru kvótabundnir (98% af heildaraflaverðmæti)³⁶. Fiskistofa úthlutar aflamarki til veiða á kvótabundnum tegundum til eins fiskveiðiárs í senn á grundvelli aflahlutdeildar hlutaðeigandi skips og ákvörðunar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra³⁷ um leyfilegan heildarafla í einstökum tegundum en aflamark flestra tegunda miðast við fiskveiðiárið en það er tímabilið frá 1. september ár hvert til 31. ágúst á næsta ári. Með aflahlutdeild er átt við það hlutfall af leyfilegum heildarafla í kvótabundinni tegund sem fiskiskip má veiða af leyfilegum heildarafla í tegundinni.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, ákveður ráðherra með reglugerð að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar þann heildarafla sem má veiða á ákveðnu tímabili eða vertíð úr þeim einstökum nytjastofnum við Ísland sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á.

Aflaheimildir (aflahlutdeildir og aflamark) verða lögum samkvæmt alltaf að vera bundnar við fiskiskip. Nokkur sveigjanleiki er innbyggður í aflamarkskerfið. Meginmarkmiðið með því er að auðvelda útgerðarmönnum og sjómönnum að fara að settum reglum og stuðla að ábyrgri nýtingu fiskistofna. Í því sambandi má nefna að heimilt er að flytja allt að 15% af aflamarki flestra tegunda frá einu fiskveiðiári yfir á það næsta og þá er heimilt að veiða allt að 5% umfram úthlutað aflamark skips á einstöku fiskveiðiári og dregst sá afli frá úthlutun á næsta

³³ Fiskistofa. Fiskveiðistjórn. <http://www.fiskistofa.is/fiskveidistjorn/> (sótt 1. febrúar 2021).

³⁴ Frumvarp til laga, þingskjal 1183-704. mál. Stjórnarfrumvarp: <https://www.althingi.is/altext/pdf/151/s/1183.pdf>.

³⁵ Skv. 4 gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, eru almenn veiðileyfi tvenns konar, þ.e. veiðileyfi með aflamarki og veiðileyfi með krókaaflamarki. Aflamark er tvenns konar, þ.e. almennt aflamark, sem nýta má með veiðum með öllum leyfilegum veiðarfærum og krókaaflamark sem einungis er heimilt að nýta með krókaveiðarfærum (handfæri og línu).

³⁶ Fiskistofa. Um veiðistjórnun: <http://www.fiskistofa.is/fiskveidistjorn/stjornfiskveida/> (sótt 9. febrúar 2021).

³⁷ Dæmi: Reglugerð um leyfilegan heildarafla á fiskveiðiárinu 2020/2021; <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftr-raduneytum/atvinnuvega--og-nyskopunarraduneyti/nr/0672-2020>.

ári. Með tegundatilfærslu er átt við reglu sem heimilar að afli í einni tegund dragist að ákveðnu marki frá aflaheimildum skips í annarri tegund. Þessi heimild nær þó ekki til veiða á þorski. Að tilteknum skilyrðum uppfylltum og með ákveðnum takmörkunum er heimilt að flytja aflaheimildir á milli fiskiskipa. Allan afla sem kemur í veiðafæri á að koma með að landi og vigta í löndunarhöfn og skulu löggildir vigtarmenn sjá um vigtunina með löggildri vog.³⁸

Lögum samkvæmt mega yfirráð einstakra eða tengdra aðila (samkvæmt skilgreiningu laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða) yfir aflahlutdeildum almennt og í tilteknum einstökum tegundum ekki fara yfir ákveðin mörk og hefur Fiskistofa eftirlit með að yfirráð einstakra aðila yfir aflahlutdeild fari ekki umfram þau mörk sem lög kveða á um. Samkvæmt 13. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra eða tengdra aðila ekki nema meira en 12% af heildarverðmæti aflahlutdeildar allra tegunda sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla. Þá má aflahlutdeild einstaks eða tengdra aðila (samkvæmt skilgreiningu laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða) í þorski ekki fara yfir 12%. Í ýsu, ufsa, grálúðu, síld, loðnu og úthafsækju má hún ekki fara yfir 20% og í karfa ekki yfir 35%. Afli undir ákveðnum lengdarmörkum, svonefndur undirmálsafla, tiltekinna tegunda, þ.e. þorsks, ýsu, ufsa og karfa dregst ekki að fullu frá aflamarki fiskiskips, enda sé honum haldið aðskildum frá öðrum afla um borð og vigtaður og skráður sérstaklega. Síldarvinnslan og tengdir aðilar í skilningi laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða hafa yfir að ráða 32.800 þorskígildistonnum, sem samsvarar 7,7% af heildarþorskígildum sjávarútvegsins á Íslandi, m.v. úthlutun Fiskistofu á fiskveiðiarinu 2020/21.

3.3.1.2 Lög um veiðigjöld

Fiskistofa lagði á veiðigjöld skv. lögum nr. 74/2012, um veiðigjöld, með síðari breytingum og runnu gjöldin í ríkissjóð. Sett voru lög nr. 56/2018 um breytingu á lögum nr. 74/2012 þar sem upphæð veiðigjalds á afla var ákveðið fyrir september til desember 2018. Ný lög um veiðigjald nr. 145/2018 tóku gildi frá upphafi árs 2019. Fiskistofa leggur á veiðigjöld skv. lögum nr. 145/2018 um veiðigjald og renna gjöldin í ríkissjóð. Veiðigjald er lagt á mánaðarlega og innheimt í öðrum mánuði eftir það. Árlega er gefin út reglugerð um fjárhæðir og álagningu.³⁹

Upphaflega voru veiðigjöld tvenns konar, annars vegar almennt veiðigjald sem lagt var á frá fiskveiðiarinu 2004/2005 og hins vegar sérstakt veiðigjald sem lagt var á fiskveiðiarinu 2012/2013 til 2014/2015. Frá og með fiskveiðiarinu 2015/2016 er einungis lagt á eitt veiðigjald.

Veiðigjöld frá árinu 2012/2013 voru lögð á úthlutað aflamark og landaðan afla sem ekki tilheyrði kvótakerfinu. Um var að ræða ákveðna krónutölu á hvert þorskígildiskíló vegna fiskveiðiaranna 2012/2013 og 2013/2014 en tiltekna krónutölu á hvert kg. afla, mismunandi eftir hverri fisktegund, frá fiskveiðiarinu 2014/2015. Svipað fyrirkomulag gildi fyrir fiskveiðiaríð 2015/2016, en nú var einvörðungu um eitt veiðigjald að ræða sem var lagt á landaðan afla en ekki á aflamark. Sama fyrirkomulag hefur gilt síðan en þó með breyttum krónutölum á kg. ár hvert. Á dagsetningu þessarar lýsingar eru veiðigjöld lögð á sem krónur á hvert kílógramm


³⁸ Skv. 6.gr. laga nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar (sótt 9. febrúar 2021).

³⁹ Skv. 4. gr. laga nr. 145/2018 um veiðigjöld gerir ríkiskattsstjóri tillögu að fjárhæð veiðigjalds hvers nytjastofns fyrir komandi veiðigjaldsár og skal tillagan vera um að veiðigjaldið nemi 33% af reiknistofni hvers nytjastofns. Sjá nánar: lög nr. 145/2018: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2018145.html>.

landaðs óslægðs afla. Stuðull á hverja tegund er birtur eigi síðar en í desember ár hvert. Veidigjaldið á að nema 33% af reiknistofni á hverja nytjategund.⁴⁰

Á fiskveiðiárunum 2012/2013 til 2016/2017 áttu félög og einstaklingar með atvinnurekstur sem lagt var á sérstakt veidigjald rétt á lækkun gjaldsins vegna vaxtakostnaðar við kaup á aflahlutdeildum til ársloka 2011 að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þetta átti ekki lengur við frá og með fiskveiðiárinu 2017/2018.⁴¹ Upphæð álagðs veidigjalds árið 2020 var 4,8 ma.kr.⁴², um 6,6 ma.kr. árið 2019 og 11,3 ma.kr. árið 2018. Á vefsíðu Fiskistofu má sjá álögð veidigjöld sundurliðuð eftir greiðendum: <http://www.fiskistofa.is/fiskveidistjorn/veidigjold/veidigjold-fyrri-ar/>

Mynd 3.3.1.2: Heildarálagning veidigjalda síðustu þriggja fiskveiðarára í milljörðum króna.⁴³



Lög nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna nr. 13/1998

Hlutverk Verðlagsstofu skiptaverðs er að fylgjast með fiskverði og uppgjóri á aflahlut sjómanna og stuðla að réttu og eðlilegu uppgjóri á aflahlut sjómanna. Skv. 4. gr. laga nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skipaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, er útgerð skylt að senda Verðlagsstofu alla samninga um fiskverð sem gerðir eru milli útgerðar og áhafnar eins og kjarasamningar segja til um að skuli gera.

Í 6. gr. sömu laga er tekið fram að Verðlagsstofa skuli að beiðni Fiskistofu og í tilefni af framsali aflamarks skv. 15. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, staðfesta að fyrir liggja samningur á milli útgerðar og áhafnar um fiskverð til uppgjör.⁴⁴

Lög um nr. 22/1998, veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands

Lög nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, fjalla m.a. um þá aðila sem mega stunda fiskveiðar og vinnslu sjávarafla um borð í skipum í fiskveiðilandhelgi Íslands eins og hún er skilgreind í lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Þeir aðilar sem mega stunda slíkar fiskveiðar og vinnslu sjávarafla eru eftirfarandi aðilar:

⁴⁰ Sjá nánar upplýsingar um skilgreiningu á reiknistofni í 5 gr. laga nr. 145/2018 um veidigjöld: <https://www.althingi.is/lagas/149a/2018145.html>.

⁴¹ Fiskistofa. Veidigjöld fyrri ára: <http://www.fiskistofa.is/fiskveidistjorn/veidigjold/veidigjold-fyrri-ar/> (sótt 9. febrúar 2021).

⁴² Fiskistofa. Veidigjald: <http://www.fiskistofa.is/fiskveidistjorn/veidigjold/> (sótt 9. febrúar 2021).

⁴³ Fiskistofa. Veidigjöld: <http://www.fiskistofa.is/umfiskistofu/frettir/alagning-veidigjalds-2020> (sótt 9. febrúar 2021).

⁴⁴ Verðlagsstofa skiptaverðs: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1998013.html> (sótt 9. febrúar 2021).

- Íslenskir ríkisborgarar og aðrir íslenskir aðilar,
- íslenskir lögaðilar sem eru að fullu í eigu íslenskra aðila eða lögaðila sem:
 - i) eru undir yfirráðum íslenskra aðila;
 - ii) eru ekki í eigu erlendra aðila að meira leyti en 25% sé miðað við hlutfé eða stofnfé. Fari eignarhlutur íslensks lögaðila í lögaðila, sem stundar veiðar eða vinnslu í fiskveiðilandhelgi Íslands, ekki yfir 5% má eignarhlutur erlendra aðila þó vera allt að 33%; eða
 - iii) eru að öðru leyti í eigu íslenskra ríkisborgara eða íslenskra lögaðila sem eru undir yfirráðum íslenskra aðila.

Til fiskveiða og vinnslu sjávaraflla um borð í skipum í fiskveiðilandhelgi Íslands má aðeins hafa íslensk skip og gildir það einnig um vinnslu sjávaraflla skv. 3. mgr. 1 gr. laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Íslensk skip eru þau skip sem skráð eru hér á landi samkvæmt lögum um skráningu íslenskra skipa. Lög nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, fjalla að auki um veiðar erlendra aðila og hvaða heimild þeir hafa.

Ýmsar reglugerðir hafa verið settar af ráðherra sem varðar sjávarútvegsfélög. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið gefur á hverju ári út hefti um helstu lög og reglugerðir sem lúta að stjórn fiskveiða. Nálgast má ritið á heimasíðu ráðuneytisins á www.atvinnuvegaraduneyti.is.⁴⁵ Jafnframt má nálgast lög um sjávarútveg, fiskveiðar og fiskirækt á vef Alþingis, <https://www.althingi.is/lagasafn/kaflar/nuna/33.html>, og upplýsingar um reglugerðir sem varða sjávarútveg, fiskveiðar og fiskirækt á vef Dómsmálaráðuneytisins: <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/33/>.⁴⁶

Fjallað er um áhættu tengda lagalegu -og stjórn málaumhverfi félagsins í kaflanum 1.1, „Laga, leyfis og regluáhætta“.

3.4 Ágrip af sögu Síldarvinnslunnar⁴⁷

Stofnun

Síldarvinnslan hf. var stofnuð 11. desember 1957. Félagið var opið öllum bæjarbúum og fyrirtækjum í bænum en jafnframt átti félagsskapur útvegsmanna í byggðarlaginu, Samvinnufélag útgerðarmanna í Neskaupstað, kt. 550269-0319, Hafnarbraut 6, 740 Neskaupstað („SÚN“), að eiga meirihluta í félaginu. Á stofnfundi var ákveðið að hlutfé skyldi alls vera 500 þúsund krónur og aðalhluthafi í upphafi var SÚN með 60% hlutfjár. Bæjarsjóður Neskaupstaðar lagði fram 10% hlutfjárins og Dráttarbrautin hf. í Neskaupstað 6%. Aðrir hluthafar voru 32 talsins. Félagið var skilgreint sem almenningshlutfélag og skyldi tilgangur þess vera að reisa og reka síldarverksmiðju, síldarverkun og annan skyldan atvinnurekstur í Neskaupstað. Helsta ástæðan fyrir stofnun Síldarvinnslunnar hf. var aukin síldveiði úti fyrir Austfjörðum. Helstu þáttaskil í sögu félagsins eru eftirfarandi:

Starfsemin hefst

⁴⁵ Stjórnarráð Íslands: <https://www.stjornarradid.is/gogn/rit-og-skyrslur/stakt-rit/2020/09/01/Stjorn-fiskveida-2020-2021-Log-og-reglugerdir/>.

⁴⁶ Upplýsingar á vefsetri eru ekki hluti lýsingarinnar nema þær upplýsingar sem felldar eru inn í lýsinguna með tilvísun.

⁴⁷ Upplýsingar fengnar af vefsetri félagsins: <http://www.svn.is/index.php/fyrirtaekidh/sagan> (sótt 9. febrúar 2021).

Í desember 1957 var samþykkt að félagið skyldi reisa síldarverksmiðju til að vinna mjöl og lýsi. Árið 1958 hófust framkvæmdir við byggingu verksmiðjunnar og í júlí sama ár hófst móttaka síldar. Verksmiðjan var starfrækt allt þar til hún eyðilagðist í snjóflóði árið 1974.

Núverandi verksmiðja var þá reist á nýju hafnarsvæði fyrir botni Norðfjarðar og tók hún til starfa árið 1976. Á árunum 1996-1998 var unnið að miklum endurbótum á fiskimjölsverksmiðjunni og voru þá settir upp nýir loftþurrkarar og sex mjöltankar reistir. Rúma þeir 9.000 tonn af mjöli.

Útgerð

Í árslok 1963 var ákveðið að Síldarvinnslan hæfi útgerð síldarskipa. Samþykkt var að láta smíða tvö skip og skyldu þau tryggja verksmiðju fyrirtækisins hráefni. Skipin tvö, Barði og Bjartur, komu í fyrsta sinn til heimahafnar í mars- og maímánuði 1965 og hófst þá útgerðarsaga Síldarvinnslunnar. Útgerðin gekk vel og tvö ný og stærri síldveiðiskip, Börkur og Birtingur, bættust í flota fyrirtækisins á árunum 1966 og 1967.

Þegar veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum brugðust á árinu 1968 jókst áhugi á bolfisk- og loðnuveiðum. Árið 1970 festi Síldarvinnslan kaup á skuttogaranum Barða og var það fyrsti skuttogarinn í eigu Íslendinga. Annar skuttogari, Bjartur, bættist í flotann árið 1973 og sá þriðji, Birtingur, árið 1977.

Síldarvinnslan tók fyrst á móti loðnu til vinnslu árið 1968 og fljótlega urðu loðnuveiðar og loðnuvinnsla verulegur þáttur í starfsemi fyrirtækisins. Árið 1973 festi Síldarvinnslan kaup á stóru skipi, Berki, sem leysti smærri skip af hólmi á sviði loðnuveiða auk þess sem því var ætlað að leggja stund á kolmunnaveiðar. Árið 1981 var síðan Beitir keyptur og gat það skip stundað loðnu- og bolfiskveiðar jöfnum höndum.

Frá þessum tíma hafa fjölmörg skip verið í eigu Síldarvinnslunnar. Áhersla hefur ávallt verið lögð á að aðlaga flota fyrirtækisins að þeim aðstæðum sem ríkja við veiðarnar.

Á dagsetningu þessarar lýsingar gerir Síldarvinnslan út uppsjávarskipin Beiti og Börk, frystitogarann Blæng og ísfisktogarann Gullver sem á heimahöfn á Seyðisfirði. Að auki gerir dótturfélagið Bergur-Huginn út ísfisktogarana Vestmannaey, Bergey og Berg frá Vestmannaeyjum og dótturfélagið Runólfur Hallfreðsson ehf. gerir út uppsjávarskipið Bjarna Ólafsson sem á heimahöfn á Akranesi. Sjá frekari umfjöllun í kafla 3.6.2, „Útgerð“.

Bolfiskvinnsla

Í marsmánuði 1965 festi Síldarvinnslan kaup á framleiðslutækjum SÚN. Um var að ræða frystihús, fiskimjölsverksmiðju, lifrarbræðslu, ísframleiðslutæki, fiskhjalla og helmingshlut í síldarsöltunarstöð. Fram til þessa hafði fyrirtækið eingöngu rekið síldarverksmiðju en með umræddum kaupum hófst fjölbreyttur fiskiðnaður á vegum þess.

Árið 1968 hóf Síldarvinnslan saltfiskverkun og var fest kaup á heppilegu húsnæði fyrir saltfisk- og skreiðarverkun árið 1973.

Í febrúarmánuði 1997 var nýtt fiskiðjuver Síldarvinnslunnar tekið í notkun. Í fiskiðjuverinu fór fram frysting á uppsjávarfiskum, bolfiskvinnsla og einnig síldarsöltun. Með byggingu fiskiðjuversins var verið að fylgja þeirri stefnu að fyrirtækið legði megináherslu á uppsjávarveiðar og -vinnslu og hefur þeirri stefnu í grundvallaratriðum verið fylgt síðan.

Árið 2000 var byggð frysti- og kæligeymsla við fiskiðjuver fyrirtækisins og var það stærsta hús sinnar tegundar á Íslandi. Önnur frystigeymsla, sambyggð hinni fyrri, var síðan tekin í notkun árið 2006.

Snjóflóðin 1974

Í desember 1974 féllu snjóflóð á Neskaupstað með þeim afleiðingum að stórskemmdir og eyðilegging átti sér stað á helstu atvinnufyrirtækjum bæjarbúa og m.a. á athafnasvæði Síldarvinnslunnar. Tólf manns týndu lífi í flóðunum og þar af sjö starfsmenn Síldarvinnslunnar. Tjónið var einungis bætt að hluta en uppbygging hófst strax og ný fiskimjölsverksmiðja reist. Strax eftir snjóflóðin var ljóst að engin loðnuvinnsla yrði í Neskaupstað á árinu 1975. Allur togara- og bátafiskur var saltaður og í mars 1975 var hægt að hefja vinnslu í frystihúsinu á ný.

Ákveðið var að reisa nýja fiskimjölsverksmiðju við nýtt hafnarsvæði fyrir botni Norðfjarðar. Í júlímánuði 1975 hófust framkvæmdir við byggingu hennar og 12. febrúar 1976 tók hún á móti fyrstu loðnunni til vinnslu.

Hlutdeild í öðrum fyrirtækjum og sameining fyrirtækja

Síldarvinnslan hefur á starfstíma sínum eignast hlutdeild í mörgum fyrirtækjum og einkum hafa það verið fyrirtæki á sviði sjávarútvegs. Má þar til dæmis nefna útgerðarfyrirtæki, fyrirtæki sem annast sölu sjávarafurða og fyrirtæki sem fengist hafa við fiskeldi. Þá ber einnig að nefna fyrirtæki sem hafa sinnt þjónustu við sjávarútveginn.

Hér skal sérstaklega getið um sameiningu Síldarvinnslunnar og SR-mjöls. Síldarvinnslan átti nokkurn hlut í SR-mjöli hf. frá stofnun þess og vorið 2002 var sá eignarhlutur aukinn verulega. Síldarvinnslan og SR-mjöl voru síðan sameinuð í eitt félag 1. janúar 2003 undir nafni Síldarvinnslunnar og varð þá til stærsta fyrirtæki á Íslandi á sviði veiða og vinnslu á uppsjávarfiski.

Tvö þeirra fyrirtækja sem Síldarvinnslan á eignarhlut í eru erlend. Annars vegar er það Atlantic Coast Fisheries Corporation í New Bedford í Bandaríkjunum og hins vegar Polar Pelagic A.S. á Grænlandi sem gerir út uppsjávarskipið Polar Amaroq. Sjá nánar umfjöllun í kafla 3.5.3, „Dóttur- og hlutdeildarfélag“.

Á markað, af markaði og aftur á markað

Árið 1994 voru hlutabréf félagsins skráð á Verðbréfaþing Íslands (síðar kauphöll Nasdaq Iceland hf.) og nýtt hlutafé kom inn. Á árinu 2004 var félagið tekið af skipulegum verðbréfamarkaði og hafa litlar breytingar orðið á eignarhaldinu síðan. Í ársbyrjun 2021 voru hluthafar í Síldarvinnslunni 281 talsins. Stærstu hluthafarnir voru Samherji hf. með 44,64% eignarhlut, Kjálkanes ehf. með 34,23%, Samvinnufélag útgerðarmanna í Neskaupstað með 10,97% og Eignarhaldsfélagið Snæfugl ehf. með 5,29%. Sjá nánar kafla 6.1, „Hluthafar og hlutafé“.

Í febrúarmánuði 2021 tilkynnti Síldarvinnslan að stefnt yrði að því að skrá hlutabréf fyrirtækisins á Aðalmarkað Nasdaq Iceland. Fram kom að þetta væri gert til að efla fyrirtækið og opna það fyrir fjárfestum.

3.5 Skipulag samstæðunnar og skipurit

3.5.1 Hlutverk og markmið

Síldarvinnslan er eitt af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins og byggir starfsemin á yfir 60 ára reynslu í fiskvinnslu og útgerð. Samstæðan samanstendur af móðurfélaginu Síldarvinnslunni og dótturfélögum. Sjá nánar umfjöllun í kafla 3.5.3, „Dóttur- og hlutdeildarfélag“. Félagið stundar veiðar og vinnslu á uppsjávarfiski og er stærsti framleiðandi

á fiskimjöli og lýsi á Íslandi. Hjá móðurfélaginu voru á árinu 2020 að meðaltali 271 stöðugildi og í samstæðunni um 338 stöðugildi í landi og á sjó. Árið 2019 voru stöðugildi 348 líkt og 2018 og starfsmenn að meðaltali 348 bæði árin. Gerð eru út átta fiskiskip og er félagið með starfsemi á fjórum stöðum á landinu, auk þess að eiga hlutdeildarfélög í Bandaríkjunum og á Grænlandi.


Síldarvinnslan einsetur sér að vera fyrirmynd um ábyrga og arðbæra viðskiptahætti og vinna í sátt við umhverfi og samfélag. Síldarvinnslan kappkostar að umgangast lífríki sjávar með sjálfbærum hætti. Sjá nánar Samfélagsskýrslu félagsins í kafla 2.4, „Gildistími, aðgengi að lýsingu og skjöl til sýnis.“

Fyrirtækið byggir á nýtingu sameiginlegra auðlinda þjóðarinnar og vill hámarka nýtingu hennar í sátt við starfsmenn og samfélagið.

3.5.2 Starfssvið

Síldarvinnslan er sjávarútvegsfyrirtæki og snýr starfsemin að veiðum og vinnslu. Stefna Síldarvinnslunnar er að hámarka virði þeirra aflaheimilda sem fyrirtækið hefur afnot af. Það er gert með því að veiðum er stýrt út frá markaðsaðstæðum og brugðist skjótt við breyttum aðstæðum. Framkvæmdarstjórn Síldarvinnslunnar er skipuð forstjóra, fjármálastjóra og yfirmanni landvinnslu.

Mynd 3.5.2: Skipurit Síldarvinnslunnar



3.5.2.1 Skrifstofa forstjóra

Forstjóri Síldarvinnslunnar er Gunnþór Ingvason og ber hann ábyrgð á rekstri og afkomu félagsins gagnvart stjórn. Forstjóri hefur umsjón með daglegum rekstri, stefnumótun, áætlanagerð, áhættustýringu og er talsmaður félagsins út á við. Forstjóri ber einnig ábyrgð á útgerðarsviði og stýringu á uppsjávarveiðum félagsins.

3.5.2.2 Útgerð

Móðurfélagið gerir út fjögur skip, uppsjávarskipin Beiti og Börk, frystitogarann Blæng og ísfisktogarann Gullver. Fjöldi stöðugilda á sjó í lok árs 2020 hjá félaginu eru 57, en á bakvið þau störf eru 94 sjómenn í skiptikerfum. Í landi eru 3 stöðugildi. Rekstrarstjóri útgerðar er Grétar Örn Sigfinnsson. Rekstrarstjóri útgerðar sér um daglegan rekstur og utanumhald á skipunum. Rekstrarstjóri kemur einnig að rekstri og viðhaldi skipa dótturfélaga. Kvóta- og veiðistýring bolfisksskipa er í höndum aðstoðarmanns forstjóra. Sjá nánari umfjöllun í kafla 3.6.2, „Útgerð“.

3.5.2.3 Landvinnsla

Í landvinnslu félagsins voru 145 starfsmenn í lok árs 2020. Yfirmaður landvinnslu er Jón Már Jónsson. Hann ber ábyrgð á daglegum rekstri landvinnslu félagsins. Undir yfirmann landvinnslu heyra rekstrarstjórar fiskimjölsverksmiðju, fiskiðjuvers og fiskvinnslu á Seyðisfirði.

Í fiskiðjuverinu í Neskaupstað starfa 68 starfsmenn en tekið skal fram að starfsemin er vertíðarbundin og er unnið allan sólahringinn á vöktum á vertíðum. Starfsmannafjöldinn er breytilegur eftir vertíðum. Þar er um að ræða loðnu-, síldar- og makrílvertíðar sem geta verið samtals 7,5 mánuðir á ári. Á milli vertíða fækkar starfsfólki en þá er unnið að ýmsum verkefnum.

Í frystigeymslunni í Neskaupstað eru 4 starfsmenn en í gegnum geymsluna fer öll framleiðsla frystihússins ásamt löndunum frystiskipa. Í fiskimjölsverksmiðjunni í Neskaupstað eru 24 starfsmenn og þar er unnið á tólf tíma vöktum þegar vertíðar standa yfir.

Í fiskimjölsverksmiðjunni á Seyðisfirði eru 14 starfsmenn og þar er unnið á tólf tíma vöktum þegar vertíðir standa yfir. Hluti starfsmanna þar vinnur einnig við uppsjávarvinnslu í Neskaupstað.

Bolfiskvinnsla er á Seyðisfirði en þar er unninn bolfiskur, mest af Gullver NS 12. Þar störfuðu 35 starfsmenn í lok árs 2020.

Rekstrarstjóri fiskimjölsverksmiðja er Hafþór Eiríksson og sér hann um daglegan rekstur verksmiðja og áætlanagerð fyrir verksmiðjur. Undir hann heyrir verksmiðjustjóri fiskimjölsverksmiðjunnar á Seyðisfirði.

Rekstrarstjóri fiskiðjuvers sér um daglegan rekstur fiskiðjuvers. Yfirverkstjóri sér um skipulag vinnslu og verkstjórn í fiskiðjuveri.

Rekstrarstjóri fiskvinnslu á Seyðisfirði sér um daglegan rekstur fiskvinnslu og sér ásamt framleiðslustjóra um hráfnisstýringu og framleiðslu afurða eftir ástandi í sölu- og markaðsmálum. Sjá nánari umfjöllun um landvinnslu í kafla 3.6.3, „Vinnsla og fiskimjölsverksmiðjur“.

3.5.2.4 Fjármál

Á fjármálasviði eru 9 starfsmenn. Fjármálastjóri er Axel Ísaksson. Helstu verkefni snúa að fjármögnun félagsins, áhættustýringu, uppgjörum og áætlanagerð.

3.5.2.5 Mannauðsmál

Mannauðsmál er stoðsvið þvert á önnur svið og heyrir undir forstjóra. Mikil áhersla hefur verið lögð á mannauðs- og öryggismál. Síldarvinnslan var fyrst fyrirtækja í sjávarútvegi til að ganga í gegnum jafnlaunavottun. Hákon Ernuson er starfsmannastjóri félagsins og sér um ráðningar, samninga og kjaramál, heilsufars- og forvarnir félagsins. Hjá fyrirtækinu eru þrjú stöðugildi í tengslum við mannauðs- og öryggismál.

3.5.2.6 Gæðamál og vörubrún

Gæðamál heyra beint undir forstjóra en eru í eðli sínu þvert á deildir fyrirtækisins. Gæðamál og vörubrún er þrískipt. Gæðamál landfrystingar og sjófrystingar, gæðamál fiskimjöls og lýsis og vörubrún ásamt tengdum viðfangsefnum.

Gæðastjóri fiskiðjuvers er með starfsemi þess á sinni könnu ásamt frystitogaraafurðum. Gæðamál fiskmjölsverksmiðja heyra undir gæðastjóra verksmiðjanna.

Vörubrún og rannsóknartengd starfsemi er starfsrækt í vinnslunum en umsjón og utanumhald er í höndum verkefnisstjóra. Hefur verið leitast við að eiga gott samstarf við Mátis og háskólana í vörubrúnarverkefnum.

3.5.3 Dóttur- og hlutdeildarfélag

Síldarvinnslan hefur leitast við að minnka árstíðasveiflur í starfseminni með því að breikka aflaheimildir félagsins með frekari yfirtöku á sjávarútvegsfyrirtækjum og aflaheimildum. Þannig eykur það áhættudreifingu í aflaheimildum og dregur úr vægi áhættu vegna sveiflna á stofnstærð uppsjávartegunda.

Á dagsetningu þessarar lýsingar voru dótturfélög Síldarvinnslunnar 5 talsins. Dótturfélög eru félög þar sem móðurfélag fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar móðurfélagið hefur vald til ákvörðunartöku um fjármál og rekstur dótturfélagsins. Upphæðir í umfjöllun um neðangreind dótturfélög eru fengnar úr endurskoðuðum ársreikningum 2020⁴⁸ að undanskildum reikningi fyrir Seley ehf. Dótturfélög Síldarvinnslunnar eru eftirfarandi:

3.5.3.1 Bergur-Huginn ehf., Vestmannaeyjum

Síldarvinnslan á 100% eignarhlut í Bergi-Huginn ehf., kt. 560384-0179, Skildingavegi 2, 900 Vestmannaeyjum (hér eftir „**Bergur-Huginn**“) sem gerir út ísfisktogarana Bergey VE og Vestmannaey VE frá Vestmannaeyjum. Áhersla félagsins er á að flytja ferskan fisk til Bretlands, Frakklands og Þýskalands. Þann 24. febrúar 2021 samþykkti Samkeppniseftirlitið, með ákvörðun nr. 2/2021,⁴⁹ kaup Bergs-Hugins á útgerðinni Bergur ehf. sem á togarann Berg

⁴⁸ Ársreikningar dótturfélaga eru gerðir upp í ISK. Fjárhæðir í rekstrarliðum eru færðar yfir í USD á meðalgengi Seðlabanka Íslands 2020 sem er 135,27. Fjárhæðir í efnahagsliðum eru færðar yfir í USD á árslokagengi Seðlabanka Íslands 2020 sem var 127,21.

⁴⁹ Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 3875: <https://www.samkeppni.is/urlausnir/akvardanir/nr/3875>.

VE 44, ásamt 1.500 þorskígildistönnum. Í ákvörðuninni vekur Samkeppniseftirlitið máls á því að eftirlitið hafi við rannsókn málsins hugað að samkeppnislegum áhrifum samrunans miðað við möguleg víðtækari yfirráð stærstu hluthafa yfir Síldarvinnslunni en að ekki hafi verið forsendur til þess að leysa endanlega úr álitaefnum er varða eigna- og stjórnunartengsl í málinu. Í ákvörðuninni kemur m.a. fram að eftirlitið mun á síðari stigum taka afstöðu til þess hvort og þá með hvaða hætti beri að rannsaka nánar möguleg yfirráð eða samstarf hlutaðeigandi fyrirtækja. Bergur-Huginn á 17,6% eignarhlut í Lifrarsamlagi Vestmannaeyja ehf. og 2,63% eignarhlut í Icelandic Sustainable Fisheries ehf.⁵⁰ Rekstrartekjur ársins 2020 voru USD 22.522.766. Hagnaður fyrir skatta nam USD 3.230.480. Hlutfé félagsins er kr. 3.525.675.571. Heildareignir í árslok námu USD 93.205.365, en eigið fé var USD 41.626.093 eða 44,7% af heildareignum. Áhrif félagsins á rekstur samstæðunnar voru jákvæð um USD 2.596.467. Stöðugildi 2020 Bergs-Hugins ehf. voru 43,5, þar af 6 í landi. Síldarvinnslan ber ábyrgð á skuldum Bergs-Hugins við Landsbankann að fjárhæð 2,5 ma.kr.

3.5.3.2 Runólfur Hallfreðsson ehf., Akranesi

Síldarvinnslan átti í lok árs 2020 87,60% eignarhlut í Runólfi Hallfreðssyni ehf., kt. 620186-1129, Tindaföt 6, 300 Akranesi (hér eftir „**Runólfur Hallfreðsson ehf.**“), sem gerir út nóta- og togveiðiskipið Bjarna Ólafsson AK-70. Hinn hluthafinn var Runólfur Runólfsson. Á fyrsta ársfjórðungi 2021 keypti Síldarvinnslan allan eignarhlut Runólfs Runólfssonar og á því 100% hlutfjár í Runólfi Hallfreðssyni ehf. Hlutfé félagsins er kr. 202.777.250. Rekstrartekjur ársins 2020 voru USD 10.203.373. Hagnaður fyrir skatta nam USD 2.257.251. Heildareignir í árslok námu USD 15.461.932 en eigið fé var USD 13.291.598 eða 86% af heildareignum. Stefnt er að samruna félaganna. Áhrif félagsins á rekstur samstæðunnar voru jákvæð um USD 1.581.858 árið 2020. Stöðugildi Runólfs Hallfreðssonar ehf. voru 12 á árinu 2020. Samkvæmt ársreikningi 2020 eru helstu eignir Runólfs Hallfreðssonar ehf. uppsjávarfiskiskipið Bjarni Ólafsson AK 70.

3.5.3.3 Seley ehf., Neskaupstað⁵¹

Síldarvinnslan á 70% eignarhlut í Seley ehf., kt. 681102-2990, Hafnarbraut 6, 740 Neskaupstað (hér eftir „**Seley**“), ásamt Samherja hf. sem á 30% eignarhlut. Hlutfé félagsins er kr. 100.000.000. Tilgangur Seleyjar er rekstur skips til flutnings á lifandi fiski og önnur skyld starfsemi. Seley ehf. var eignarhaldsfélag um brunnabátinn Snæfugl SU 20. Tap fyrir skatta nam USD -1.242 árið 2020. Heildareignir í árslok 2020 námu USD 145, en eigið fé var neikvætt um USD -266.940. Áhrif félagsins á rekstur samstæðunnar voru neikvæð um USD -870. Engir starfsmenn eru í félaginu og er það rekið frá skrifstofu Síldarvinnslunnar. Stefnt er að því að leysa félagið upp.

3.5.3.4 Fóðurverksmiðjan Laxá hf., Akureyri

Síldarvinnslan á 66,76% eignarhlut í Fóðurverksmiðjunni Laxá hf., kt. 440791-1749, Krossanesi, 603 Akureyri (hér eftir „**Fóðurverksmiðjan Laxá**“). Aðrir hluthafar með meira en 5% eignarhlut eru Akureyrabær með 20,82% eignarhlut, Tækifæri hf. með 5,65% eignarhlut og Ísfélag Vestmannaeyja hf. með 5,09% eignarhlut. Hlutfé félagsins er kr. 61.307.400, þar

⁵⁰ Síldarvinnslan er einnig aðili að „Icelandic Sustainable Fisheries“ en slík aðild veitir aðgang að öllum MCS fiskveiðiskirteinum sem eru í eigu ISF. Sjá nánar: <https://www.isf.is/isf-aethildarfyrirtaeligki.html> (sótt 11. apríl 2021).

⁵¹ Ársreikningur staðfestur af stjórn og framkvæmdastjóra Seleyjar ehf. PWC veitti faglega aðstoð við gerð ársreikningsins.

af á félagið sjálft hlutfé að fjárhæð kr. 835.691. Tilgangur Fóðurverksmiðjunnar Laxá hf. er að framleiða og selja fiskeldisfóður á innlendum markaði og til útflutnings. Starfsemin fer fram í fóðurverksmiðju fyrirtækisins á Akureyri. Rekstrartekjur ársins 2020 voru USD 16.370.860. Hagnaður fyrir skatta nam USD 743.926 árið 2020. Heildareignir í árslok 2020 námu USD 6.815.479 en eigið fé var USD 5.167.828 eða 75,8% af heildareignum. Áhrif félagsins á rekstur samstæðunnar voru jákvæð um USD 397.298 árið 2020. Stöðugildi Fóðurverksmiðjunnar Laxár hf. voru 11 á árinu 2020.

3.5.3.5 Fjárfestingafélagið Vör hf., Neskaupstað

Síldarvinnslan á 60% eignarhlut í Fjárfestingafélaginu Vör hf., kt. 531099-2149, Hafnarbraut 6, 740 Neskaupstað (hér eftir „**Fjárfestingafélagið Vör**“). Tilgangurinn með rekstri Fjárfestingafélagsins Varar er að taka þátt í stofnun og starfsemi annarra félaga sem eignaraðili. Hlutfé félagsins er kr. 124.393.158. Hagnaður fyrir skatta nam USD 106.731 árið 2020. Heildareignir í árslok námu USD 1.699.282 en eigið fé var USD 1.699.282 eða 100% af heildareignum. Áhrif félagsins á rekstur samstæðunnar voru jákvæð um USD 64.039 árið 2020. Engir starfsmenn eru í félaginu og er það rekið frá skrifstofu Síldarvinnslunnar.

3.5.3.6 Hlutdeildarfélög

Á dagsetningu lýsingar eru hlutdeildarfélög Síldarvinnslunnar 6 talsins. Hlutdeildarfélög eru félög þar sem móðurfélagið er í aðstöðu til að hafa veruleg áhrif á stjórnun þess. Veruleg áhrif eru til staðar þegar félagið tekur þátt í ákvörðunum um fjármál og rekstur hlutdeildarfélaganna og er oft miðað við 20% - 50% eignarhlut og/eða áhrif á stjórnun félaganna sem teljast veruleg. Hlutdeildarfélög Síldarvinnslunnar eru eftirfarandi:

- **Atlantic Coast Fisheries Corporation, Bandaríkjunum**

Síldarvinnslan á 100% í Atlantic Coast Fisheries Corporation, eignarhaldsfélags sem fer með 25% hlut í F/V Holdings, sem rekur 3 báta til veiða á hörpuskel frá New Bedford í Massachusetts fylki í Bandaríkjunum. Meðeigandi að F/V Holdings er John A. Lees Jr. sem fer með 75% eignarhlut. Hlutdeild í afkomu félagsins árið 2020 var USD 592.170. Bókfært verð eignarhlutarins í lok árs 2020 var USD 3.483.491.

Til staðar er rekstrarsamningur milli Atlantic Coast Fisheries Corporation og John A. Lees Jr. vegna F/V Holdings. Samkvæmt samningnum eiga aðilar forkaupsrétt og rétt vegna tilboða í hluti hvors um sig (e. drag-along og tag-along). Framselji hluthafi hluti sína í félaginu öðrum hluthafa í bága við samninginn er félaginu heimilt að fara fram á lögbann við framsalinu. Þá mega hluthafar ekki á nokkurn hátt draga sig úr rekstrinum nema með samþykki annarra hluthafa og félagsins, ella getur hluthafi orðið skaðabótaskyldur.

- **SR-Vélaverkstæði hf., Siglufirði**

Eignarhlutur Síldarvinnslunnar er 37,30%. SR-Vélaverkstæði hf. starfrækir vélaverkstæði á Siglufirði. Hlutdeild í afkomu félagsins árið 2020 var USD -18.642. Bókfært verð eignarhlutarins í lok árs 2020 var USD 380.786

- **Polar Pelagic A.S., Grænlandi**

Síldarvinnslan á 33% í Polar Pelagic A.S. sem gerir út grænlenka skipið Polar Amaroq sem hefur aflahlutdeild í uppsjávarheimildum Grænlands. Það eru hlutdeildir í loðnu, makríl, síld og kolmunna. Síldarvinnslan hefur verið hluthafi í félaginu frá árinu 2003 með

33% hlut. Meðeigandi Síldarvinnslunnar er grænlenka sjávarútvegsfyrirtækið Polar Seafood Greenland A/S og er félagið rekið í samstarfi félaganna. Skipið, Polar Amaroq, er með heimahöfn í Tasilaq á Austur Grænlandi. Hlutdeild í afkomu félagsins árið 2020 var USD 679.588. Bókfært verð eignarhlutarins í lok árs 2020 var USD 8.998.327.

- **Hafnarbraut 2 ehf., Neskaupstað**

Eignarhlutur Síldarvinnslunnar er 50%. Starfsemi félagsins Hafnarbraut 2 ehf. er rekstur fasteignar að Hafnarbraut 2 í Neskaupstað, þar sem rekin er hótelfarfsemi og veitingaþjónusta. Hlutdeild í afkomu félagsins árið 2020 var USD -10.276. Bókfært verð eignarhlutarins í lok árs 2020 var USD 156.548.

- **G. Skúlason vélaverkstæði ehf., Neskaupstað**

Eignarhlutur Síldarvinnslunnar er 24,95%. G. Skúlason vélaverkstæði vinnur að málmsmíði, málmvörugerð og vélsmiði, jafnt við viðgerðir og nýsmíði og er með starfsemi í Neskaupstað og þjónustar skip og vinnslur félagsins. Hlutdeild í afkomu félagsins árið 2020 var USD 98.297. Bókfært verð eignarhlutarins í lok árs 2020 var USD 752.525.

- **Fasteignafélagið Miðhús ehf., Neskaupstað**

Dótturfélag Síldarvinnslunnar, Fjárfestingafélagið Vör ehf., á 46,7% hlut í Fasteignafélaginu Miðhús ehf. og Hampiðjan hf. á 53,3% hlut. Það er því skilgreint sem hlutdeildarfélag í reikningum Síldarvinnslunnar. Félagið er stofnað utan um byggingu á netaverkstæði og nótageymslu í Neskaupstað og leigir Hampiðjuni Íslandi ehf. húsnæði undir starfsemi sína í Neskaupstað og nótahólf til útgerðafélaga. Engin starfsmaður er hjá félaginu. Hlutdeild í afkomu félagsins árið 2020 var USD 94.403. Bókfært verð eignarhlutarins í lok árs 2020 var USD 583.117.

3.6 Lýsing á starfsemi Síldarvinnslunnar

Meginstarfsemi félagsins er veiðar og vinnsla sjávarafurða. Félagið er umsvifamikið á Íslandi á sviði veiða og vinnslu á uppsjávartegundum og stærsti framleiðandi á fiskimjöli og lýsi á landinu. Félagið framleiðir einnig bolfiskafurðir og laxeldisfóður. Stöðugildi hjá samstæðunni voru 338 talsins árið 2020. Starfsemi Síldarvinnslunnar er á 4 stöðum á landinu en höfuðstöðvar þess og mesta starfsemin er í Neskaupstað.

Síldarvinnslan er þriðja stærsta sjávarútvegsfyrirtæki landsins samkvæmt úthlutuðum aflaheimildum, með um 7,7% hlutdeild,⁵² eða um 32.600 þorskígildistonn.⁵³ Þar af eru um 13.300 þorskígildistonn í uppsjávarfiski⁵⁴ og 19.300 þorskígildistonn í bolfiski.⁵⁵

Afurðir félagsins eru seldar víðsvegar um heiminn, en helstu markaðir með frystar uppsjávarafurðir eru í Austur - Evrópu og Asíu. Helstu markaðir fyrir bolfiskafurðir eru í Evrópu og Bretlandi. Mjöl og lýsisframleiðslan fer til fóðurgerðar og er uppistaða framleiðslunnar seld til fóðurframleiðenda í Noregi.

⁵² Félagið hefur svigrúm til að auka við sig í heimildum þar sem hámarksafahlutdeild er 12% af heildar aflaheimildum.

⁵³ Heimild: Fiskistofa; <http://www.fiskistofa.is/umfiskistofu/frettir/hlutdeildir-staerstu-utgerdanna> (sótt 6. mars 2021).

⁵⁴ Uppsjávarfiskur er t.a.m. loðna, kolmuni, markíll og síld.

⁵⁵ Bolfiskur er t.a.m. þorskur, ýsa, úfsi, gullkarfi og djúpkarfi.

3.6.1 Árstíðasveiflur í rekstri og aflaheimildir

Í uppsjávarveiðum geta verið miklar sveiflur í stærðum nytjastofna á milli ára og þar með í veiðum og vinnslu þeirra. Veiðar uppsjávartegunda eru vertíðar- og árstíðabundnar. Í töflu hér fyrir neðan má sjá áherslur í veiðum eftir ársfjórðungum.

Tafla 3.6.1 a: Árstíðasveiflur í veiði

Ársfjórðungur	Uppsjávarveiði	Bolfiskveiði
1F	Loðnuvertíð	Bolfiskveiðar
2F	Kolmunnaveiðar	Bolfiskveiðar
3F	Makríll og norsk-íslensk síld	Bolfiskveiðar
4F	Íslensk síld og kolmunni	Bolfiskveiðar

Til að minnka sveiflur í starfseminni og fjölga stoðum undir rekstur félagsins hefur markvisst verið fjárfest í aflaheimildum og bolfiskútgerðum á síðustu árum. Fjárfestingar síðustu ára hafa miðað að því að styrkja félagið í bolfiskheimildum og auka þannig áhættudreifingu í rekstri. Enn fremur hefur verið fjárfest í nýjum búnaði og skipum til að auka samkeppnishæfni félagsins. Í dag eru uppsjávarheimildir um 40% af þorskígildistonnum félagsins, samanborið við um 78% af þorskígildistonnum félagsins fiskveiðiárið 2011/2012, sem endurspeglar fjárfestingar í bolfiskheimildum á tímabilinu. Í töflunni hér að neðan má sjá aflaheimildir félagsins eftir helstu tegundum.

Tafla 3.6.1 b: Aflaheimildir Síldarvinnslunnar eftir helstu tegundum 2020/21⁵⁶

Tegundir	% af heild	Hámark ⁵⁷
Uppsjávarfiskur		
Loðna	18,49%	20,0%
Síld	16,63%	20,0%
Kolmunni	29,92%	
Norsk-íslensk síld	21,37%	
Makríll	12,63%	
Bolfiskur:		
Þorskur	4,25%	12,0%
Ýsa	8,87%	20,0%
Ufsi	7,59%	20,0%
Gullkarfi	7,01%	35,0%
Djúpkarfi	7,16%	35,0%
Grálúða	6,72%	20,0%

Með fjárfestingum undanfarinna ára hafa sveiflur í starfseminni minnkað og er félagið ekki eins háð uppsjávarfisktegundum, þar sem kvótar geta sveiflast á milli ára. Eins hafa bolfiskheimildir verið notaðar í aflamarksskiptum fyrir uppsjávarheimildir.

⁵⁶ Meðtaldar eru aflaheimildir Bergs ehf. sem kom inn í samstæðuna á árinu 2021 og aukning á úthlutun í ýsu samkvæmt reglugerð nr. 445/2021, um (13.) breytingu á reglugerð nr. 726/2020, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2020/2021. Aflaheimildir sem sjást í skýringum með samstæðureikningi félagsins 2020 eru án þessara liða.

⁵⁷ Skv. 13 gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

3.6.2 Útgerð

Skip Síldarvinnslunnar eru vel búin til fiskveiða. Félagið leitar stöðugt leiða til að fjárfesta í nýrri tækni sem skilar sér í aukinni nýtingu og betri gæðum afurða félagsins.

3.6.2.1 Uppsjávarveiði

Afli uppsjávarskipa félagsins var um 124 þús. tonn árið 2020⁵⁸, samanborið við 115 þús. tonn árið 2019 og 161 þús. tonn árið 2018.“ Helstu uppsjávartegundirnar sem skipin afla eru loðna, makrill, kolmunni og síld. Engin loðnuveiði var árin 2019 og 2020, en kvótinn á yfirstandandi fiskveiðiári var 70 þús. tonn til Íslendinga.

Loðnuvertíðin stendur yfir fyrstu þrjú mánuði ársins og er loðnan fryst til manneldis og unninn í fiskmjölsverksmiðjum félagsins. Á nýliðinni loðnuvertíð, þar sem kvóti var lítill, var nánast öll loðna fryst til manneldis.

Uppsjávarskipin veiða kolmunna aðallega í apríl og maí suður af Færeyjum. Kolmunninn er unninn í fiskmjölsverksmiðjum félagsins.

Veiði á norsk-íslensku síldinni er aðallega frá ágúst og fram í október, sem skarast að hluta við veiðar á makrill, sem er frá júlí og fram í september.

Veiði á íslenskri sumargotssíld fer fram á haustin og þá aðallega í október til desember. Íslenska síldin er unnin til manneldis. Sýking hefur verið í stofninum undanfarin ár og hefur þá hluti aflans farið í mjöl og lýsi.

Samstæðan á þrjú uppsjávarskip⁵⁹ en þau eru:

- **Beitir NK 123**, uppsjávarskip, 4.138 brúttótonna, smíðað 2014 með Wartsila 5.200 kw aðalvél og 2.600 kw. hjálparvél. Að jafnaði eru 8 manns um borð, en áhöfnin telur 16 manns sem eru í skiptikerfum.
- **Börkur NK 122**, uppsjávarskip 3.588 brúttótonna, smíðað 2012, með MAK 4.320 kw aðalvél. Félagið hefur samið um smíði á nýju skipi sem mun koma í stað Barkar en áætluð afhending nýja skipsins er í maí 2021. Að jafnaði eru 8 manns um borð, en áhöfnin telur 16 manns sem eru í skiptikerfum.
- **Bjarni Ólafsson AK 70**, uppsjávarskip 1.969 brúttótonna, smíðað 1999, með Wartsila 7.500 kw aðalvél. Skipið er gert út af dótturfélaginu Runólfi Hallfreðssyni ehf. Að jafnaði eru 8 manns um borð, en áhöfnin telur 11 manns sem eru í skiptikerfum.

Nýtt skip í smíðum

Hjá Karstensens Skibsværft í Danmörku er verið að ljúka við smíði á nýjum Berki NK 122 sem mun leysa af hólmi eldra skip⁶⁰ félagsins. Stærð skipsins verður 4.100 brúttótonn. Aðalvélar verða tvær, 3.600 kw. hvor og ásráfall⁶¹ skipsins verður 3.500 kw. Í skipinu verður 820 kw. hjálparvél. Til að kæla aflann verða tvö kerfi í skipinu, hvort um sig 1.500 kw., en samtals verða kælitankarnir 13 talsins og verða þeir samtals 3.420 rúmmetrar. Vistarverur í skipinu verða fyrir 16 manns. Kostnaður við smíðina á nýjum Berki er áætlaður 5,2 milljarðar króna.

⁵⁸ Óendurskoðað, fengið úr framleiðslu- og aflabókhalda félagsins.

⁵⁹ Einnig á Síldarvinnslan 33% eignarhlut í Polar Pelagic AS á Grænlandi sem gerir út uppsjávarveiðiskipið Polar Amoroq.

⁶⁰ Eldra skipið sem hefur verið í rekstri frá 2014 verður selt í framhaldinu.

⁶¹ Ásráfall er ráfall sem drifinn er af aðalvél skips.

Áætlað er að skipið verði afhent í lok maí 2021. Áætlað er að rekstrarkostnaður sé um 5% lægri en á eldra skipi. Skipið mun eiga heimahöfn í Neskaupstað, fá nafnið Börkur NK og leysa eldra skip með sama nafni af hólmi.

3.6.2.2 Bolfiskveiði

Afli bolfiskveiðiskipa félagsins var tæplega 21 þús. tonn árið 2020, samanborið við rúm 23 þús. tonn árið 2019 og 22 þús. tonn árið 2018. Sjá nánar kafla 3.6.2.3, „Afli og verðmæti“. Ísfisktogararnir eru að jafnaði að veiðum í 2-5 daga í hverri veiðiferð. Afli er mjög mismunandi og ræðst af eftirspurn á markaði, árstíma og aflabrogðum. Frystitogarinn Blængur er um 24 daga á sjó í hverri veiðiferð að jafnaði.

Samstæðan á 5 bolfiskskip en þau eru:

- **Blængur NK 125**, frystitogari, 1.065 brúttótonna, smíðað á Spáni 1973 með Wartsila 3.680 kw. aðalvél. Skipið hefur verið mikið yfirfarið og er í góðu viðhaldi. Skipið er notað til veiða á þorski í Barentshafi, grálúðu, karfa, auk þess að veiða þorsk og ýsu á heimamíðum. Í áhöfn Blængs eru að jafnaði 26 og stundar skipið veiðar allt árið um kring. Áhöfnin telur um 40 manns með skiptikerfum. Afli Blængs er frystur um borð.
- **Gullver NS 12**, ísfisktogari, 423,5 brúttótonna, smíðaður í Noregi 1983 með Mak 1.303 kw. aðalvél. Áhöfn Gullvers telur 15 manns og stundar skipið veiðar allt árið um kring. Áhöfnin telur um 22 með skiptikerfum. Komið er með aflann ferskan að landi.
- **Vestmannaey VE 54**, ísfisktogari, 611 brúttótonna, smíðaður í Noregi 2018. Skipið stundar veiðar allt árið um kring. Að jafnaði eru 12 manns um borð, en áhöfnin telur um 18 manns með skiptikerfum. Vestmannaey kemur með ferskan fisk að landi. Skipið er gert út af Bergi-Hugin ehf.⁶²
- **Bergey VE 144**, ísfisktogari, 611 brúttótonna, smíðaður í Noregi 2019. Skipið stundar veiðar allt árið um kring. Að jafnaði eru 12 manns um borð en áhöfnin telur um 18 manns með skiptikerfum. Komið er með aflann ferskan að landi. Skipið er gert út af Bergi-Hugin ehf.
- **Bergur VE 44**, ísfisktogari 569 brúttótonna, smíðaður í Danmörku 1998, með eina Alpha 1.998 kw. aðalvél. Áhöfn Bergs telur 12 manns. Skipið hefur ekki áður verið gert út af félaginu. Komið er með aflann ferskan að landi. Skipið er gert út af Berg ehf. en Bergur-Huginn ehf. keypti félagið seinni hluta árs 2020 og samþykkti Samkeppniseftirlitið kaupin í febrúar síðastliðnum. Aflaheimildir félagsins eru 0,36% af heildarkvóta á fiskveiðiarinu 2020-2021, eða sem nemur 1.555 þorskígildistonium. Skipið var í útleigu fyrstu 3 mánuði ársins en er komið aftur í rekstur Síldarvinnslunnar.

⁶² Bergur-Huginn ehf. er í fullri eigu Síldarvinnslunnar og telst til samstæðunnar. Bergur-Huginn ehf. keypti útgerðarfélagið Berg ehf. í Vestmannaeyjum sem gerir út togarann Berg VE 44. (sjá nánar: <http://svn.is/index.php/1855-bergur-huginn-ehf-festir-kaup-a-utgerdharfelaginu-bergi-ehf>). Samkeppniseftirlitið samþykkti kaupinn þann 24. febrúar 2021.


3.6.2.3 Afli og verðmæti

Tafla 3.6.2.3 a: Aflaheimildir samstæðunnar fiskveiðiárið 2020/21 eftir tegundum⁶³

Tegund	Tonn	Þorskígildi	% af heild	Hámark
Þorskur	8.587	8.587	4,25%	12%
Ýsa	3.699	3.366	8,87%	20%
Ufsi	4.730	2.980	7,59%	20%
Gullkarfi	2.283	1.621	7,01%	35%
Djúpkarfi	840	680	7,16%	35%
Grálúða	777	1.640	6,72%	20%
Annar bolfiskur	1.059	630	-	
Bolfiskur innan lögsögu	21.975	19.503		
Bolfiskur utan lögsögu	322	322	-	-
Bolfiskur alls	22.297	19.826	-	-
Íslands-síld	4.759	619	16,63%	20,0%
Loðna	12.229	1.590	18,49%	20,0%
Kolmunni	54.955	4.396	29,92%	-
Norsk-íslensk síld	23.820	3.097	21,37%	-
Makrill áætluð úthlutun	17.762	3.552	12,63%	-
Uppsjárvarfiskur alls	113.525	13.254	-	-
Aflaheimildir alls	135.822	33.080	7,66%	12,0%

Hér að neðan sést hvernig þróunin hefur verið í þorskígildum sl. ár en enginn loðna var fiskveiðiárin 2019/2020 og 2018/19. Síðan bætast aflaheimildir Bergs VE 44 við fiskveiðiárið 2020/2021.

Mynd 3.6.2: Þróun á þorskígildum milli ára⁶⁴



Aflaheimildir Síldarvinnslunnar skiptast í bolfiskígildi 60% og uppsjárígildi 40% en þessi hlutföll eru breytileg milli ára⁶⁵.

Tafla 3.6.2.3 b: Uppsjárvarfali og verðmæti eftir tegundum

⁶³ Meðtaldar eru aflaheimildir Bergs ehf. sem kom inn í samstæðuna á árinu 2021 og aukning á úthlutun í ýsu samkvæmt reglugerð nr. 445/2021, um (13.) breytingu á reglugerð nr. 726/2020, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2020/2021. Aflaheimildir sem sjást í skýringum með samstæðureikningi félagsins 2020 eru án þessara liða.

⁶⁴ Meðtaldar eru aflaheimildir Bergs ehf. sem kom inn í samstæðuna á árinu 2021 og aukning á úthlutun í ýsu samkvæmt reglugerð nr. 445/2021, um (13.) breytingu á reglugerð nr. 726/2020, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2020/2021. Aflaheimildir sem sjást í skýringum með samstæðureikningi félagsins 2020 eru án þessara liða.

⁶⁵ Tölur í töflum eru ekki endurskoðaðar, fengnar úr framleiðslu- og aflabókhaldi félagsins.

Uppsjávarafli eftir tegundum (í tonnum og þús. USD)	2020		2019		2018	
	Afli	Verðmæti	Afli	Verðmæti	Afli	Verðmæti
Loðna	0	0	0	0	32.992	9.529
Síld	5.943	2.016	3.915	1.081	11.022	3.163
Kolmunn	68.157	15.032	70.462	15.836	79.557	16.130
Norsk-íslensk síld	20.129	6.998	20.377	6.687	20.363	6.325
Makríll	29.384	15.027	19.790	9.435	16.780	7.182
Samtals	123.848	39.114	114.544	33.039	160.714	42.329

Tafla 3.6.2.3 c: Afli og aflaverðmæti uppsjávarskipa Síldarvinnslunnar

Afli í tonnum, verðmæti í þús. USD	2020		2019		2018	
	Afli	Verðmæti	Afli	Verðmæti	Afli	Verðmæti
Beitir NK 123	44.895	14.266	43.650	12.504	60.535	16.022
Börkur NK 122	46.918	14.648	43.026	12.582	57.626	15.730
Bjarni Ólafsson Ak 70	32.035	10.200	27.868	7.953	42.553	10.577
Samtals	123.848	39.114	114.544	33.039	160.714	42.329

Tafla 3.6.2.3 d: Bolfiskafli eftir tegundum

Bolfiskafli eftir tegundum í tonnum	2020	2019	2018
	Afli	Afli	Afli
Þorskur	8.609	8.623	8.510
Ýsa	3.552	4.869	4.394
Ufsi	3.280	4.807	3.538
Gullkarfi	2.421	3.200	3.489
Grálúða	537	172	421
Annað	2.501	1.734	1.674
Samtals	20.898	23.405	22.026

Tafla 3.6.2.3 e: Afli og aflaverðmæti bolfisksskipa

Afli í tonnum, verðmæti í þús. USD	2020		2019		2018	
	Afli	Verðmæti	Afli	Verðmæti	Afli	Verðmæti
Gullver NS 12	5.127	8.939	6.068	11.015	6.117	10.664
Blængur NK 125	7.037	17.341	7.089	18.002	5.660	13.969
Vestmannaey VE 54	4.308	9.777	4.924	10.648	4.921	10.555
Bergey VE 144	4.424	10.025	5.324	11.480	5.230	11.653
Samtals	20.896	46.082	23.405	51.145	21.928	46.843


3.6.3 Vinnsla og fiskimjölsverksmiðjur

Síldarvinnslan starfrækir uppsjávarfiskiðjuver og frystigeymslur í Neskaupstað og fiskimjölsverksmiðjur í Neskaupstað og á Seyðisfirði, auk bolfiskvinnslu á Seyðisfirði. Undanfarin ár hefur verið lögð sífellt meiri áhersla á nýtingu uppsjávarafila til manneldis en með tilkomu öflugri skipa aukast gæði aflans. Auk þess hefur verið fjárfest í manneldisvinnslum í landi, þar hafa frysti afköst verið aukinn og bætt við flökunar- og pökkunarafköst.

Uppsjávarfiskiðjuver í Neskaupstað

Í Neskaupstað starfrækir Síldarvinnslan sérhæft uppsjávarfiskiðjuver. Þar er loðna, síld og makrill unnin til manneldis, ýmist heilfryst, flökuð eða hausskorin. Tæknistig og afkastageta frystihússins eru góð, en afkastageta í heilfrystingu er um 750 tonn á sólarhring. Á myndinni hér neðan sést afurðaframleiðsla eftir tegundum og verðmæti í milljónum íslenskra króna hjá uppsjávarfrystihúsinu síðastliðin þrjú ár.


Mynd 3.6.3 a: Framleiðsla fiskiðjuvers eftir tegundum⁶⁶



Frystigeymslur í Neskaupstað

Síldarvinnslan starfrækir einnig stærstu frystigeymslur landsins í Neskaupstað og rúma þær um 20.000 tonn af frosnum afurðum. Um þær fara allar afurðir frystihússins auk þess sem frystiskip félagsins, Blængur, landar aflu sínum inn í geymsluna. Einnig tekur geymslan við frosnum afurðum frá öðrum frystiskipum eftir atvikum. Myndin hér að neðan sýnir umferð um geymsluna, mælt í forni brettahreyfinga, síðastliðin þrjú ár.

Mynd 3.6.3 b: Vöruhús Síldarvinnslunnar- brettahreyfingar⁶⁷




⁶⁶ Upplýsingar fengnar úr framleiðslu- og aflabókhalda félagsins, óendurskoðað.

⁶⁷ Tölur fengnar úr vöruhúsakerfi félagsins, óendurskoðað

Fiskimjölsverksmiðjur í Neskaupstað og á Seyðisfirði


Mjöl og lýsi sem félagið framleiðir fer að stærstum hluta til fóðurframleiðslu fyrir fiskeldi erlendis. Sjá nánar kafla 3.7.5, „Helstu markaðir og afurðir Síldarvinnslunnar.“

Mynd 3.6.3 c: Framleiðsla á fiskimjöli og lýsi



Félagið starfrækir tvær fiskmjölsverksmiðjur, í Neskaupstað og á Seyðisfirði. Afkastageta verksmiðjunnar í Neskaupstað er 1.400 tonn á sólarhring. Verksmiðjan tekur á móti hráefni beint til vinnslu ásamt því að taka á móti afskurði frá fiskiðjuveri félagsins og frystiskipum félagsins. Á myndinni hér að neðan kemur fram hvernig hráefnismóttaka skiptist á milli verksmiðja fyrirtækisins síðastliðin þrjú ár. Eins og sjá má þá á stór hluti af hráefnismóttöku síðastliðin þrjú ár sér stað í Neskaupstað.

Mynd 3.6.3 d: Hráefnismóttaka fiskimjölsverksmiðja



Fiskimjölsverksmiðja Síldarvinnslunnar á Seyðisfirði er staðsett í útjaðri byggðar. Afkastageta verksmiðjunnar er 1.200 tonn á sólarhring. Hráefnismóttaka þar hefur farið minnkandi síðustu ár. Sjá umfjöllun í kafla 1.3.11, „Náttúruhamfarir.“

Tekin hefur verið ákvörðun um að stækka verksmiðjuna í Neskaupstað upp í 2.380 tonn á sólarhring. Þær framkvæmdir eru að hefjast, en í mars 2021 var undirritaður samningur við

vélsmiðjuna Héðinn um smíði nýrrar 380 tonna verksmiðju sem sett verður upp í Neskaupstað og er það hluti af fyrsta áfanga við stækkun verksmiðjunnar.⁶⁸ Áætlaður kostnaður við fyrsta áfanga er um 2.800 milljónir króna. Áætlað er að verksmiðjan verði tilbúin fyrir makrílvertíð á öðrum ársfjórðungi 2022.

Ákvörðun um lokun fiskimjolsverksmiðju félagsins í Helguvík var tekin í febrúar 2019. Búnaður verksmiðjunnar hefur verið seldur. Kaupandi hefur ekki getað staðið við að fjarlægja verksmiðjuna vegna COVID-19 faraldursins en vonast er til að búnaður verði fjarlægður á sumarmánuðum. Þá standa eftir fasteignir verksmiðjunnar sem stefnt er á að selja.

3.6.4 Sala og dreifing

Sölu- og markaðsmál félagsins fara í gegnum forstjóra og framkvæmdastjóra landvinnslu. Þó fer sala bolfiskafurða frá frystihúsi félagsins á Seyðisfirði í gegnum rekstrarstjóra. Síldarvinnslan selur mikinn meirihluta afurða sinna erlendis og eru vörur félagsins seldar undir merkjum Síldarvinnslunnar. Þegar afurðir eru seldar í gegnum umsýsluaðila liggur áhætta af sölu hjá Síldarvinnslunni.

3.6.4.1 Sala á framleiddum afurðum

Síldarvinnslan er ekki með skriflega samninga vegna sölu á afurðum sínum. Viðskipti við stærstu viðskiptavini félagsins eru byggð á langvarandi viðskiptasamböndum aðila. Síldarvinnslan er með sölusamning við Ice Fresh Seafood sölufélag Samherja hf. og greiðir Síldarvinnslan umboðslaun sem hlutfall af sölu, til Ice Fresh Seafood. Samningurinn er hvorki bindandi fyrir Síldarvinnsluna né Ice Fresh Seafood. Vörur félagsins eru seldar undir merkjum Síldarvinnslunnar „SVN“.

3.6.4.2 Sala á mjöli og lýsi

Síldarvinnslan selur mjöl og lýsi sjálf í gegnum erlenda umboðaðila. Sölustjóri Ice Fresh Seafood annast samskipti við erlenda kúnna. Síldarvinnslan selur allt mjöl og lýsi í eigin nafni. Síldarvinnslan gerir reikninga beint á viðskiptavini vegna sölu á mjöl og lýsi. Greiðslur til Ice Fresh Seafood eru föst mánaðarleg þóknun fyrir vinnu við sölu á mjöl og lýsi.

3.6.4.3 Sala á ferskum fiski

Síldarvinnslan selur og ráðstafar öllum ferskum fiski af bæði uppsjávar- og bolfiskskipum félagsins. Síldarvinnslan og Bergur-Huginn selja allan ferskan fisk sjálf og gera reikninga vegna sölu á kaupendur. Uppsjávarfiski er nærri undantekningalaust ráðstafað til eigin vinnslu.

Ráðstöfun á bolfiski af ísfisktogurum árin 2018-2020 var eftirfarandi: 17% af bolfiski fór til eigin vinnslu, 41% til vinnslu innanlands, þar af fóru 22% til tengdra aðila⁶⁹, 28% fór í gámum til Bretlands og 13% til Þýskalands og Frakklands.

⁶⁸ Nánari upplýsingar um samningin við vélsmiðjuna Héðinn: <http://byggingar.buildingsgroup.com/archives/24871>.

⁶⁹ Sjá einnig kafla 5.4.1.2 „Viðskipti við tengda aðila“

3.6.5 Vöruþróun

Framleiðsluafurðir Síldarvinnslunnar breytast lítið milli ára enda er krafa markaðarins um stöðugleika í vörugerð og útliti afurðanna. Helstu breytingar í vörugerð eru vegna tækniframfara. Margskonar tækniframfarir í sjávarútvegi undanfarin ár hafa verið drifkraftur í aukinni nýtingu aflans og breytingum í vörugerð sem stuðlað hafa að auknu verðmæti og lægri framleiðslukostnaði. Síldarvinnslan vinnur með Matís, innlendu háskólunum og öðrum sjávarútvegs- og tæknifyrirtækjum að margvíslegum þróunarverkefnum. Þannig hafa verið unninn doktors- og rannsóknarverkefni sem snúa að því að bæta nýtingu og auka verðmæti þess hráefnis sem berst að landi. Sjá nánar kafla 3.7.6, „Rannsóknir og þróunarverkefni.“

3.6.6 Hugverkaréttindi

Síldarvinnslan er eigandi eftirfarandi léna: www.svn.is, www.sildarvinnslan.is. Síldarvinnslan hefur sótt um vernd fyrir vörumerkið (orðmerkið) „SÍLDARVINNSLAN“ og (orð- og myndmerki) „SVN“ í flokkum 29, 31, 35, 39 og 40 hjá Hugverkastofu⁷⁰. Á dagsetningu þessarar lýsingar er beðið niðurstöðu.

3.6.7 Fasteignir og skip Síldarvinnslunnar

Síldarvinnslan á 26 fasteignir, flestar í Neskaupstað, en auk þess eiga dótturfélögin Bergur–Huginn ehf. og Fóðurverksmiðjan Laxá ehf. tvær fasteignir hvort. Fasteignin að Hafnarbraut 6, Neskaupstað er í sameign Síldarvinnslunnar (45%) og Samvinnufélags útgerðarmanna í Neskaupstað (55%).

Tafla 3.6.7 a: Fasteignir í eigu Síldarvinnslunnar

Nr.	Heimilisfang	Fasteignanúmer	Lýsing	Veðbönd
1.	Egilsbraut 8, Neskaupstaður	F2169034	Íbúð 010301	Engin veðbönd
2.	Gata mánans 9, Akureyri	F2253688	Orlofshús 230101	Engin veðbönd
3.	Hafnarbraut 6, Neskaupstaður	F2169115	Skrifstofa 010201	Engin veðbönd
4.	Hafnargata 47, Seyðisfjörður	F2168597	Fiskiðjuver 010101	Engin veðbönd
5.	Hafnarnaust 5, Neskaupstaður	F2229803	Ísverksmiðja 010101	Engin veðbönd
6.	Hafnarnaust 6, Neskaupstaður	F2169502	Frustigeymsla 010101	Engin veðbönd
7.	Hafnarnaust 7, Neskaupstaður	F2269527	Löndunarahús 010101	Engin veðbönd
8.	Langitangi 5, Seyðisfjörður	F2168612	Íbúð 010101	Engin veðbönd
9.	Langitangi 5, Seyðisfjörður	F2168613	Íbúð 010102	Engin veðbönd
10.	Naustahvammur 1-3 Neskaupstaður	F2339403	Iðnaðar og athafnalóð 01	Engin veðbönd
11.	Naustahvammur 19, Neskaupstaður	F2169464	Geymsluhús 010101	Engin veðbönd
12.	Naustahvammur 45, Neskaupstaður	F2169503	Mjöl og saltgeymsla 010101	Engin veðbönd
13.	Naustahvammur 55, Neskaupstaður	F2269614	Lýsisgeymar 01	Engin veðbönd
14.	Naustahvammur 67, Neskaupstaður	F2169481	Mjölhús 190101	Engin veðbönd
15.	Naustahvammur 67, Neskaupstaður	F2169490	Bræðsluhús 010101	Engin veðbönd
16.	Naustahvammur 71, Neskaupstaður	F2281251	Löndunarker 010101	Engin veðbönd
17.	Ránargata 23, Seyðisfjörður	F2168742	Síldarsóltun verbúð 010101	Engin veðbönd
18.	Stakksbraut 5, Keflavík	F2230934	Fiskimjölsverksmiðja 040101	Engin veðbönd

⁷⁰ Sjá nánari upplýsingar um Hugverkastofuna: <https://www.hugverk.is/um-okkur/um-hugverkastofuna>

19.	Strandarvegur 1-11, Seyðisfjörður	F2168751	Verksmiðjuhús 010101	Engin veðbönd
20.	Strandgata 77, Neskaupstaður	F2169684	Steintankur/geymsla 010101	Engin veðbönd
21.	Strandgata 79, Neskaupstaður	F219685	Geymsluhús 010101	Engin veðbönd
22.	Vöruskemma, Norðfjarðarhreppur	F2176935	Vörugeymsla 010101	Engin veðbönd
23.	Piljuvellir 4, Neskaupstaður	F2169819	Íbúð 010101	Engin veðbönd

Fasteignir í eigu Bergs – Huginn ehf.

24.	Skildingavegur 2, Vestmannaeyjar	F2184528	Vörugeymsla 010101	Engin veðbönd
-----	----------------------------------	----------	--------------------	---------------

Fasteignir Fóðurverksmiðjunnar Laxár hf.

25.	Krossanes 2. Akureyri	F2148497	Skemma 010101	Áhvílandi veðbönd
26.	Krossanes 2. Akureyri	F2148498	Fóðurverksmiðja 010102	Engin veðbönd

Tafla 3.6.7 b: Skip í fullri eigu samstæðu Síldarvinnslunnar

Fiskiskip	Gerð	Heimahöfn	Smíðaár	Gildistími haffæraskírteinis	Veðbönd
Beitir NK-123	Fiskiskip	Neskaupstaður	2014	16.12.2021	Áhvílandi
Blængur NK-125	Skuttogari	Neskaupstaður	1973	22.7.2021	Áhvílandi
Börkur NK-122	Fiskiskip	Neskaupstaður	2012	8.6.2021	Áhvílandi
Gullver NS-021	Skuttogari	Seyðisfjörður	1983	14.7.2021	Áhvílandi
Bjarni Ólafsson AK-70	Fiskiskip	Akranes	1999	25.6.2021	Áhvílandi
Vestmannaey VE-54	Skuttogari	Vestmannaeyjar	2018	8.7.2021	Áhvílandi
Bergey VE 144	Skuttogari	Vestmannaeyjar	2019	20.8.2021	Áhvílandi
Bergur VE-44 ⁷¹	Skuttogari	Vestmannaeyjar	1998	30.6.2021	Engin veðbönd

3.6.8 Gæðakerfi og vottanir

Síldarvinnslan framleiðir afurðir sínar eftir viðurkenndum stöðlum sem tryggja sjálfbærni, rekjanleika og heilnæmi afurðanna. Allar starfsstöðvar félagsins eru undir eftirliti Matvælastofnunar (MAST). Félagið er með vottuð gæðastjórnunarkerfi sem styðja við þessi markmið. Allar þessar vottanir eru teknar út reglulega af þar til bærum aðilum. Mjöl sem er unnið úr afskurði af síld og loðnu er TÚN vottað⁷². Flestar afurðir sem móðurfélagið vinnur eru vottaðar eftir viðurkenndum stöðlum. En vottun á deilistofnum, kolmunna, makríl, norsk-íslenskri síld eru í endurskoðun þar sem þau ríki sem eiga lögsögu með þessum stofnum í, og gera tilkall í þessa stofna, hafa ekki komið sér saman um heildar úthlutun á aflamarki. Öll ríkin taka ákvörðun út frá ráðgjöf hverju sinni en hvert og eitt ríki hefur úthlutað sér kvóta einhliða.

Vottuð gæðastjórnunarkerfi eru eftirfarandi:

- IFFO RS (The Global Standard for Responsible Supply)
- MSC (Marine Stewardship Council)
- Iceland Responsible Fisheries
- HACCP (Hazard Analysis and Critical Control Points)
- FEMAS (Feed Material Assurance Scheme)

⁷¹ Bergur VE 44 kom inn í samstæðuna febrúar 2021. Sjá nánari upplýsingar í kafla 3.6.2.2

⁷² Nánari upplýsingar um TÚN vottun: <https://tun.is/vottun/>.

- TÚN, vottun um lífræna framleiðslu

Síldarvinnslan einsetur sér að vera fyrirmynd um ábyrga og arðbæra viðskiptahætti og vinna í sátt við umhverfi og samfélag. Síldarvinnslan kappkostar að nýta sjávarauðlindina með sjálfbærum hætti. Lögð er áhersla á að fylgja ráðgjöf vísindamanna, þar sem stuðst er við bestu vitneskju hverju sinni, til að sjálfbærni fiskistofna sé tryggð til framtíðar og komandi kynslóðir fái notið góðs af. Við veiðar og vinnslu er lögð áhersla á að lögum og reglum sé fylgt í hvívetna.

3.7 Markaðir og samkeppni í sjávarútvegi

3.7.1 Sjávarútvegur í alþjóðlegu samhengi⁷³

Talið er að heimsframleiðsla á fiskafurðum (fiskveiðar og fiskeldi) hafi verið 179 milljónir tonna árið 2018. Þar af fóru 156 milljón tonna til manneldis. Fiskneysla heimsins hefur vaxið hraðar en fólksfjölgun og má rekja þá þróun aftur til 1961 þegar ársneysla á mann var 9 kg. en 2018 var hún komin í 20,3 kg. (Ísland er með yfir 50 kg. á mann).

Árið 2018 var veiddur heildarafli sjávarafurða um 96 milljónir tonna sem er mesta magn frá upphafi mælinga. Ársaukningin var 5,4%, sem var umfram meðaltal síðustu þriggja ára þar á undan. Stærstu veiðipjóðir heims eru Kína, Indónesía, Perú, Indland, Rússland og Bandaríkin. Samanlagt veiða þessar þjóðir nærri 50% af heildarafla heimsins. Ísland er í 19. sæti yfir stærstu fiskveiðipjóðir heims skv. gagnabanka FAO, með um 1,1 milljón tonna heildarafla.

Fólksfjölgun, aukin þéttbýlismyndun og bætt lífskjör fólks er meðal þeirra þátta sem hafa hvað mest áhrif á eftirspurn eftir sjávarafurðum. Veigamesti þátturinn er fólksfjölgun í heiminum. Þróun efnahagsástands á landfræðilegum mörkuðum hefur auk þess áhrif á eftirspurn og verðþróun sjávarafurða. Hins vegar ber að hafa í huga að lífskjör fólks hafa verið að batna í helstu iðnríkjum heims. Hin stækkandi millistétt og aukin heilsuvitund meðal fólks hefur leitt til þess að neytendur gera meiri kröfur um gæði matvara og er þar af leiðandi tilbúið til að borga meira fyrir gæði, þ.e. velja t.d. villtan fisk fram yfir eldisfisk. Að auki eru þættir svo sem umhverfisáhrif, umgengni og sjálfbær nýting auðlinda farnir að hafa sífellt meiri áhrif í vali neytenda á uppruna próteins í fæðu. Aðrir þættir sem hafa áhrif á þróun eftirspurnar eru framboð á fiski og sjávarafurðum í heiminum, verðþróun staðkvæmdarvara svo sem á kjúklinga-, nauta- og svínakjöti og öðrum próteinum úr dýraríkinu.

Fiskverðsvísitala FAO (Alþjóðamatvælastofnunin) lækkaði um 7,8% fyrstu 9 mánuði 2020 samanborið við fyrstu 9 mánuði 2019 og er COVID-19 faraldurinn ein helsta skýringin. Mikilvægi smásölu hefur aukist þar sem hótél- og veitingageirinn hefur dregið verulega úr kaupum á fiskafurðum.

Óvissa vegna COVID-19 faraldursins hefur haft afleiðingar á markaðsaðstæður í helstu viðskiptalöndum félagsins. Áhrifin á mörkuðum Síldarvinnslunnar fara að miklu leyti eftir þeim samkomutakmörkunum og sóttvarnarreglum sem í gildi eru á hverjum stað og hverjum tíma, og hvenær þeim verður endanlega aflétt. Breytingar hafa orðið á mörkuðum víða um heim, með breyttu neyslumynstri neytenda á matvöru og margvíslegum efnahagslegum áhrifum. Til að mynda hafa veitingahús og mótuneyti á lykilmörkuðum samstæðunnar ýmist verið lokuð eða með skerta starfsemi og söluleiðir því aðrar en áður. Þannig hefur neysla á fiski á hótelum og veitingastöðum dregist verulega saman en að einhverju leyti aukist í smásölu.

⁷³ Heimild: „The State of World Fisheries and Aquaculture“, <http://www.fao.org/3/ca9231en/CA9231EN.pdf>.

Flutningaleiðir, ekki síst í lofti, en einnig á sjó, hafa raskast og kostnaður aukist og einnig hefur framleiðslusamsetning breyst vegna framangreindra þátta.

3.7.1.1 Uppsjávartegundir í Norðaustur - Atlantshafi

Staða uppsjávartegunda⁷⁴ í Norðaustur-Atlantshafi er misgóð eftir tegundum. Þjóðirnar sem stunda veiðar úr þessum stofnum hafa ekki náð samkomulagi um skiptingu aflamarks í þessum tegundum sem er visst áhyggjuefni.

Alþjóðahafrannsóknaráðið (ICES) gefur árlega út ráðgjöf um veiðar ársins fyrir norsk-íslenska síld, makríl og kolmunna. Fyrir árið 2021 hafa verið gefnir út heildar kvótar. Ekki hafa verið gefnir út endanlegir kvótar til íslenskra skipa en líklegt er að Ísland miði við hlutfall af heildarkvóta sem stuðst hefur verið við síðustu ár.

- **Norsk-íslensk síld.** Nokkuð góðar horfur eru um norsk-íslensku síldina. Ráðgjöf ICES fyrir árið 2021 er um 24% hærrí en síðasta ár. Ekki er í gildi samkomulag milli þeirra þjóða sem stunda veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum um skiptingu aflahlutdeildar og hver þjóð því sett sér kvóta. Það hefur haft þær afleiðingar að frá árinu 2013 hafa veiðar verið umfram ráðgjöf ICES.
- **Kolmunn.** Ráðgjöf ICES fyrir árið 2021 er um 20% lægri en á síðasta ári. Ástæðan fyrir lækkun er minnkandi hrygningarstofn sökum lítillar nýliðunar síðustu fjögur ár. Ekki er í gildi samkomulag milli þeirra þjóða sem stunda veiðar úr kolmunnastofninum um skiptingu aflahlutdeildar og hver þjóð setur sér kvóta, sem hefur haft þær afleiðingar að frá árinu 2014 hafa veiðar umfram ráðgjöf ICES numið 16-66% á ári.
- **Makrill.** Ráðgjöf ICES fyrir árið 2021 er um 8% lægri en á síðasta ári. Það skýrist af bæði minnkandi hrygningarstofni og lægra mati á honum nú en á síðasta ári. Lækkun á ráðgjöf hefði orðið meiri ef ekki hefði komið til endurmats og hækkunar á veiðihlutfalli viðmiðunarmarkna sem ráðgjöfin byggir á. Ekki er í gildi samkomulag milli þeirra þjóða sem stunda veiðar úr makrílstofninum um skiptingu aflahlutdeildar og hver þjóð setur sér kvóta, sem hefur haft þær afleiðingar að veiðar hafa verið umfram ráðgjöf ICES.
- **Loðna.** Íslenskum skipum var í ár úthlutað kvóta í fyrsta sinn í þrjú ár. Frá árinu 2006 hafa fæðuöflunarsvæði loðnunnar færst vestar og að hluta frá íslenskum hafsvæðum í átt að Austur-Grænlandi. Helstu hrygningarsvæði loðnunnar eru sem fyrr sunnan og vestan Íslands, en vaxandi hlutfall virðist þó hrygna fyrir norðan land. Vísitala unglöðnu mælist nærri sögulegu hámarki. Horft til næstu ára ríkir nokkur óvissa um stöðu loðnustofnsins vegna breytinga í hafinu.

Tafla 3.7.1.1 a: Uppsjávartegundir í Norðaustur- Atlantshafi, kvóti í tonnum eftir árum

Tegund	2019	2020	2021
Norsk-íslensk síld	102.174	91.243	Líkleg 24% hækkun ⁷⁵

⁷⁴ Makrill, kolmuni og norsk-íslensk síld.

⁷⁵ Tillögur ICES frá 30.september 2020. Heimild: <https://www.hafogvatn.is/is/moya/news/ices-veitir-radgjof-um-aflamark-uppsjavarstofna-fyrir-arid-2021> (sótt 14.apríl 2021).


Kolmunni	241.000	245.101	Líkleg 20% lækkun ⁷⁶
Makríll	140.000	152.141	Líkleg 8% lækkun ⁷⁷
Loðna (kvóti til íslenskra skipa)	0	0	69.834

3.7.2 Íslenskur sjávarútvegur

Sjávarútvegur er ein af undirstöðuatvinnugreinum Íslands. Árið 2020 nam útflutningsverðmæti sjávarafurða frá Íslandi 270 milljörðum króna á föstu verðlagi. Verðmæti útflutnings jókst um 3,7%⁷⁸ á milli árána 2019 og 2020. Samdráttur í magni var hins vegar 2,5% milli sömu ára. Íslenska krónan var að jafnaði um 10% veikari 2020 en árið 2019 gagnvart helstu viðskiptamyntum og skýrir það verðmætaaukninguna í ISK. Hluttur sjávarafurða af heildarverðmæti vöruútflutnings Íslands var 43,5% árið 2020 í samanburði við 40,5% árið 2019. Hluttur sjávarafurða af heildarverðmæti útflutnings vöru og þjónustu var 26,9% árið 2020 en 19,2% árið 2019.

Um 79%⁷⁹ af heildarverðmæti útfluttra sjávarafurða á árinu 2020 fór til landa í Evrópu, þar af 18% til Bretlands, rúm 49% til ESB ríkja og tæp 12% til annarra Evrópulanda. Af einstaka löndum er Bretland stærsti markaðurinn fyrir íslenskar sjávarafurðir þó vægi hans hafi farið minnkandi undanfarin ár. Á sama tíma hefur mikil aukning orðið til dæmis í útflutningi á sjávarfurðum til Frakklands, úr rúmlega 4% af heildarverðmæti sjávarafurða í rúm 13%. Aðrir markaðir sem hafa verið að sækja í sig veðrið að undanfögnu eru Asía, einkum Kína, og svo Bandaríkin. Þó var nokkur samdráttur á útflutningi til Asíu á árinu 2020, sem að stærstum hluta mátti rekja til loðnubrests síðustu tveggja ára.

Útflutningsverðmæti íslenskra sjávarafurða hafa aukist um 18-40% á síðasta áratug en hafa þó ekki farið varhluta af COVID-19 áhrifum 2020. Myndin hér að neðan sýnir þróun útflutningsverðs íslenskra sjávarafurða mælt í XDR(SDR)⁸⁰.



Heimild: Hagstofa Íslands

⁷⁶ Tillögur ICES frá 30.september 2020. Heimild: <https://www.hafogvatn.is/is/moya/news/ices-veitir-radgjof-um-aflamark-uppsjavarstofna-fyrir-arid-2021> (sótt 14.apríl 2021).

⁷⁷ Tillögur ICES frá 30.september 2020. Heimild: <https://www.hafogvatn.is/is/moya/news/ices-veitir-radgjof-um-aflamark-uppsjavarstofna-fyrir-arid-2021> (sótt 14.apríl 2021).

⁷⁸ Heimild: Hagstofan, <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/sjavarutvegur/aflaverdmaeti-fyrir-arid-2020/>

⁷⁹ Heimild: Radarinn; <https://radarinn.is/Utflutningur/SjavarafurdirAlls> (sótt 9. febrúar 2021).

⁸⁰ XDR(SDR): XDR er gengi á sérstökum dráttarréttindum (SDR) sem er gjaldmiðlakarfa ákvörðuð af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Gjaldmiðlakarfan samanstendur af fimm gjaldmiðlum: Bandaríkjadal, evru, kínversku júani, bresku pundi og japönsku jeni.

Samningar um deilistofna⁸¹ eru lausir og mikilvægt er að viðeigandi þjóðir sem gera tilkall í þessa stofna nái samkomulagi. Mikilvægt er fyrir íslenskan sjávarútveg að samningar tryggja Íslandi sanngjarna hlutdeild út frá veiði, veiðireynslu og göngumynstri stofna. Sjá nánar kafla 1.3.3, „Fiskimið og deilistofnar“ og kafla 3.6.2.3, „Afli og verðmæti“.

Almennt er ástand helstu fiskistofna í íslensku lögsögunni nokkuð gott þótt það sé breytilegt eftir einstaka tegundum. Úthlutun ráðherra á síðustu fiskveiðiarum hefur verið í samræmi við ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar sem vonandi verður til þess að stofnarnir eigi að geta staðið sterkir til langs tíma.⁸²

- **Porskur.** Ágætar horfur samkvæmt ástandsskýrslu Hafrannsóknastofnunar. Stofninn hefur styrkst á síðustu árum. Aflaregla stjórnvalda miðar að því að langtímaafrakstur verði hámarkaður.
- **Ýsa.** Útlitið fyrir ýsu er á heildina litið gott. Hrygningarstofn ýsu hefur haldist stöðugur seinni ár en hefur minnkað frá 2008. Horfur eru á að árgangur 2014 sé yfir meðallagi og teljast það jákvæð tíðindi.
- **Ufsi.** Útlit er fyrir minni ufsakvóta á næstu árum. Stofninn mun minnka á næstu árum miðað við fyrirbyggjandi gögn en verður áfram nokkuð stór. Á síðustu sex fiskveiðiarum náðist ekki að veiða upp í úthlutaðar aflaheimildir.
- **Gullkarfi.** Búast má við heldur minni kvóta í gullkarfa á næstu árum. Hrygningarstofninn stækkaði ört frá 2004–2015, en hefur minnkað síðan þá en er vel yfir skilgreindum aðgerðarmörkum.
- **Íslensk síld.** Á heildina litið eru horfur þökkalegar og hægt að búast við hægri aukningu í úthlutaðum kvóta. Vegna betri nýliðunar er búist við að stofninn muni stækka á allra næstu árum en áfram er óvissa vegna sýkinga.

Tafla 3.7.2 a: Helstu fiskistofnar í íslenskri lögsögu, kvóti í tonnum eftir fiskveiðiarum⁸³

Tegund	2018/2019	2019/2020	2020/2021
Porskur	262.000	270.011	254.273
Ýsa	56.700	40.723	52.419
Ufsi	79.092	58.000	55.000
Gullkarfi	39.240	38.896	34.379
Djúpkarfi	13.012	12.492	12.384
Grálúða	13.271	12.047	13.271
Íslensk síld	35.186	34.572	35.490

⁸¹ Með deilistofnum er átt við þá fiskistofna sem Ísland nýtir sameiginlega með öðrum löndum vegna þess að stofnarnir ganga milli lögsagna ríkjanna og sömuleiðis út á alþjóðlegt hafsvæði. Í þessu tilfelli er um að ræða makríl, norsk-íslenska síld og kolmunna.

⁸² Heimild: <https://www.hafogvatn.is/is/moya/news/ices-veitir-radgjof-um-aflamark-uppsjavarstofna-fyrir-arid-2021>

⁸³ Meðtaldar eru aflaheimildir Bergs ehf. sem kom inn í samstæðuna á árinu 2021 og aukning á úthlutun í ýsu samkvæmt reglugerð nr. 445/2021, um (13.) breytingu á reglugerð nr. 726/2020, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiaríð 2020/2021. Aflaheimildir sem sjást í skýringum með samstæðureikningi félagsins 2020 eru án þessara liða.


3.7.3 Afli íslenskra fiskiskipa

Hafrannsóknarstofnun hefur m.a. það hlutverk að veita stjórnvöldum og hagsmunaaðilum ráðgjöf og þjónustu varðandi sjálfbæra nýtingu á lifandi auðlindum í sjó og ferskvatni á grundvelli sjálfbærra viðmiða og nýtingarstefnu.

Veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunar byggir á alþjóðlega viðurkenndum viðmiðum. Fjallað er um stofnmat og ráðgjöf flestra helstu nytjastofna við Ísland af Alþjóðahafrannsóknaráðinu (ICES). Sú varúðarnálgun (e. Precautionary approach) sem Alþjóðahafrannsóknaráðið notar við ráðgjöf og markmið um hámarksafkastur (e. ICES MSY approach), eru einnig höfð að leiðarljósið í ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar.


Fiskveiðiárið 2019/2020 stunduðu⁸⁴ rúmlega 1.600 íslensk skip og bátar veiðar og lönduðu tæplega 1,02 milljón tonnnum af fiski. Það var um 83 þús. tonnnum minni heildarafli en fisveiðiárið 2018/19. Af þessum afla voru 520 þús. tonn uppsjávarfiskur (síld, kolmunnur og makrill) sem var 47 þús. tonnnum minna en 2018/19 þegar hann var 567 þús. tonn. Engar loðnuveiðar voru stundaðar við Íslandsmið á tímabilinu. Botnfiskafli 2019/20 var 483 þús. tonn eða 30 þús. tonnnum minni en 2018/19 þegar hann var 513 þús. tonn. Annað sjávarfang t.a.m. skelfiskur, krabbar og sjávargróður stóð undir um 13 þús. tonnnum.

Mynd 3.7.3 a: Afli íslenskra skipa eftir tegundum



Mynd 3.7.3 b: Afli íslenskra skipa úr deilistofnum

⁸⁴ Heimild: Fiskistofa, <http://www.fiskistofa.is/veidar/aflaupplýsingar/yfirlit-sidasta-fiskveidiars/> (sótt 12. apríl 2021 og Hafrannsóknastofnun; <https://www.hafogvatn.is/static/files/2020-sidur/00d-fishoverview.pdf> (sótt 9. febrúar 2021).



Myndirnar hér að ofan sýna afla íslenskra skipa í tonnum eftir tegundum á árunum 2010-2019⁸⁵.

3.7.4 Samkeppnin

Íslenskar sjávarafurðir keppa á alþjóðlegum markaði og eru í samkeppni við aðrar fæðutegundir. Verðbreytingar á þessum afurðum hafa áhrif á eftirspurn eftir sjávarafurðum. Samkeppni er á milli sjávarafurða úr villtum fiski annars vegar og eldisfiski hins vegar, auk þess sem innbyrðis samkeppni er á milli mismunandi tegunda villts fisks. Verðbreytingar á mörkuðum geta t.d. ýtt undir það að neysla á einni tegund eykst á kostnað annarrar.

Alþjóðlegur markaður með sjávarafurðir einkennist af sterkum alþjóðlegum og innlendum samkeppnisaðilum. Síldarvinnslan er í samkeppni við erlenda aðila og aðra íslenska aðila sem selja vörur á sömu mörkuðum og Síldarvinnslan. Á sama tíma eru íslensk fyrirtæki í sjávarútvegi samherjar í uppbyggingu markaða, þar sem aðgreining þeirra á alþjóðlegum markaði byggir á rekjanleika afurðanna, þar sem uppistaða hráefnisins fæst með sjálfbærum og ábyrgum veiðum úr hreinu hafi við Ísland. Aukin stærðarhagkvæmni og samþætting í íslenskum sjávarútvegi hefur styrkt samkeppnishæfni íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja á alþjóðlegum mörkuðum.


3.7.5 Helstu markaðir og afurðir Síldarvinnslunnar

Síldarvinnslan starfar á alþjóðlegum mörkuðum og selur vörur sínar sem unnar eru bæði úr bolfiski og uppsjávarfiski um allan heim. Framboð og eftirspurn eftir sjávarafurðum og verðþróun á heimsvísu hefur því áhrif á afkomu og starfsemi Síldarvinnslunnar.

Afurðir félagsins í uppsjávarfiski eru frosinn uppsjávarfiskur og mjöl og lýsi. Í bolfiski eru afurðir félagsins bæði landfrystar og sjófrystar. Í landvinnslu eru einnig seldar ferskar afurðir og þá er ferskur fiskur frá íssfisktogurum félagsins seldur á markaði erlendis og innanlands. Í einstaka tilfellum er afli uppsjávarskipa félagsins seldur ferskur til vinnslu erlendis. Á myndinni hér að neðan eru ferskar afurðir bolfisks frá landvinnslu félagsins inni í tölum með frystum botnfisk. Ferskur bolfiskur af ísfisktogurum félagsins er ekki inni í þessum tölum þar sem sá afli er seldur sem hráefni.

⁸⁵ Heimild: Hagstofa Íslands; <https://www.hagstofa.is/> (sótt 11.mars.2021).

Mynd 3.7.5 a: Verðmæti framleiðslu Síldarvinnslunnar eftir flokkum⁸⁶



Uppsjávarfiskur

Á tímabilinu 2018-2020 voru 98.040 tonn af uppsjávarfiski seld til 31 viðskiptalanda að heildarverðmæti um 139.961 þús. USD. Eins og sjá má á neðangreindri töflu þá var sala til stærsta viðskiptavinarins um 42% af heildarmagni og 33% heildarverðmæti á tímabilinu. Fimm stærstu viðskiptavinir á fyrrgreindu tímabili voru með 67% af heildarmagni og 62% af heildarveltu. Stærstu viðskiptavinir félagsins starfa við framleiðslu og dreifingu í sínu heimalandi.

Tafla 3.7.5a: Sala á uppsjávarfiski á tímabilinu 2018-2020

Uppsjávarfiskur (2018-2020)


Fjöldi kaupenda	Magn (þús. tonn)	Verðmæti (þús. USD)
Hlutfall stærsta viðskiptavinarins	42%	33%
Hlutfall 5 stærstu viðskiptavina	67%	62%
Hlutfall 10 stærstu viðskiptavina	77%	74%
Samtals	98.040	139.961

Eins og sjá má á myndinni hér að neðan er Úkraína stærsta viðskiptalandið fyrir landfrystar uppsjávarafurðir, en veltan þar var um 38% hlutdeild á tímabilinu 2018-2020.⁸⁷ Níu stærstu viðskiptalöndin voru með 87% hlutdeild. Samdrátt í Japansmarkaði má rekja til loðubrests.

⁸⁶ Tölur fengnar úr sölukerfum Síldarvinnslunnar og eru óendurskoðaðar.

⁸⁷ Reiknað meðaltal úr sölukerfum félagsins, óendurskoðað

Mynd 3.7.5b : Sala á landfrystum uppsjávarafurðum á tímabilinu 2018-2020




Mjöl og lýsi sem félagið framleiðir fer að langstærstum hluta til fódurframleiðslu, megnið fer til fódurframleiðenda í Noregi. Það eru 4 stórir norskir fódurframleiðendur sem kaupa megnið af öllu mjöli og lýsi frá Íslandi. Hjá Síldarvinnslunni voru 98 þúsund tonn af mjöli seld á árunum 2018-2020, en þar af voru tveir stærstu kaupendurnir með 53% hlutdeild og dótturfélagið Fódurverksmiðjan Laxá með 9,1% hlutdeild. Rúm 25 þúsund tonn af lýsi voru seld á tímabilinu, en þar af voru tveir stærstu kaupendurnir með 57% hlutdeild og dótturfélagið Fódurverksmiðjan Laxá með 17,2% hlutdeild.

Bolfiskur

Bolfiskafurðir Síldarvinnslunnar skiptast í sjófrystar afurðir sem framleiddar eru um borð í frystitogaranum Blængi og landfrystar afurðir sem framleiddar eru í frystihúsunum á Seyðisfirði og í Neskaupstað. Einnig er ferskur bolfiskur sem skip Bergs- Hugins, Vestmannaey, Bergey og Gullver, veiða fluttur út í gámum á erlenda markaði og til vinnslu innanlands.


Mynd 3.7.5c: Bolfisksala eftir tegundum sem hlutfall af verðmætum



Í heildina voru seldar bolfiskafurðir 20.755 tonn á tímabilinu 2018 til 2020, þar af 6.696 tonn árið 2020, 7.203 tonn árið 2019 og 6.856 tonn 2018.

Ice Fresh Seafood hefur umsjón með sölu á stærstum hluta bolfiskafurða félagsins. Afurðirnar voru seldar til 15 landa, en stærstur hluti er seldur til Bretlands, Bandaríkjanna og Frakklands.

Mynd 3.7.5d: Bolfisksölur eftir löndum sem hlutfall af verðmætum⁸⁸



⁸⁸ Reiknað meðaltal úr sölukerfum félagsins, óendurskoðað

3.7.6 Rannsóknar- og þróunarverkefni

Unnið hefur verið að þróunarverkefni til að auka verðmæti próteina úr hráefni félagsins. Mikilvægt er að halda þeirri þróunarvinnu áfram til að auka enn frekari verðmætasköpun.

Undanfarin ár hefur Síldarvinnslan í samvinnu við Matís lagt stund á rannsóknir á sviði meðferðar og nýtingar fiskfangs. Mörg þessara rannsóknaverkefna hafa verið unnin í samvinnu við önnur sjávarútvegsfyrirtæki, tæknifyrirtæki í sjávarútvegi og háskóla. Mörg verkefnanna eru doktorsverkefni, flest við innlenda háskóla en einnig við Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna. Niðurstöður þessara verkefna hafa verið birtar í formi ritrýndra vísindagreina eða doktorsritgerða og nýtast þær öllum sem vilja, jafnt opinberum stofnunum sem fyrirtækjum.

Síldarvinnslan er þátttakandi í þremur verkefnum sem fengu styrki úr Matvælasjóði haustið 2020. Öll verkefnin varðar breytingar og framþróun í framleiðslu fiskimjöls. Tvö þeirra eru á sviði þráavarnar í mjöli. Annað þeirra tekur til skoðunar hvort unnt sé að nýta afurðir þörungavinnslu sem þráavarnarefnis en hitt er unnið í samvinnu við Skinney-Þinganes og Ísfélag Vestmannaeyja og snýst um hitamyndun og þránun í mjöli. Þriðja verkefnið er samstarfsverkefni Síldarvinnslunnar og Matís um breytingar á vinnsluferli í fiskimjölsværksmiðjum með áherslu á fiskprótein í sem hreinustu formi.

Síldarvinnslan leggur mikla áherslu á að sjávarútvegsfyrirtæki og menntasamfélagið hafi samvinnu um verkefni á borð við þessi. Fyrri verkefni hafa þegar skilað miklum árangri og hafa verið fiskiðnaðinum til framdráttar og styrkt stöðu hans.

4 Fjárhagsyfirlit 1. janúar 2018 – 31. desember 2020

Fjárhagsyfirlitið hér að neðan gefur yfirlit um þróun rekstrar, efnahags og sjóðstreymis samstæðu Síldarvinnslunnar fyrir rekstrarárin 2018, 2019 og 2020 og byggir á endurskoðuðum ársreikningum samstæðunnar sem eru hluti af útgefandalyisingunni. Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér samstæðureikningana þ.m.t skýrslur stjórnar, skýrslur endurskoðenda og allar skýringar. Sjá nánar kafla 2.3, „Skjöl felld inn með tilvísun“

Samstæðureikningar fyrir rekstrarárin 2018 og 2019 eru gerðir í samræmi við lög nr. 3/2006, um ársreikninga, og settar reikningsskilareglur. Samstæðureikningur fyrir árið 2020 er í fyrsta skipti gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu, sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1606/2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla og hafa lagagildi á Íslandi skv. lögum nr. 3/2006, um ársreikninga. Til samræmis við það hefur félagið útbúið ársreikninga sem eru í samræmi við IFRS sem gilda fyrir reikningsárið 2020 ásamt samanburðartölum fyrir reikningsárið 2019. Í skýringu 2.24 í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2020 er farið yfir aðferðir og áhrif innleiðingar IFRS á samstæðuna. Sjá nánar samstæðu kafla 2.3, „Skjöl felld inn með tilvísun.“

Samstæðan samanstendur af móðurfélaginu Síldarvinnslunni hf. og dótturfélögum þess: Bergi-Hugin ehf., Runólfi Hallfreðssyni ehf., Seley ehf., Fóðurverksmiðjunni Laxá hf., Fjárfestingafélaginu Vör hf. og SVN eignafélagi ehf., þar til í mars 2021,⁸⁹ sem og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögum. Hlutdeildarfélög eru félög þar sem móðurfélagið er í aðstöðu til að hafa veruleg áhrif á stjórnun þeirra. Veruleg áhrif eru til staðar þegar félagið tekur þátt í ákvörðunum um fjármál og rekstur hlutdeildarfélaga og er oft miðað við 20-50% eignarhlut skv. viðmiðum í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) og/eða áhrif á stjórnun félaganna sem teljast veruleg. Samkvæmt hlutdeildaraðferð eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap hlutdeildarfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Ekki hafa átt sér stað mikilvægar breytingar á fjárhags- eða viðskiptastöðu Síldarvinnslunnar frá lokum síðasta fjárhagstímabils þann 31. desember 2020 aðrar en þær að a) félagið hefur ákveðið að stækka fiskimjölsverksmiðju félagsins í Neskaupstað; b) keypti nýtt skip, Börk NK sem er í smíðum og verður afhent í lok maí 2021; c) keypti Berg ehf. í gegnum dótturfélag sitt Berg-Hugin ehf.; d) keypti 12,4% hlut í dótturfélaginu Runólfi Hallfreðssyni ehf.; e) endurfjármagnað eldri lán félagsins hjá Nordea Bank og tók nýtt lán til að fjármagna kaup á Berki NK; f) færði eignarhlut félagsins í dótturfélaginu SVN eignafélags ehf. til hluthafa í formi arðsúthlutunar; g) félagið fékk úthlutað 12.320 tonnum af loðnu á grundvelli aflahlutdeilda sem hefur verið veidd og áætlað er að skili félaginu um 41.000 þús. USD að söluandvirði. Sjá nánar kafla 4.1, „Þróun, horfur, fjárfestingar og breytingar á fjárhagstöðu“ og í skýringu 26 í samstæðureikningi 2020 í kafla 2.3, „Skjöl felld inn með tilvísun.“

4.1 Þróun, horfur, fjárfestingar og breytingar á fjárhagsstöðu

Fjárfestingar

⁸⁹ Hluthafafundur Síldarvinnslunnar 26. mars 2021 ákvað að færa eignarhlut félagsins í SVN eignafélagi ehf. að öllu leyti til hluthafa með arðgreiðslu og hefur sá tilflutningur farið fram.

Í október 2020 gerði samstæðan samning um kaup á öllum útistandandi eignarhlutum í útgerðarfyrtækinu Bergi ehf. í Vestmannaeyjum. Kaupverðið, sem var um 38.500 þús. USD, skyldi greiðast þegar samþykki Samkeppniseftirlitsins lægi fyrir, en það var megin fyrirvari kaupanna. Kaupverð skv. kaupsamningi var greitt þann 1. mars 2021 og afhending hluta félagsins fór fram sama dag.

Í upphafi apríl mánaðar 2021 var gengið frá kaupum á eftirstæðum 12,4% hlut í dótturfélaginu Runólfi Hallfreðssyni ehf., og er félagið í 100% eigu Síldarvinnslunnar að kaupunum loknum.

Stjórn Síldarvinnslunnar hefur samþykkt aðrar nýfjárfestingar og viðhaldsfjárfestingar fyrir samtals um 39.000 þús. USD á árinu 2021. Stærstu fjárfestingarnar er fullnaðargreiðsla fyrir nýjan Börk NK og stækkun verksmiðu í Neskaupstað og fjárfesting í fiskiðjuveri í Neskaupstað. Fyrirhuguð sala á eldra skipi og eignum félagsins í Helguvík eru ekki inni í fjárfestingaráætlun ársins 2021.

Síldarvinnslan gerði samning við danska skipasmíðafyrirtækið Karstensens Skibsværft AS um smíði á nýju uppsjávarskipi, sem hófst um mitt ár 2019. Gert er ráð fyrir að skipið muni verða afhent í lok maí 2021. Heildarfjárfesting samkvæmt samningi nemur um 41.200 þús. USD og hefur félagið greitt inn á fjárfestinguna á smíðatímanum til samræmis við samning. Í lok árs 2020 var búið að greiða um helming smíðakostnaðar. Tekin hefur verið ákvörðun um að selja Börk NK sem nú er í rekstri eftir að félagið fær hið nýja skip afhent. Ásett verð er um 20.000 þús. USD en óvissa ríkir um endanlegt söluverð.

Þann 4. mars 2021 var undirritaður samningur við vélsmiðjuna Héðin um smíði á 380 tonna fiskimjölsverksmiðu sem sett verður upp í Neskaupstað. Áætluð afkastageta mun nema allt að 380 tonnum á sólarhring og munu heildaafköst starfseminnar verða 2.380 tonn á sólarhring að framkvæmdunum loknum. Samningsfjárhæð nemur um 13.400 USD þús. og er gert ráð fyrir að verksmiðjan verði afhent á fyrri hluta ársins 2022. Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdirnar í Neskaupstað er um 40.000 þús. USD sem dreifist yfir framkvæmdatímann sem er áætlaður 3 ár, þar af eru um 18.000 þús. USD inni í áætlun 2021⁹⁰.

Fyrirhugað er að selja fasteign og lóð félagsins í Helguvík en mat eignanna í ársreikningi 2020 var 1.568 þús. USD, sjá nánar í kafla 4.3.1., "Eignir samstæðu Síldarvinnslunnar í árslok 2018, 2019 og 2020"

Samþykktar fjárfestingar verða fjármagnaðar með sjóðum félagsins, sölu á rekstrarfjármunum og nýjum lánum.

Fjármögnun

Í upphafi árs 2021 var stór hluti lána samstæðunnar endurfjármagnaður ásamt því að tekin voru viðbótarlán m.a. til fjármögnunar á smíðum á Berki og framkvæmdum tengdum fiskimjölsverksmiðjunni sem var greint frá hér að ofan. Að lokinni endurfjármögnun nema langtímaskuldir félagsins um 131.400 þús. USD. Vaxtaberandi lán samstæðunnar, að lokinni endurfjármögnun, skiptast þannig eftir gjaldmiðlum: USD 46%, EUR 29%, NOK 12%, GBP 9% og JPY 4%. Vaxtaálag ofan á grunnvexti er að meðaltali 1,9%. Vaxtakjör félagsins eru sambærileg og á eldri lánum.

⁹⁰ Miðað er við gengi USD 123,8 kr.

Sjá einnig skýringar 8, 17 og 26 í samstæðureikningi 2020 í kafla 2.3, „Skjöl felld inn með tilvísun“.

Arðgreiðsla

Hluthafafundur Síldarvinnslunnar sem haldinn var þann 26. mars 2021 ákvað að færa eignarhlut félagsins í dótturfélaginu SVN eignafélagi ehf. að öllu leyti til hluthafa með arðgreiðslu. Hluthafar höfðu þann kost að fara fram á greiðslu í reiðufé að frádregnum fjármagnstekjuskatti, Síldarvinnslan greiddi reiðufé til þeirra sem þess óskuðu. Eftir úthlutunina á Síldarvinnslan 1,23% í SVN eignafélagi ehf. Arðgreiðsludagur var 9. apríl 2021 en verðmæti eignarhlutarins miðaðist við 25. mars 2021. Verðmæti eignarhluta í SVN eignafélagi ehf. er að langstærstum hluta fólgid í 14,54% eignarhlut í Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Við arðsúthlutunina mun um 26.000 þús. USD söluhagnaður tekjufærast í rekstrarreikning samstæðunnar á fyrsta ársfjórðungi 2021. Heildarlækkun eigin fjár vegna úthlutunar eignarhlutans til hluthafa nemur um 51.100 þús. USD⁹¹. Tillaga stjórnar fyrir komandi aðalfund er að hagnaður ársins 2020 verði fluttur á milli ára.

Þróun og horfur

Þann 4. febrúar 2021 kynnti Hafrannsóknastofnun nýja ráðgjöf um loðnuveiðar á fiskveiðiarinu 2020/21 þar sem heimilaðar voru veiðar á samtals 127.300 tonnum,⁹² þar af tæplega 70 þús tonnum til Íslendinga. Samstæða Síldarvinnslunnar fékk úthlutað 12.320 tonnum af loðnu á nýliðinni vertíð á grundvelli aflahlutdeilda, auk þess sem skipt var út bolfiski fyrir loðnu. Þrátt fyrir litla vertíð í magni náðist að vinna allan kvóta til manneldis á hærri afurðaverðum. Þá eru verð á loðnu og loðnuhrognum sögulega há. Áætlað er að verðmæti loðnuvertíðarinnar nemi um 41.000 þús. USD og að rekstrarhagnaður fyrir afskriftir nemi 19.000 þús. USD.

Stjórnendur telja að horfur í rekstri Síldarvinnslunnar séu almennt góðar og ekki eru fyrirhugaðar verulegar breytingar á samstæðunni á komandi misserum. Uppgjör félagsins er gert í Bandaríkjadollar, sala fer að nær öllu leyti fram í erlendum gjaldmiðlum, einkum í Bandaríkjadollar og norskum krónum en, kostnaður er að mestum hluta greiddur í íslenskum krónum. Olía er stór kostnaðarliður en verðmyndun á olíu er í Bandaríkjadollar. Þá eru lán félagsins í erlendum gjaldmiðlum sem myndar gengisáhættu sem að hluta til er varin náttúrulega með sjóðstreymi samstæðunnar í erlendum gjaldmiðlum. Stjórnendur fylgjast með gengisþróun gjaldmiðla daglega og bregðast við áhættu þó félagið sé ekki með formlega stefnu um gjalddeyrisvarnir.

Reksturinn er að miklu leyti háður þróun ytri þátta sem félagið hefur ekki áhrif á s.s. mögulegum breytingum á lögum um fiskveiðistjórnun, úthlutun á aflahlutdeildum, þróun í gengi gjaldmiðla, hráefnisverðs, afurðaverðs, olíuverðs og annarra orkuverða á heimsmörkuðum. Stærstu áhrifaþættir í rekstri félagsins er ástand fiskistofna hverju sinni og þar gætir náttúrulegra sveiflna sem fyrirtækið getur ekki haft áhrif á. Varðandi deilistofna þá ríkir óvissa um framvindu veiða þeirra.

Í lok hvers árs gera stjórnendur Síldarvinnslunnar rekstraráætlun sem byggir á efnahagsástandi á mikilvægustu mörkuðum félagsins víðsvegar í heiminum. Þá er byggt á

⁹¹ Eigið fé í lok árs 2020 var 386 m. USD og eiginfjárlutfall 68%. Eiginfjárlutfall reiknast 66% að teknu tilliti til arðgreiðslunnar.

⁹² Ástand nytjastofna sjávar og ráðgjöf 2021, Hafrannsóknarstofnun 4. febrúar 2021, <https://www.hafogvatn.is/static/extras/images/lodna4febr20211236375.pdf> (sótt 26. apríl 2021).

olíuverði og þróun gengis íslensku krónunnar ásamt gengissveiflum á milli erlendra mynta. Áætlun byggir á sögulegum forsendum varðandi rekstrarkostnað félagsins að uppfærðum mikilvægum forsendum eins og þróun launa.

Rekstrarhorfur félagsins eru góðar, árið byrjaði með fyrstu loðnuvertíð í þrjú ár og útlit er fyrir að heimurinn fari að sjá fyrir endann á heimsfaraldrinum vegna COVID-19-faraldursins og markaðir fari að taka betur við sér. Þrátt fyrir COVID-19-faraldurinn hafa markaðir fyrir uppsjávarafurðir verið traustir og vonir standa til að svo verði áfram.

Fjárfestingar síðustu ára hafa miðað að því að efla samkeppnishæfni félagsins og gera það betur í stakk búið til að hámarka verðmæti aflaheimilda. Vega þar þungt fjárfestingar í uppsjávarvinnslu og skipum. Auk þess hafa kaup á öðrum sjávarútvegsfélögum styrkt tekjugrunn félagsins en þar vega þungt kaup á bolfiskheimildum. Árlegar fjárfestingar hafa því verið mun meiri en þarf til að viðhalda þeim rekstrarfjármunum sem styðja núverandi rekstrarumsvif félagsins.

Horft fram á veginn er það mat stjórnenda Síldarvinnslunnar að afskriftir gefi vísbendingu um umfang fjárfestinga til að viðhalda núverandi rekstri. Afskriftir fastafjármuna námu 10.060 þús. USD árið 2020. Jafnframt er viðhaldskostnaður gjaldfærður og nam fjárhæðin um 10 m. USD á síðasta ári. Viðmið um viðhaldsfjárfestingar tekur ekki til nýfjárfestinga, s.s. fjárfestinga í aukinni starfsemi eða breyttri vinnslu, né heldur fjárfestinga í ytri vexti.

4.2 Rekstrarreikningur samstæðu Síldarvinnslunnar

Hér á eftir fer umfjöllun um rekstrarreikning samstæðu Síldarvinnslunnar fyrir árin 2018, 2019 og 2020 en neðangreind tafla sýnir rekstrarreikninga þeirra ára. Vakin er sérstök athygli fjárfesta á að öll umfjöllun hér að neðan miðast við endurskoðuð uppgjör samstæðu Síldarvinnslunnar fyrir árin 2018, 2019 og 2020 og samanburður á milli árána 2018 og 2019 annars vegar og 2020 hins vegar er ekki samanburðarhæfur þar sem uppgjörin eru gerð eftir mismunandi reikningsskilaðferð.

Tölur í töflu í þessum kafla fyrir árið 2019 eru annars vegar settar fram endurskoðaðar skv. ársreikningalögum og hins vegar óendurskoðaðar skv. alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) til samanburðar við árið 2020.

4.2.1 Rekstrarreikningur 2018, 2019 og 2020

Tafla 4.2.1: Rekstrarreikningur samstæðu Síldarvinnslunnar fyrir árin 2018, 2019 og 2020

Rekstrarreikningur	Samstæða	Samstæða	Samstæða	Samstæða
	Ársreikningalög	Ársreikningalög	Óendurskoðaðar samanburðartölur skv. IFRS	IFRS
(þús. USD)	2018	2019	2019	2020
Rekstrartekjur				
Rekstrartekjur landvinnslu	159.522	132.299	0	
Rekstrartekjur útgerðar	88.328	83.519	0	
Afli til eigin vinnslu	(47.062)	(37.084)	0	

Útgefandalyising Síldarvinnslunnar hf.

Rekstrartekjur ⁹³	0	0	188.418	183.807
Hagnaður af sölu eigna	63	1.941	1.941	401
	200.851	180.676	190.359	184.208
Rekstrargjöld				
Rekstrargjöld landvinnslu	119.517	93.355	0	0
Afli til eigin vinnslu	(47.062)	(37.084)	0	0
Rekstrargjöld útgerðar	66.648	56.438	0	0
Sameiginlegur kostnaður	5.826	4.690	0	0
Kostnaðarverð seldra vara	0	0	77.827	76.962
Laun, aflahlutir og annar starfsmannakostnaður	0	0	44.998	43.961
Annar rekstrarkostnaður	0	0	4.258	4.179
	144.930	117.400	127.083	125.101
Hagnaður fyrir afskriftir	55.922	63.276	63.276	59.107
Afskriftir fastafjármuna	11.078	9.470	9.470	10.060
Rekstrarhagnaður	44.844	53.806	53.806	49.047
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	(8.087)	(2.975)	0	0
Vaxtatekjur og verðbætur	0	0	1.404	552
Vaxtagjöld og verðbætur	0	0	(3.931)	(2.270)
Gengismunur	0	0	(467)	(2.939)
(Gjöld) tekjur af verðbréfum og afleiðusamningum	2.771	(845)	(1.611)	(3.557)
	(5.317)	(3.820)	(4.604)	(8.214)
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaganna	1.042	455	4.988	7.154
Hagnaður fyrir skatta	40.569	50.441	54.189	47.987
Tekjuskattur	(7.549)	(9.900)	(9.896)	(8.723)
Hagnaður ársins	33.020	40.541	44.293	39.263
Hagnaður skiptist á eftirfarandi hátt:				
Eigendur félagsins	32.587	40.053	43.805	38.593
Hlutdeild minnihluta	433	488	488	670
	33.020	40.541	44.293	39.263
Hagnaður á hlut				
Hagnaður eigenda félagsins á útistandandi hlut	0,0193	0,0238	0,0260	0,0229
Önnur heildarafkoma				
Liðir sem síðar munu verða endurflokkaðir yfir rekstur:				
Þýðingarmunur vegna eignarhluta í félögum	0	0	(1.929)	(160)
Áhættuvarnir vegna langtímaskulda	0	0	0	(737)
Liðir sem munu ekki verða endurflokkaðir yfir rekstur:				
Hlutdeild í öðrum eiginfjárhreyfingum dótturfélags	0	0	0	(113)
Heildarafkoma ársins	33.020	40.541	42.364	38.253

Rekstrartekjur árin 2019 og 2020 voru umtalsvert lægri en árið 2018 sem má aðallega rekja til loðnubrests, auk samdráttar í kolmunnaveiði, en aukning var á sama tíma hjá bolfiskskipum félagsins. Rekstrartekjur námu 200.851 þús. USD árið 2018, en 180.676 þús. USD árið 2019

⁹³ Í samstæðuársreikningi 2020 heitir þessi liður „Seldar vörur“

og jafngildir það um 10,0% lækkun á milli ára. Árið 2020 voru rekstrartekjur 184.208 þús. USD. Síldarmarkaðir voru sterkari árið 2020 en árið 2019 sem kom á móti afkomulækkun vegna kolmunna.

Sala eftir gjaldmiðlum skiptist þannig árið 2020: USD um 34%, NOK um 27%, EUR um 14%, ISK um 12%, GBP um 10%, DKK um 2% og JPY um 1%.

Sala afurða eftir heimsálfum skiptist þannig árið 2020: V-Evrópa um 65%, A-Evrópa um 25%, Ameríka um 5% og Asía um 5%. Árið 2020 var engin loðnuveiði, sem hafði þau áhrif að vægi Asíu var lágt vegna þess að Asía er mikilvægur sölumarkaður fyrir loðnuafurðir.

Hagnaður eða tap af sölu eigna myndast þegar rekstrarfjármunir eru seldir á verði sem er annað en bókfært verð þeirra, en mismunurinn er eftir atvikum færður til tekna eða gjalda. Eðli málsins samkvæmt eru þessir rekstrarliðir óreglulegir og fara eftir því hvenær rekstrarfjármunir eru seldir, söluverði og bókfærðu verði þeirra við sölu. Þannig nam hagnaður af sölu eigna 63 þús. USD árið 2018 en 1.941 þús. USD árið 2019 og 401 þús. USD árið 2020.

Rekstrargjöld námu 144.930 þús. USD árið 2018 en 117.400 þús. USD árið 2019 sem er 19,0% lækkun á milli ára og stafar af samdrætti í veiðum og vinnslu á kolmunna og loðnu. Þá eru hagræðingaraðgerðir og fjárfestingar síðustu ára að skila sér í hlutfallslega lægri kostnaði. Árið 2020 námu rekstrargjöld 125.101 þús. USD.

Ofangreindar rekstrartekjur og rekstrargjöld leiða af sér rekstrarhagnað fyrir afskriftir (e. EBITDA) að fjárhæð 55.922 þús. USD árið 2018, sem jafngildir 27,8% af rekstrartekjum, 63.276 þús. USD árið 2019, eða 35,0% af rekstrartekjum, og 59.107 þús. USD árið 2020, eða 32,1% af rekstrartekjum.

Afskriftir fastafjármuna eru reiknaðar út frá afskriftarhlutföllum eigna og kostnaðarverði þeirra í byrjun árs og eru hlutföllin mismunandi milli eignaflokka. Eins og sjá má í skýringum með samstæðureikningum Síldarvinnslunnar eru afskriftarhlutföll fasteigna og lóða 0-6% á ári, skipa og fylgihluta 4-10% og verksmiðjuvéla og tækja 6-20%. Þannig námu afskriftir fastafjármuna 11.078 þús. USD árið 2018 sem jafngildir 5,5% af rekstrartekjum, en námu 9.470 þús. USD árið 2019, sem jafngildir 5,2% af rekstrartekjum. Afskriftir fastafjármuna námu 10.060 þús. USD árið 2020, sem jafngildir 5,5% af rekstrartekjum.

Þegar afskriftir fastafjármuna eru dregnar frá hagnaði fyrir afskriftir hvers ár fæst rekstrarhagnaður (e. EBIT) upp á 44.844 þús. USD árið 2018, eða 22,3% af rekstrartekjum, 53.806 þús. USD árið 2019, eða 29,8% af rekstrartekjum, og 49.047 þús. USD árið 2020 eða sem jafngildir 26,6% af rekstrartekjum.

Árið 2018 námu fjármunatekjur og fjármagnsgjöld nettó 5.317 þús. USD en 3.820 þús. USD árið 2019. Breytingin á milli ára stafar af mestu leyti af því að gengismunur, sem er hluti af hreinum fjármagnsgjöldum, var mun meiri árið 2018 þegar hann var neikvæður um 5.071 þús. USD samanborið við 467 þús. USD árið 2019.

Árið 2020 voru fjármunatekjur og fjármagnsgjöld nettó 8.214 þús. USD en breytingin á milli ára stafar að mestu leyti af því að gengismunur hækkaði árið 2020 vegna styrkingar evru gagnvart bandaríkjadollar en samstæðan er með töluvert af langtímalánum í evrum. Einnig gerir Bergur-Huginn upp í íslenskum krónum og var gengistap á þeim lánum í samstæðunni. Þá voru tekjur af verðbréfum og afleiðusamningum neikvæðar sem stafar af stöðu á

vaxtaskiptasamningum en Síldarvinnslan hafði fært rúmlega helming af breytilegum vöxtum yfir í fasta vexti. Þessar breytingar eru færðar í gegnum rekstrarreikning.

Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaganna námu 1.042 þús. USD árið 2018 og 455 þús. USD árið 2019. Árið 2020 voru tekjurnar 7.154 þús. USD og stafar þessi hækkun einkum af breyttum reikningsskilaaðferðum þar sem eignarhlutur í Sjóvá - Almennum tryggingum hf. er meðhöndlaður sem hlutdeildarfélag árið 2020 sem jók hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna um 5.718 þús. USD.

Að teknu tilliti til tekjuskatts og ofangreindra liða nam hagnaður eftir skatta 33.020 þús. USD árið 2018, 40.541 þús. USD árið 2019, og 39.263 þús. USD árið 2020.

4.3 Efnahagur samstæðu Síldarvinnslunnar

Eftirfarandi er umfjöllun um efnahag samstæðu Síldarvinnslunnar í lok þriggja síðustu rekstrarára: 2018, 2019 og 2020. Vakin er sérstök athygli fjárfesta á að öll umfjöllun hér að neðan miðast við endurskoðuð uppgjör samstæðu Síldarvinnslunnar fyrir árin 2018, 2019 og 2020 og samanburður á milli árána 2018 og 2019 annars vegar og 2020 hins vegar er ekki samanburðarhæfur þar sem uppgjörin eru gerð eftir mismunandi reikningsskilaaðferðum.

Tölur í töflum í þessum kafla fyrir árið 2019 eru annars vegar settar fram endurskoðaðar skv. ársreikningalögum og hins vegar óendurskoðaðar skv. alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) til samanburðar við árið 2020.

Tafla 4.3: Efnahagsreikningur samstæðu Síldarvinnslunnar í árslok 2018, 2019 og 2020

Eignir (þús. USD)	Samstæða	Samstæða	Samstæða	Samstæða
	Ársreikningalög	Ársreikningalög	Óendurskoðaðar samanburðartölur skv. IFRS	IFRS
	2018	2019	2019	2020
Fastafjármunir				
Óefnislegar eignir:				
Fiskveiðiheimildir	225.459	228.305	228.305	227.078
	225.459	228.305	228.305	227.078
Rekstrarfjármunir:				
Varanlegir rekstrarfjármunir	124.578	129.071	129.071	127.496
Skip í smíðum	13.432	21.316	21.316	20.289
Leiguréttindi	0	0	0	1.162
	138.010	150.388	150.388	148.948
Fjárfestingar:				
Eignarhlutur í hlutdeildarfélögum	12.238	12.462	31.805	38.773
Eignarhlutur í öðrum félögum	19.808	19.059	1.222	1.652
Skuldabréfaeign	643	0	0	0
	32.689	31.522	33.027	40.425
Fastafjármunir samtals	396.158	410.215	411.720	416.451

Veltufjármunir

Fastafjármunir sem haldið er til sölu	1.568	1.568	0	0
Skuldabréfaeign	0	618	1.030	394
Birgðir	36.401	30.435	30.435	26.224
Viðskiptakröfur	16.628	14.538	14.538	7.416
Aðrar skammtímakröfur	2.497	2.321	4.107	1.827
Kröfur á tengd félög	14.529	22.892	22.892	26.128
Handbært fé	43.561	48.633	48.633	90.119
	115.184	121.006	121.636	152.109

Fastafjármunir sem haldið er til sölu	0	0	1.568	1.568
---------------------------------------	---	---	-------	-------

Eignir samtals

	511.343	531.221	534.924	570.127
--	---------	---------	---------	---------

	Samstæða	Samstæða	Samstæða	Samstæða
	Ársreikningalög	Ársreikningalög	Óendurskoðaðar samanburðartölur skv. IFRS	IFRS

Eigið fé og skuldir

(þús. USD)

Eigið fé

Hlutfé	13.970	13.968	13.968	13.968
Yfirverðsreikningur hlutfjár	10.118	10.080	10.080	10.070
Lögbundinn varasjóður	3.525	3.525	0	0
Þýðingarmunur	1.545	-358	0	0
Bundinn hlutdeildarreikningur	15.335	19.985	0	0
Aðrir liðir	0	0	23.703	33.240
Óráðstafað eigið fé	284.508	309.508	310.508	324.810
	329.001	356.708	358.259	382.088
Hlutdeild minnihluta	4.977	3.825	3.825	4.184
	333.978	360.533	362.084	386.272

Skuldir

Langtímaskuldir og skuldbindingar:

Skuldir við lánastofnanir	91.832	52.827	52.769	33.375
Tekjuskattsskuldbinding	39.797	41.046	41.058	39.967
	131.629	93.873	93.827	73.343

Skammtímaskuldir:

Skuldir við lánastofnanir	17.015	0	0	27.913
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	7.446	56.011	56.011	54.648
Reiknaðir skattar ársins	7.725	9.020	9.020	9.028
Viðskiptaskuldir	8.153	5.244	5.244	7.335

Aðrar skammtímaskuldir	4.567	5.738	7.937	10.937
Skuldir við tengd félög	830	802	802	651
	45.736	76.814	79.013	110.512
Skuldir samtals	177.365	170.687	172.840	183.855
Eigið fé og skuldir samtals	511.343	531.221	534.924	570.127

4.3.1 Eignir samstæðu Síldarvinnslunnar í árslok 2018, 2019 og 2020

Heildareignir samstæðunnar þann 31. desember 2020 námu 570.127 þús. USD, 531.221 þús. USD í árslok 2019 og 511.343 þús. USD í árslok 2018.

Óefnislegar eignir eru fólgnar í fiskveiðiheimildum. Bókfært verð þeirra nam 227.078 þús. USD í árslok 2020 en 228.305 þús. USD í árslok 2019 og 225.459 þús. USD í árslok 2018 og skýrist munurinn af viðbótar aflaheimildum sem keyptar voru á tímabilinu og áhrifum gengisbreytinga. Umfjöllun um fiskveiðiheimildir samstæðunnar eru í kafla 3.6, „Lýsing á starfsemi Síldarvinnslunnar“.

Varanlegir rekstrarfjármunir námu samtals 127.496 þús. USD í árslok 2020 en 129.071 þús. USD í árslok 2019 og 124.578 þús. USD í árslok 2018. Stærstu fjárfestingarverkefni félagsins voru fjárfestingar í nýjum skipum. Í árslok 2020 námu eignfærslur vegna skipa í smíðum 20.289 þús. USD. Er þar um að ræða nýtt uppsjárvarskip, Börk NK 122, sem áformað er að komi í rekstur hjá Síldarvinnslunni í lok maí 2021. Önnur skip sem voru í smíðum á tímabilinu voru ný Vestmannaey VE 54 og ný Bergrey VE 144 sem komu í rekstur hjá dótturfélaginu Bergi-Hugin ehf. á árunum 2019 og 2020. Árið 2020 seldi Bergur-Huginn skipið Smáey VE 444, sem selt var ásamt fylgifé og veiðarfærum en án aflahlutdeildar, aflamarks eða annarra veiðiheimilda.

Í byrjun árs 2019 ákvað stjórn Síldarvinnslunnar hf. að leggja niður starfsemi félagsins í Helguvík. Fyrirhugað er að selja eignir félagsins í Helguvík og voru þær því í lok árs 2018 endurflokkaðar við framsetningu ársreikningsins og greint frá þeim meðal veltufjármuna undir liðnum „Fastafjármunir sem haldið er til sölu“. Mat eignanna í ársreikningi 2020 1.568 þús. USD miðar við matsvirði, að frádregnum sölukostnaði, eða kostnaðarverði, hvort sem lægra er. Um er að ræða fasteign og lóð. Mat stjórnenda er að matsvirði hafi ekki lækkað frá upphaflegri áætlun um sölu. Af þeim sökum er engin matsbreyting færð í rekstrarreikning á árinu 2020. Í desember á árinu 2019 var ritað undir samning um sölu tækja og búnaðar verksmiðjunnar til erlends aðila. Samningurinn var háður ýmsum grundvallarskilyrðum sem voru ekki að fullu uppfyllt fyrr en í febrúar 2020 þegar hluti kaupsamningsgreiðslu (um 30%) var innt af hendi af hálfu kaupanda. Söluverðið í viðskiptunum nam ríflega 4.000 USD þús. og hefur kaupandi lagt fram bankaábyrgð fyrir ógreiddum hluta söluverðsins. Tæki og búnaður í Helguvík höfðu á árinu 2018 verið niðurfærðar að fullu. Á árinu 2020 er einungis tekjufærð óafturkræf innborgun kaupanda þar sem afhending tækja og búnaðar hefur tafist, m.a. vegna áhrifa COVID-19-faraldurinn og verður um 2.800 þús. USD söluhagnaður færður til tekna á rekstrarárinu 2021 í samræmi við reglur alþjóðlega reikningskilastaðla (IFRS).

Eignarhlutar í hlutdeildarfélagum námu 38.773 þús. USD í árslok 2020 en 12.462 þús. USD í árslok 2019 og 12.238 þús. USD í árslok 2018. Hækkunin árið 2020 skýrist af breyttri reikningsskilaaðferð en eignarhlutar í Sjóvá-Almennum tryggingum hf. var færður sem hlutdeildarfélag í ársreikningi 2020 í stað meðal eignarhluta í öðrum félögum. Samstæðan átti 14,54% eignarhlut í Sjóvá-Almennum tryggingum hf. sem var að markaðsverði 41.718 þús. USD í árslok 2020. Fyrir innleiðingu á IFRS reikningsskilastöðlunum var eignarhluturinn bókaður á kostnaðarverði, nánar tiltekið 17.984 þús. USD í árslok 2019 og 18.721 þús. USD í árslok 2018.

Eignarhlutar í öðrum félögum námu 1.652 þús. USD í árslok 2020 en 19.059 þús. USD í árslok 2019 og 19.808 þús. USD í árslok 2018.

Alls námu fastafjármunir samstæðunnar 416.451 þús. USD í árslok 2020 en 410.215 þús. USD í árslok 2019 og 396.158 þús. USD í árslok 2018.

Vörubirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru metnar á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist. Framleiðslukostnaður samanstendur af hráefniskostnaði, launakostnaði og óbeinum kostnaði vegna framleiðslunnar. Dagverð er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum sölukostnaði. Birgðir af rekstrarvörum og veiðafærum eru færðar á áætluðu kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu, ef við á.

Birgðir samstæðunnar námu 26.224 þús. USD í árslok 2020. Stærsti hluti birgða, eða um 3/4 hluti, eru fullunnar afurðabirgðir en aðrar birgðir eru hráefni, rekstrarvörur og veiðarfæri. Birgðir námu 30.435 þús. USD í árslok 2019 og 36.401 þús. USD í árslok 2018.

Viðskiptakröfur eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði, að teknu tilliti til gengismunar og niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótveikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni. Viðskiptakröfur, aðrar skammtímakröfur og kröfur á tengd félög námu samtals 35.371 þús. USD í árslok 2020, 39.752 þús. USD í árslok 2019 og 33.654 þús. USD í árslok 2018. Kröfur á tengd félög eru vegna viðskipta með hráefni og afurðir við hluthafa og félög í þeirra eigu og þannig í eðli sínu viðskiptakröfur.

Starfsemi Síldarvinnslunnar er að verulegu leyti vertíðarbundin en því fylgir fjárbinding þegar veiðar og vinnsla eiga sér stað á vertíðum en afurðir eru seldar yfir lengra tímabil. Góðar frystigeymslur gera félaginu kleift að jafna út sölu yfir lengri tíma. 90 daga greiðslufrestur er á flestum viðskiptum. Lítið er um að viðskiptakröfur tapist, þrátt fyrir að greiðsluþryggingar séu ekki í boði á mikilvægum mörkuðum, s.s. víða í A-Evrópu. Hreint veltufé í árslok 2020 nam 42.672 þús. USD sem jafngildir 23% af rekstrartekjum. Hreint veltufé eru birgðir að viðbættum viðskiptakröfum, öðrum skammtímakröfum og kröfum á tengd félög en að frádregnum viðskiptaskuldum, öðrum skammtímaskuldum og skuldum við tengd félög.

Handbært fé nam 90.119 þús. USD í árslok 2020, 48.633 þús. USD í árslok 2019 og 43.561 þús. USD í árslok 2018.

4.3.2 Skuldir samstæðu Síldarvinnslunnar í árslok 2018, 2019 og 2020

Heildarskuldir samstæðunnar námu alls 183.855 þús. USD í árslok 2020, 170.687 þús. USD í árslok 2019 og 177.365 þús. USD í árslok 2018.

Skuldir við lánastofnanir námu alls 115.936 þús. USD í árslok 2020, en þar er um að ræða eftirtalda liði í efnahagsreikningi samstæðunnar: i) Skuldir við lánastofnanir, færðar meðal langtímaskulda; ii) Skuldir við lánastofnanir, færðar meðal skammtímaskulda og iii) Næsta árs afborganir af langtímaskuldum. Skuldir við lánastofnanir voru um 49% í USD, 41% í EUR og 10% í GBP í árslok 2020 eins og sjá má í töflu 4.3.2 a. Þróun langtímaskulda við lánastofnanir síðustu þrjú ár má sjá í töflu 4.3.2 a og afborganir af skuldum við lánastofnanir má sjá í töflu 4.3.2 b. Síldarvinnslan áformar að nýta sjóðstreymi úr rekstri til að standa skil á afborgunum skulda.

Tafla 4.3.2 a: Langtíma- og skammtímalán 31.12.2020 eftir gjaldmiðlum

	Langtímalán að	Skammtímalán	Lán samtals	Hlutfall mynta
	meðtöldum næsta			
	árs afborgunum			
	Samstæða	Samstæða	Samstæða	Samstæða
	IFRS	IFRS	IFRS	IFRS
(þús. USD)	31.12.2020	31.12.2020	31.12.2020	31.12.2020
Skuldir í USD	48.547	8.000	56.547	49%
Skuldir í EUR	39.476	8.590	48.066	41%
Skuldir í GBP	0	11.324	11.324	10%
Samtals	88.023	27.913	115.936	100%

Samstæðan hafði fyrir árslok 2020 samið um endurfjármögnun langtíma- og skammtímaskulda við lánastofnanir ásamt því að tryggja sér lánsfjármagn til að styðja við frekari uppbyggingu og fjárfestingar. Heildarfjármögnunin nam um 131.400 þús. USD og kom til framkvæmda á fyrstu mánuðum ársins 2021. Að lokinni endurfjármögnun munu heildarskuldir samstæðunnar við lánastofnanir greinast með eftirfarandi hætti.

Tafla 4.3.2 b: Afborganir af skuldum við lánastofnanir

	Samstæða
	IFRS
(þús. USD)	
Næsta árs afborganir	5.503
Árið 2022	8.716
Árið 2023	8.716
Árið 2024	8.716
Árið 2025	8.716
Afborganir síðar	90.986
Samtals	131.353

Tekjuskattsskuldbinding félagsins stóð í 39.967 þús. USD í árslok 2020, 41.046 þús. USD í árslok 2019 og 39.797 þús. USD í árslok 2018. Tekjuskattsskuldbinding svarar að jafnaði til þess tekjuskatts sem eftir gildandi skattlögum kæmi til greiðslu ef eignir samstæðunnar væru seldar eða innleystar á bókfærðu verði. Reiknaður tekjuskattur nam 9.028 þús. USD í árslok 2020, 9.020 þús. USD í árslok 2019 og 7.725 þús. USD í árslok 2018.

Viðskiptaskuldir, aðrar skammtímaskuldir og skuldir við tengd félög námu alls 18.924 þús. USD í árslok 2020, 11.784 þús. USD í árslok 2019 og 13.550 þús. USD í árslok 2018.

4.3.3 Lánaskilmálar

Skuldir við lánastofnanir samanstanda af einu láni sem skiptist í fjóra leggi eftir gjaldmiðlum hjá Síldarvinnslunni og tveimur lánnum hjá Bergi-Hugin, en lánin eru hjá Landsbankanum og Nordea Bank.

Lánið hjá Síldarvinnslunni var tekið til endurfjármögnunar á eldri lánnum og í tengslum við fjármögnun á nýja Berki NK. Lánin hjá Bergi-Hugin voru tekin í tengslum við smíði á skipum í eigu Bergs-Hugins og til að fjármagna kaup Bergs-Hugins á Bergi ehf.

Skilmálar lánasamnings Síldarvinnslunnar eru hefðbundnir en þeir fela meðal annars í sér ákvæði um að eiginfjárlutfall⁹⁴ skuli ekki vera lægra en 40%, takmarkanir á frekari veðsetningu fiskiskipa án samþykkis lánastofnunar, áskilnað um að aflamarki sé úthlutað á fiskiskip Síldarvinnslunnar og takmarkanir á að verulegar breytingar séu gerðar á samþykktum félagsins. Jafnframt er gjaldfellingarheimild ef vanefndir verða á öðrum skuldbindingum félagsins. Í lánasamningi Síldarvinnslunnar er heimild til gjaldfellingar lánsins ef einhver hluthafi fer yfir 50% eignarhlut í félaginu.

Skilmálar lánasamninga Bergs-Hugins eru jafnframt hefðbundnir, en þeir fela meðal annars í sér takmarkanir á sölu eða frekari veðsetningu eigna án samþykkis lánastofnunar, ákvæða sem áskilja samþykki lánastofnunar fyrir útgreiðslu arðs hjá Bergi-Hugin og ef breytingar verða á eignarhaldi sem fela í sér breytingar á raunverulegum eigendum Bergs-Hugins, takmarkanir á breytingum á rekstri eða tilgangi félagsins án samþykkis lánastofnunar, ásamt hefðbundnum gjaldfellingarákvæðum svo sem ef til koma vanefndir á öðrum skuldbindingum lánataka, fjárnám, ósk um gjaldþrotaskipti eða leitað verður nauðasamninga.

4.3.4 Eigið fé samstæðu Síldarvinnslunnar í árslok 2018, 2019 og 2020

Eigið fé félagsins nam 386.272 þús. USD þann 31. desember 2020 en þar af nam hlutdeild minnihluta 4.184 þús. USD. Eigið fé var 360.533 þús. USD þann 31. desember 2019 og 333.978 þús. USD þann 31. desember 2018. Hlutfé félagsins nam alls 13.968 þús. USD í árslok 2020. Hlutfé Síldarvinnslunnar var ekki aukið á árunum 2018-2020 en félagið keypti eigin hluti á tímabilinu að nafnverði samtals 4 þús. USD.

Arðgreiðsla árið 2018 nam 8.969 þús. USD sem jafngildir 0,64 USD á hvern hlut. Arðgreiðsla árið 2019 nam 10.403 þús. USD sem jafngildir 0,74 USD á hvern hlut. Arðgreiðsla árið 2020 nam 13.889 þús. USD sem jafngildir 0,99 USD á hvern hlut.

Stjórn Síldarvinnslunnar hefur markað félaginu þá stefnu að við útgreiðslu arðs sé haft til hliðsjónar að félagið sé með sterkan efnahag og nægilega hátt eiginfjárlutfall til mæta þeim sveiflum sem fylgt geta rekstrarumhverfi í íslenskum sjávarútvegi, sjá nánari umfjöllun um arðgreiðslustefnu félagsins í kafla 6.3.2 „Arður“. Það hefur verið keppikefli félagsins að vera í fremstu röð hvað varðar tækniframfarir í veiðum og vinnslu og er þannig mikilvægt að félagið hafi ávallt bolmagn til að grípa þau fjárfestingartækifæri sem myndast þegar þau myndast.

⁹⁴ Eigið fé samtals / Eignir samtals

Með vísan til þessa telur stjórnin enn fremur mikilvægt að greiða hluthöfum eðlilegan arð af því fé sem bundið er í félaginu. Er þannig stefnt að því að félagið greiði hluthöfum sínum árlegan arð, sem nemi að lágmarki 30% hagnaðar næstliðins rekstrarárs. Arðgreiðsla skal taka mið af því að eiginfjárlutfall félagsins fari ekki niður fyrir 50% við greiðslu arðsins.

Tafla 4.3.4 a: Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum frá 1. janúar 2018 til 31. desember 2019 skv. endurskoðuðum ársreikningum eftir ársreikningalögum

(þús. USD)	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Aðrir liðir	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samantals
Hreyfingar 2018:					
Staða í ársbyrjun	13.971	10.137	21.445	265.175	310.729
Keyptir eigin hlutir	(1)	(19)	0	0	(20)
Þýðingarmunur	0	0	(5.326)	0	(5.326)
Hagnaður ársins	0	0	0	33.020	33.020
Hlutdeild minnihluta í afkomu ársins	0	0	0	(433)	(433)
Greiddur arður	0	0	0	(8.969)	(8.969)
Bundinn hlutdeildarreikningur	0	0	4.285	(4.285)	0
Staða í árslok	13.970	10.118	20.405	284.508	329.001
Hreyfingar 2019:					
Staða í ársbyrjun	13.970	10.118	20.405	284.508	329.001
Keyptir eigin hlutir	(2)	(38)	0	0	(40)
Þýðingarmunur	0	0	(1.903)	0	(1.903)
Hagnaður ársins	0	0	0	40.541	40.541
Hlutdeild minnihluta í afkomu ársins	0	0	0	(488)	(488)
Greiddur arður	0	0	0	(10.403)	(10.403)
Bundinn hlutdeildarreikningur	0	0	4.650	(4.650)	0
Staða í árslok	13.968	10.080	23.152	309.508	356.708

Tafla 4.3.4 b: Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum frá 1. janúar 2019 til 31. desember 2020 skv. endurskoðuðum ársreikningi 2020 skv. alþjóðlegum reikningsreglum (IFRS) og samanburðartölum fyrir árið 2019

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Annað eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samantals
Hreyfingar 2019:						
Staða í ársbyrjun	13.970	10.118	20.405	284.508	4.977	333.978
Áhrif af innleiðingu IFRS	0	0	(1.554)	(788)	0	(2.342)
Staða í ársbyrjun	13.970	10.118	18.851	283.720	4.977	331.636
Heildarafkoma:						
Hagnaður ársins	0	0	0	43.805	488	44.293
Þýðingarmunur	0	0	(1.762)	0	(167)	(1.929)
Bundinn	0	0	0	0	0	0
- hlutdeildarreikningur	0	0	6.637	(6.637)	0	0
- gangvirðisreikningur	0	0	(23)	23	0	0
	0	0	4.852	37.191	321	42.364
Eigendur:						
Keyptir eigin hlutir	(2)	(38)	0	0	0	(40)
Greiddur arður	0	0	0	(10.403)	0	(10.403)
Viðskipti við minnihlutaeigendur	0	0	0	0	(1.295)	(1.295)
Arður til minnihlutaeigenda	0	0	0	0	(178)	(178)
	(2)	(38)	0	(10.403)	(1.473)	(11.916)

Staða í árslok	13.968	10.080	23.703	310.508	3.825	362.084
Hreyfingar 2020:						
Staða í ársbyrjun	13.968	10.080	23.703	310.508	3.825	362.084
Heildarafkoma:						
Hagnaður ársins	0	0	0	38.593	670	39.263
Þýðingarmunur	0	0	(16)	0	(144)	(160)
Áhættuvörn						
vaxtaskiptasamninga	0	0	(921)	0	0	(921)
Tekjuskattsáhrif	0	0	184	0	0	184
Bundinn	0	0	0	0	0	0
- hlutdeildarreikningur	0	0	9.850	(9.850)	0	0
- gangvirðisreikningur	0	0	440	(440)	0	0
Hlutdeild í öðrum eiginfjár- hreyfingum dótturfélags	0	0	0	0	0	0
	0	0	0	(113)	0	(113)
	0	0	9.537	28.191	526	38.253
Eigendur:	0	0	0	0	0	0
Keyptir eigin hlutir	(1)	(10)	0	0	0	(10)
Greiddur arður	0	0	0	(13.889)	0	(13.889)
Arður til minnihlutaeigenda	0	0	0	0	(166)	(166)
	(1)	(10)	0	(13.889)	(166)	(14.065)
Staða í árslok	13.968	10.070	33.240	324.810	4.184	386.272

4.3.5 Bókfært verð eigna og skulda sem háðar eru gengisáhættu

Tafla 4.3.5: Bókfært verð eigna og skulda sem háðar eru gengisáhættu⁹⁵

(þús. USD)	ISK	EUR	GBP	NOK	Aðrir gjaldmiðlar
Árið 2020					
Eignarhlutir í öðrum félögum	1.652				
Skuldabréfaeign	394				
Viðskiptakröfur og kröfur á tengd félög	3.093	4.486	1.719	4.202	445
Handbært fé	60.783	5.838	921	7.583	7.011
Aðrar skammtímakröfur	1.827				
Skuldir við lánastofnanir		- 48.066	-11.324		
Viðskiptaskuldir og skuldir við tengd félög	- 5.103	- 351	-134	-2.031	-201
Aðrar skammtímaskuldir og ógreiddir skattar	-19.965				
Samtals	42.682	- 38.092	- 8.817	9.754	7.255
Árið 2019					
Eignarhlutir í öðrum félögum	1.222	-	-	-	-
Skuldabréfaeign	1.030	-	-	-	-
Viðskiptakröfur og kröfur á tengd félög	5.058	1.134	704	7.836	723
Handbært fé	12.844	2.680	1.334	20.541	38
Aðrar skammtímakröfur	2.321	-	-	-	-
Skuldir við lánastofnanir	-	- 49.968	- 7.208	-	-

⁹⁵ Upplýsingar fyrir árið 2020 eru fengnar úr endurskoðuðum ársreikningi 2020 skv. IFRS og 2019 tölur eru óendurskoðaðar samanburðartölur fyrir árið 2019 fengnar úr ársreikningi 2020. Tölur fyrir árið 2018 eru fengnar úr endurskoðuðu samstæðuuppgjöri félagsins í samræmi við lög nr. 3/2006, um ársreikninga.

Viðskiptaskuldir og skuldir við tengd félög	- 5.082	- 149	- 307	- 49	- 220
Aðrar skammtímaskuldir og ógreiddir skattar	- 14.392	- 134	- 45	-	-
Samtals	3.001	46.437	5.522	28.328	541

Styrking Bandaríkjadollars um 10% gagnvart eftirtöldum gjaldmiðlum þann 31. desember 2020 hefði lækkað afkomu samstæðunnar fyrir tekjuskatt um eftirfarandi fjárhæðir. Greiningin byggir á að allar aðrar breytur, sérstaklega vextir, haldist óbreyttar og tekur tillit til áhrifa af gjaldmiðaskiptasamningum sem voru opnir í lok árs.

Tafla 1.5.3.1: Næmnigreining

Í þús. USD	2020	2019	2018
ISK	- 4.842,0	- 300,0	- 3.210,5
EUR	4.264,0	7.195,0	6.536,0
GBP	1.018,0	552,0	707,5
NOK	- 1.374,0	- 9.061,0	- 6.137,0
Aðrir gjaldmiðlar	- 725,0	- 54,0	30,0

Við styrkingu íslensku krónunnar þá hækkar innlendir kostnaður í erlendri mynt talið. Af 10% styrkingu ISK gagnvart erlendum gjaldmiðlum - USD, NOK, EUR og GBP eru þeir helstu – myndi framlegð lækka u.þ.b. USD 10 m. Tekjur, hráefni, sjómannaun, fiskverð, olía og aflagjöld eru allt liðir sem hreyfast með breyttu gengi.

4.4 Sjóðstreymi samstæðunnar árin 2018, 2019 og 2020

Hér á eftir fer samantekin umfjöllun um sjóðstreymi samstæðu Síldarvinnslunnar síðustu þrjú rekstrarár. Vakin er sérstök athygli fjárfesta á að öll umfjöllun hér að neðan miðast við endurskoðuð uppgjör samstæðu Síldarvinnslunnar fyrir árin 2018, 2019 og 2020 og samanburður á milli árána 2018 og 2019 annars vegar og 2020 hins vegar er ekki samanburðarhæfur þar sem uppgjörin eru gerð eftir mismunandi reikningsskilaaðferð.

Tölur í töflum í þessum kafla fyrir árið 2019 eru annars vegar settar fram endurskoðaðar skv. ársreikningalögum og hins vegar óendurskoðaðar skv. alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) til samanburðar við árið 2020.

Tafla 4.4: Sjóðstreymisýfirlit samstæðu Síldarvinnslunnar rekstrarárin 2018, 2019 og 2020

Sjóðstreymi	Samstæða	Samstæða	Samstæða	Samstæða
	Ársreikningalög	Ársreikningalög	Óendurskoðaðar samanburðartölur skv. IFRS	IFRS
(þús. USD)	2018	2019	2019	2020
Rekstrarhreyfingar				
<i>Hreint veltufé frá rekstri</i>	33.020	40.541	44.293	39.263
Hagnaður ársins Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:				

Útgefandalyising Síldarvinnslunnar hf.

Afskriftir	11.078	9.470	9.470	10.060
Aðrir liðir	1.202	(186)	(4.681)	(170)
Hreint veltufé frá rekstri	45.300	49.826	49.082	49.153
<i>(Hækkun) lækkun rekstrartengdra eigna:</i>				
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	(10.567)	(2.932)	(2.932)	6.710
Birgðir	3.689	5.815	5.815	3.916
<i>Lækkun rekstrartengdra skulda:</i>				
Skammtímaskuldir	(1.550)	(4.272)	(4.272)	3.330
	(8.428)	(1.389)	(1.389)	13.956
Handbært fé frá rekstri	36.872	48.437	47.694	63.108
Fjárfestingahreyfingar				
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	(1.441)	(3.622)	(3.622)	(3.287)
Fjárfest í skipum í smíðum	(9.961)	(21.701)	(21.701)	(13.130)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir	128	4.422	4.422	6.170
Keyptar óefnislegar eignir	0	(3.884)	(3.884)	0
Keyptir eignarhlutar í öðrum félögum	(757)	(11)	(11)	0
Keyptir eignarhlutar í dótturfélögum	0	(1.849)	(1.849)	0
Keyptir eignarhlutar í hlutdeildarfélögum	(591)	0	0	0
Seldir eignarhlutar í hlutdeildarfélögum	665	0	0	0
Arður frá hlutdeildarfélögum	96	0	744	145
	(11.861)	(26.644)	(25.901)	(10.102)
Fjármögnunarhreyfingar				
Nýjar langtímaskuldir	0	17.691	17.691	0
Afborganir langtímaskulda	(10.972)	(7.403)	(7.403)	(27.524)
Viðskipti með eigin bréf	(20)	(40)	(40)	(10)
Greiddur arður	(8.969)	(10.403)	(10.403)	(13.889)
Breyting á skammtímaskuldum við lánastofnanir	12.795	(16.455)	(16.455)	27.913
	(7.166)	(16.610)	(16.610)	(13.510)
Hækkun/lækkun á handbæru fé	17.844	5.183	5.183	39.496
Handbært fé í byrjun árs	26.180	43.561	43.561	48.633
Áhrif gengisumreiknings dótturfélaga	(463)	(112)	(112)	1.990
Handbært fé í árslok	43.561	48.633	48.633	90.119

Hreint veltufé frá rekstri nam 45.300 þús. USD árið 2018 og 49.826 þús. USD árið 2019 en aukningin skýrist einkum af auknum hagnaði af rekstri félagsins árið 2019. Árið 2020 nam hreint veltufé frá rekstri 49.153 þús. USD

Handbært fé frá rekstri nam 36.872 þús. USD árið 2018 og 48.437 þús. USD árið 2019. Aukningin á milli ára skýrist einkum af auknum hagnaði og minni aukningu í viðskiptakröfum og öðrum skammtímakröfum árið 2019. Árið 2020 nam handbært fé frá rekstri 63.108 þús. USD og skýrist breytingin einkum af birgðum, skammtímakröfum og skammtímaskuldum.

Fjárfestingarhreyfingar námu 11.861 þús. USD árið 2018. Helstu fjárfestingar ársins voru 9.961 þús. USD vegna skipa í smíðum. Þá fjárfesti Síldarvinnslan í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir 1.441 þús. USD.

Fjárfestingarhreyfingar námu 26.644 þús. USD árið 2019. Þar af 21.701 þús. USD vegna skipa í smíðum. Síldarvinnslan seldi varanlega rekstrarfjármuni fyrir 4.422 þús. USD. Keyptar voru aflaheimildir fyrir 3.884 þús. USD. Þá var aukinn eignarhlutur í dótturfélaginu Runólfi Hallfreðssyni og aukinn eignarhlutur í Fjárfestingarfélaginu Vör að andvirði 1.849 þús. USD. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum námu 3.622 þús. USD.

Fjárfestingahreyfingar námu 10.102 þús. USD árið 2020 þar af 13.130 þús. USD vegna skipa í smíðum og 3.287 þús. USD vegna ýmissa rekstrarfjármuna. Þá voru varanlegir rekstrarfjármunir seldir fyrir 6.170 þús. USD.

Árið 2018 námu afborganir langtímaskulda, arðgreiðslur og kaup eigin bréfa samtals hærri fjárhæð en aukning á lánsfjármögnun frá lánastofnunum og voru fjármögnunarhreyfingar því neikvæðar, um sem nemur 7.166 þús. USD. Sömu sögu er að segja af árinu 2019 þegar fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar um 16.610 þús. USD. Árið 2020 voru fjármögnunarhreyfingar neikvæðar um 13.510 þús. USD en þá námu afborganir langtímaskulda 27.524 þús. USD, viðskipti með eigin bréf 10 þús. USD, greiddur arður 13.889 þús. USD og breyting á skammtímaskuldum við lánastofnanir voru jákvæðar um 27.913 þús. USD (skammtímalán tilkomin vegna kaupa á Bergi ehf.) Í töflu 4.4 má sjá sundurliðun á fjármögnunarhreyfingum á tímabilinu. Fjármögnunarhreyfingar gagnvart lánastofnunum, þ.e. nýjar langtímaskuldir, afborganir langtímaskulda og breytingar á skammtímaskuldum við lánastofnanir, voru þá neikvæðar um 3.955 þús. USD yfir þessi þrjú ár. Arðgreiðslur Síldarvinnslunnar, auk kaupa á eigin bréfum, námu samtals 33.331 þús. USD á tímabilinu

Handbært fé hækkaði þannig um 17.844 þús. USD árið 2018, hækkaði um 5.183 þús. USD árið 2019 og hækkaði um 39.496 þús. USD árið 2020. Hækkunin 2020 skýrist af lántöku vegna kaupa á Bergi ehf. en Samkeppniseftirlitið samþykkti ekki kaupin fyrr en á árinu 2021.

4.5 Fjármagn

Félagið er að miklu leyti fjármagnað með eigin fé sem var bókfært á 386.272 þús. USD í lok árs 2020 og var eiginfjárlutfall 67,8% en samkvæmt arðgreiðslustefnu félagsins er miðað við að fara ekki undir 50% eiginfjárlutfall. Samstæðan hefur samið um endurfjármögnun langtíma- og skammtímaskulda við lánastofnanir ásamt því að tryggja sér lánsfjármagn til að styðja við frekari uppbyggingu og fjárfestingar. Heildarfjármögnunin nam um 131.400 þús. USD og kom til framkvæmda á fyrstu mánuðum ársins 2021. Nánar má sjá lesa um lán félagsins og afborganir þeirra í kafla 4.3.2., „Skuldir samstæðu Síldarvinnslunnar í árslok 2018, 2019 og 2020“. Þá er félagið einnig fjármagnað til skemmri tíma með handbæru fé frá rekstri

sem nam 36.872 þús. USD árið 2018, 48.437 þús. USD árið 2019 og 63.108 þús. USD árið 2020.

4.6 Afkomuspá fyrir árið 2021

Stjórn Síldarvinnslunnar hefur samþykkt afkomuspá fyrir árið 2021 sem gerir ráð fyrir að rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (e. EBITDA) verði á bilinu 72.000–77.000 þús. USD. Aukning frá árinu 2020 þegar loðnubrestur var, kemur aðallega til vegna loðnuvertíðar á árinu 2021 sem áætlað er að sé um 41.000 þús. USD að verðmæti og muni skila um 19.000 þús. USD í rekstrarhagnað fyrir afskriftir.

Afkomuspáin byggir á aflaheimildum samstæðu Síldarvinnslunnar og áætluðum afla sem skip félagsins hafa heimildir til veiða og magni af hráefni sem áætlað er að unnið verði í afurðir í vinnslum félagsins.

Miðað er við að afurðaverð verði óbreytt frá árinu 2020 og að gengi gjaldmiðla haldist stöðugt. Þannig er áætlað að gengi USD gagnvart ISK verði 127 kr. og gengi NOK gagnvart ISK verði 15 kr. Einnig er gert ráð fyrir að stöðugleiki verði í orkukostnaði. Aðrir kostnaðarliðir eru áætlaðir út frá sögulegum kostnaðartölum.

Fjárfestum er sérstaklega bent á að afkomuspáin er háð mörgum óvissuþáttum sem geta breytt útkomu spárinnar verulega. Úthlutun á makrílkvóta hefur ekki farið fram fyrir árið 2021 en gert er ráð fyrir að úthlutaður kvóti Íslendinga verði 140 þúsund tonn en aflahlutdeild Síldarvinnslunnar er 12,6%. Óvíst er hvort þeir fiskistofnar sem áætlunin byggir á breyta göngumynstri sínu m.v. sl. ár og verði þar af leiðandi erfiðara að finna fiskinn og veiða hann. Einnig ríkir óvissa um hvort stöðugleiki ríki á mörkuðum félagsins og hvort komi til átaka í Austur-Evrópu sem gæti haft áhrif á sölu afurða á viðkomandi mörkuðum. Þá er óljóst hvort áhrif af COVID-19-faraldrinum fari minnkandi á helstu markaðssvæðum félagsins og hvort nýjar viðskiptahindranir kunni að bætast við á markaðssvæðum Síldarvinnslunnar.

Síldarvinnslan getur haft áhrif á aflamagn sem skip félagsins veiða innan aflaheimilda félagsins, magn hráefnis sem unnið verður í afurðir og reynt eftir fremsta megni að lágmarka kostnað félagsins innan þeirra marka sem lög, kjarasamningar og verð á hráefnum og aðföngum leyfa. Aðrar forsendur og útkoma óvissuþátta sem fjallað hefur verið um í þessum kafla liggja alveg utan áhrifasviðs þeirra. Stjórn Síldarvinnslunnar lýsir því yfir að afkomuspáin hafi verið unnin á grundvelli sem er bæði samanburðarhæfur við sögulegu fjárhagsupplýsingarnar og í samræmi við reikningsskilaaðferðir félagsins.

5 Stjórnarhættir, stjórn, yfirstjórn og endurskoðendur

5.1 Stjórnarhættir

Stjórnarhættir Síldarvinnslunnar taka mið af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar eins og þær eru á hverjum tíma. Félagið vinnur að því að aðlagja stjórnarhætti sína að *leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja*, 6. útgáfu, gefnum út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins sem taka gildi 1. júlí

2021 („**Leiðbeiningar um Stjórnarhætti Fyrirtækja**“)⁹⁶. Félagið vikur þó frá tilmælum í fyrsta kafla *Leiðbeininga um Stjórnarhætti Fyrirtækja* grein 1.4 sem tekur til tilnefningarnefndar, að því leyti að hún hefur ekki skipað tilnefningarnefnd og telur ekki ástæðu til að grípa til aðgerða vegna þess, auk tilmæla í grein 2.3.3 í öðrum kafla *Leiðbeininga um Stjórnarhætti Fyrirtækja* um að minnsta kosti tveir þeirra stjórnarmanna sem óháðir eru félaginu og daglegum stjórnendum þess skulu jafnframt vera óháðir stórum hluthöfum félagsins⁹⁷.

Upplýsingar um stjórnarhætti Síldarvinnslunnar má finna í samþykktum félagsins, dagsettum 26. mars 2021 og í stjórnarháttayfirlýsingu félagsins sem finna má í endurskoðuðum samstæðuársreikningi 2020 í kafla 2.3, „*Skjöl felld inn með tilvísun*“.

Gildandi samþykktir félagsins, sem og starfsreglur stjórnar, kveða á um stjórnarhætti þess. Samþykktir félagsins, dagsettar 26. mars 2021, kveða á um hluthafafundi í 4.1 - 4.9 gr., um stjórn félagsins og framkvæmdastjóra í 5.1- 5.6 gr. og um reikningshald og endurskoðun í 7.1 – 7.3 gr. samþykktanna. Sjá nánar umfjöllun í kafla 2.3, „*Skjöl felld inn með tilvísun* .“

Regluvörður félagsins er Stefán Orri Ólafsson, lögmaður og einn eiganda LEX ehf., kt. 570297-2289, Borgartúni 26, 105 Reykjavík (hér eftir „**LEX**“) og staðgengill regluvarðar er Eyvindur Sólnes, lögmaður og einn eiganda LEX. Hlutverk regluvarðar er m.a. að hafa umsjón með því að félagið uppfylli reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja, sem settar eru á grundvelli 132 gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, og að fyrrgreindum lögum og reglum sé framfylgt hjá félaginu.

Á vefsíðu Síldarvinnslunnar <http://svn.is/fjarfestar/> má finna upplýsingar um stjórnarhætti félagsins. Á fyrrgreindri vefsíðu er einnig að finna upplýsingar um tillögur fyrir fyrirhugaðan aðalfund sem haldinn verður 5. maí 2021.

5.2 Stjórn og yfirstjórn útgefanda

Æðsta vald Síldarvinnslunnar er í höndum hluthafa á lögmeðum hluthafafundi. Samkvæmt samþykktum er stjórn kosin á aðalfundi félagsins ár hvert.

Stjórnin er skipuð fimm aðalmönnum og tveimur til vara, stjórnarkjör er skriflegt ef kosið er um fleiri menn en kjósa skal. Við kosningu stjórnar skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Stjórnin kys sér formann úr sínum hópi, afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum, en falli atkvæði jafnt, ræður atkvæði formanns. Fundir stjórnar eru með þeim hætti að þeir eru haldnir að minnsta kosti einu sinni í mánuði, en ef til kemur breyting á fundum er leitast við að tímasetningar henti sem flestum stjórnarmönnum. Þegar fundir eru boðaðir er leitast við að velja þeim tíma sem gerir öllum stjórnarmönnum kleift að taka þátt. Við fundi er nýttur fjarfundabúnaður þar sem stjórnarmenn eru staðsettir víðsvegar um landið.

Stjórn útgefanda starfar í samræmi við starfsreglur stjórnar sem settar eru skv. 5. mgr. 70. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og setur undirnefndum sínum, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd, starfsreglur. Stjórn hefur ákvarðað hlutverk félagsins ásamt því að setja félaginu stefnur svo sem starfskjarastefnu sem er staðfest á aðalfundum félagsins. Stjórn hefur að auki sett félaginu stefnu varðandi samfélagslega ábyrgð og eru fjárfestar hvattir til

⁹⁶ Heimild: *Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja*: https://leidbeiningar.is/wp-content/uploads/2021/04/Stjornarhaettir_fyrirtaekja_2021_A5_IS_Vefur.pdf

⁹⁷ Samkvæmt neðanmálgrein 20 í *Leiðbeiningunum um stjórnarhætti fyrirtækja* er stór hluthafi skilgreindur sem hver sá sem ræður yfir a.m.k. 10% af heildarhlutarfé eða atkvæðavægi í félaginu, einn eða í samstafi við tengda aðila.

að kynna sér efni þessara stefna ásamt samþykktum, starfsreglum og stjórnarháttayfirlýsingu sem finna má á vefsíðu útgefanda á slóðinni: <https://svn.is/fjarfestar>

Stjórnin ræður forstjóra og vikur honum frá, ef nauðsyn krefur. Stjórnin sér um að útbúin sé starfslýsing fyrir forstjóra. Forstjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim eignum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn hefur gefið. Forstjóri skal á hverjum stjórnarfundi leggja fyrir stjórnina skýrslu um starfsemi félagsins frá síðasta stjórnarfundi. Stjórnin annast um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi, t.d. hvað varðar reikningsskil, innra eftirlit, tölvukerfi og fjárhagsáætlanir. Stjórnin annast jafnframt um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins í samræmi við samþykktir félagsins, hlutafélagalög og önnur lög sem félagið kunna að varða. Árlega skal stjórnin meta störf sín, stærð, samsetningu, verklag og starfshætti, svo og störf undirnefnda og frammistöðu forstjóra. Skal stjórnin jafnframt yfirfara og meta þróun félagsins og hvort hún sé í samræmi við markmið og áætlanir.

Núverandi stjórn Síldarvinnslunnar var kosin á aðalfundi félagsins þann 18. ágúst 2020. Samkvæmt 5.1 gr. samþykktu félagsins skal hún skipuð til eins árs í senn. Hana skipa þeir einstaklingar sem tilgreindir eru hér fyrir neðan.

Formaður stjórnar

Þorsteinn Már Baldvinsson, formaður stjórnar, fyrst kjörinn í stjórn 2001. Fæðingardagur 7. október 1952. Þorsteinn er með skipstjórnarréttindi frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík og skipaverkfræðingur frá Norges Tekniske Høgskole. Þorsteinn er stofnandi og forstjóri Samherja hf. og hefur gegnt því starfi frá 1983 til ársins 2019 þegar hann steig til hliðar tímabundið og Björgólfur Jóhannsson tók við. Árið 2020 tók Þorsteinn aftur við sem forstjóri Samherja hf. Hann er jafnframt framkvæmdastjóri eftirtalinna félaga: Samherja Íslands ehf., Samherja Holding ehf., Útgerðarfélag Akureyringa ehf., Kaldbaks ehf., Sæbóls fjárfestingarfélag ehf. og Fjárfestingarfélag Fjarðar ehf.

Núverandi stjórnarseta: 600 Eignarhaldsfélag ehf., AO3 ehf., Barðstún ehf., Eignarhaldsfélagið Steinn ehf., Fjárfestingafélagið Fjörður ehf., Ice-Tech ehf., KABA sf., Kattarnef ehf., Krossanes ehf., Oddeyri ehf., Rif ehf., Samherjasjóðurinn ehf., Seley ehf., Sigurafll ehf. og Snæfell ehf.

Stjórnarseta (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) sl. 5 ár: A9001 ehf., Gullberg ehf., Ice Tech ehf. (framkvæmdastjóri), Líkamsræktin Bjarg ehf. og Völusteinn ehf.

Þorsteinn er forstjóri og hluthafi í Samherja hf. sem á 44,64% hlut í Síldarvinnslunni hf. Þorsteinn á 0,87% eignarhlut í Samherja hf. í gegnum Eignarhaldsfélagið Stein ehf. Hann á ekki hluti í eigin nafni í Síldarvinnslunni hf.

Þorsteinn er óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess en telst háður stórum hluthafa samkvæmt -Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

Starfsstöð: Síldarvinnslan hf., Hafnarbraut 6, 740 Fjarðabyggð.

Stjórnarmenn

Anna Guðmundsdóttir, meðstjórnandi, fyrst kjörin í stjórn 2013. Fæðingardagur 13. mars 1967. Anna er með Cand. Oecon í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og starfar sem fjármálastjóri Gjögurs hf. Áður starfaði hún sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs Íslandspóstshf. frá 1998-2008. Anna er jafnframt framkvæmdastjóri Þingstaða ehf.

Núverandi stjórnarseta: Gjögur hf., Íslensk verðbréf hf., Kallnesingur ehf., Kjálkanes ehf., Loftleiðir Cabo Verde ehf., Lögmannsstofa Jörundar Gaukssonar ehf. og StorMar ehf.

Stjórnarseta (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) sl. 5 ár: Gullberg ehf., Íslandsstofa, Samskipti-merkingar ehf., Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) og Trönur ehf.

Anna er hluthafi í Kjálkanes ehf. sem á 34,23% hlut í Síldarvinnslunni hf. Anna á 22% eignarhlut í Kjálkanesi ehf. Hún á ekki hluti í eigin nafni í Síldarvinnslunni hf.

Anna er óháð félaginu og daglegum stjórnendum þess en telst háð stórum hluthafa samkvæmt Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

Starfsstöð: Síldarvinnslan hf., Hafnarbraut 6, 740 Fjarðabyggð.

Björk Þórarinsdóttir, meðstjórnandi, fyrst kjörin í stjórn 2013. Fæðingardagur 25. febrúar 1964. Björk er með Cand. Oecon í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og starfar í dag sem fjármálastjóri HS orku hf. Hún var sérfræðingur og síðar fjármálastjóri Baxter International í Bandaríkjunum og Þýskalandi á árunum 1991-1996, fjármálastjóri símaframleiðandans Philips Consumer Communications í Frakklandi á árunum 1997-1998. Fjármálastjóri Silfurtúns á Íslandi og Silverton í Noregi árin 1998-2000. Framkvæmdastjóri Fyrirtækjasviðs Arion banka hf. og forvera hans 2001-2016. Björk starfaði við ráðgjafa- og stjórnunarstörf 2017-2020.

Núverandi stjórnarseta: Valka ehf. og Suðursalir ehf.

Stjórnarseta (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) sl. 5 ár: Gullberg ehf., Startup Reykjavík Invest ehf., TravelCo Holding ApS, TravelCo Nordic A/S, Bravo Air Brokers ApS, Primera IT ApS, Solia AS, Primera Holidays Oy, Primera Finland Oy og Sol 19 AB.

Björk á ekki hlut í Síldarvinnslunni hf.

Björk er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins samkvæmt Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

Starfsstöð: Síldarvinnslan hf., Hafnarbraut 6, 740 Fjarðabyggð.

Guðmundur R. Gíslason, varaformaður, fyrst kjörinn í stjórn 2016. Fæðingardagur 19. febrúar 1970. Guðmundur er með B.Ed. gráðu í kennsluvísindum. Hann starfar í dag sem framkvæmdastjóri Samvinnufélags útgerðarmanna í Neskaupstað og Olíusamlags útvegsmanna í Neskaupstað svf., auk þess að vera framkvæmdastjóri Byggingarfélagins Nes ehf. og Múlans samvinnuhúss ehf. Hann var áður framkvæmdastjóri Egilsbúðar í Neskaupstað, mannauðsstjóri ESS á Íslandi og framkvæmdastjóri Sjónaráss ehf.

Núverandi stjórnarseta: Bærinn okkar (félagasamtök), B.G. Bros ehf., Hafnarbraut 2 ehf., ÍS-TRAVEL AUSTURLAND ehf., Krabbameinsfélag Austfjarða, Múlinn samvinnuhús ehf. Rekstrarfélagið Molinn (félagasamtök), Seley ehf. og SVN eignafélag ehf.

Stjórnarseta (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) sl. 5 ár: Gullberg ehf., Millifótakonfekt ehf. og MultiTask ehf.

Guðmundur er, eins og áður hefur komið fram, framkvæmdastjóri Samvinnufélags útgerðarmann í Neskaupstað og Olíusamlags útvegsmanna í Neskaupstað svf. sem eiga samtals 11,81% hlut í félaginu. Hann á ekki hluti í eigin nafni í Síldarvinnslunni hf.

Guðmundur er óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess en telst háður stórum hluthafa samkvæmt Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

Starfsstöð: Síldarvinnslan hf., Hafnarbraut 6, 740 Fjarðabyggð.

Ingi Jóhann Guðmundsson, meðstjórnandi, fyrst kjörinn í stjórn 2004. Fæðingardagur 12. janúar 1969. Hann er með Cand. Oecon í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og starfar sem framkvæmdastjóri Gjögurs hf. og Kjálkaness ehf. Hann var framleiðslustjóri Íslenskra sjávarafurða ehf. frá 1995-2000.

Núverandi stjórnarseta: Ísfélag Grindavíkur hf., K.R.- sport hf., Loftleiðir Cabo Verde ehf., Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS), Seley ehf., Sjóvá-Almennar tryggingar hf., SVN eignafélag ehf. og StorMar ehf.

Stjórnarseta (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) sl. 5 ár: Gullberg ehf. og Iceland Seafood International hf.

Ingi er hluthafi í Kjálkanes ehf. sem á 34,23% hlut í Síldarvinnslunni hf. Ingi á 22% eignarhlut í Kjálkanesi ehf. Hann á ekki hluti í eigin nafni í Síldarvinnslunni hf.

Ingi er óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess en telst háður stórum hluthafa samkvæmt Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

Starfsstöð: Síldarvinnslan hf., Hafnarbraut 6, 740 Fjarðabyggð.

Halldór Jónasson, varamaður, fyrst kjörinn í stjórn 2010. Fæðingardagur 11. febrúar 1959. Hann hefur starfað um langt árabil við sjómannsstörf, fyrst sem háseti og stýrimaður en síðan sem skipstjóri. Hann hefur einnig starfað sem leiðtogi hjá Alcoa Fjarðaáli sf. og yfirverkstjóri hjá VHE ehf. Halldór starfar nú sem stýrimaður á Aðalsteini Jónssyni, skipi Eskju hf.

Núverandi stjórnarseta: Eignarhaldsfélagið Snæfugl ehf., JóPá ehf. og SVN eignafélag ehf. Auk þess að vera eigandi Lovetank slf.

Fyrrum seta í stjórnnum annarra eftirtalinnna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) á síðastliðnum fimm árum: Fells-Eyri ehf.

Halldór er hluthafi í Eignarhaldsfélaginu Snæfugli ehf. sem á 5,29% hlut í Síldarvinnslunni hf. Hann á ekki hluti í eigin nafni í Síldarvinnslunni hf.

Halldór er óháður félaginu og daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins samkvæmt Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

Starfsstöð: Síldarvinnslan hf., Hafnarbraut 6, 740 Fjarðabyggð.

Arna Bryndís Baldvins McClure, varamaður, fyrst kjörin í stjórn 2013. Fæðingardagur 2. júlí 1985. Hún er með ML-gráðu frá Háskólanum í Reykjavík og starfar í dag sem lögmaður hjá Samherja hf. Hún starfaði hjá LEX lögmannsstofu frá 2010-2013.

Núverandi stjórnarseta: Avena ehf., Emerald Invest ehf., H5 ehf., Höldur ehf., Hólmdrangur ehf., Omnia Invest ehf. og Svölutjörn ehf.

Stjórnarseta (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) sl. 5 ár: Flugskóli Íslands ehf. og Samherji hf.

Arna er lögmaður hjá Samherja hf. sem á 44,64% hlut í Síldarvinnslunni hf. Hún á ekki hluti í eigin nafni í Síldarvinnslunni hf.

Arna er óháð félaginu og daglegum stjórnendum þess en telst háð stórum hluthafa samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

Starfsstöð: Síldarvinnslan hf., Hafnarbraut 6, 740 Fjarðabyggð.

Yfirstjórn útgefanda

Gunnþór Björn Ingvason, forstjóri. Fæðingardagur 11. nóvember 1968. Gunnþór er lðnaðartæknifræðingur frá Tækniskóla Íslands. Hann hóf árið 1996 störf hjá SR Mjöl hf. og annaðist þar innkaup á hráefni og gæðamál. Við sameiningu SR Mjöl hf. og Síldarvinnslunnar hf. varð hann aðstoðarmaður forstjóra Síldarvinnslunnar, síðar útgerðarstjóri og hefur verið forstjóri frá 2007. Gunnþór er jafnframt framkvæmdastjóri Fóðurverksmiðjunnar Laxár ehf., Bergs-Hugins ehf., SVN eignafélags ehf., Runólfs Hallfreðssonar ehf. og Seleyjar ehf.

Núverandi stjórnarseta: Atlantic Coast Fisheries Corp., Fasteignafélagið Miðhús ehf., Bergur Huginn ehf., Fjárfestingafélagið Vör hf., Félag uppsjávariðnaðarins, Fóðurverksmiðjan Laxá ehf., Hraunlón ehf., L1197 ehf., Polar Pelagic A.S., Rannsóknarsjóður síldarútvegsins, Runólfur Hallfreðsson ehf., Seley ehf., SVN eignafélag ehf. og Útvegsmannafélag Austfjarða.

Stjórnarseta (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) sl. 5 ár: Gullberg ehf., Fjarðarnet (nú Hampiðjan Ísland ehf.) og Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS).

Gunnþór á 60% hlut í L1197 ehf. sem á 100% hlut í Hraunlóni ehf. sem á 1,62% hlut í Síldarvinnslunni hf. Hann á ekki hluti í eigin nafni í Síldarvinnslunni hf.

Starfsstöð: Síldarvinnslan hf., Hafnarbraut 6, 740 Fjarðarbyggð.

Axel Ísaksson, fjármálastjóri. Fæðingardagur 22. september 1964. Hann er með Cand. Oecon í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Hann hóf störf á fjármálasviði Síldarvinnslunnar hf. á árinu 1992 og varð fjármálastjóri félagsins 2007. Axel er jafnframt framkvæmdastjóri Fjárfestingafélagsins Varar hf. og Hafnarbrautar 2 ehf.

Núverandi stjórnarseta: Atlantic Coast Fisheries Corp., Hafnarbraut 2 ehf., Hraunlón ehf., L1197 ehf., Runólfur Hallfreðsson ehf., Bergur-Huginn ehf., Fjárfestingafélagið Vör hf., Fóðurverksmiðjan Laxá ehf., Seley ehf., SVN eignafélag ehf. og Útvegsmannafélag Austfjarða.

Stjórnarseta (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) sl. 5 ár: H. Kristjánsson ehf.

Axel á 20% hlut í L1197 ehf. sem á 100% hlut í Hraunlóni ehf. sem á 1,62% hlut í Síldarvinnslunni hf. Hann á ekki hluti í eigin nafni í Síldarvinnslunni hf.

Starfsstöð: Síldarvinnslan hf., Hafnarbraut 6, 740 Fjarðabyggð.

Jón Már Jónsson, yfirmaður landvinnslu. Fæðingardagur 1. febrúar 1957. Hann er vélfræðingur frá Vélskóla Íslands. Hann hefur starfað sem yfirmaður landvinnslu Síldarvinnslunnar frá 2008.

Núverandi stjórnarseta: Félag íslenskra fiskmjölsframleiðenda, Fóðurverksmiðjan Laxá ehf., G. Skúlason vélaverkstæði ehf., Hafnarbraut 2 ehf., L1197 ehf., Múlinn samvinnuhús ehf., Samvinnufélag útgerðarmanna í Neskaupstað og Sjómannadagsráð Neskaupstaðar.

Stjórnarseta (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) sl. 5 ár: Launafli ehf.

Jón á 20% hlut í L1197 ehf. sem á 100% hlut í Hraunlóni ehf. sem á 1,62% hlut í Síldarvinnslunni hf. Hann á ekki hluti í eigin nafni í Síldarvinnslunni hf.

Starfsstöð: Síldarvinnslan hf., Hafnarbraut 6, 740 Fjarðabyggð.

5.2.1 Aðrar upplýsingar um stjórn og yfirstjórn

5.2.1.1 Hæfi

Stjórnarmenn og framangreindir aðilar í yfirstjórn hafa á síðastliðnum fimm árum ekki verið sakfelldir vegna svikamála og ekki verið dæmdir vanhæfir til að starfa sem aðilar að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda eða til að stjórna eða stýra verkefnum hjá einhverjum útgefanda, né heldur sætt opinberri ákæru eða viðurlögum lögboðinna yfirvalda eða eftirlitsaðila á tímabilinu, að undanskilinni umfjölluninni hér að neðan. Þeir hafa ekki verið framkvæmdastjórnar, stjórnendur eða stjórnarmenn fyrirtækja sem hafa orðið gjaldþrota eða farið í skipta- eða slitameðferð á síðastliðnum fimm árum. Bent er á að málefni samstæðufélaga Samherja hf. eru til rannsóknar hjá héraðssaksóknara og hjá skattrannsóknarstjóra og eðli máls samkvæmt hefur Þorsteinn Már Baldvinsson, sem forstjóri Samherja hf., réttarstöðu sakbornings við þá rannsókn. Bent er janframt á dóm Hæstaréttar í máli nr. 498/2015, sem kveðinn var upp þann 6. október 2016 vegna atviks sem átti sér stað þann 19. september 2008. Í dómnum er Björk Þórarinsdóttir, sem þá var framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Kauppings hf. á Íslandi, sakfelld fyrir ónothæfa tilraun til umboðssvika vegna einnar lánveitingar, en ekki gerð refsing. Einnig er bent á að Björk Þórarinsdóttir tók sæti í stjórn TravelCo Nordic A/S að beiðni Arion banka hf. auk tengdra félaga þegar Arion banki hf. gekk að veðum sínum og eignaðist allt hlutafé félagsins í júní 2019. TravelCo var stofnað í kjölfar falls Primera Air ehf. og Primera Travel Group hf. Björk tilkynnti úrsögn sína úr stjórnnum félaganna 1. október 2020, eftir það hafa flest þessara félaga verið tekin til skiptameðferðar eða fjárhagslegrar endurskipulagningar vegna áhrifa COVID-19-faraldursins á ferðaþjónustu í viðkomandi löndum.

5.2.1.2 Hagsmunaárekstrar

Anna Guðmundsdóttir, Arna Bryndís Baldvins McClure, Guðmundur R. Gíslason, Ingi Jóhann Guðmundsson og Þorsteinn Már Baldvinsson eru háð stórum hluthöfum félagsins á eftirfarandi hátt: Þorsteinn Már Baldvinsson er forstjóri Samherja og Arna Bryndís er lögfræðingur félagsins en Samherji er hluthafi í Síldarvinnslunni (44,64% eignarhlutur) og er jafnframt seljandi hlutafjár í fyrirhuguðu almennu útboði. Anna er stjórnarmaður og hluthafi í Kjálkanesi (22,5% eignarhlutur) og Ingi Jóhann er framkvæmdastjóri og hluthafi í Kjálkanesi (22,5% eignarhlutur) sem er hluthafi í Síldarvinnslunni (34,2% eignarhlutur) og jafnframt seljandi hlutafjár í fyrirhuguðu almennu útboði. Guðmundur er framkvæmdastjóri Samvinnufélags útgerðarmanna í Neskaupstað sem er hluthafi í Síldarvinnslunni (10,97% eignarhlutur). Bent er á að Síldarvinnslan á í viðskiptum við Samherja og dótturfélag þess.

Bent er á að aðilar í yfirstjórn Síldarvinnslunnar sem nafngreindir eru hér að framan eiga samtals 1,62% hlut í Síldarvinnslunni í gegnum Hraunlón ehf. Hraunlón ehf. er í eigu L1197 ehf. sem er 60% í eigu forstjóra Síldarvinnslunnar, 20% í eigu fjármálastjóra Síldarvinnslunnar og 20% í eigu yfirmanns landvinnslu Síldarvinnslunnar. Kjálkanes veitti L1197 ehf. lán fyrir helmingi kaupverðs Hraunlóns ehf., en eins og að framan greinir er Kjálkanes eigandi að 34,23% hlut í Síldarvinnslunni og er jafnframt seljandi hlutafjár í fyrirhuguðu hlutafjárútboði. Hraunlón er einnig seljandi hlutafjár í fyrirhuguðu almennu útboði og áformar að greiða upp framangreint lán í kjölfar útboðsins.

Engir aðrir hagsmunaárekstrar eru til staðar vegna skyldustarfa stjórnarmanna, yfirstjórnar og lykilstjórnenda fyrir Síldarvinnsluna og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra.

Engin fjölskyldutengsl eru á milli stjórnarmanna og/eða yfirstjórnar og/eða lykilstjórnenda útgefanda önnur en þau að Anna Guðmundsdóttir meðstjórnandi og Ingi Jóhann Guðmundsson meðstjórnandi félagsins eru systkini.

5.3 Eftirlitstjórn

5.3.1 Endurskoðunarnefnd

Stjórn Síldarvinnslunnar hefur skipað þriggja manna endurskoðunarnefnd. Endurskoðunarnefnd er skipuð þremur einstaklingum sem skulu allir vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum félagsins og meiri hluti nefndarmanna er jafnframt óháður félaginu. Í nefndinni sitja eftirfarandi einstaklingar:

- Guðmundur Kjartansson, löggiltur endurskoðandi, formaður
- Anna Guðmundsdóttir
- Arna Bryndís Baldvins McClure

Verksvið nefndarinnar er m.a. að tryggja gæði ásreikninga og annarra fjármálaupplýsinga útgefanda og óhæði endurskoðenda þess.

Endurskoðunarnefndin sinnir m.a. eftirfarandi verkefnum:

- Eftirliti sem snýr að vinnuferlum við gerð reikningsskila
- Eftirliti með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits og áhættustýringu
- Eftirliti með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings félagsins
- Mati á óhæði ytri endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis
- Setja fram tillögu til stjórnar um val á ytri endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis

Endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtækis félagsins skal árlega gera endurskoðunarnefnd grein fyrir störfum sínum og óhæði og skila skriflegri skýrslu um mikilvæg atriði sem fram hafa komið við endurskoðunina. Í skýrslunni skal sérstaklega geta um veikleika í innra eftirliti í vinnuferli við gerð reikningsskila.

Endurskoðunarnefnd skal að minnsta kosti árlega skila skýrslu um störf sín til stjórnar félagsins. Í skýrslu til stjórnar skulu koma fram upplýsingar um samskipti nefndarinnar við stjórn, endurskoðendur og starfsmenn félagsins. Þá skal gerð grein fyrir eftirliti nefndarinnar með vinnuferli við gerð reikningsskila, virkni innra eftirlits og áhættustýringu. Einnig skal gerð grein fyrir eftirliti nefndarinnar með endurskoðun ársreiknings félagsins og mati á óhæði endurskoðanda. Endurskoðunarnefnd ber ábyrgð á þeim skyldum sem koma fram í reglum þessum en ber ekki ábyrgð á reikningsskilum eða endurskoðun ársreikninga. Stjórn og forstjóri félagsins bera ábyrgð á reikningsskilum, innleiðingu innra eftirlits og óháðir endurskoðendur bera ábyrgð á endurskoðun ársreikninga félagsins. Endurskoðunarnefnd skal meta skilvirkni sína ásamt því að fara yfir og endurskoða starfreglur nefndarinnar eftir því sem þörf krefur, þó að lágmarki árlega.

5.3.2 Starfskjaranefnd

Starfskjaranefnd er skipuð í samræmi við starfsreglur stjórnar félagsins og starfar hún í umboði stjórnar sem ber ábyrgð á skipun og störfum nefndarinnar, sbr. 79. gr. a laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Tilgangur með stofnun starfskjaranefndar er að bæta stjórnarhætti og gera störf stjórnar félagsins markvissari. Starfskjaranefnd skal skipuð stjórnarmönnum félagsins og skal vera einn formaður nefndarinnar.

Í starfskjaranefnd útgefanda eiga sæti eftirfarandi einstaklingar:

- Þorsteinn Már Baldvinsson, formaður
- Anna Guðmundsdóttir
- Björk Þórarinsdóttir
- Guðmundur R. Gíslason
- Ingi J. Guðmundsson

Meginhlutverk og ábyrgð starfskjaranefndar er að undirbúa drög að starfskjarastefnu félagsins, móta tillögu um starfskjör stjórnarmanna sem skal lögð fyrir hluthafafund og leggja drög að framkvæmd starfssamninga við stjórnendur félagsins. Í þessu felst að nefndin er stjórn og forstjóra ráðgefandi um starfskjör æðstu stjórnenda félagsins. Þá skal nefndin fylgjast með því að starfskjör æðstu stjórnenda séu innan þess ramma sem starfskjarastefna félagsins setur. Starfskjarastefna skal vera bindandi fyrir stjórn félagsins að því er varðar ákvæði um kaupréttarsamninga og hvers konar samninga eða greiðslur er fylgja þróun verðs á hlutabréfum í félaginu, sbr. 3. mgr. 79. gr. a laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Nefndin skal árlega gefa stjórn skýrslu um störf sín í heild á starfsárinu.

Upplýsingar um starfskjarastefnu félagsins:

Gildandi starfskjarastefna útgefanda var samþykkt á aðalfundi félagsins þann 18. ágúst 2020. Hún nær til allra helstu þátta í starfs- og launakjörum stjórnarmanna, forstjóra og annarra æðstu stjórnenda útgefanda. Starfskjarastefnan er byggð á 2. mgr. 79. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og kveður m.a. á um þóknun til stjórnarmanna sé ákveðin á aðalfundi útgefanda og að stjórn hafi heimild til að bjóða samkeppnishæf laun og aðrar greiðslur. Við ákvörðun um starfskjör skal horft til ábyrgðar og árangurs og gæta að viðurkenndum jafnréttissjónarmiðum. Á dagsetningu lýsingarinnar er ekkert fyrirkomulag við lýði sem veitir starfsfólki hlutdeild í hlutfé útgefanda né áform um að auka hlutfé. Nánari upplýsingar um starfskjaranefnd félagsins má finna á vefslóð félagsins: <http://svn.is/fjarfestar/>

5.4 Laun og hlunnindi stjórnar, yfirstjórnar og nefndarmanna fyrir fjárhagsárið 2020

Upplýsingar um tekjur og hlunnindi stjórnarmanna og yfirstjórnar á síðastliðnu fjárhagsári eru tilgreindar í töflu hér að neðan. Þar er einnig tilgreind hlutfjáreign þeirra í Síldarvinnslunni og önnur réttindi tengd hlutabréfum í félaginu þann 3. maí 2021. Ekki eru útistandandi neinir afleiðusamningar við félagið tengdir hlutabréfum í Síldarvinnslunni. Engar ákvarðanir hafa verið teknar af stjórn félagsins eða hluthafafundi varðandi veitingu kaup- eða söluréttá hlutum í félaginu eða gerð annarra afleiðusamninga tengdum hlutfé félagsins, hvorki til starfsmanna þess né annarra.

Starfssamningar félagsins við lykilstjórnendur innihalda engin óvenjuleg ákvæði og eru í samræmi við hefðbundna samninga. Félagið hefur ekki lagt greiðslur til hliðar vegna lífeyrisframlags, starfsloka eða svipaðra hlunninda til viðbótar við það sem lög gera ráð fyrir. Hluti aðila í yfirstjórn nýtur samkvæmt starfssamningum sínum sérstaks lífeyrisframlags umfram kjarasamninga og er það greitt mánaðarlega inn á séreignarsparnað viðkomandi. Félagið hefur ekki gert aðra samninga við lykilstjórnendur um greiðslu hlunninda við starfslok. Samningar við lykilstjórnendur kveða á um 6-9 mánaða uppsagnarfrest.

Tafla 5.4: Stjórnarmenn og yfirstjórn – Tekjur, hlunnindi og réttindi tengd hlutabréfum Síldarvinnslunnar

Nafn	Greiðslur frá Síldarvinnslunni fyrir fjárhagsárið 2020	Réttindi tengd hlutabréfum í Síldarvinnslunni þann 3. maí 2021			
	Laun, hlunnindi, kaupaukar og framlag í lífeyrissjóð ⁹⁸	Hluta-fjáreign í útgefanda	Réttindi í eigin nafni	Hlutafjáreign fjárhagslega tengda aðila ⁹⁹	Réttindi fjárhagslega tengda aðila
Stjórn og varamenn					
Þorsteinn Már Baldvinsson	19.387	0	0	758.851.710	0
Anna Guðmundsdóttir	19.387	0	0	581.880.524	0
Björk Þórarinsdóttir	19.387	0	0	0	0
Guðmundur R. Gíslason	19.387	0	0	200.747.406	0
Ingi J. Guðmundsson	32.210	0	0	581.880.524	0
Halldór Jónasson	14.541	0	0	90.000.000	0
Arna B. B. McClure	9.694	0	0	758.851.710	0
Yfirstjórn					
Gunnþór B. Ingvason	446.725			27.491.530 ¹⁰⁰	0
Sjö lykilstjórnendur	986.700	0	0	Sjá neðan-málgrein 100	0
Nefndarmenn í endurskoðunarnefnd					
Guðmundur Kjartansson	0	0	0	0	0

Fjárhæðir í USD / réttindi í hlutum

Með fjölda hluta í Síldarvinnslunni í eigu ofangreindra aðila eru taldir eignarhlutir maka, ófjárráða barna og fjárráða einstaklinga með sama lögheimili, ásamt eignarhlutum í eigu félaga sem stjórnendurnir ráða.

Aðalfundur 18. ágúst 2020 samþykkti fyrir komandi starfsár að laun stjórnarmanna yrðu kr. 196.000 á mánuði, laun varamanns yrði kr. 98.000 mánuði og laun stjórnarformanns yrðu kr. 392.000 á mánuði. Samkvæmt tillögu fyrir aðalfund sem áformað er að halda 5. maí næstkomandi er lagt til að stjórnarlausn taki mið af breytingu á launavísitölu ársins 2020 og verði kr. 210.000 á mánuði og formaður tvöfalda fái þá upphæð eða kr. 420.000. Varamenn

⁹⁸ Fjárhæðir í USD

⁹⁹ Fjárhæðir í ISK að nafnverði

¹⁰⁰ Bent er á að forstjóri, fjármálastjóri og yfirmaður landvinnslu Síldarvinnslunnar eiga samtals 1,62% hlut í Síldarvinnslunni í gegnum Hraunlón ehf. Hraunlón ehf. er í eigu L1197 ehf. sem er 60% í eigu Gunnþórs Ingvasonar, 20% í eigu Axels Ísakssonar og 20% í eigu Jóns Más Jónssonar.

fá 50% af þeirri upphæð eða kr. 105.000. Sjá kafla 2.4, „Gildistími, aðgengi að lýsingu og skjöl til sýnis“

5.4.1 Tengdir aðilar

Hluthafar sem hafa veruleg áhrif á starfsemi útgefanda, dótturfélög hans, stjórnarmenn, forstjóri, helstu stjórnendur og nánir fjölskyldumeðlimir þeirra og félög sem þeir ráða yfir, teljast til tengdra aðila. Skilgreining þessi er byggð á alþjóðlegum reikningsskilastaðli númer 24 (IAS24), sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1606/2002 sem innleidd hefur verið með lögum, sbr. 88. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

5.4.1.1 Viðskipti við hluthafa

Hluthafar með veruleg áhrif í árslok 2017 og til dagsetningar lýsingar þessarar voru Samherja hf. (44,64%), Kjálkanes hf. (34,23%) og Samvinnufélag útgerðarmanna í Neskaupstað (10,97%).

5.4.1.2 Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar samstæðunnar eru hlutdeildarfélag, stjórnir félags sem meðtaldar eru í samstæðunni, framkvæmdastjóri, nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila og aðilar sem hafa veruleg áhrif sem stórir hluthafar í félaginu.

Samstarf Síldarvinnslunnar og tengdra aðila byggir á áralöngum viðskiptum. Samstarf við Samherja hf. lýsir sér þannig að dótturfélög Samherja hafa landað hluta af uppsjávarafila sínum til vinnslu hjá Síldarvinnslunni og frystiskip þeirra hafa nýtt frystigeymslu félagsins í Neskaupstað. Ice Fresh Seafood dótturfélag Samherja er með samning um sölu á manneldisafurðum Síldarvinnslunnar og Síldarvinnslan selur hluta af bolfiskafla sínum til Samherja og tengda félaga. Samstarf Síldarvinnslunnar við Gjögur hf., sem er í eigu sömu eigenda og Kjálkaness ehf¹⁰¹, næst stærsta hluthafa Síldarvinnslunnar, lýsir sér þannig að Gjögur hf. nýtir frystigeymslu félagsins í Neskaupstað, landar afskurði til vinnslu hjá Síldarvinnslunni og hluta af sínum kolmunnaafila. Haustið 2019 landaði Síldarvinnslan bolfiski hjá Gjögri ehf. á Grenivík á meðan félagið beið eftir afhendingu á nýjum skipum. Síldarvinnslan hefur gengist í ábyrgðir fyrir dótturfélag sitt Berg-Hugin ehf., til tryggingar á skuldum við viðskiptabanka dótturfélagsins. Fjárhæð ábyrgðarinnar nemur 19.653 þús. USD í lok árs 2020.

Viðskipti við tengda aðila á árunum 2018 til 30. apríl 2021. Staða krafna eða skulda gagnvart tengdum aðilum í lok hvers tímabils eru tekin saman í neðangreindri töflu.

Tafla 5.4.1.2: Upplýsingar varðandi tengda aðila¹⁰²

¹⁰¹ Sjá nánar hluthafa Kjálkaness ehf. í kafla 6.1 „Hluthafar“

¹⁰² Upplýsingarnar fyrir fjárhagsárið 2020 eru gerðar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla IFRS og þar á meðal eru skýringar um tengda aðila skv. alþjóðlega reikningsskilastaðlinum IAS24. Samanburðarfjárhæðir í samstæðureikningi fyrir árið 2019 hafa verið aðlagðar m.t.t. IFRS. Fjárhæðir í ársreikningi 2018 eru í samræmi við íslensk ársreikningslög. Fjallað er um tengda aðila í skýringu nr. 21 í samstæðureikningi 2020. Þar er umfang viðskipta og fjárhæða í lok árs sett fram. Í skýringu nr. 23,2 í samstæðureikningi 2020 er fjallað um lánsáhættu m.a. vegna tengdra aðila. Engar afskriftir eða niðurfærslur hafa verið færðar vegna krafna á tengda aðila.

Tímabilið 1. janúar - 30. apríl 2021¹⁰³ (þús. USD)	Seldar vörur og þjónusta	Keyptar vörur og þjónusta	Viðskipta- kröfur	Viðskipta- skuldir
Hlutdeildarfélag	188	1.091	297	0
Hluthafar félagsins og félag í þeirra eigu	31.660	4.098	26.420	472
	31.847	5.189	26.717	472
Árið 2020 (þús. USD)	Seldar vörur og þjónusta	Keyptar vörur og þjónusta	Viðskipta- kröfur	Viðskipta- skuldir
Hlutdeildarfélag	233	1.723	298	161
Hluthafar félagsins og félag í þeirra eigu	85.616	12.429	25.830	490
	85.848	14.152	26.128	651
Árið 2019 (þús. USD)	Seldar vörur og þjónusta	Keyptar vörur og þjónusta	Viðskipta- kröfur	Viðskipta- skuldir
Hlutdeildarfélag	479	1.960	228	98
Hluthafar félagsins og félag í þeirra eigu	91.880	18.706	22.664	704
	92.358	20.666	22.892	802
Árið 2018 (þús. USD)	Seldar vörur og þjónusta	Keyptar vörur og þjónusta	Viðskipta- kröfur	Viðskipta- skuldir
Hlutdeildarfélag	202	3.443	199	259
Hluthafar félagsins og félag í þeirra eigu	80.978	17.766	14.330	571
	81.180	21.209	14.529	830

Árið 2018 seldi Síldarvinnslan vörur og þjónustu til tengdra aðila að andvirði 81.180 þús. USD og keypti vörur og þjónustu af tengdum aðilum fyrir 21.209 þús. USD. Í lok árs 2018 átti Síldarvinnslan viðskiptakröfur á tengda aðila að andvirði 14.529 þús. USD og viðskiptaskuldir við tengda aðila námu 830 þús. USD.

Árið 2019 nam sala vöru og þjónustu til tengdra aðila 92.358 þús. USD en kaup á vörum og þjónustu af tengdum aðilum 20.666 þús. USD. Í lok árs 2019 námu viðskiptakröfur á tengda aðila 22.892 þús. USD og viðskiptaskuldir við tengda aðila námu 802 þús. USD.

Seldar vörur og þjónusta til tengdra aðila árið 2020 námu 85.848 þús. USD og keyptar vörur og þjónusta af tengdum aðilum námu 14.152 þús. USD. Síldarvinnslan átti viðskiptakröfur á tengda aðila að andvirði 26.128 þús. USD í lok árs 2020 og viðskiptaskuldir við tengda aðila námu 651 þús. USD.

Sala til félaga innan samstæðu Samherja, að sölu fyrirtækinu Ice Fresh Seafood undanskildu, á hráefnum/þjónustu árið 2020 nam um 4,1% af sölu samstæðunnar. Kaup af félögum innan samstæðu Samherja, að sölu fyrirtækinu Ice Fresh Seafood undanskildu, á hráefnum/þjónustu árið 2020 nam um 4,4% af sölu samstæðunnar.

5.5 Endurskoðendur

Reikningsár félagsins er almanaksárið og skal gerð ársreiknings lokið í síðasta lagi sex vikum fyrir aðalfund ár hvert og hann þá afhentur endurskoðanda til endurskoðunar, sbr. gr. 7.1 í samþykktum útgefanda.

Í gr. 7.2 í samþykktum útgefanda er kveðið á að um á aðalfundi skuli kjósa til eins árs í senn endurskoðanda og skal hæfi endurskoðanda vera í samræmi við VI. kafla laga nr. 79/2008 Endurskoðandi skal rannsaka allt reikningshald, meðferð fjármuna og samræmi milli

¹⁰³ Óendurskoðaðar fjárhagsupplýsingar fengnar úr bókhaldskerfi félagsins.

rekstrarárangurs annars vegar og settra markmiða, áætlana og ákvarðana stjórnar hins vegar. Er endurskoðanda heimill aðgangur að öllum bókom félagsins og skjölum.

Endurskoðandi útgefanda er PricewaterhouseCoopers ehf., kt. 690681-0139, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík (hér eftir „**PWC**“). Vignir Rafn Gíslason, löggiltur endurskoðandi og Rúnar Bjarnason, löggiltur endurskoðandi, önnuðust endurskoðun reikninga útgefanda og endurskoðuðu og árituðu þeir ársreikning samstæðunnar fyrir árin 2018, 2019 og 2020. Vignir og Rúnar eru í félagi löggiltra endurskoðenda. Engir hlutir í útgefanda eða tengdar afleiður er í eigu PWC eða fulltrúa þeirra sem annast endurskoðun útgefanda.

PWC hefur ekki sagt starfi sínu lausu eða verið leyst frá störfum á því tímabili sem sögulegar fjárhagslegar upplýsingar taka til í lýsingunni.

6 Hluthafar og hlutafé

6.1 Hluthafar

Í hlutaskrá Síldarvinnslunnar voru 280 skráðir hluthafar þann 3. maí 2021. Þrír hluthafar eiga meira en 10% hlutafjár en þeir eru Samherji hf. með 44,64%, Kjálkanes hf. með 34,23% og Samvinnufélag útgerðarmanna í Neskaupstað með 10,97%. Að auki á einn hluthafi meira en 5% hlut, en það er Eignarhaldsfélagið Snæfugl ehf. með 5,29%. Aðrir hluthafar fara með undir 5% beinan eignarhlut í Síldarvinnslunni, sem eru neðstu mörk flöggunarskyldu skv. lögum nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti.

Tafla 6.1: Tíu stærstu hluthafar Síldarvinnslunnar hf. á dagsetningu lýsingar.

Hluthafi	Tegund fjárfestis	Fjöldi hluta	Hlutfallsleg eign	Hlutfallsleg eign án eigin bréfa
Samherji hf.	Hlutafélag	758.851.710	44,64%	45,06%
Kjálkanes ehf.	Hlutafélag	581.880.524	34,23%	34,55%
Samvinnufélag útgerðarmanna í Neskaupstað .	Samvinnufélag	186.454.376	10,97%	11,07%
Eignarhaldsfélagið Snæfugl ehf.	Einkahlutafélag	90.000.000	5,29%	5,34%
Hraunlón ehf.	Einkahlutafélag	27.491.530	1,62%	1,63%
Olíusamlag útvegsmanna í Neskaupstað svf.	Samvinnufélag	14.293.030	0,84%	0,85%
Hampiðjan hf.	Hlutafélag	3.029.280	0,18%	0,18%
Runólfur Runólfsson	Einstaklingur	1.597.317	0,09%	0,09%
Guðrún M Jóhannsdóttir	Einstaklingur	1.509.129	0,09%	0,09%
Skinney-Þinganes hf.	Hlutafélag	1.190.000	0,07%	0,07%
Samtals 10 stærstu		1.666.296.896	98,02%	98,93%
Samtals aðrir 270 hluthafar		17.976.224	1,05%	1,07%
Virkir hlutir samtals		1.684.273.120	99,07%	
Síldarvinnslan hf.*	Eigin hlutir	15.726.880	0,93%	
Útgefnir hlutir samtals		1.700.000.000	100%	

*Síldarvinnslan er ein af 10 stærstu hluthöfum félagsins

Stærsti hluthafi Síldarvinnslunnar er Samherji hf. sem á 44,64% útgefina hluta í félaginu, sem samsvarar 45,06% atkvæðisréttar, og fer því með yfir 30% atkvæðisréttar í félaginu. Samherji hf. fer því með atkvæðisrétt umfram skilgreind mörk um yfirráð í félagi samkvæmt X. kafla laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti. Samherji hf. hyggst selja sem nemur 12% af útgefnum hlutum í Síldarvinnslunni í fyrirhuguðu hlutafjárútboði og minnka eign sína í félaginu í 32,64%. Að útboðinu loknu gerir Samherji hf. að öðru óbreyttu ráð fyrir að fara áfram með 32,64% hlut í félaginu. Eigendur Samherja hf. í gegnum óbeint eignarhald eru Baldvin Þorsteinsson 22,5%, Katla Þorsteinsdóttir 22,4%, Dagný Linda Kristjánsdóttir 10,7%, Halldór Örn Kristjánsson 10,7%, Kristján Bjarni Kristjánsson 10,7% og Katrín Kristjánsdóttir 10,7%. Bliki ehf. á 11,9% eignarhlut í Samherja hf. Eigendur Blika ehf. eru FramInvest sp/f 27,5%, Samherji hf. 12,1% auk annarra minni hluthafa. Aðrir eiga minna í Samherja hf. Einnig er bent á skilmála útboðsins í kafla 5 í verðbréfalýsingu útgefanda dagsettri 3. maí 2021.

Annar stærsti hluthafi Síldarvinnslunnar er Kjálkanes ehf. sem á 34,23% útgefina hluta í félaginu, sem samsvarar 34,55% atkvæðisréttar, og fer því með yfir 30% atkvæðisréttar í félaginu. Kjálkanes hf. fer því með atkvæðisrétt umfram skilgreind mörk um yfirráð í félagi samkvæmt X. kafla laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti. Kjálkanes ehf. hyggst selja sem nemur 12% af útgefnum hlutum í Síldarvinnslunni í fyrirhuguðu hlutafjárútbóði en áskilur sér rétt til að auka það í 15% og minnka eign sína í félaginu niður í 19,23%-22,23%. Kjálkanes er í eigu Inga Jóhanns Guðmundssonar 22,5%, Önnu Guðmundsdóttur 22,5%, Guðjóns A. Jóhannssonar 8,7%, Sigríðar Jóhannsdóttur 8,7%, Oddnýjar Jóhannsdóttur 8,7%, Aðalheiðar Jóhannsdóttur 8,7% og Björgólfs Jóhannssonar 8,7%. Aðrir eiga minni eignarhlut. Einnig er bent á skilmála útbóðsins í kafla 5 í verðbréfalýsingu útgefanda dagsettri 3. maí 2021.

Samvinnufélag útgerðarmanna í Neskaupstað fer með 10,97% útgefina hluta í Síldarvinnslunni sem samsvarar 11,07% atkvæðisréttar og er því þriðji stærsti hluthafi félagsins. Engin áform eru hjá Samvinnufélagi útgerðarmanna í Neskaupstað um sölu á eignarhluti sínum í Síldarvinnslunni í fyrirhuguðu útbóði.

Fjórti stærsti hluthafinn er Eignarhaldsfélagið Snæfugl ehf. sem fer með 5,29% útgefina hluta í Síldarvinnslunni, sem samsvarar 5,34% atkvæðisréttar. Eigendur Eignarhaldsfélagsins Snæfugls ehf. eru: Halldór Jónasson 54,25%, Jóhannes Pálsson 25,75%, Kaldbakur hf. 15% og Björgólfur Jóhannsson 5%. Eigendur Kaldbaks eru jafnframt stærstu eigendur Samherja hf. Björgólfur Jóhannsson fer með 5% hlut í Eignarhaldsfélaginu Snæfugli ehf., en Björgólfur er jafnframt í eigendahópi Kjálkanes með 8,67% eignarhlut. Eignarhaldsfélagið Snæfugl ehf. hyggst selja sem nemur 1% af útgefnum hlutum í Síldarvinnslunni í fyrirhuguðu útbóði. Að útbóðinu loknu gerir Eignarhaldsfélagið Snæfugl ehf. ráð fyrir því að eiga um 4,29% eignarhlut í Síldarvinnslunni sem er undir neðstu mörkum flöggunarskyldu skv. lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Fimmti stærsti hluthafi félagsins er Hraunlón ehf., kt. 450404-2250, Víðimýri 1, 740 Neskaupstað (hér eftir „**Hraunlón ehf.**“) með 1,62% eignarhlut. Hraunlón ehf. sem er í eigu þriggja stjórnenda félagsins hyggst selja sem nemur um 0,60% af útgefnum hlutum í Síldarvinnslunni í fyrirhuguðu útbóði. Að útbóðinu loknu gerir Hraunlón ehf. ráð fyrir því að eiga um 1,02% eignarhlut í Síldarvinnslunni.

Síldarvinnslan hf. á 15.726.880 eigin hluti sem nema 0,93% af útgefnum hlutum félagsins og er því sjötti stærsti hluthafinn. Eigin hlutir teljast ekki til atkvæðisréttar. Síldarvinnslan hyggst selja 12.424.880 eigin hluti sem nemur um 0,73% af útgefnum hlutum í Síldarvinnslunni í fyrirhuguðu útbóði. Jafnframt eru áform um að afhenda allt að 3.300.000 eigin hluti, eða sem nemur um 0,19% af útgefnum hlutafé félagsins til starfsmanna. Endanleg útfærsla liggur ekki fyrir á dagsetningu lýsingar 3. maí 2021. Sjá nánar verðbréfalýsingu dagsetta 3. maí 2021.

Aðrir hluthafar fara með undir 5% beinan eignarhlut í Síldarvinnslunni, sem eru neðstu mörk flöggunarskyldu skv. 78 gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti. Hagsmunir minnihlutaeigenda eru varðir samkvæmt ákvæðum samþykka félagsins og laga nr. 2/1995 um hlutafélög, auk ákvæða X. kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti frá þeim tíma að hlutabréf útgefanda eru tekin til víðskipta á Nasdaq Iceland.

Útgefanda er ekki kunnugt um að hann sé beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum einhvers aðila. Útgefanda er ekki kunnugt um annað eignarhald í Síldarvinnslunni en að framan greinir eða að félaginu sé stjórnað af öðrum aðilum en að framan greinir. Jafnframt er útgefanda ekki kunnugt um að til staðar séu önnur réttindi en að framan greinir sem geta leitt til breytinga á yfirráðum í félaginu.

Fari aðili og þeir sem hann er í samstarfi við með yfirráð í félagi þegar verðbréf þess eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði verður hann ekki tilboðsskyldur samkvæmt 7. mgr. 100. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfiðskipti, en sú undanþága gildir þó ekki ef viðkomandi aðili missir yfirráðin en nær þeim að nýju.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um neinar söluhömlur eða söluskyldu á hlutum í Síldarvinnslunni eftir að útboði lýkur, eða hvort og þá hvenær eða með hvaða hætti seljendur í útboðinu eða aðrir í hópi stærstu hluthafa Síldarvinnslunnar munu selja þá eignarhluti sem þeir munu eiga eftir að útboðinu lýkur.

Sjá einnig umfjöllun um uppbyggingu á eignarhaldi í kafla 1.2.4 í verðbréfalýsingu dagsettri 3. maí 2021.

6.2 Hlutafé

Útgefið hlutafé Síldarvinnslunnar nemur 1.700.000.000 krónum og er hver hlutur í félaginu 1 króna að nafnverði. Allir útgefni hlutir hafa þegar verið greiddir. Ekki er í gildi heimild til stjórnar félagsins um hækkun eða lækkun hlutafjár.

Síldarvinnslan á 15.726.880 eigin hluti í félaginu sem er 0,93% af heildarhlutafé. Á árinu 2020 keypti félagið 77.463 hluti. Heimild til kaupa á eigin hlutum er fyrir hendi og gildir til 14. maí 2024 en takmarkast við að samanlögð kaup fari ekki yfir 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma í samræmi við 55. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Kaupverð bréfanna skal ákvarðað í samræmi við meðalsöluverð í viðskiptum með bréf í félaginu á síðastliðnum 12 mánuðum fyrir kaup, að teknu tilliti til breytinga á gengi krónu gagnvart bandaríkjadollar og vera að lágmarki 10% lægra og að hámarki 20% hærra en slíkt meðalsöluverð.

Samkvæmt tillögu fyrir aðalfund sem áformað er að halda 5. maí næstkomandi er lagt til að aðalfundur veitir stjórn félagsins heimild til að kaupa eigin hluti í félaginu. Heimildin stendur í 24 mánuði og takmarkast við að samanlögð kaup fari ekki yfir 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Kaupgengið má ekki vera hærra en í síðustu óháðu viðskiptum eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem hærra er. Sjá kafla 2.4, „Gildistími, aðgengi að lýsingu og skjöl til sýnis.“

Skv. grein 8.1 í samþykktum félagsins er óheimilt að taka hluti í félaginu að veði til tryggingar á lánunum til hluthafa. Ekki má nota atkvæði sem fylgja hlutum sem félagið kanna að eiga sjálft og skulu þau atkvæði talin frá við ákvörðun atkvæðamagns í félaginu.

6.3 Réttindi

Allir útgefni hlutir í Síldarvinnslunni tilheyra sama flokki og eru jafn rétt háir. Réttindi hluthafa í útgefanda eru háð gildandi lögjöf og samþykktum félagsins á hverjum tíma. Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu.

Engar hömlur eru lagðar á rétt hluthafa til sölu á hlutum sínum umfram það sem leiðir af lögum og má því selja og veðsetja hlutina nema annað leiði af lögum. Um eigendaskipti og framkvæmd þeirra fer eftir gildandi lögum um rafræna eignaskráningu verðbréfa og reglum sem settar eru á grundvelli þeirra.

Hlutabréf fyrir eignarhlutum í Síldarvinnslunni eru gefin út með rafrænum hætti í kerfi Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi, kt. 510119-0370, Laugavegi 182, Reykjavík, samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu

fjármálagerninga (hér eftir „lög um verðbréfamiðstöðvar“). Eignarskráning rafbréfs í verðbréfamiðstöð veitir skráðum eiganda þess lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að og skal jafngilda skilríkjum um eignarrétt að rafbréfinu gagnvart útgefanda. Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær skráning reikningsstofnunar í kerfi verðbréfamiðstöðvar er framkvæmd. Aðeins reikningsstofnanir og aðrir aðilar sem gert hafa aðildarsamning við Nasdaq verðbréfamiðstöð hafa heimild til milligöngu um eignarskráningu eða aðgang að verðbréfamiðstöðinni, skv. 6 gr. laga nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar.

Eigandi getur ekki nýtt réttindi sín samkvæmt hlut nema hluturinn hafi verið skráður á hans nafn í hlutaskrá útgefandans í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar. Eigendur hlutanna eiga rétt á að neyta atkvæðisréttar á hluthafafundum, fá greiddan arð frá útgefanda, hafa forkaupsrétt að aukningarhlutum í hlutfalli við hlutfjáreign sína (nema þeir hafi afsalað sér slíkum rétti) og eiga rétt á að fá greitt af eignum útgefanda við slit eða gjaldþrot þess í samræmi við hlutfjáreign nema lög og samþykktir kveði á um aðra skipan.

6.3.1 Atkvæðisréttur

Eitt atkvæði fylgir hverri einni krónu í hlutfé útgefanda. Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd og fara með atkvæðisrétt sinn og skal umboðsmaður leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð sem er dagsett. Á hluthafafundi ræður afl atkvæða úrslitum, nema öðruvísi sé mælt fyrir í samþykktum félagsins eða landslögum. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum.

Í samræmi við 9.1. gr. samþykktu félagsins má breyta samþykktum þess á löglega boðuðum hluthafafundum félagsins, enda sé þess rækilega getið í fundarboði, að slíkar breytingar séu fyrirhugaðar og í hverju þær felast í meginatriðum. Breytingin þarf að hljóta samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða svo og samþykki hluthafa, sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutfjár, sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum.

Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þess í samræmi við 10. gr. samþykktu félagsins. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutfé félagsins til að ákvörðum um slit sé gild. Hið sama á við um hvers konar samruna eða sameiningu félagsins við önnur félög og um sölu á öllum eignum þess. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda. Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum XIII. og XIV. kafla laga nr. 2/1995, um hlutfélög.

Stjórn félagsins skipa fimm aðalmenn og tveir til vara sem kjörnir eru af hluthöfum. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til eins árs í senn. Í samræmi við 5. gr. samþykktu félagsins skal við stjórnarkjör tryggja að kynjahlutfall stjórnar sé sem jafnast og að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Sama gildir um kynjahlutföll meðal varamanna en hlutföllin í stjórn og varastjórn skulu þó í heild vera sem jöfnust. Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Hún skal hafa stöðugt og ítarlegt eftirlit með öllum rekstri félagsins, sjá um að fylgt sé settum reglum jafnt lagareglum sem öðrum reglum er hluthafafundir hafa ákveðið og að sjá um að gerðar séu áætlanir um rekstur félagsins til skemmri og lengri tíma. Sérstaklega skal stjórnin gæta þess að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins og hún skal taka ákvarðanir um þau framtíðarmarkmið, sem stefnt skal að á hverjum tíma. Stjórn félagsins hefur heimild til að skuldbinda það og er undirskrift þriggja stjórnarmanna

nægileg, þ. á m. til veðsetningar eigna félagsins. Stjórninni er heimilt að selja fasteignir félagsins án samþykkis hluthafafundar.

6.3.2 Arður

Stjórn Síldarvinnslunnar hf. hefur markað félaginu þá stefnu að við útgreiðslu arðs sé haft til hliðsjónar að félagið sé með sterkan efnahag og nægilega hátt eiginfjárlutfall til mæta þeim sveiflum sem fylgt geta rekstrarumhverfi í íslenskum sjávarútvegi. Það hefur verið keppikefli félagsins að vera í fremstu röð hvað varðar tækniframfarir í veiðum og vinnslu og er þannig mikilvægt að félagið hafi ávallt bolmagn til að grípa þau fjárfestingartækifæri sem myndast þegar þau myndast. Með vísan til þessa telur stjórnin enn fremur mikilvægt að greiða hluthöfum eðlilegan arð af því fé sem er bundið í félaginu. Er þannig stefnt að því að félagið greiði hluthöfum sínum árlegan arð, sem nemi að lágmarki 30% hagnaðar næstliðins rekstrarárs. Arðgreiðsla skal taka mið af því að eiginfjárlutfall félagsins fari ekki niður fyrir 50% við greiðslu arðsins. Stjórn skal yfirfara arðgreiðslustefnu félagsins eigi sjaldnar en þriðja hvert ár. Arðgreiðslustefnu félagsins má finna á heimasíðu félagsins <http://svn.is/fjarfestar/>. Arður til hluthafa á árinu 2020 nam 35% af hagnaði ársins 2019. Samkvæmt tillögu fyrir aðalfund sem áformað er að halda 5. maí næstkomandi er lagt til að hagnaður ársins 2020 verði færður til hækkunar á óráðstöfuðu eigin fé og að ekki verið greiddur arður af afkomu ársins 2020.

Þann 26. mars 2021 var samþykkt á hluthafafundi að færa eignarhlut Síldarvinnslunnar í SVN eignafélagi ehf. yfir til hluthafa, en farið var með afhendingu sem arðsúthlutun¹⁰⁴.

Á aðalfundi skal tekin fyrir ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps félagsins á næstliðnu reikningsári. Útgefandi er bundinn af ákvæðum laga nr. 2/1995, um hlutafélög, varðandi fjárhæð sem félaginu er heimilt að ráðstafa til hluthafa í formi arðgreiðslna. Samkvæmt 1. mgr. 99. gr. lag nr. 2/1995, um hlutafélög, er einungis heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað og það fé sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða til annarra þarfa. Samkvæmt 1. mgr. 101. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, tekur hluthafafundur ákvörðun um úthlutun arðs eftir að félagsstjórn hefur lagt fram tillögur um það efni. Óheimilt er að ákveða á aðalfundi meiri úthlutun arðs en stjórn félagsins leggur til eða samþykkir. Arðgreiðslur skulu inntar af hendi eigi síðar en sex mánuðum frá samþykki úthlutunar.

Hlutafélög hafa heimild til að ákvarða að réttur til arðs miðist við annað tímamark en útborgun arðs enda sé það tímamark tiltekið í ákvörðun hluthafafundar um arðgreiðslu. Félagið mun fylgja reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga, útgefnum af Nasdaq Iceland hf., sem eru í gildi hverju sinni. Samkvæmt núgildandi reglum frá 1. feb 2021 lið 3.11.3 skal útgefandi birta á vefsvæði sínu fjárhagsdagatal þar sem meðal annars skal tilgreina útborgunardag arðs. Einnig skal taka fram í ársuppgjöri félagsins tillögu stjórnar að arðsúthlutun.

Hafi hluthafi ekki fengið greiddan arð sem hann á rétt á getur hann vitjað hans á skrifstofu útgefanda innan fjögurra ára frá gjalddaga en samkvæmt 3. gr. laga nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda, fyrnist réttur til arðs á fjórum árum frá gjalddaga. Vitji hluthafi ekki arðs innan þess tíma fellur arðurinn til útgefanda.

¹⁰⁴ Hluthafar höfðu þann kost að fara fram á greiðslu í reiðufé að frádregnum fjármagnstekjuskatti, Síldarvinnslan greiddi reiðufé til þeirra sem þess óskuðu og hélt þannig eftir 1,23% hlut í SVN eignafélagi ehf. Sjá nánar skýringu nr. 26 í samstæðureikningi 2020.

6.4 Hækkun eða lækkun hlutafjár

Hluthafafundur einn getur samþykkt aukningu hlutafjár í félaginu hvort heldur með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta samkvæmt 33. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að aukningu á hlutum í hlutfalli við skráða hlutaeign sína. Heimilt er að víkja frá forgangsréttarákvæði samanber 3. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Að sama skapi getur hluthafafundur einn ákveðið lækkun hlutafjár.

6.5 Þróun hlutafjár

Útgefnir hlutir í lok árs 2020 eru alls ISK 1.700.000.000 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Ekki hefur verið um hlutafjárhækkun né lækkun að ræða síðustu 5 árin.

Undirritunarsíða

F.h. Síldarvinnslunnar hf.
Þorsteinn Már Baldvinsson

F.h. Síldarvinnslunnar hf.
Gunnþór Björn Ingvason